


**ÁRNI GRÉTAR JÓHANNSSON**

*Fór í ævintýraferð til Istanbul*

Ferðir Bílar Nám

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON**

*Þorði ekki inn á grasið hjá Barcelona*

Leikur í nýrri auglýsingu með Eiði Smára

**FÓLK 42**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. ágúst 2006 — 232. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Leggur heiminn að fótum sér**

Uppsetning Baltasars Kormáks á Pétri Gaut er í mikilli útrás um þessar mundir en verkið verður sýnt bæði í London og Noregi.

FÓLK 42

**Saknar Hvítra máva**



Gestur Einar Jónasson er mættur aftur til starfa á Rás 2 og stjórnar morgunútvarpinu með Hrafnhildi Halldórsdóttur. Hann segist sakna Hvítra máva.

FÓLK 42

**Beitt fjör fram undan**



Leikfélag Akureyrar fylgir eftir sínu farsælasta leikári frá upphafi í vetur. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri er bjartsýnn á að það eigi eftir að ganga vel og lofar metnaðarfullum og skemmtilegum sýningum.

MENNING 29

**Sölvi kominn aftur**



Sölvi Geir Ottesen er búinn að jafna sig á krossbandaslitinu og var í liði Djurgården þegar það mætti Hammarby á mánudag. Allt varð vitlaust í stúkunni á leiknum, sem endaði með því að leikurinn var flautaður af.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA -** í dag verður yfirleitt fremur hæg norðaustan- eða austanátt en allt að 10 m/s á Vestfjörðum. Rigning norðan til og austan en bjartviðri syðra. Hiti 7-14 stig, hlýjast í uppsveitum sunnan og vestan til.

VEÐUR 4

# Valgerður fékk ekki að sjá athugasemdir

**Fjallað var efnislega um athugasemdir Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings vegna Kárahnjúkavirkjunar áður en lög um framkvæmdina voru staðfest. Iðnaðarráðherra var ekki með í ráðum. Óheppilegt, segir Valgerður Sverrisdóttir.**

**VIRKJANIR** Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra og fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fékk ekki að sjá athugasemdir Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings áður en lög sem heimiluðu Kárahnjúkavirkjun voru samþykkt á Alþingi 8. apríl 2002. Fundað var um athugasemdirnar innan iðnaðarráðuneytisins en athugasemdirnar komu aldrei inn á borð ráðherra.

Þetta staðfesti Helgi Bjarnason, fyrrverandi skrifstofustjóri orkusviðs iðnaðarráðuneytisins, í gær. „Þessar athugasemdir fengu efnislegameðferðinnanráðuneytisins, með þeim hætti að Orkustofnun upplýsti Landsvirkjun um athugasemdir Gríms og óskaði í kjölfarið eftir viðbrögðum frá Landsvirkjun. Grímur kom fram með spurningar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum sem unnið hafði verið að. Spurningarnar voru lagðar fyrir Landsvirkjun en svör bárust ekki þaðan fyrr en um það leyti sem lögin voru samþykkt á Alþingi. Valgerður var líklega ekki faglega inni í efnisatriðum athugasemdanna og mér er það til efs að hún hafi þekkt efnisatriði svara sem bárust frá Landsvirkjun áður en lögin voru samþykkt,“ sagði Helgi.

Valgerður segist ekki hafa fengið athugasemdir Gríms inn á sitt borð áður en lögin voru samþykkt. „Ég get alveg viðurkennt að það er óheppilegt að ég hafi ekki tekið þátt í efnislegri umfjöllun um athugasemdirnar áður en lögin voru staðfest á Alþingi. Það var síðan farið yfir þessar athugasemdir með mér nokkru síðar, en þá var búið að staðfesta lögin á Alþingi. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ég ber ábyrgð á starfi ráðuneytisins og faglegu hlutverki þess á þessum tíma. Hins vegar stend ég við það sem ég hef sagt, að þessar athugasemdir Gríms gáfu ekki tilefni þess að fara út í sérstaka vinnu vegna þeirra, vegna þess að þetta voru að mestu leyti sömu efnisatriði og höfðu komið fram áður.“ **- mh**



**EINVÍGI Á FRÆGU SKÁKBORÐI** Hannes Hlífar Stefánsson hafði betur í einvígi við Héðin Steingrímsson sem háð var á skákborðinu sem Fischer og Spassky tefldu við árið 1972. Skákborðið er á leið til Þýskalands, þar sem það fer á sýningu. Einvígið í gær fór fram í húsi Orkuveitu Reykjavíkur og lék Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður stjórnar Orkuveitunnar, fyrsta leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Handhafar forsetavalds hafa undirritað beiðni Árna Johnsen um uppreist æru:

# Árna Johnsen veitt uppreist æru

**DÓMSMÁL** Árna Johnsen, fyrrverandi Alþingismanni, hefur verið veitt uppreist æru.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa handhafar forsetavalds, þau Geir H. Haarde forsætisráðherra, Gunnlaugur Claessen, forseti hæstaréttar, og Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, undirritað skjal þess efnis að tillögu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Árni var dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar í febrúar 2003 fyrir fjárdrátt, rangar skýrslur til yfirvalda, mútuþægni og umboðssvik í opinberu starfi.

Samkvæmt almennum lögum getur forseti veitt manni uppreist æru þegar að minnsta kosti fimm ár eru liðin frá því að refsing hans er að fullu út tekin. Samkvæmt sömu lögum má, þegar sérstaklega stendur á, veita uppreist æru þó ekki séu liðin fimm ár frá afplánun dóms.

Aðeins hefur sá kjörgengi við kosningar til Alþingis sem hefur



ÁRNI JOHNSEN

óflekkað mannorð. Uppreist æru þarf til að dæmdur maður teljist hafa óflekkað mannorð.

Erindi um uppreist æru eru send til dómsmálaráðherra. Ráðherra rannsakar erindið, sem öðlast samþykki við undirritun forseta.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur dvalist erlendis undanfarna daga og því kom það í hlut handhafa forsetavalds að undirrita skjalið. **- bþs**



**ALLIR AÐ MOKA** Fólk fyllti sandpoka í gríð og erg í Flórída í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hitabeltisstormur:

## Minni kraftur er í Ernesto

**BANDARÍKIN, AP** Stormviðvörun var gefin út í Flórída í gær vegna hitabeltisstormsins Ernesto, sem hóf innreið sína í suðurhluta ríkisins seinnipartinn í gær.

Þó að Ernesto hefði lækkað úr fellibyl í hitabeltisstorm var samt sem áður gert ráð fyrir að meira en 30 sentimetrar af regnvatni myndu falla í nótt. Bjuggu íbúar í Flórída sig undir storminn, minnugir sjö fellibylja sem gengið hafa yfir Flórída síðan árið 2004.

Ernesto varð tveimur að bana á Haítí þegar hann reið þar yfir en engar fregnir hafa borist af slysum á fólki á Kúbu. **- smk**

Kanadískur háskóli:

## Gerir grín að George W. Bush

**KANADA** Háskóli í Ontario-fylki í Kanada hefur gripið til óvenjulegra ráða til að laða að fleiri nemendur, að sögn fréttavefs BBC.

Það hefur sett upp vefsíðuna www.yaleshmale.com, sem gerir gys að George W. Bush Bandaríkjaforseta, en hann útskrifaðist frá Yale árið 1968. Undir mynd af Bush segir að það að útskrifast frá elítuháskóla í Bandaríkjunum „þýði ekki endilega að þú sért gáfaður“. Svo er lesandinn beðinn um að smella á hnapp ef hann er sammála staðhæfingunni, og opnast þá síða með frekari upplýsingum um Lakehead-háskólann.

Síðan hefur vakið ýmiss konar viðbrögð en að sögn rektors skólans, Fredericks Gilbert, eru 95 prósent þeirra jákvæð. **- smk**

Íslendingi hrint fyrir lest:

## Árásarmaður í haldi lögreglu

**DANMÖRK** Maðurinn sem hrinti Íslendingnum Haraldi Sigurðssyni fyrir lest í Kaupmannahöfn á laugardag hefur verið handtekinn. Maðurinn gaf sig fram við lögregluyfirvöld í borginni en hann hafði verið eftirlýstur frá því á laugardag.

„Hann vissi greinilega vel að við vorum að litast um eftir honum, og það getur verið ástæðan fyrir því að hann gaf sig fram,“ sagði Steen Mikkelsen, vaktstjóri í Kaupmannahafnarlögreglunni, í samtali við Politiken. Maðurinn hefur verið ákærður fyrir manndrápstilraun og mun lögreglan krefjast varðhalds yfir honum á morgun. **- rsg**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





## SPURNING DAGSINS

*Vilhelm, verða tennurnar dregnar úr Jens með naglbít?*

„Ef ég mætti ráða, þá já.“

Akureyska rokkhljómsveitin 200.000 naglbítar sér um tónlistina í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á sígilda barnaleikritinu Karíusi og Baktusi. Vilhelm Anton Jónsson er forsprakki Naglbítanna.

Maður sem tekinn var með fíkniefni í Leifsstöð fyrr í mánuðinum:

# Með 170 pakkningar innvortis

**ÓVENJULEGT** Maður sem handtekinn var í Leifsstöð fyrr í mánuðinum reyndist vera með 730 grömm af hassi innvortis í 170 pakkningum. Mál hans er í rannsókn og hefur hann verið yfirheyrður að undanförnu. Hann er hins vegar ekki í gæsluvarðhaldi.

Fimmtudaginn 24. ágúst var þriggja manna fjölskylda, hjón á fertugsaldri með barn á þriðja ári, stöðvuð í Leifsstöð við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn.

Vöknuðu grunsemdir hjá tollgæslunni um að maðurinn væri með fíkniefni innvortis. Fékkst það staðfest með röntgenmyndatöku. Hvorki konan né barnið reyndust hins vegar vera með efni á sér.

Á föstudagskvöldið fór maðurinn að finna til verkja í meltingarvegi. Hann var þá fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans en skilaði síðan efnunum niður af sér og komst til heilsu á nýjan leik.

Fólkið hefur búið hér á landi um tíma, maðurinn er frá Suður-Ameríku en konan frá Norður-Afríku. Hvorugt hafði áður komið við sögu lögreglu. **- jss**



**HASS** Maðurinn hafði 730 grömm af hassi innvortis í 170 pakkningum.

Sérstaklega óprúttinn þjófur:

# Stal úr sparibaukum barna

**LÖGREGLUMÁL** Bíræfinn þjófur braust inn í hús í austurborginni í fyrradag og hafði ýmislegt á brott þaðan. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar í Reykjavík. Ófyrirleitni þjófsins vakti sérstaka athygli lögreglu, en hann stal meðal annars smámynt úr sparibaukum barna og hafði einnig á brott með sér nokkur þúsund krónur sem ungur heimilismaður hafði safnað með tombólu.

Lögreglan æskir þess að þjófurinn skili að minnsta kosti því sem hann hafði af börnunum, hafi hann snefil af samvisku.

Þá var brotist inn í nýbyggingu og þaðan stolið verkfærum. **- sh**

Jótland í Danmörku:

## Íslensk stúlka lést í bílslysi

**BÍLSLYS** Íslensk stúlka lést í bílslysi á Jótlandi í Danmörku á mánudag þegar strætisvagn og flutningabíll lentu í árekstri. Stúlkan hét Hulda Hauksdóttir og var 22 ára gömul.

Strætisvagninum var ekið á flutningabílinn á blautum vegi í Logumkloster Kommune en sjö slösuðust í slysinu og er bílstjóri flutningabílsins enn í lífshættu. Ekstrabladet greindi frá þessu. **- rsg**

Afþreyingarmarkaður:

## Dagsbrún og Sena sameinuð

**VIÐSKIPTI** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur fellt úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um bann við samruna fyrirtækjanna Dagsbrúnar og Senu. Málinu er þar með lokið af hálfu samkeppnisyfirvalda.

Samkeppniseftirlitið hafði komist að þeirri niðurstöðu að ógilda bæri samrunann til að komast hjá þeim skaða sem hann hefði á samkeppni á afþreyingarmarkaði. Áfrýjunarnefndin felldi úrskurðinn úr gildi þar sem talið var að andmælaréttur Disksins ehf., eiganda Senu, hefði verið brotinn.

Forsvarsmenn Dagbrúnar tilkynntu í gær að við tæki vinna við að samþætta rekstur fyrirtækjanna. **- shá**

## ÍRAK

**Mannskæður dagur** Sjötíu og þrír menn fórust í átökum milli hersins og uppreisnarmanna úr röðum sjíamúslima í Suður-Írak í gær, kom fram í upplýsingum skrifstofu forsætisráðherra landsins í gær. Jafnframt fann lögregla lík 24 manna í Bagdad í gær og virtist sem mennirnir hefðu verið pyntaðir áður en þeir voru drepnir.



**VÖRUFLUTNINGABÍLL Á ÞJÓÐVEGINUM** Samgönguráðherra hefur sett af stað samstarfshóp til að meta þungaflutninga frá ýmsum hliðum.

# Þungaflutningarnir færist af vegunum

**Samgönguráðherra vill að sjó- og loftflutningar leysi þungaflutninga á þjóðvegunum af hólmi, reynist það hagkvæmt. Samstarfsnefnd ráðuneytisins, flytjenda og flutningafyrirtækjanna hefur verið falið að fjalla um málið.**

**STJÓRNMÁL** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vill að vöruflutningar um landið færist af þjóðvegunum og út á sjó og í loftið. „Það er skoðun mín að það eigi að færa þá flutninga sem hagkvæmt er að flytja út á sjó og þar með létta á vegunum. Ég tel líka að það eigi að leita allra leiða til að auka flutninga í innanlandsfluginu,“ sagði Sturla í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ráðherra hefur sett af stað samstarfshóp til að meta þungaflutningana frá ýmsum hliðum og eiga samgönguráðuneytið, skipafélögin og Samtök verslunar og þjónustu aðild að honum. Ef til vill bætast fleiri í hópinn þegar fram í sækir.

Vörur voru fluttar á milli hafna um áratuga skeið en strandsiglingar lögðust af fyrir nokkrum árum. Fraktflug innanlands hefur hins vegar ekki verið stundað að marki. „Ég hef beint því til flugfélaganna að þau kanni þennan markað, hvort það geti verið hagkvæmt fyrir þau að auka innanlandsflutningana,“ segir Sturla og býst við að samstarfshópurinn líti einnig til þess möguleika.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Margir hafa lýst áhyggjum af stórauknum þungaflutningum um þjóðvegina vegna aukins slits á þeim en ekki síður vegna slysahættu. Samskip eiga fulltrúa í samstarfshópnum en fyrirtækið annast flutninga til sjós og lands.

Ásbjörn Gíslason forstjóri segir strandsiglingum hafa verið hætt árið 1999 þar sem þær þóttu ekki hagkvæmar. Einnig hafi viðskiptavinir kallað eftir aukinni flutningatíðni en landflutningakerfi fyrirtækisins sé afar þéttriðið og hægt að koma vörum á milli landshorna með skömmum fyrirvara.

Að sögn Ásbjörns munu Samskip taka þátt í verkefninum með samgönguráðuneytinu og öðrum af opnum huga. **- bþs**

Vakað á Egilsstöðum:

## Fengu frí í fyrsta tíma

**SJÓNVARP** Frí var gefið í fyrsta tíma í Menntaskólanum á Egilsstöðum í morgun vegna þáttarins Rock Star Supernova sem var sýndur klukkan eitt í nótt.

Undanfarið hafa hvatningar borist í formi tölvupósts og auglýsinga um að fólk vekti frameftir til að kjósa Magna Ásgeirsson til áframhaldandi þátttöku í þáttunum. Af því tilefni lagði einn starfsmaður menntaskólans til að frí yrði gefið í fyrsta tíma, að sögn Helga Ómars Bragasonar skólameistara. „Það verður vaka í hátíðarsal skólans og væntanlega sameinast nemendur og starfsfólk þar í áhorfi í nótt.“ **- sdg**



**LITLA-HRAUN** Þrír sitja í gæsluvarðhaldi í tengslum við mál fangavarðarins.

Fíkniefnasmygl fangavarðar:

## Fleiri játa þátttöku í málinu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar í Árnessýslu á smygli fangavarðar í afleysingum á fíkniefnum inn í fangelsið á Litla-Hrauni hefur leitt í ljós þátttöku fólks utan fangelsisins. Lögreglan hefur handtekið og yfirheyrt nokkra utan Litla-Hrauns, sem játað hafa þátttöku í smyglinu. Þrír sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Fundur starfsmanna í fangelsinu var haldinn í gær og var þar farið yfir málið. Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri sat þann fund.

Að sögn lögreglu gengur rannsóknin vel. Yfirheyrslur héldu áfram í allan gærdag og fram á kvöld. Rannsókn málsins verður haldið áfram í dag. **- jss**






Íslenskur hermaður lenti í raunum í Írak og særðist í orrustu á vígvellinum:

# Heiðraður af hershöfðingja

**HERNAÐUR** Hjalti Ragnarsson, íslenskur hermaður í danska hernum, var heiðraður í fyrradag af yfirhershöfðingja Konunglegu dönsku lífvarðasveitarinnar. Viðurkenninguna fékk hann fyrir vasklega framgöngu á vígvöllum Íraks. Einnig fékk hann viðurkenningu fyrir að klára herþjónustutímann þrátt fyrir að hafa særst í orrustu.

„Hjalti er þungur á brún enda var hann sendur af hernum strax eftir athöfnina til Borgundarhólms með einn látinn hermann úr hans deild,“ sagði Ragnar Haraldsson, faðir Hjalta.

„Hann kom með herdeildinni, en hafði upplifað hluti sem hann gat ekki lifað við og fyrirför sér við heimkomuna.“

Félagi Hjalta var grafinn á Borgundarhólmi í gær og fylgdu níu félagar hans úr deildinni honum til grafar í fullum herskrúða.



**HJALTI RAGNARSSON** Faðir Hjalta segir hann hafa komið heim með fleiri orður en margir yfirmenn hans.

„Blóðin og hermálasérfræðingarnir segja að þeir hafi verið settir í of margar hættur og mannraunir og endurskoða þurfi áhættu og skyldur drengjanna á vígvellinum,“ sagði Ragnar. Hjalti flutti sex ára gamall ásamt foreldrum sínum og bræðrum af landi brott. **- sgj**



Njóttu þess að kúra
195,-
TINDRA ilmkerti 4 stk.
ýmsar tegundir
1.590,-
ALVINE RAND rúmfatasett 150x200 cm
VASEN blómavasi
H20 cm 190,-
MYSA STJÄRNA sæng
150x200 cm holtrefjafylling 2.990,-
GOSA BLÅSA koddi
50x60 cm 1.490,-
POLARVIDE teppi
130x170 cm ýmsir litir 495,-
ÅNES spegill Ø106 cm
birkispónn/hvítt 7.990,-
1.490,-
ANDREA RAND púðaver
50x50 cm silki
MALM hirsla 85x30 cm
eikarspónn 6.990,-
LOTTEN LYX púði
30x60 cm silki 1.490,-
LUDDE gæra
95x60 cm ull 4.490,-
295,-
FANAHOLM rammi
13x18 cm antíkbæsað
MYLONIT borðlampi
H31 cm ýmsir litir 695,-
MALM kommóða m/4 skúffur
80x48x100 cm eikarspónn 9.950,-
Barnamáltíð
Kjúklinganaggar,
franskar og safi
290,-
IKEA Restaurant
ANEBODA rúmgrind
160x200 cm birkiáferð 8.950,-
RAST náttborð
52x30 cm gegnheil fura 990,-
IKEA®
© Inter IKEA Systems B.V. 2006
Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 29.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,71 | 70,05 |
| Sterlingspund | 132,49 | 133,13 |
| Evra | 89,29 | 89,79 |
| Dönsk króna | 00,00 | 00,00 |
| Norsk króna | 11,092 | 11,158 |
| Sænsk króna | 9,654 | 9,710 |
| Japanskt jen | 0,5968 | 0,6002 |
| SDR | 103,57 | 104,19 |

*Gengisvísitala krónunnar*
123,3757

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íranar neita enn að hætta auðgun úrans:

# Bandaríkin hóta aðgerðum

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjastjórn íhugar að grípa til aðgerða gegn Írönum, sinni þeir ekki kröfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að hætta auðgun úrans.

Þetta kom fram í máli Sean McCormack, talsmanns bandaríska utanríkisráðuneytisins, og bætti hann við að það væri vilji alþjóðasamfélagsins að „feta veg refsiaðgerða“.

Öryggisráðið hefur farið fram á það við Írana að þeir stöðvi auðgun úrans, en auðgað úran má nota til kjarnorkuvopnagerðar. Íranar halda því hins vegar staðfastlega fram að öll kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu til framleiðslu á raforku fyrir borgara. Þeir hafa hingað til neitað að verða við kröfunni, en frestur til þess rennur út nú um mánaðamótin.

Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti lýsti því yfir í gær að enginn gæti stöðvað land hans frá því að hafa kjarnorkuáætlun í friðsamlegum tilgangi og stakk upp á opinberum sjónvarpskappræðum við George W. Bush Bandaríkjaforseta um ýmis heimsmál. Jafnframt sagði hann að til greina kæmi að ræða um áætlunina beint við Bandaríkin, án aðkomu SÞ.

McCormack sagði að Bandaríkjastjórn myndi ræða við stjórnir annarra landa áður en til aðgerða verður gripið og hafa Rússar hvatt til þess að Írönum verði sýnd þolinmæði. **- smk**



**KJARNORKA** Írönum hefur verið gert að stöðva auðgun úrans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kókaínfimmmenningar:

# Allir áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald var framlengt í gær yfir tveimur karlmönnum sem setið hafa inni, ásamt þremur öðrum, vegna smygls á tæplega tveimur kílóum af kókaíni. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði annan þeirra í gæslu til 10. september, en hinn í sex vikur til viðbótar.

Þetta mál kom til kasta lögreglu eftir að par hafði verið handtekið 9. ágúst á Keflavíkurflugvelli. Í farangri konunnar fundust tæplega tvö kíló af kókaíni. Á næstu dögum voru svo tveir karlmenn og ein kona til viðbótar handtekin. Þau sitja öll í framlengdu gæsluvarðhaldi. **- jss**

Hlynur Smári Sigurðarson:

# Fer á spítala á föstudaginn

**LÖGREGLUMÁL** Hlynur Smári Sigurðarson, tuttugu og þriggja ára Íslendingur sem setið hefur í brasilísku fangelsi í tæpa þrjá mánuði fyrir fíkniefnasmygl, verður fluttur til aðhlynningar á sjúkradeild fangelsisins á föstudag.

Hlynur Smári hefur verið fingurbrotinn á tveimur fingrum í um tvær vikur. Eftir að honum bárust peningar frá vinum hér á landi gat hann keypt sér læknisþjónustu.

Fingur hans voru brotnir þegar hann gat ekki gert upp matarskuld, en Hlynur þarf að kaupa sér ætilegan mat innan veggja fangelsisins af samföngum sínum. **- æþe**

Úrbætur í samgöngumálum:

# Afhentu 2.084 undirskriftir

**SAMGÖNGUR** Fulltrúar eyjafrelsi.net hafa afhent forsætisráðherra undirskriftir 2.084 einstaklinga með áskorun til ráðherra og ríkisstjórnar um tafarlausar úrbætur í samgöngumálum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gefið út yfirlýsingu um samsvarandi kröfu er varðar samgöngumál Eyjamanna. Vinna er hafin við að finna nýtt skip og er stefnan að nýtt skip komi í stað núverandi Herjólfs fyrir 1. apríl árið 2007. Ekkert flug verður á laugardögum í vetur milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. **- sdg**

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu um helgina var sagt frá því að enginn frá heilbrigðisráðuneytinu hefði tekið þátt í umræðum í lok ráðstefnunnar Bylting í bata sem Hugarafl stóð fyrir. Hið rétta er að heilbrigðisráðuneytið hefur stutt Hugarafl en sökum forfalla tók enginn frá ráðuneytinu þátt í umræðunum.



**SORG Í ANTALYA** Ættingjar bera kistu nítján ára Tyrkja, Imran Arik, sem dó í sprengjuárásinni í Antalya. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segjast ætla að gera Tyrkland að helvíti

**Samtök herskárra Kúrda hafa lýst yfir ábyrgð á fimm sprengjuárásum í Istanbúl og á tveimur vinsælum ferðamannastöðum nú í vikunni. Samtökin reyna að grafa undan efnahag landsins með árásum sínum á ferðaþjónustuna.**

**ANTALYA, AP** Samtök sem nefnast Frelsisfálkar Kúrdistans lýstu í gær yfir ábyrgð á sprengingu sem varð þremur að bana á mánudaginn í Antalya, einum vinsælasta ferðamannastað Tyrklands. Átján manns að auki særðust.

Í yfirlýsingu sem birtist á vefsíðu samtakanna segjast þau staðráðin í því að „gera Tyrkland að helvíti“ og boða fleiri voðaverk og stærri sprengingar: „Óttinn við dauðann mun ríkja alls staðar í Tyrklandi.“ Á mánudag lýstu sömu samtök yfir ábyrgð sinni á sprengingu sem varð í sunnudaginn í strætisvagni í Marmaris, öðrum vinsælum ferðamannabæ í Tyrklandi. Í þeirri sprengingu særðust rúmlega 20 manns.

Í gær leitaði lögreglan að tveimur mönnum sem grunaðir eru um að hafa komið fyrir sprengju í Antalya á mánudag. Í fyrstu vildu stjórnvöld í Tyrklandi þó ekki viðurkenna að sprengjuárás hefði verið gerð, hugsanlega vegna þess hve ferðaþjónusta er gríðarlega mikilvæg tekjulind í Tyrklandi. Á síðasta ári kom 21 milljón ferðamanna til landsins.

Ekki hefur enn orðið vart við að ferðamenn séu farnir að forðast Tyrkland vegna árásanna, hvað sem síðar verður.

Frelsisfálkar Kúrdistans, eða TAK, eru tiltölulega ný samtök. Þó er talið að þau eigi rætur í Verkamannaflokki Kúrdistans, eða PKK, herskáum samtökum Kúrda sem hafa í meira en tvo áratugi barist fyrir sjálfstjórn í Kúrdahéruðunum í suðausturhluta Tyrklands.

Flestar árásir Verkamannaflokksins hafa verið gerðar í Kúrdahéruðunum austantil í landinu, en Frelsisfálkarnir hafa hins vegar beint árásum sínum að stærri borgum í vesturhluta landsins og vinsælum ferðamannastöðum.

Frá upphafi hafa þau haft það markmið að grafa undan efnahag stjórnarinnar með því að ráðast á ferðaþjónustuna. Sprengjan í Antalya var sú fimmta sem sprakk í Tyrklandi á aðeins tveimur sólarhringum. Í Marmaris sprungu þrjár sprengjur og ein sprakk í Istanbúl, en þar særðust sex manns. **gudsteinn@frettabladid.is**

## Sprengingar í Tyrklandi

**Á tveimur sólarhringum sprungu fimm sprengjur í Marmaris, Antalya og Istanbul í Tyrklandi. Sprengingarnar urðu þremur að bana og 45 særðust. Samtökin „Frelsisfálkar Kúrdistans“ (TAK) - hópur herskárra Kúrda - hefur lýst ábyrgðinni á hendur sér.**




**28. ágúst:** Þrír fórust og átján særðust í ferðamannaborginni Antalya.

**27. ágúst:** Þrjár sprengjur í Marmaris þar sem 21 særðist, þar af 10 Bretar. Sex særðust í sprengingu í Istanbul.

**25. júní:** Fjórir létust og 25 særðust í sprengingu hjá veitingahúsi í Antalya.

**16. apríl:** Sprengjuárás í hverfinu Bakirkoy í Istanbul. 31 særðist.

**31. mars:** Sprenging í Kocamustafapasa í Istanbul. Einn deyr, 16 særast.

**9. febrúar:** Einn deyr og sextán slasast í sprengingu á netkaffihúsi í Istanbul.

© GRAPHIC NEWS

BÍLL DAGSINS
RENAULT MEGANE
Nýskr. 09.04 - Beinskiptur - Ekinn 19 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**ÚRKOMUSAMT NORÐAN TIL**

Eins og ég hef rætt um upp á síðkastið er hann lagstur í norðanáttir. Kaldasti dagurinn var sem betur fer í gær en hitinn verður skaplegri í dag og mjakast aðeins upp á við næstu daga. Hins vegar eru kortin talsvert blaut fyrir norðan og austanvert landið þegar horft er heildrænt á næstu daga. Ég he[illegible] að ekki sé á neinn ha[illegible]að þegar ég segi að veðrið sé einna best sunnan til í dag og næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan 3-6 m/s. Yfirleitt bjart veður. Hiti 11-14.

*um hádegi »*




*» á morgun*




5-13 m/s, hvassast norðvestantil.

*» föstudagur*




5-13 m/s, hvassast á norðvestan og vestanverðu landinu.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C rigning | London | 20°C hálfskýjað | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Billund | 17°C rigning | París | 20°C skúrir | Mallorca | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 19°C hálfskýjað | Frankfurt | 17°C rigning | Algarve | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 15°C skúrir | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Heilsa og vellíðan

Sælkerafæði og veitingar

Tækni

Fræðsluefni

Líkamsþjálfun

# HLÝDDU Á FRÓÐLEGA FYRIRLESTRA!

Greining og meðferð

Útivist

Húsgögn

Snyrtivörur

Vatnasport

Barnafjör

Boltaíþróttir

Sjúkravörur

Upplifun

Fatnaður og skór

Líkamsmælingar

Sýningaratriði

Grænt mataræði

Fjármál og tryggingar

Fræðsluerindi og kynningar

Hreyfing

Vítamín og fæðubótarefni

Vetrarsport

Fjölskylduskemmtun

Sýningin 3L Expo í Egilshöll 7.-11. september verður engin venjuleg sýning. Þar stendur þér til boða að sjá skemmtileg sýningaratriði, handleika og skoða það sem sýnendur eru með á boðstólnum og prófa alls kyns spennandi hluti sem ekki bjóðast á hverjum degi. Síðast en ekki síst býðst þér að hlýða á fróðlega fyrirlestra tengda heilsu og vellíðan.

**Upplifðu allt sem 3L Expo hefur upp á að bjóða 7.-11. september í Egilshöll.**

**Fluttir verða um 100 fyrirlestrar, meðal annars um:**

- þjálfun kviðvöðva
- lífsorku með nýtingu náttúruaflanna
- áhrif glúkósamíns á liði
- nálastungur og austurlenskar lækningar
- hvernig sólarhringurinn nægir fyrir allt
- áhrif aspartams
- félagslega virkni á efri árum
- hreyfingu sem meðferð
- hve ungt er þitt hjarta
- að geta og gera

3L EXPO

www.3lexpo.is | 594 9670

GOTT FÓLK McCANN



## KJÖRKASSINN

*Eiga íslensk yfirvöld að beita sér fyrir því að ná Hlyni Smára Sigurðssyni heim úr brasilísku fangelsi?*

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldurðu að stíflan á Kárahnjúkum muni bresta?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Samstarf lögreglu og Landhelgisgæslunnar eykst með tilkomu nýrra þyrlna:

# Umferðareftirlit með þyrlum stóraukið

**SAMGÖNGUMÁL** Umferðareftirlit á þjóðvegum landsins og eftirlit með utanvegaakstri verður stóraukið þegar nýjar þyrlur bætast í flugflota Landhelgisgæslunnar í haust. Slíkt eftirlitsflug hefur gefið góða raun í sumar og síðast um helgina aðstoðaði þyrlusveit Landhelgisgæslunnar lögregluna á Hvolsvelli við leit að stórum hópi torfærumótorhjólamanna á hálendinu með góðum árangri. „Það verður ekki alltaf tilkynnt um þessi eftirlitsflug og menn mega búast við eftirlitsflugi Landhelgisgæslunnar með lögreglu hvenær sem er.“ Jóhann Baldursson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Hann segir að Landhelgisgæslan muni tengja þessi flug við þjálfun áhafna á nýju þyrlurnar. „Það er ákveðinn tímafjöldi sem nýjar áhafnir þurfa að fljúga og það hentar ágætlega að nýta vélarnar á þennan hátt á meðan þjálfun stendur yfir.

Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs, fagnar auknu eftirliti. Hann viðraði hugmyndir um vegaeftirlit í tengslum við þjálfun flugmanna Landhelgisgæslunnar fyrir nokkrum árum. „Ég er sannfærður um að þetta getur gjörbreytt umferðarmálum til batnaðar í heild sinni.“ **- shá**



**VIÐ EFTIRLIT** Eftirlitsflug með utanvegaakstri og umferðareftirliti á þjóðvegum verður aukið með tilkomu nýrra þyrlna í flugflota Landhelgisgæslunnar. MYND/LHG

Rannsókn Samkeppniseftirlits:

# Eimskip skilar greinargerð

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt samkomulagi skilar Eimskip í dag greinargerð til Samkeppniseftirlitsins um meint brot félagsins á samkeppnislögum.

Lögmenn Eimskips hafa haft frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til skoðunar, en félagið heldur uppi vörnum vegna meintra brota og skoðar um leið hvar ábyrgð vegna þeirra eigi að liggja því síðan málið kom upp hefur félagið ítrekað skipt um eigendur og nýir stjórnendur komið að því. **- óká**

## DÓMSMÁL

**Tekinn ölvaður í tvígang** Erlendur karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir ölvunarakstur. Málið fer fyrir dóm vegna þess að þetta er í annað skiptið sem hann gerist sekur um slíkt. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Norðurlands vestra.

## DÓMSMÁL

**Ákærður fyrir árás** Hálfþrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa ráðist á karlmann á sextugsaldri á skemmtistað á Akranesi í maí, rifið í hárið á honum og skallað hann í andlitið með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

**Tvisvar með amfetamín** Þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa haft samtals átta og hálft gramm af amfetamíni í vörslu sinni í tvígang á Akranesi, sem og fyrir hraðakstur. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

**Barði föður sinn** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa ráðist á rúmlega sjötugan föður sinn á Akranesi í júlí, slegið hann með flötum lófa og hnefahöggum í andlit og annars staðar um líkamann. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Trampólín fauk** Tveir bílar skemmdust þegar trampólín fauk í hvassri norðvestanátt á Akranesi um fjögur leytið aðfaranótt þriðjudags. Lögregla vill minna fólk á að binda trampólín kirfilega niður eða setja þau inn í roki.



**VEGAFRAMKVÆMDIR Í BORGARFIRÐI** Ríkið og sveitarfélög eiga í viðræðum um frestun framkvæmda sveitarfélaga. Samgönguráðherra segir að því fyrr sem sveitarfélögin hægi á sínum framkvæmdum, því fyrr verði hægt að ráðast í brýnar vegaframkvæmdir.

# Sveitarfélögin hafa vegagerð í hendi sér

**Samgönguráðherra segir að því fyrr sem sveitarfélögin hægi á sínum framkvæmdum, því fyrr verði hægt að ráðast í brýnar vegaframkvæmdir. Þó sé svo ástatt meðal verktaka að óheppilegt sé að bjóða út stór og kostnaðarsöm verk.**

**STJÓRNMÁL** „Það eru í gangi viðræður við sveitarfélögin og sömuleiðis við Portus um tónlistar- og ráðstefnuhúsið um að hægja á. Þeim mun meira sem hægt er að gera þar og þeim mun fyrr sem sveitarfélögin ná að hægja á sínum snúningi, þeim mun fyrr væri hægt að taka út valin verkefni sem eru talin mjög brýn í vegagerð.“ Þetta sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í samtali við Fréttablaðið eftir fund samgöngunefndar Alþingis í gær.

Til fundarins var boðað að ósk fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni til að ræða um frestanir ríkisstjórnarinnar á vegaframkvæmdum. Ákveðið var í júní að slá á frest um óákveðinn tíma öllum útboðum sem fyrirhuguð voru, þar á meðal í vegagerð. Ráðherra segist hafa gert grein fyrir stöðu mála á fundinum, en tilgangur aðgerðanna hafi verið að sýna ríkan vilja stjórnvalda til að hemja óheppilega verðlagsþróun og sýna atvinnulífinu og sveitarfélögunum mikilvægi þess að hægja á snúningnum í efnahagslífinu. „Ég held að þessu hafi í raun verið mjög vel tekið af öllum öðrum en þeim sem vilja - eðlilega - sjá mikla framvindu framkvæmda í samgöngumálum. En staðreyndin er einfaldlega sú að ef ríkið ætlar að draga saman og hægja á framkvæmdum þá eru lang stærstu upphæðirnar sem renna úr ríkissjóði í samgöngumálunum. Samgönguráðherrann, hver sem hann nú er, situr því uppi með það.“

Sturla segir fregnir gærdagsins af mati greiningardeilda bankanna á hjöðnun verðbólgu sýna að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu að skila árangri. Á hinn bóginn sé staða verktaka ekki uppörvandi. „Staðan er nú þannig að það vantar stórkostlega vinnuafl til jarðvinnuverktaka. Við höfum fregnir af því að vélar og tæki standi hreyfingarlaus því það vantar mannskap. Menn verða að átta sig á þessu og við þær aðstæður er ekki mjög heppilegt að bjóða út stór verk því hætt er við að tilboðsverð verði hátt.“

Á fundi samgöngunefndar í gær fluttu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna tillögu um að nefndin krefjist þess að ríkisstjórnin dragi nú þegar ákvörðun sína um frestun framkvæmda til baka og að útboðum verði flýtt. Tillagan var felld með atkvæðum meirihlutans.

bjorn@frettabladid.is




Þrjár gröfur stóðu vaktina vegna mikillar úrkomu á Siglufirði í gær:

# Vatn flæddi inn í þrjú hús

**ÚRKOMA** Mikil úrkoma hefur verið á Siglufirði undanfarna tvo daga og í gær olli hún því að vatn flæddi inn í þrjú hús í bænum. Menn á staðnum voru í viðbragðsstöðu í gærmorgun vegna vatnsins, sem lak niður úr hlíðinni við Hvanneyrarskála. Þrjár gröfur stóðu vaktina í hlíðinni ofan bæjarins í einhverja stund og héldu rásum fyrir vatnið opnum til að koma í veg fyrir að flæddi inn í bæinn.

Vatn flæddi þó inn í þrjú hús og að sögn lögreglunnar í bænum hlaust nokkuð tjón af, þótt óljóst sé hversu mikið það er. Þá féll lítið aurflóð inn í kjallara húss um miðnætti í fyrrakvöld. Engan sakaði í vatnselgnum og mun enginn hafa verið í bráðri hættu.

Fólk sem átti leið um Siglufjörð og nærliggjandi vegi í gær var beðið að hafa varann á vegna hættu á aurskriðum og grjóthruni en talið er að snjóflóðavarnargarður sem er í byggingu fyrir ofan bæinn hefði stöðvað mestallt slíkt, nema nyrsta enda bæjarins, þar sem flæddi með áðurnefndum afleiðingum.

Úrkoman dróst mikið saman um miðjan dag í gær. Áfram er spáð rigningu á staðnum en að sögn lögreglu er vonað að hún verði ekki slíkum mæli sem verið hefur. **- sh**



**SIGLUFJÖRÐUR** Að sögn lögreglu var ekkert fólk í bráðri hættu. Þó var fólki ráðlagt að hafa varann á ef það átti ferð um svæðið í gær.

SIMPLY CLEVER

# Afl og hagkvæmni

**TDI**® dísilvélin eyðir aðeins

## 3,6 lítrum*




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4098




## **Skoda**Octavia

Það kann að hljóma eins og skáldskapur en það er hægt að aka Skoda Octavia ríflega hringinn í kringum landið á einum eldsneytistanki. Þetta er enn athyglisverðara þegar haft er í huga að Skoda Octavia er fjölskyldubíll í fullri stærð. TDI® dísilvélin er nefnilega raunverulegt tækniundur sem skilar nægu afli, og sparnaði sem alla munar um.

*Eyðsla pr. 100 km í sparakstri Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra FÍB-blaðsins, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna 21.–23. ágúst 2006. Upphæðir m.v. almennt verð á dísilolíu hjá ÓB 29.8.2006.

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 Í hvaða tyrkneska ferðamannabæ sprungu sprengjur í fyrradag?

2 Hvaða keppandi í Rock Star: Supernova braut glas með þeim afleiðingum að Magni slasaðist?

3 Í leik gegn hvaða liði skoraði Eiður Smári Guðjohnsen glæsilegt mark fyrir Barcelona í fyrrakvöld?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Sjávarútvegsráðherra tekur ágætlega í hugmyndir um sjálfstjórn sjávarútvegsins:

# Vert að ræða málið án fordóma

**STJÓRNMÁL** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir hugmyndir um sjálfstjórn sjávarútvegsins athyglisverðar og telur rétt að ræða þær fordómalaust.

Ragnar Árnason, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur kynnt hugmyndir um að sjávarútveginn annist sín mál sjálfur. Þannig myndi greinin ákvarða heildarveiðar ár hvert og kosta rannsóknir sem lagðar eru til grundvallar ákvörðuninni. Ragnar kynnti hugmyndir sínar á ráðstefnu um eignarrétt í sjávarútvegi.



EINAR K. GUÐFINNSSON



RAGNAR ÁRNASON

Þó Einar K. Guðfinnsson segi hugmyndir Ragnars allrar umræðu verðar telur hann ákveðna meinbugi á þeim við fyrstu sýn. „Fyrir fram álít ég að það gætu verið ýmsir annmarkar á þessu. Ég held til dæmis að það verði ekki allt leyst á frjálsum markaði.“

Einar nefnir líka mikilvægi þess að ákvarðanir er lúta að fiskveiðistjórn séu hafnar yfir vafa. „Sumt af þessu krefst opinberrar stjórnsýslu vegna þess að það þarf að taka ákvarðanir sem eru hafnar yfir allan vafa um óeðlileg áhrif hagsmunasamtaka. Ef menn geta kastað rýrð á ákvarðanir getur það reynst hættulegt því við þurfum að geta sýnt fram á ábyrga auðlindanýtingu.“ - bþs

Tveir piltar ákærðir á Akranesi:

# Brutust inn til að lemja íbúa

**DÓMSMÁL** Tveir piltar, átján og tuttugu ára, hafa verið ákærðir fyrir að hafa í apríl brotist inn í íbúð á Akranesi í þeim tilgangi að veitast að sextán ára pilti sem þar bjó. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær.

Í gær var einnig þingfest önnur ákæra á hendur yngri piltinum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot.

Hann er sakaður um að hafa ekið gáleysislega og lent vegna þess í árekstri við vörubíl með þeim afleiðingum að tveir farþegar í bíl hans slösuðust talsvert, hlutu heilahristing, margvísleg beinbrot og tognuðu. - sh

Karr ekki sekur:

# DNA-sýni sanna sakleysi

**BANDARÍKIN, AP** Niðurstöður DNA-prófana sanna að John Mark Karr er saklaus af morðinu á sex ára gamalli fegurðardrottningu fyrir áratug. Karr, sem handtekinn var nýverið í Taílandi og fluttur til Bandaríkjanna, hafði játað að hafa „verið hjá“ JonBenet Ramsey þegar hún lést.



JONBENET RAMSEY

Faðir telpunnar fann illa farið lík hennar í kjallara heimilis þeirra á annan í jólum árið 1996.

Karr er eini maðurinn sem handtekinn hefur verið í tenglsum við málið. Hann situr enn inni, ákærður fyrir að hafa haft barnaklám undir höndum. - smk

Gæsluvarðhald litháískar smyglara framlengt:

# Segja enskt par vera höfuðpaura

**LÖGREGLUMÁL** Litháískur maður sem hefur setið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á stórfelldu amfetamínsmygli með Norrænu hefur borið að hann hafi flutt efnin hingað að beiðni pars sem hann hafi hitt í Englandi. Hafi parið annast skipulagningu ferðarinnar og sagt honum hvað hann ætti að gera.

Þetta kemur fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveður á um framlengingu gæsluvarðhalds Litháans og meints samverkamanns hans við smyglið til 6. október. Annar mannanna kærði úrskurðinn, en Hæstiréttur staðfesti hann.

Litháarnir voru teknir 6. júlí með tólf kíló af amfetamíni sem þeir höfðu falið bifreið sinni í Norrænu en efnin fundust við komu skipsins til Seyðisfjarðar. Þeir báru fyrst að þeir hefðu komið frá Englandi en breyttu síðan framburði sínum og kváðust hafa verið að koma frá Litháen. Einnig kemur fram að beiðni hafi verið send til lögregluyfirvalda í Litháen þar sem óskað hafi verið eftir aðstoð við rannsókn málsins. Beiðnin hafi verið ítrekuð en án árangurs til þessa. - jss



**NORRÆNA** Litháarnir reyndu að smygla um tólf kílóum af amfetamíni með Norrænu.



**LANDHELGISGÆSLAN AÐ STÖRFUM** Stærsti kostnaðarliður íslenska ríkisins vegna viðskipta við olíufélögin tengist olíukaupum vegna starfsemi Landhelgisgæslunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óvissa um kröfu ríkisins

**Ekki liggur enn fyrir hversu há krafa ríkisins verður vegna málsóknar á hendur olíufélögunum. Samantekt á upplýsingum vegna málsins lýkur líklega innan tveggja vikna.**

**DÓMSMÁL** Samkvæmt gögnum sem send voru úr samgönguráðuneytinu til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, sem fer með mál ríkisins gegn olíufélögunum, nemur krafan í málinu, er tengist viðskiptum við Skeljung og Olís, 178 milljónum króna. Sú upphæð tengist aðeins viðskiptum í tengslum við rekstur Vegagerðarinnar á árunum 1995 til 2001. Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytisins, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær.



KRISTINN HALLGRÍMSSON

Ekki liggur enn ljóst fyrir hversu há krafa ríkisins verður en stærsti hluti kröfunnar liggur í viðskiptum vegna starfsemi lögreglunnar og Landhelgisgæslunnar. Samantekt á upplýsingum um viðskipti við olíufélögin vegna starfsemi sem fellur undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið á árunum 1993 til og með 2001 hefur farið fram. Ekki liggur enn ljóst fyrir hversu há krafa verður gerð vegna viðskipta á umræddum tíma.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur ríkið óskað eftir viðurkenningu á bótaskyldu vegna málsóknar á hendur olíufélögunum. Þá hefur verið óskað eftir frekari upplýsingum vegna málsins en Vilhjálmur sendi lögmönnum olíufélaganna bréf þess efnis fyrr í mánuðinum.

Samkeppnisyfirvöld sektuðu olíufélögin árið 2004 um 2,6 milljarða króna eftir tæplega þriggja ára langa rannsókn eftir húsleit í höfuðstöðvum olíufélaganna 18. desember 2001. Í lok janúar 2005 lækkaði áfrýjunarnefnd samkeppnismála sektirnar um rúmlega einn milljarða króna og munaði þar mestu um 650 milljónir króna lækkun á sekt Skeljungs.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, segist reikna með skjótum svörum frá sínum umbjóðanda. „Ég reikna með því að við svörum beiðni um viðurkenningu á bótaskyldu, með þeim hætti að ljóst sé að einstakir starfsmenn hafi brotið samkeppnislög, þá liggi ekkert fyrir um það að ríkisstofnanir hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verðsamráðs.“

Ekki náðist í forstjóra olíufélaganna í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. magnush@frettabladid.is


## Kynning á vinnuvélum og bílum

**Vélasvið HEKLU leggur upp í hringferð um landið í þeim tilgangi að kynna eftirfarandi bíla og tæki fyrir landsbyggðinni:**

- SCANIA R 500 árgerð 2006
- GOLDHOFER 3ja öxla vélavagn árgerð 2006
- CAT TH 210 skotbómulyftari, árgerð 2006
- CAT 301.8C smágrafa árgerð 2006
- CAT 302.5CR smágrafa árgerð 2006
- CAT 303.CR smágrafa árgerð 2006
- CAT CVP 110 jarðvegsþjappa
- ATLAS COPCO MP 500 fleygur
- ENGCON rototilt





**Kynningin verður á eftirtöldum stöðum:**

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudaginn 30. ágúst | kl. 10:00 | Egilsstaðir - hjá Aðalflutningum |
| Miðvikudaginn 30. ágúst | kl. 15:00 | Reyðarfjörður - hjá HEKLU |
| Fimmtudaginn 31. ágúst | kl. 10:00 | Höfn í Hornafirði - hjá Flytjanda |
| Föstudaginn 1. september | kl. 10:00 | Hvolsvöllur - hjá Flytjanda |
| Föstudaginn 1. september | kl. 15:00 | Selfoss - hjá HEKLU |

Vélasvið HEKLU er til húsa í Klettagörðum 8-10, Reykjavík, í glæsilegri þjónustumiðstöð sem er sérhönnuð með tilliti til starfsemi Vélasviðs og gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar úrvalsþjónustu.

HEKLA er eitt elsta starfandi fyrirtæki landsins í sölu og þjónustu á atvinnutækjum og býr þar af leiðandi yfir ómældri reynslu til að miðla til viðskiptavina sinna.

HEKLA

Iceland Express

*Aðra leið með sköttum.

Tilboðið gildir aðeins í 3 daga!

# 600 sæti á 6.000 kr.*

## með e-korti á alla áfangastaði Iceland Express.

e-kortið og Iceland Express bjóða nú flugsæti til allra áfangastaða Iceland Express fyrir aðeins 6.000 kr. með sköttum, aðra leiðina. 600 flugsæti bjóðast á þessu verði, e-korthöfum sem bóka dagana 30. ágúst til 1. september, fyrir ferðatímabilið 1. september til 1. október. E-korthafar fá 2,5% endurgreiðslu af viðskiptum við Iceland Express, auk fastra 0,5% endurgreiðslu af öllum innlendum viðskiptum!

Til þess að tryggja þér flugfar á þessu frábæra verði skaltu bóka strax á vefslóðinni www.ekort.is/icelandexpress. Góða ferð!



Þú getur sótt um e-kortið á ekort.is

e kort

www.ekort.is



**NAKIÐ BARNALÁN** Japanskar mæður ganga ásamt börnum sínum hjá auglýsingaspjaldi á jarðlestarstöð í Tókýó, sem sýnir bandarísku söngkonuna Britney Spears ólétta á forsíðu tímaritsins Harper's Bazaar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri vígði Skuggagarða við hátíðlega athöfn:

# Nýir stúdentagarðar við Lindargötu

**STÚDENTAGARÐAR** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri vígði í gær nýjar stúdentaíbúðir við Lindargötu og bauð íbúa þeirra velkomna. Þessir stúdentagarðar, kallaðir Skuggagarðar vegna staðsetningar þeirra í Skuggahverfinu, voru reistir af Félagsstofnun stúdenta og hófust framkvæmdir í ágúst í fyrra. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, leigjandi á Skuggagörðum og nafni borgarstjórans, þakkaði FS, Stúdentaráði og borgarstjóra fyrir framlag þeirra. „Þú ert alltaf velkominn í íbúðina merkta þér, allt mitt er þitt,“ sagði Vilhjálmur við borgarstjórann við góðar undirtektir viðstaddra.

Þetta er í fyrsta sinn sem FS byggir stúdentagarða utan háskólalóðarinnar. Í húsunum þremur, Lindargötu 42, 46 og 46a, eru 96 einstaklingsíbúðir, þar af þrjár fyrir fatlaða. Byggingarfyrirtækið Mótás byggði húsin, en Teiknistofan ASK arkitektar hannaði. Húsin eru fjórar til sex hæðir, lyfta í þeim öllum og hver íbúð um 37 fermetrar. Skuggagarðar kostuðu 838,9 milljónir króna í byggingu og voru fjármagnaðir með lánum frá Íbúðalánasjóði, sem lánar níutíu prósent af byggingarkostnaði, en FS lagði afganginn til. Leigueiningar FS eru nú 731 talsins og íbúar þeirra 1.200. - sgj




**VILLI OG VILLI** Vilhjálmur yngri kallaði sig „gamla góða Villa“ og uppskar hlátur borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Tveir ungir piltar ákærðir:

# Rændu erlendan ferðamann

**DÓMSMÁL** Tveir piltar, 17 ára Bandaríkjamaður og 18 ára Íslendingur, hafa verið ákærðir fyrir að hafa ráðist á erlenda konu á Laugavegi 7. ágúst. Íslendingnum er gefið að sök að hafa rifið í hliðartösku hennar og Bandaríkjamanninum að hafa slegið konuna tvívegis í andlitið þegar hún streittist á móti.

Konan krefst rúmlega 600.000 króna í skaðabætur. Ríkissaksóknari fór með málið og ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. - sth

Allsherjarnefnd verður við beiðni Samfylkingar:

# Ræða fangelsismál

**FANGELSISMÁL** Allsherjarnefnd Alþingis mun fjalla um stöðu fangelsismála hér á landi, á þriðjudaginn. Er það að beiðni fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni, að sögn Björgvins G. Sigurðssonar alþingismanns.

„Fyrir nokkrum dögum óskuðum við fulltrúar Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd eftir því að nefndin kæmi saman til að funda um það ófremdarástand sem er í fangelsismálum landsins,“ segir Björgvin. „Ástandið í fangelsismálum er á pólitíska ábyrgð dómsmálaráðherra og vill Samfylkingin fara yfir það hvernig meirihluti Alþingis ætlar að bregðast við til að mynda óþekktri fíkniefnaneyslu innan veggja fangelsanna og yfirfullum fangelsum þar sem meira en 150 manns bíða afplánunar.“

Björgvin segir fulltrúa Samfylkingarinnar fara fram á að dómsmálaráðherra verði kallaður á fund nefndarinnar. Farið verði fram á að fangelsis- og refsistefna ríkisstjórnarinnar verði endurskoðuð með róttækum hætti og meginárhersla lögð á meðferð og endurmenntun fanga. - jss


VERKEFNASTJÓRAAKADEMÍA STJÓRNENDASKÓLA HR



VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námslína sem hentar öllum þeim sem þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem stefnt er að mælanlegum og áþreifanlegum árangri.



*Leiðbeinendur:*
*Elín Þ. Þorsteinsdóttir,*
*Sigurjón Hákonarson,*
*Þórður Víkingur Friðgeirsson.*

NÁMSLÍNA

| | DAGS.: | TÍMI: |
|---|---|---|
| Grunnatriði verkefnastjórnunar | 8. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum I | 13. og 14. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórnunarumhverfið | 26. og 27. sept. | kl. 08.00 - 12.00 |
| Verkfærakistan I - Að greina aðalatriði frá aukaatriðum | 10. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Áætlanagerð í verkefnum II - Verkframvinda | 25. og 26. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkfærakistan II - Ákvarðanir og árangur í verkefnum | 8. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Breytingastjórnun í verkefnum | 21. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Mind Manager | 27. nóv. | kl. 13.00 - 19.00 |
| Áhætta í verkefnum og besta ákvörðun við óvissar aðstæður | 12. og 13. des. | kl. 13.00 - 17.00 |

Skráning er hafin - Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans. Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornendaskoli.is

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Guðrún Helga Hamar***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6404*
*gudrunhelga@ru.is*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK




**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON OG JÓN SIGURÐSSON** Fyrrverandi og núverandi formaður Framsóknarflokksins eru á öndverðum meiði um hvar Íslendingar eru á vegi staddir í umræðunni um Evrópusambandsaðild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ósammála í Evrópumálum

**Yfirlýsingar formanns Framsóknarflokksins um Evrópusambandið gefa ekki tilefni til að ætla að spádómur forvera hans rætist. Þá spáði Halldór Ásgrímsson því að Ísland yrði aðili innan níu ára.**

**STJÓRNMÁL** „Ég spái því reyndar að við verðum orðnir aðilar að Evrópusambandinu árið 2015,“ sagði Halldór Ásgrímsson, þá forsætisráðherra, á Viðskiptaþingi í febrúar á þessu ári. Halldór vék oft að Evrópusambandinu á síðari hluta pólitísks ferlis síns og gekk hvað lengst á Viðskiptaþinginu þegar hann lét spádóm sinn í ljós.

Aðdragandi að Evrópusambandsaðild er langur og áður en formlegar viðræður við sambandið sjálft fara fram þarf að ræða málið á vettvangi íslenskra stjórnmála og þjóðmála.

Jón Sigurðsson segir hins vegar aðild ekki á dagskrá. „Evrópumálin eru allri þjóðinni hugleikin en aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá á næstu árum. Við þurfum fyrst að ná varanlegum styrkleika og stöðugleika til þess að við getum metið það, sem frjáls þjóð, hvað sé mesta gæfusporið fyrir landsmenn,“ sagði Jón í samtali við Fréttablaðið á sunnudag.

Í huga Halldórs Ásgrímssonar var málið hins vegar komið á dagskrá og í Fréttablaðinu í september 2002 sagði hann; „Spurningin um Evrópuaðild okkar er ekki aðeins á dagskrá, hún hlýtur að verða kosningamál.“ Þá voru enn átta mánuðir til kosninga en þegar á hólminn var komið voru önnur mál ofar á baugi. Halldór kom líka inn á Evrópumálin í viðtali við Fréttablaðið í febrúar 2003 og sagði ákvörðun um aðild verða tekna á næstu árum. „Þetta verður eitt mikilvægasta mál þjóðarinnar þegar litið er til framtíðar. Ég er þeirrar skoðunar að þessi umræða verði að halda áfram af fullum krafti. Á næstu árum þurfum við að taka afstöðu til þess hvort við veljum að vera innan Evrópusambandsins eða utan þess.“

Enn gerði Halldór Ásgrímsson Evrópumálin að umtalsefni í ræðu sinni á flokksþinginu fyrr í þessum mánuði og kvað þá við örlítið breyttan tón. Hann dró ekki úr mikilvægi málsins en sagði ekkert liggja á. „Fólk segir oft við mig að það vilji ekki útiloka aðild að Evrópusambandinu en að það sé langt í það og megi bíða betri tíma að ræða það. Það er rétt að það liggur ekkert á og margt getur haft hér áhrif,“ sagði Halldór en varaði um leið við tómlæti og kæruleysi.

„Stórar ákvarðanir sem varða framtíð þjóðarinnar á að taka á eigin forsendum og á þeim tíma sem okkur hentar best en ekki þegar við getum ekkert annað.“

bjorn@frettabladid.is

Tvítugur maður ákærður:

# Olli slysi með glannaakstri

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir hegningar- og umferðarlagabrot fyrir að hafa ekið ógætilega með farþega á vélhjóli í september í fyrra með þeim afleiðingum að farþeginn slasaðist alvarlega.

Maðurinn var á leið niður Ártúnsbrekku, ók þar á 115 kílómetra hraða og rásaði milli akreina í þéttri umferð. Svo fór að hann ók utan í bíl á fullri ferð og missti stjórn á hjólinu.

Farþeginn hlaut alvarlegan lærleggsáverka með kurluðu broti.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. **- sh**

Ný framhaldsskólabraut í grunnskólanum Lækjarskóla í Hafnarfirði sett á fót:

# Bilið milli skólastiga brúað í Lækjarskóla

**NÁM** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, undirrituðu í gær samning um nýja framhaldsskólabraut í Lækjarskóla í framhaldi af fjölgreinanámi skólans. Hugmyndin með brautinni er að brúa bilið milli grunnskólanáms og framhaldsskólanáms.

Fjölgreinanámið við Lækjarskóla var sett á fót haustið 2004 til þess að létta á bóklegu námi og auka það verklega hjá þeim nemendum í 9. og 10. bekk sem ekki fundu sig í hefðbundnu námi. Framhaldsnámið sem nú hefur verið stofnað þjónar þeim tilgangi að auðvelda leið þeirra inn í framhaldsskóla, sem öðrum kosti ættu ekki greiðan aðgang þar að.

„Þetta er hugsað þannig að nemendurnir komist í annað framhaldsnám seinna meir," segir Steinunn Þorsteinsdóttir hjá Hafnarfjarðarbæ.

„Þetta er bæði venjulegt bóknám að hluta, en nemendurnir læra meira verklega en aðrir, til dæmis er ýmisleg hönnun og smíði.

Þetta er nokkurs konar aðhald til að krakkarnir flosni ekki upp úr námi." Menntamálaráðuneytið leggur fjármagn til kennslukostnaðar allt að 12 nemenda, frá og með haustinu. Hafnarfjarðarbær leggur til aðstöðu, búnað og stöðugildi vegna umsjónar verkefnisins. **- sgj**



**SAMKOMULAG UNDIRRITAÐ OG HANDSALAÐ** Lúðvík Geirsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir undirrituðu í gær samkomulag um nýja framhaldsskólabraut í Lækjarskóla.



**AFHENDING SÖFNUNARFJÁR** Libor Lukas, ríkisstjóri Zlín-fylkis, Jarmila Mikulcaková og Dagmar Simkova, framkvæmdastjóri grunnskólans.

Söfnun í kjölfar flóða:

# Ein milljón safnaðist

**SÖFNUN** Peningagjöf góðgerðarfélagsins Neyðarhjálp úr norðri var afhent við hátíðlega athöfn í borginni Zlín á Mæri í síðustu viku.

Neyðarhjálp úr norðri efndi í vor til söfnunar í kjölfar flóða í Tékklandi. Söfnuninni lauk með stórtónleikum í Loftkastalanum þar sem á annað hundrað tónlistarmanna komu fram.

Afrakstur söfnunarinnar var ein milljón króna og var ákveðið að verja upphæðinni í að styrkja elliheimili í bænum Valasske Mezirici og grunnskóla í borginni Vsetin en þar fer fram kennsla heilbrigðra barna og barna með ýmiss konar fötlun. **- hs**



**VIÐEYJARSUND** Átta SH-ingar syntu út í Viðey um helgina.

Viðeyjarsund:

# Átta SH-ingar þreyttu sundið

**SJÓSUND** Átta félagar í Sundfélagi Hafnarfjarðar þreyttu Viðeyjarsund á laugardaginn. Sundmennirnir eru Birna Ólafsdóttir, Benedikt Hjartarson, Hildur Kristinsdóttir, Hilmar Hreinsson, Aðalsteinn Leifsson, Hálfdán Örnólfsson, Heimir Sveinsson og Steinn Jóhannsson.

Lagt var af stað frá sandfjörunni á bak við Sindra-Stál og er vegalengdin því um átta hundruð metrar. Björgunarbátur frá flugbjörgunarsveitinni Ársæli fylgdi sundmönnunum eftir. Í Viðey var sundmönnunum boðið upp á kaffi og meðlæti. Þrír af sundmönnunum stoppuðu ekkert í Viðey heldur syntu beint til baka og gekk sundið vel. **- ghs**

## MEXÍKÓ

**Óvissa um úrslit** Hæstiréttur Mexíkó gerði á mánudag hlé á réttarhöldum sem ætlað er að skera úr um hver vann forsetakosningarnar þar í landi í júlí. Dómararnir hafa til 6. september til að ákveða hver réttkjörinn forseti landsins er, eða ógilda kosningarnar ella. Líklegt þykir að Felipe Calderon haldi embættinu, en hann vann kosningarnar með 244.000 atkvæða mun samkvæmt lokatölum kjörstjórnar.


www.volkswagen.is




**Caddy**

Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursеiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m3. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö. **Nú einnig fáanlegur sjálfskiptur með dísilvél.**

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter**

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

**Transporter Pickup**

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

*M.v. Bilasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**ÁSTRÍÐUFULLUR DANS** Argentínska parið Chizuko Kuwamoto og Sebastian Bianchi sýndi afar tilþrifamikinn dans á fjórðu heimsmeistarakeppninni í argentínskum tangó í Buenos Aires í Argentínu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfissamtök ósátt við byggingu nýs álvers á Trínídad:

# Alcoa mætir andstreymi

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Alcoa, sem vinna að undirbúningi álvers á Trínidad, segja að þeim hafi verið hótað lífláti af íbúum sem óttist neikvæð umhverfisáhrif versins og hefur Alcoa leigt sér þjónustu öryggisfyrirtækis til að fylgja starfsmönnum sínum eftir og gæta þeirra á Trínidad.

Fyrirhugað álver er afar umdeilt á eyjunni og er haft eftir formanni umhverfissamtaka að fólk sé reiðubúið að láta lífið til að koma í veg fyrir að það verði reist.

Tveir fjöldafundir voru haldnir á vegum Alcoa í síðustu viku vegna harðra mótmæla umhverfisverndarsamtaka og jarðeigenda í grennd við fyrirhugað álver.

Á fundunum átti að svara ásökunum um að brögð hafi verið í tafli þegar ríkisstjórn Trínidad og Tóbagó veitti Alcoa leyfi til rannsókna fyrir verksmiðjuna og útskýra umhverfisáhrif álversins.

Hins vegar var fáum spurningum fundargesta svarað. Yfirmenn Alcoa sleit fundinum áður en mælendaskrá tæmdist eftir að íbúar hrópuðu skammaryrði að þeim.

Alcoa hefur reynt að bæta ímynd sína og hefur bent á að íbúar Trínidad þurfi ekki að óttast loftmengun því álverið verði sambærilegt fyrirhuguðu álveri á Íslandi, en á Íslandi gildi „ströngustu staðlar í heimi“ um loftmengun. **- kóþ**



**ÁLVER ALCOA Á REYÐARFIRÐI** Áætlun um að byggja sambærilegt álver á Trínidad hefur mætt mikilli andstöðu íbúanna og umhverfissamtaka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mikið um drykkju í borginni:

# Vísað ölvuðum úr kirkjugarði

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hafði afskipti af talsvert mörgum ölvuðum borgarbúum um liðna helgi sem létu ófriðlega við skemmtistaði, í heimahúsum og á vegum úti. Drykkjunni munu hafa fylgt slagsmál og þurftu nokkrir að leita sér aðstoðar á slysadeild Landspítalans.

Hópi ölvaðra ungmenna var meðal annars vísað úr kirkjugarði þar sem krakkarnir höfðu setið að sumbli.

Lögreglan benti hópnum á það hversu mikil óvirðing gagnvart hinum látnu fælist í athæfinu og munu þau þá hafa sýnt nokkra iðrun. **- sh**



**TZIPI LIVNI Í DANMÖRKU** Handtöku hennar var krafist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danskur þingmaður:

# Vildi að Livni yrði tekin föst

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danski þingmaðurinn Frank Aaen vildi láta handtaka Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, þegar hún kom til Danmerkur á mánudag. Hann segir að hún beri, sem ráðherra í ríkisstjórn Ísraels, ábyrgð á stríðsglæpum ísraelska hersins í Líbanon.

Livni átti í gær fund með Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur.

Aaen, sem er einn helsti talsmaður Einingarbandalags vinstri flokka, sagðist einnig myndu krefjast þess að Hassan Nasrallah, leiðtogi Hizbollah-samtakanna í Líbanon, yrði handtekinn kæmi hann til Danmerkur. **- gb**

Samstarf HÍ og atvinnulífsins:

# VSÓ sér um kennslu

**NÁM** Verkfræðideild Háskóla Íslands og verkfræðistofan VSÓ Ráðgjöf hafa gert samstarfssamning um kennslu í deildinni, en VSÓ mun hafa umsjón með námskeiðunum Framkvæmdafræði 1 og 2 í umhverfis- og byggingaverkfræði sem kennd eru í BA-námi og á meistarastigi. Kennarar á vegum VSÓ verða viðurkenndir sérfræðingar og einnig mun VSÓ greiða hluta af kostnaði við námskeiðin.

Sérfræðingar frá Íslenskum aðalverktökum munu einnig sinna kennslu í námskeiðunum. **- rsg**

# Framtíðarsýn Landverndar er friðun Reykjanesskagans

**Landvernd vill fólkvang á Reykjanesi og að jarðhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum verði ekki nýtt til orkuvinnslu. Umsóknir um tilraunaboranir eru hjá ráðuneytinu. Djúpborun er talin geta tífaldað orkunýtingu.**

**UMHVERFISMÁL** Umhverfissamtökin Landvernd hafa sett fram sýn til framtíðar um verndun Reykjanesskagans og að frá Þingvallavatni út á Reykjanestá verði stofnaður „Eldfjallagarður og fólkvangur“. Framtíðarsýnin grundvallast á náttúruvernd samhliða fjölbreyttri nýtingu á auðlindum skagans. Hvatt er til nýtingar jarðvarma til orkuframleiðslu þar sem þegar hefur verið virkjað en ósnortin jarðhitasvæði verði vernduð. Þar er horft til tilrauna sem sýna að með djúpborunum sé jafnvel hægt að tífalda þá orku sem fæst úr hverri borholu í dag.



**BERGUR SIGURÐSSON**

Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að í framtíðarsýn samtakanna sé rými fyrir allt og alla, en bara ekki á sama stað. „Menn verða að taka frá svæði fyrir ólíkar nýtingarleiðir. Það hafa þegar verið tekin frá svæði til orkuvinnslu en það hafa hins vegar ekki verið tekin frá svæði til náttúruverndar með fullnægjandi hætti.“ Bergur segir að Brennisteinsfjöll séu ósnortið víðerni sem þurfi að taka frá fyrir náttúruvernd og koma þurfi í veg fyrir rannsóknaboranir þar. „Á Reykjanesi eru fjögur eldstöðvakerfi. Tvö af þessum kerfum hafa þegar verið virkjuð að talsverðu leyti og það eru komnar af stað rannsóknaboranir á þriðja svæðinu sem er Trölladyngjusvæðið. Brennisteinsfjöllin eru síðasta kerfið sem er ósnortið. Við leggjum áherslu á rannsóknir og djúpboranir á þeim svæðum sem þegar eru nýtt til orkuvinnslu með jarðvarma því hver virkjun; Hellisheiðarvirkjun, Reykjanesvirkjun og Svartsengi, getur orðið ígildi Kárahnjúkavirkjunar.“

Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna, segir að hafa beri í huga að djúpboranir muni ekki leysa einhvern bráðavanda en staðfestir að yfirgnæfandi líkur séu á að mögulegt sé að margfalda orkuframleiðslu úr borholum með nýrri tækni í framtíðinni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur lagt til að gera Brennisteinsfjöll að friðlandi en Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagðist í viðtali við Fréttablaðið nýlega ekki geta tjáð sig um þær hugmyndir á meðan umsóknir Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknaboranir í Brennisteinsfjöllum eru til afgreiðslu hjá iðnaðarráðuneytinu. Ekki náðist í Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra við vinnslu fréttarinnar.

**svavar@frettabladid.is**



**VIÐ SOGALÆK** Jarðrask vegna tilraunaborana er með ýmsum hætti. Myndin sýnir vegagerð við Sogalæk í tengslum við rannsóknaborun Hitaveitu Suðurnesja í Sogum. MYND/ÁRNI TRYGGVASON




**Vantar ykkur heimilislega, skammtíma gistingu fyrir erlenda gesti?**

Höfum í boði snyrtilegar 2ja herbergja íbúðir í hjarta borgarinnar.
Íbúðirnar eru búnar öllum helstu þægindum og þráðlausri nettengingu.

Uppl. í síma 690 9447 eða **www.this.is/theplace**




**RÚSTIR EINAR** Aðkoman er napurleg, en brátt munu rísa hjúkrunarheimili fyrir aldraða í stað hússins sögufræga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdir við hjúkrunarheimili og íbúðahús að hefjast:

# Lýsishúsið jafnað við jörðu

**FRAMKVÆMDIR** Íslenskir aðalverktakar hafa lokið við að rífa gamla húsnæði Lýsis hf. sem stóð við Grandaveg.

Á reitnum mun rísa hjúkrunarheimili með níutíu rýmum, sem Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær skipta á milli sín. Einnig rísa um hundrað íbúðir sem fara á sölu á almennum markaði. Lýsi hefur tekið í notkun nýjar höfuðstöðvar, við Fiskislóð, þar sem öll starfsemi fyrir utan bræðslu og þurrkun verður til húsa. **- sgj**



# Hlutafjárútboð Marel hf.
# 13. – 14. september 2006

Seldir verða 75.000.000 nýrra hluta í Marel í útboði. Útboðið verður þrískipt; útboð til forgangsréttarhafa, fagfjárfesta og almennings. Útboðsgengi verður 74 krónur fyrir hvern hlut. Heildarsöluvirði hluta í útboðinu er 5.550 milljónir króna.

Þjónustuver Landsbanka Íslands hf. mun veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4000. Jafnframt munu ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4040.

Marel mun gefa út lýsingu vegna hlutafjárhækkunarinnar. Hægt verður að nálgast lýsinguna á vef Marel www.marel.is og vef Landsbankans www.landsbanki.is eigi síðar en við upphaf útboðsins. Jafnframt verður hægt að fá lýsinguna hjá útgefanda og umsjónaraðila á pappír.

## Útgefandi

Marel hf., kt. 620483-0369, Austurhrauni 9, Garðabæ, sími 563 8000, www.marel.is

## Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík, fax: 410 3007, www.landsbanki.is

## Heimild til hlutafjárhækkunar og tilgangur

Á fundi stjórnar Marel hf., sem haldinn var þann 24. ágúst 2006, var tekin ákvörðun um að nýta heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé félagsins um allt að 75.000.000 hluta og selja fjárfestum í útboði. Útboðið er liður í að styðja við frekari vöxt Marel.

## Sölutímabil

Frá klukkan 9:00 miðvikudaginn 13. september 2006 til klukkan 16:00 fimmtudaginn 14. september 2006.

## Sölutrygging

Landsbanki Íslands hf. hefur sölutryggt útboðið að fullu á útboðsgengi.

## Gjalddagi

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Greiðsluseðlar verða sendir kaupendum í kjölfar áskriftar. Gjalddagi greiðsluseðla er 22. september 2006. Hlutir, sem kunna að vera ógreiddir, má stjórn Marel hf. hvort heldur sem er innheimta með kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

## Afhending og skráning nýrra hluta

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Að því loknu verða hlutirnir skráðir hjá Kauphöll Íslands hf.

## Forgangsréttarútboð

Hluthöfum Marel verða alls boðnir 30.000.000 nýrra hluta til kaups og er áskriftarréttur hlutfallslegur miðað við hlutafjáreign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Marel í lok föstudagsins 25. ágúst 2006. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti þeirra og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útdeilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthöfum er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift í þessum hluta útboðsins og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem þeir fá sent í pósti. Í útboði til forgangsréttarhafa er rafræn staðfesting skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

## Fagfjárfestaútboð

Alls verða 30.000.000 hluta boðnir fagfjárfestum til kaups. Einungis þeir, sem eru fagfjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 1. mgr. 7. tl. laga nr 33/2003, um verðbréfaviðskipti, hafa heimild til að taka þátt í þessum hluta útboðsins.

Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. Stjórn Marel hefur heimild til að hafna áskriftum í þessum hluta útboðsins í heild eða að hluta. Verði ekki næg eftirspurn í útboðinu til fagfjárfesta hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa. Þeim fagfjárfestum, sem fá úthlutað hlutum í útboðinu, verður send tilkynning um samþykki stjórnar á áskrift þeirra í lok útboðsins.

## Almennt útboð

Alls verða 15.000.000 nýrra hluta seldir í almennu útboði. Hámarkshlutur sem hver fjárfestir í þessum hluta getur skráð sig fyrir eru 10.000 hlutir eða 740.000 krónur að markaðsverði. Ef til umframáskriftar kemur skerðist hámarksfjöldi hluta sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa þar til heildarfjöldi seldra hluta er kominn niður í þann fjölda hluta sem er til sölu í þessum hluta útboðsins. Skerðing er því ekki hlutfallsleg. Verði eftirspurn í almenna hluta útboðsins ekki næg hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Áskriftum í almenna útboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

Forgangsréttarhafar og fagfjárfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.

Landsbankinn

Marel




ENNEMM / SIA / NM23162

Fáðu nánari upplýsingar á skjarinn.is

SKJÁREINN SKJÁRBÍÓ SKJÁRSPORT SKJÁRHEIMUR




# Skjárinn kynnir algjöra byltingu

## Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegum myndgæðum

**SkjárBíó**
Aðeins í SkjáBíói getur þú leigt nýjustu bíómyndirnar og fengið ókeypis barnaefni með einum takka á fjarstýringunni

**SkjárHeimur**
SkjárHeimur veitir þér aðgang að yfir 60 erlendum sjónvarpsstöðvum. Þú velur þínar stöðvar!

**SkjárSport**
SkjárSport sýnir skemmtilegasta fótbolta í heimi og allt að 5 leiki á sama tíma

**SkjárEinn**
Auðvitað fylgir uppáhaldssjónvarpsstöðin þín, SkjárEinn, með – og allt í stafrænum gæðum.

Þú færð myndlykil Skjásins FRÍTT ef þú ert með ADSL hjá Símanum.
Fáðu þér Skjáinn strax í dag, í síma 800 7000.

Skjárinn
– á þínu valdi!




## „ORÐRÉTT“

### Stjórnarmenn á hnefanum

**„Ég áttaði mig á því á þessum sex klukkutíma langa fundi hversu átakanlegt andrúmsloft er innan stjórnar Landsvirkjunar. Það kom mér svolítið á óvart að menn virðast trúa því að það sé best að fara áfram á hnefanum.“**

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR EFTIR SINN FYRSTA STJÓRNARFUND Í LANDSVIRKJUN. FRÉTTABLAÐIÐ 29. ÁGÚST.

### Rakar sig á haus

**„Ég veit það manna best að það kemur mikið blóð þegar það kemur sár á höfuðið enda raka ég mig sjálfur á hausnum.“**

MAGNI ÁSGEIRSSON AÐSPURÐUR UM ATVIKIÐ ÞEGAR DILANA SEM KEPPIR Á MÓTI HONUM Í ROCKSTAR: SUPERNOVA BRAUT GLAS MEÐ ÞEIM AFLEIÐINGUM AÐ BROT SKAUST Í HÖFUÐ HANS. FRÉTTABLAÐIÐ 29. ÁGÚST.

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

# Eins og að vinna við stórútgerð

„Það er bara allt gott að frétta, ég var að koma úr æðislegu sumarfríi,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpskona og eigandi Útvarps Sögu. „Ég fór til Rimini á Ítalíu í viku og það var rosa fínt, ég hefði nú alveg verið til í að vera vikunni lengur.“ Hitinn var um þrjátíu stig á meðan Arnþrúður dvaldist á Ítalíu og segir hún það vera þægilegan hita. Á leiðinni til baka til Íslands kom Arnþrúður við í Kaupmannahöfn og gerði sér glaðan dag í Tívolíi.

Okkar kona kom aftur til landsins síðastliðinn laugardag og var strax komin á fullt aftur í vinnu, en hún rekur útvarpsstöðina Sögu eins og kunnugt er. „Nú er ég á fullu að setja saman vetrardagskrána og það er verið að ganga frá samningum við nýtt fólk sem verður hjá okkur í vetur. Af þeim má nefna blaðamanninn Jóhann Hauksson, en fleiri nöfn gef ég ekki upp að sinni en það er tíðinda að vænta bráðlega í þeim efnum. Það eiga eflaust einhverjir eftir að reka upp stór augu þegar þar að kemur,“ segir Arnþrúður og hlær.

Áður en Arnþrúður fór í sumarfrí vann hún öllum stundum á útvarpsstöðinni. „Ég er venjulega mætt hingað sjö á morgnana og vinn til sjö á kvöldin, þetta er eins og að vinna við stórútgerð, það vantar bara kvótann,“ segir hún hlæjandi.

Til stendur að stækka útsendingarsvæði stöðvarinnar. „Við ætlum að stækka útsendingarsvæðið og opna fyrir öllu Suðurlandi á tíðninni 99,1 svo eftir stækkunina getur fólk í Árnessýslu, í Grímsnesi og við Laugarvatn, í Hveragerði og víðar stillt inn á tíðnina og fylgst með, það er mikill hugur í okkur,“ segir Arnþrúður.

Í vetur verður mikið um fréttatengt efni á útvarpsstöðinni og ætlar hún að gera komandi kosningavetri góð skil að sögn Arnþrúðar. „Við munum fara af meiri þunga í fréttatengt efni og taka pólitíkina föstum tökum í vetur enda kosningar í vændum.“



## SJÓNARHÓLL
FYLLING HÁLSLÓNS

# Má sökkva þessu öllu

„Það á bara að fylla á þetta lón og ekkert múður með það,“ segir Kristinn Snæland leigubílastjóri. „Ég hef engar áhyggjur af þessu. Það er hinsvegar til nóg af fólki sem stekkur uppá stól ef það svo mikið sem heyrir minnst á mús og það tínir til öll hugsanleg rök til að fá fólk til að hræðast með sér. Til dæmis er verið að segja það að Kárahnjúkastíflan sé eins og stíflan í Brasilíu sem gaf sig en það er ekki rétt. Þó þær séu eins í laginu eru mikill munur á þeim hvað varðar efni og frágang. Það er bara bjánagangur að vera að tala um þetta sem samskonar stíflu. Svo eru nótmælendur að segja að þetta muni eyðileggja svo mikið af náttúrunni; náttúra sem þeir höfðu engan áhuga á fyrr en framkvæmdirnar komu til sögunnar. Ég fór til hinsvegar þarna við tíunda mann að Snæfelli og Eyjabökkum þegar búið var að leggja veginn þangað. Ég hugsaði með mér eftir þá ferð að mér væri alveg sama þó þessu öllu væri sökkt, og veginum líka.

Hinsvegar voru það mistök hjá Valgerði að kynna ekki innhald skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðing en ég hygg að hún hafi bara óttast það að styggja þetta fólk sem verður óttaslegið við minnsta tilefni.“



KRISTINN SNÆLAND LEIGUBÍLSTJÓRI



**MARGRÉT ÝR EINARSDÓTTIR OG ELÍN SIGURÐARDÓTTIR** Í apríl í fyrra kom Margrét í tímann hjá Elínu en þá hafði hún þjást af tíðum köstum sem fylgja MS-sjúkdóminum sem hún er með. Síðan þá hefur líf hennar gjörbreyst og nú þjálfar hún aðra sem þrá svipaðan árangur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Æfingar við hæfi Súpermanns sem og fatlaðra

**Rope Yoga heitir hug- og heilsurækt sem Guðni Gunnarsson hefur hannað. Blaðamaður ræddi við tvo þjálfara um þessi fræði en annar þeirra er með MS-sjúkdóminn en Rope Yoga breytti lífi hennar. Einnig leggja hinir heilsuhraustustu stund á þessa iðju eins og Brandon Routh sem leikur Superman.**

Elín Sigurðardóttir hefur tvívegis keppt á Ólympíuleikum í sundi en hún var einmitt að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana í Atlanta þegar hún kynntist Rope Yoga hjá Guðna Gunnarssyni. „Ég taldi mig náttúrlega vera í toppformi enda keppnismanneskja,“ segir Elín. „En Rope Yoga lætur mann reyna á djúpvöðva og neðstu vöðva kviðarins sem maður nær annars ekki til og ég fann strax mikinn mun á mér til batnaðar þegar ég fór að nota þessa vöðva sem ég hafði aldrei notað meðvitað fyrr. Þessar æfingar bæta meðal annars meltinguna enda virka þær eiginlega eins og nudd fyrir meltingarfærin. Svo verður maður svo afslappaður og yfirvegaður enda er þetta hugleiðsla sem maður gerir á hreyfingu.“

Rope Yoga er hug- og heilsurækt sem byggist á æfingum sem gerðar eru á sérstökum bekkjum með reipum sem snarað er yfir ökkla og svo heldur iðkandinn í hinn enda reipanna. Enn fremur byggist hún á kenningum sem settar hafa verið fram í sjö þrepum til einföldunar.

„Ég byrjaði á þessu í apríl 2005 og þá fann ég strax að þetta væri eitthvað fyrir mig,“ segir Margrét Ýr Einarsdóttir, Rope Yoga-þjálfari. „Ég greindist með MS-sjúkdóm árið 1999 og hætti að vinna árið 2003 en þá var ég vön að fá köst á um það bil tveggja mánaða fresti. Þessi köst lýsa sér þannig að ég missi algjörlega mátt, yfirleitt í vinstri fæti, en stundum báðum. Þá þarf ég að nota göngustaf eða hjólastól. Þegar ég fékk stærri köst varð ég að leggjast inn á spítala en það var venjulega um tvisvar á ári. En eftir að ég fór að stunda Rope Yoga hefur þetta gjörbreyst. Nú hrjáir þetta mig afar sjaldan, síðast fékk kast í mars. En það er ekki aðeins það heldur hefur heimspekin á bak við þetta hjálpað mér mjög mikið. Þess vegna eru margir úr MS-félaginu farnir að sækja námskeið hjá mér. Þeir sjá muninn á mér frá því ég byrjaði að stunda þetta svo þeir vilja endilega prófa.“

Guðni hefur um margra ára bil kennt þessa hug- og heilsurækt í Kaliforníu. Meðal nemenda hans er Brandon Routh sem lék Súpermann í síðustu myndinni sem gerð var um ofurmennið. „Routh hefur sagt það opinberlega að Rope Yoga eigi drjúgan þátt í því hversu vel honum tókst til með hlutverkið,“ segir Elín. „En þó þurfa menn alls ekki að vera nein ofurmenni til að stunda þetta því það er einmitt kosturinn við Rope Yoga að allir geta gert þessar æfingar. Fólk með sykursýki, gigt, bakverki og hreyfihömlun stundar æfingar hjá okkur án nokkurra vandkvæða.“

jse@frettabladid.is






ELÍN Á ÆFINGABEKKNUM

# RÝMINGAR-
# SALA
# MÚRBÚÐARINNAR

**Í Múrbúðinni er í raun „útsala“ allt árið vegna sérlega hagstæðs verðs. Nú þurfum við hins vegar að rýma til fyrir nýjum vörum. Komdu og gerðu góð kaup!**

**Nokkur verðdæmi:**

- Rafmagnsverkfæri
- Verkfærakistur
- Verkfæri
- Fatnaður
- Múrblanda
- Borar
- Festifrauð
- Fúavörn o.m.fl.



NOVA 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar

Kr. 1.295,-



Verkfærasett 33 hlutir

Kr. 1.965,-



NOVA 18V Rafhlöðuborvél + borar og skrúfbitar

Kr. 2.690,-

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM




**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## Svona erum við

> Fjöldi útgefinna bóka




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: STOKKHÓLMSHEILKENNIÐ

# *Samúð fanga með ræningja sínum*

Natascha Kampusch, átján ára austurrísk stúlka sem er nýsloppin úr prísund mannræningja eftir átta ár, hefur sagt að ræninginn hafi verið hluti af lífi hennar og hún sakni hans að vissu leyti. Í fjölmiðlum hefur hún verið sögð illa haldin af Stokkhólmsheilkenninu, sem svo hefur verið nefnt.

### Hvers vegna Stokkhólmur?

Árið 1973 tóku bankaræningjar í Stokkhólmi bankastarfsmenn í gíslingu og héldu þeim í bankanum í sex daga. Eftir að gíslarnir fengu frelsið á ný var greinilegt að sterk tengsl höfðu myndast milli gíslanna og ræningja þeirra. Sumir gíslanna vörðu jafnvel gerðir ræningjanna og báru þeim vel söguna. Í fréttaviðtölum notaði geðlæknirinn Nils Bejerot, sem hafði verið lögreglunni til ráðgjafar, hugtakið Stokkhólmsheilkenni um þessa afstöðu gíslanna til ræningja sinna.



### Eru mörg dæmi um heilkennið?

Mörg fræg dæmi eru um Stokkhólmsheilkennið frá gíslatökum víða um heim á síðustu áratugum. Þekktasta dæmið er líklega ránið á Patty Hearst, dóttur bandarísks milljarðamærings, en hún gekk svo langt að hjálpa mannræningjum sínum að ræna banka eftir að þeir höfðu haldið henni í gíslingu í tvo mánuði árið 1974. Hún var handtekin haustið 1975 og reyndi þá að verja sig fyrir rétti með því að segjast hafa verið illa haldin af Stokkhólmsheilkenninu, auk þess sem hún hafi verið þvinguð til að aðstoða við bankaránið.

### Er Stokkhólmsheilkennið nýtt?

Fyrirbærið hefur verið þekkt löngu áður en bankaræningjarnir í Stokkhólmi gáfu sænskum geðlækni tilefni til þess að setja á það nafn. Ekki þarf annað en að minna á sígildar sögur úr dægurmenningu Vesturlanda, svo sem King Kong og Óperudrauginn. Þetta tiltekna heilkenni er síðan býsna skylt öðrum fyrirbærum úr sálarlífi mannskepnunnar, svo sem meðvirkni aðstandenda áfengissjúklinga og sú blendna væntumþykja sem fórnarlömb níðinga af ýmsu tagi finna stundum til gagnvart kvölurum sínum.

## SPURT & SVARAÐ

AUKIN TÍÐNI BANASLYSA

### *Telja sig ódauðlega*

Átta hafa látið lífið í bílslysum í ágústmánuði og nítján alls á árinu.



KARL RAGNARS

Karl Ragnars er forstjóri Umferðarstofu.

**Hverjar eru orsakir þessara bílslysa?**
Helstu orsakir umferðarslysa að undanförnu virðast vera virðingarleysi fyrir umhverfinu sem lýsir sér meðal annars í ofsaakstri, sérstaklega hjá ungu fólki og vegna ölvunar eða þreytu.

**Hvað er hægt að gera til að auka umferðaröryggi?**
Halda úti öflugum áróðri og löggæslu en allra helst þarf að auka fræðslu og innrætingu ungmenna í grunnskólum og framhaldsskólum verulega.

**Hafa forvarnir haft áhrif?**
Samkvæmt skoðanakönnunum skiptir áróður, fræðsla og löggæsla miklu máli og er það í samræmi við reynslu annarra þjóða. Einnig liggur fyrir að slysum hefur fækkað með auknum forvörnum. Þó er ljóst að hvers konar forvarnir ná ekki til allra. Sá litli minnihluti sem telur sig ódauðlegan verður alltaf hættulegur í umferðinni.

# Svíar hallast til hægri

**Svíar ganga að kjörborðinu hinn 17. september næstkomandi. Kosninganna er beðið með nokkurri eftirvæntingu því í fyrsta sinn hafa Svíar um tvo skýra stjórnarkosti að velja; samfylkingu borgaraflokkanna eða bandalag vinstri flokkanna undir forystu Jafnaðarmannaflokksins.**

Sænski Jafnaðarmannaflokkurinn (Socialdemokraterna) hefur borið höfuð og herðar yfir aðra flokka í sænskum stjórnmálum allt frá því um 1930. Það sést best á því að af þeim 76 árum sem síðan eru liðin hefur flokkurinn farið með stjórn Svíþjóðar, ýmist einn eða með stuðningi annarra, í 66 ár.

Núverandi ríkisstjórn Svíþjóðar er minnihlutastjórn jafnaðarmanna undir forystu Görans Persson, sem setið hefur við völd frá 1994, með stuðningi Vinstri flokksins (Vänsterpartiet) og græningja (Miljöpartiet), en þessir flokkar eiga þó ekki sæti í ríkisstjórninni.

Fyrstu tvö árin var Ingvar Karlsson forsætisráðherra en Persson tók við 1996 og hefur því verið forsætisráðherra Svía í tíu ár og leitt flokkinn til sigurs í tvennum kosningum á því tímabili.



**SAMFYLKING BORGARALEGRA** Leiðtogar borgaralegu flokkanna fjögurra ganga um götu í Gustavsberg austur af Stokkhólmi á dögunum, er þeir kynntu sameiginlega kosningastefnuskrá sína. Frá vinstri: Göran Hägglund, kristilegum demókrötum, Fredrik Reinfeldt, Hægriflokknum, Maud Olofsson, Miðflokknum, og Lars Leijonborg, Þjóðarflokknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Reinfeldt vinsælli en Persson

Valdaferill hans gæti þó verið að renna sitt skeið á enda ef marka má skoðanakannanir undanfarinna vikna og mánaða. Flestum könnunum ber saman um að borgaraflokkarnir sigri í kosningunum en munurinn milli fylkinganna er þó yfirleitt ekki mikill; ekki meira en þrjú til fjögur prósentustig. Þó hafa einnig birst kannanir þar sem vinstriflokkarnir mælast með örlítið meira fylgi en hin fylkingin.

Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var fyrir Dagens Nyheter segjast 41 af hundraði sænskra kjósenda spá því að borgaraflokkarnir vinni, en 39 prósent að vinstriflokkarnir hafi það.

Borgaraflokkarnir sem samanstanda af Hægri flokknum (Moderatarna), Miðflokknum (Centerpartiet), Þjóðarflokknum (Folkpartiet) og Kristilegum demókrötum (Kristdemokraterna), hafa nú í fyrsta sinn í aðdraganda kosninga komið fram sem ein heild og lýst því yfir að þeir muni mynda ríkisstjórn saman nái þeir meirihluta.



**PERSSON Í VÖRN** Forsætisráðherrann hefur þótt átt eiga í erfiðleikum með að ná vopnum sínum gegn áskorandanum Reinfeldt.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Af þessum flokkum er Hægri flokkurinn stærstur og er formaður hans Fredrik Reinfeldt yfirlýst forsætisráðherraefni borgaraflokkanna. Nýtur hann sömuleiðis meiri vinsælda í könnunum sem forsætisráðherraefni en Göran Persson.

### Hægri flokkurinn vinnur á

Í kosningunum 2002 fékk Jafnaðarmannaflokkurinn 39,9 prósenta fylgi, Hægri flokkurinn hlaut 15,3 prósent, Þjóðarflokkurinn 13,4, Kristilegir demókratar 9,2, Vinstri flokkurinn 8,4, Miðflokkurinn 6,2 og græningjar 4,7 prósent.

**FYLGI SÆNSKU STJÓRNMÁLAFLOKKANNA Í ÁGÚST 2006**




Heimild: Dagens Nyheter

## Kosningar í Svíþjóð

Samkvæmt könnunum sem blaðið Dagens Nyheter birti í síðustu viku er fylgi við Jafnaðarmannaflokkinn nú 37,7 prósent, Hægri flokkurinn mælist með 28 prósent, Þjóðarflokkurinn 9,8, Miðflokkurinn 6,1, Kristilegir demókratar 5,4, græningjar 5,3 og Vinstri flokkurinn nýtur einungis stuðnings 3,6 af hundraði kjósenda.

### Vinstri flokkurinn tæpur

Þetta litla fylgi Vinstri flokksins er ekki bara áhyggjuefni fyrir flokkinn sjálfan heldur líka Jafnaðarmannaflokkinn, því kosningareglur í Svíþjóð kveða á um að flokkur verði að ná fjögurra prósenta fylgi á landsvísu til að fá sæti á þingi.

Fari svo að Vinstri flokknum takist ekki að ná þessu marki er útséð um að Göran Persson haldi völdum því ekkert bendir til þess að Jafnaðarmannaflokkurinn auki fylgi sitt frá síðustu kosningum og fylgi við græningja virðist vera kringum fimm af hundraði.

### Atvinnu- og skattamál

Flokkablokkirnar tvær hafa hvorar tveggja lagt fram stefnuskrár sínar og er megináherslan lögð á velferðarmál í víðu samhengi, atvinnu- og efnahaghagsmál auk fjölskyldu- og húsnæðismála. Hafa þær úrbætur sem blokkirnar hyggjast ráðst í til að örva sænskt efnahagslíf verið reiknaðar upp í 25 til 30 milljarða sænskra króna í hvoru tilviki fyrir sig.

Atvinnumálin skipta meginmáli en atvinnuleysi í Svíþjóð er nú um sex af hundraði. Meðal yngra fólks er atvinnuleysið þó enn meira; er um 20 prósent í aldurshópnum 16-19 ára.

Lækkun skatta er líka mjög til umræðu í kosningabaráttunni. Jafnaðarmenn boða lækkun matarskatts og auknar niðurgreiðslur til handa barnafólki en borgaraflokkarnir boða lækkun tekjuskatts og niðurfellingu hátekju- og fasteignaskatta.

### Varúð til hægri

Talsmenn sænsku borgaraflokkanna leggja mikla áherslu á að tími sé kominn til að gefa jafnaðarmönnum frí frá stjórn landsins og þeim virðist vera að takast að sannfæra sænska kjósendur um að þeim sé fyllilega treystandi til að fara með landsstjórnina.

Jafnaðarmenn vara hins vegar mjög við „glundroðanum til hægri“ og segja borgaraflokkana aldrei geta komið sér saman til lengdar um sameiginlega stjórnarstefnu.

Er þetta umræða sem við Íslendingar könnumst mæta vel við nema bara með öfugum formerkjum.



FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is






Allt að
70%
afsláttur

STÓRÚTSALA









Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki - heitir pottar - pallaefni

Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Stjórnendur fyrirtækja sem verða uppvís að ólöglegu verðsamráði verða að sæta refsingu.

## Ábyrgð einstaklinganna

Í dag rennur út frestur Eimskipafélags Íslands til að skila inn andmælum við niðurstöðum rannsóknar samkeppnisyfirvalda á meintum brotum félagsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst Samkeppniseftirlitið sekta Eimskipafélagið um einn milljarð króna fyrir undirboð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu í sjóflutningum. Vandamálið er að núverandi eigendur og stjórnendur félagsins telja málið ekki koma sér við þar sem meint brot voru framin 2002 og fyrr, en síðan þá hefur félagið skipt oftar en einu sinni um eigendur og stjórnendur, rétt eins og Baldur Guðnason, núverandi forstjóri Eimskipafélagsins, benti á í viðtali við Fréttablaðið fyrr í mánuðinum.

Hvar liggur ábyrgðin? er því þúsund milljóna króna spurningin sem dómstólar munu væntanlega þurfa að svara.

Og sú spurning leiðir aftur hugann að því hvort einhverjir einstaklingar, og þá hverjir, muni sæta ábyrgð og refsingum þegar málsókn vegna verðsamráðs olíufélaganna verður loks til lykta leidd.

Fyrir liggur að samkeppnisyfirvöld sektuðu olíufélögin samanlagt um 1,5 milljarða króna en ekki er enn ljóst hvernig málatilbúnaðurinn verður af hálfu Ríkissaksóknara. Mun það væntanlega skýrast fyrir lok október, tæpum fimm árum eftir að samkeppnisyfirvöld hófu rannsókn sína.

Óneitanlega var einkennilegt að lesa á dögunum hér í blaðinu þau orð Helga Magnúsar Gunnarssonar lögfræðings, sem fer með málið hjá Ríkissaksóknara, að í nágrannalöndum okkar séu „ekki fordæmi fyrir því að einstaklingar séu sóttir til saka vegna brota af þessu tagi, heldur eru það alltaf fyrirtækin sjálf,“ eins og hann orðaði það áður en hann sló þann varnagla að ekki lægi enn fyrir niðurstaða í málinu.

Það er engu líkara en fulltrúi Ríkissaksóknara sé með þessum orðum að undirbúa að í haust, eftir jóðsótt fjallsins, muni fæðast lítil mús. Það er að segja að möguleiki sé á því að þeir menn sem af óvenju einbeittum og ósvífnum brotavilja stýrðu olíusvindlinu geti sloppið. Athugið í því sambandi að svindl olíufélaganna þriggja teygði sig um allt samfélagið, til einkafyrirtækja, alls almennings og fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þannig ræddu forstórarnir sín á milli allt frá því hvort opna ætti sjálfsafgreiðslubensínstöð á Höfn til þess hvort ekki væri „þörf á að hækka smurolíu“ svo vitnað sé í eitt af minnisblöðum Kristins Björnssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs.

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, benti á sínum tíma á að til lítils væri að sekta olíufélögin því þau myndu velta sektunum út í verðlagið og neytendur borguðu brúsann. Vissulega er málið ekki alveg svo einfalt, en erfitt er að sjá að fælingarmáttur fjársekta sé í raun mikill, sérstaklega ef ávinningur af verðsamráði getur verið hærri en sektirnar. Samfélagið hlýtur að gera kröfu um að stjórnendur fyrirtækja sæti refsingum ef þeir verða uppvísir að ólöglegu verðsamráði.

Ef sú er ekki raunin í nágrannalöndum okkar, eins og fulltrúi Ríkissaksóknara taldi ástæðu til að minnast á, má benda honum á að horfa frekar vestur um haf en austur. Eitt dæmi er mál æðstu yfirmanna uppboðsfyrirtækjanna Sotheby‘s og Christie‘s, sem voru staðnir að verðsamráði og hlutu fyrir vikið nokkurra ára fangavist árið 2001. Og verslunarvörur þeirra voru dýrir listmunir og antíkhúsgögn, ekki nauðsynjavara á borð við eldsneyti.


**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Samfylkingargolf**
Félagsstarf stjórnmálaflokka hefur átt í harðri samkeppni um frítíma fólks undanfarin ár. Hafnarfjarðarkratinn Jón Kr. Óskarsson lætur það samt ekki á sig fá og skipulagði í síðustu viku golfmót Samfylkingarinnar á Keilisvellinum á Hvaleyrinni. Voru þátttakendur um fjörutíu. Árni Guðmundsson frá Hafnarfirði og Jón Júlíusson úr Kópavogi unnu mótið með einu höggi. Steinunn Valdís Óskarsdóttir spilaði með sínum manni og stóð sig vel að sögn Jóns. Lúðvík Bergvinsson, sem er með rétt rúmlega sjö í forgjöf, var einnig mættur með tengdó. Þá sást einnig til bæjarstjórans, Lúðvíks Geirssonar, sveifla kylfum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var hins vegar fjarri góðu gamni að þessu sinni.



**Steinunn Birna tilnefnd**
Það var vandræðaleg uppákoma fyrir R-listann sáluga þegar Steinunn Birna Ragnarsdóttir, varaborgarfulltrúi Vinstri grænna, sagði af sér vegna deilna um niðurrif Austurbæjarbíós árið 2003. Sagt var að henni hefði verið meinað að lýsa skoðun sinni á málinu. Ekki er vitað hvort þetta upphlaup varð til þess að núverandi meirihluti sá ástæðu til að tilnefna Steinunni Birnu í verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Var það gert í borgarráði 20. júlí í sumar, en venjan er að tryggir flokksmenn fái slík verkefni í hendurnar.

**Röng málsmeðferð**
Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar var hins vegar ekki ánægt með fyrirkomulag borgarráðs á skipun Steinunnar og Kjartans Óskarssonar í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ráðið, undir forystu Kjartans Magnússonar, sá ástæðu til að setja fram athugasemd. Í bókuninni „telur menningar- og ferðamálaráð ástæðu til að árétta að málefni áðurnefndra menningarstofnana - auk Listahátíðar í Reykjavík - heyra nú undir Menningar og ferðamálasvið“. Þá segir að erindi sem tengjast þessum stofnunum skuli koma til meðferðar í menningar- og ferðamálaráði og fulltrúum Reykjavíkurborgar í viðkomandi stjórnum og nefndum beri að halda stjórnendum ráðsins upplýstu um rekstur og starfsemi umræddra stofnana. Ekkert skrítið að sjálfir borgararnir skilji ekki stjórnkerfi borgarinnar þegar kjörnir fulltrúar eru ekki með það á hreinu.



bjorgvin@frettabladid.is

## Skattar eru of háir

Í DAG
SKATTBYRÐI



STEFÁN ÓLAFSSON
PRÓFESSOR

*Það er því augljóslega mikið svigrúm til að lækka skatta án þess að skera niður velferðarútgjöld eða menntaútgjöld. Slík útgjöld mætti raunar auka samhliða lækkun skatta.*

Margt bendir til að skattar á Íslandi séu orðnir of háir. Ég skal þó aðeins nefna tvennt. Það fyrra er að skattbyrði almennings hefur aukist stórlega hér á landi sl. 10 ár, mun meira en almennt er í OECD-ríkjunum. Það seinna er að ríkissjóður skilaði á síðasta ári nærri 65 milljarða króna hagnaði sem að mestu leyti eru skatttekjur (tilfallandi tekjur eins og af sölu Símans eru ekki meðtaldar). Tekjuafgangur ríkissjóðs með einkavæðingartekjum var tæpir 113 milljarðar árið 2005. Þetta eru afar stórar upphæðir. Ríkið er að taka allt of mikið til sín af tekjum almennings.

Samkvæmt gögnum OECD jókst heildarskattbyrði íslensku þjóðarinnar um 9,8%-stig frá 1995 til 2004, úr 32,1% í 41,9% af vergri landsframleiðslu. Það er líklega heimsmet í skattahækkunum á þessum tíma. Á sama tímabili jukust útgjöld til velferðarmála og menntunar samanlagt einungis um nærri 4%-stig af þjóðarframleiðslu. Umframtekjurnar af auknu skattheimtunni (munurinn á 9,8% og 4%) fóru m.a. til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, sem nú eru orðnar litlar að vöxtum.

Það er því augljóslega mikið svigrúm til að lækka skatta án þess að skera niður velferðarútgjöld eða menntaútgjöld. Slík útgjöld mætti raunar auka samhliða lækkun skatta. Hinn mikli tekjuafgangur ríkissjóðs vegna skattheimtu árið 2005 sýnir þetta.

**Hverjir fengu auknar skattbyrðar?**
Hinar auknu skatttekjur ríkisvaldsins eru að stórum hluta til komnar vegna rýrnunar skattleysismarka, en það hefur stórlega aukið skattbyrði lágtekjufólks og meðaltekjufólks. Aukin velta í þjóðfélaginu hefur einnig skilað meiru í neysluskatta, en neyslan er í of miklum mæli drifin áfram með óhóflegri skuldasöfnun.

Þeir einu sem fengu raunverulega skattalækkun eftir 1995 voru fyrirtækjaeigendur, fjárfestar og hátekjufólk (tekjuhæstu 10% þjóðarinnar). Um 90% þjóðarinnar fengu á sig aukna skattbyrði. Það er óvenjulegt að slíkt skuli hafa gerst undir háværum loforðum ríkisstjórnarinnar um að lækka skatta til allra.

Skattbyrði meðalfjölskyldunnar á Íslandi jókst úr rúmum 19% í tæp 24% af tekjum, eða um 4,5%-stig. Á sama tíma jókst skattbyrði fólks á aldrinum 66-70 ára um 9,1%-stig, 71-75 ára fólk fékk hækkun um 13,1%-stig og elsta fólkið í landinu, sem jafnframt hafði lægstu tekjurnar, fékk hækkun um 13,8%-stig. Því eldra sem fólk var og því lægri sem tekjurnar voru, þeim mun meiri varð aukning skattbyrðarinnar.

Fleira má nefna. Skattbyrði einhleypra öryrkja jókst úr 7% af tekjum í 17,1% frá 1995 til 2004. Loks jókst skattbyrði tveggja barna fjölskyldna með eina fyrirvinnu á meðaltekjum úr –14,5% í 6,6%, eða um 21,1%-stig. Á sama tíma lækkaði skattbyrði slíkra fjölskyldna í OECD-ríkjunum að meðaltali um -1,7%-stig (OECD-Taxing Wages 2005, bls. 106).

Aukin skattbyrði almennings á Íslandi var þannig mest hjá þeim sem minni tekjur og meðaltekjur höfðu. Það er einstök þróun á Vesturlöndum. Þessi stefna stjórnvalda hefur stóraukið ójöfnuðinn í samfélaginu.

Það ætti því að vera mikið baráttumál fyrir alla Íslendinga að lækka nú stórlega skattbyrði lægri tekjuhópanna og einnig meðaltekjuhópanna. Í reynd á að lækka skattbyrði allra nema þeirra 10% landsmanna sem hæstar tekjur hafa og mestar eignir eiga. Þeir einir eru þegar búnir að fá mikla skattalækkun. Það fólk bjargar sér að auki mjög vel á markaði og þolir í reynd umtalsverða hækkun skatta. Eðlilegt markmið væri að skattbyrði þess þjóðfélagshóps yrði sviðuð og tíðkast í grannríkjunum í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hátekjufólk býr við óþarflega mikil skattfríðindi á Íslandi í dag.

Skattalækkun á að miða að því að bæta hag eldri borgara, lágtekjufólks á vinnumarkaði, öryrkja, barnafjölskyldna, meðaltekjufólks og einnig fólks sem er aðeins fyrir ofan meðaltekjur í þjóðfélaginu. Einfaldast væri að hækka skattleysismörkin í um 130 þús.kr. á mánuði. Ef skattastefnan sem ríkti árið 1994 væri enn í gildi væri kaupmáttur allra ofangreindra þjóðfélagshópa mun meiri en er í dag.

## Algjört rollufár á þessu landi

UMRÆÐAN
SAUÐKINDIN



HERDÍS ÞORVALDSÓTTIR
LEIKKONA OG FYRRVERANDI FORMAÐUR LÍFS OG LANDS

Ég og nokkrir kunningjar mínir fórum í heimsókn í sumarbústað á Þingvöllum á fallegum sólskinsdegi fyrir nokkru. Fegurðin og gróskan á staðnum og næstum alla leiðina gerði þessa ferð ógleymanlega að öðru leyti en því að þegar fór að nálgast þjóðgarðinn voru sauðkindur á flakki til skaða ýmist á gróðri í afgirtum friðlendum eða sem slysahætta á þjóðveginum. Þetta vakti undrun okkar og reiði yfir því að þetta ófremdarástand með miðaldarányrkjubúskap og flækingi sauðfjár um landið skyldi enn vera við lýði hjá þjóð sem er þekkt fyrir að vera með eitt skemmdasta land af búsetu, að minnsta kosti í Evrópu.

Er þetta rænuleysi okkar að kenna og hugleysi valdsmanna? Allir sem tala við mig um þessi mál eru mér sammála að þetta sé óviðunandi ástand að búa við. Þeir sem hafa reynt að rækta landið, hvort sem það er í görðum, sumarbústaðalöndum eða skógum, vita við hvaða vanda er að etja og þekkja þau vonbrigði sem skemmdirnar valda. Fjáreigendur klippa jafnvel göt á fokdýrar girðingar til þess að koma skepnum sínum inn. Þetta er því miður ótrúleg staðreynd, auðvitað er þetta minnihluti bænda sem setur þennan blett á stéttina, en þeir sem eru sekir taki á sig skömmina.

Þegar við vorum að fara af staðnum sáum við kindur á flækingi á sumarbústaðarlandsvæðinu við vatnið sem er þó í friðlandi þjóðgarðsins. Þrjár voru innan girðingar í næsta bústað við okkur að skemma gróðurinn þar og fimm voru í vinaskógi að gæða sér á trjáplöntum sem erlendir vinir okkar hafa gróðursett í góðri trú. Fyrir nokkru gróðursetti frægur útlendur tónlistarmaður litla fallega hríslu þar. Skyldi hún núna liggja rifin og tætt á vígvellinum? Hvernig við verndum þennan táknræna reit vináttunnar er okkur til vansa, ekki síst fjáreigendum sem virðast ekki skeyta hætishót um hvaða skaða skepnur þeirra valda öðrum. Yrðu ekki allir bættari; landið, menn og dýr ef hér væri stundaður ræktunarbúskapur með búfé í girðingum á völdum velgrónum svæðum og sæju notendur um að þau væru sjálfbær enda þeirra hagsmunir í húfi. Með þessu nútímafyrirkomulagi gætum við hætt að líta bændur sömu augum og víkinga hrifsandi með annarri hendinni án þess að gefa með hinni, en það heitir rányrkja.

Eins og ástandið er í dag liggur mörgum ræktendum við að gefast upp á baráttunni við sauðkindina sem á aðalþegnrétt á þessu landi og öllum þess gæðum, þetta er skoplegt í augum annarra.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


Slappaðu af...
Mikið úrval af RELAX sófasettum
Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri
Leðurhornsófi 1+2+1 M75
Leðursófasett 3+2+1 8065
Leðursófasett 3+2+1 8052
Leðursófasett 3+2+1 7251
Bycast sófasett 3+1+1 Nice
Leðursófasett 3+1+1 3217
Púðahornsófi 2+h+2 Paris
Leðursófasett 3+1+1 Silví
Leðursófasett 3+1+1 Dany
Leðursófasett 3+1+1 B128
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Kvenna-kúgun?

**UMRÆÐAN**
JAFNRÉTTI

**HEIÐRÚN BERGSDÓTTIR**
AFGREIÐSLUKONA Í DÝRABÚÐ

Kvenréttindabaráttan undanfarna tugi ára hefur vissulega haft mikil áhrif á líf kvenna á Íslandi og erfitt að ímynda sér hvernig þjóðfélagið hefði þróast og hvaða áhrif það hefði á líf manns ef ekkert hefði gerst í þessum sjálfsögðu mannréttindamálum. Á tímabili var maður nokkuð viss um að það væri möguleiki á að upplifa þjóðfélag þar sem raunverulegt jafnrétti væri til staðar og konur væru ekki á nokkurn hátt kúgaðar fyrir það eitt að vera af ákveðnu kyni. Allavega voru íslensku karlmennirnir yfirleitt hinir elskulegustu og sáttir við þessa þróun, enda held ég að það liggi grunnt á þjóðarsálinni að leyfa konum að vera sterkar og sjálfstæðar.

*Og þegar maður lítur á þetta blákalt þá sé ég ekki betur en að þetta séu konur að kúga sig sjálfar.*

En hlutirnir þróast oft í allt aðra átt en maður átti von á. Síðastliðinn tug ára hefur risið upp fyrir augunum á mér ný tegund af íslenskum konum. Þetta eru konur sem er hægt að lýsa sem ofurkonum. Þá meina ég konurnar sem hafa svo mikið að gera að sólarhringurinn þyrfti að vera helmingi lengri til að ná öllu því sem þær hafa einbeitt sér í að gera. Þetta eru konurnar sem eru óaðfinnanlega klæddar eftir nýjustu tísku, eru í fullu námi með vinnu, eru algerar súpermömmur, elda eins og bestu listakokkar, vilja vera á topp tíu lista yfir kynþokkafyllstu konur landsins, hafa heimili sem eru óaðfinnanlega hrein og svona mætti lengi telja. Svona konur sér maður úti um allt, og maður þekkir þær úr því þær eru alltaf hálfhlaupandi um allt, með hárgreiðslu sem á að vera óaðfinnanleg en er ansi nærri því að breytast í lukkutröllshár af einskæru stressi.

Það sem er svo skrítið með þessar konur er að þær eru í rauninni ekki undir pressu frá eiginmanni eða öðrum að vera fullkomin í öllu, heldur eru það þær sjálfar sem eru að krefjast alls þessa af sjálfum sér. Þær eru hreinlega að kúga sjálfar sig með því að setja sér markmið sem engin venjuleg manneskja getur náð fyrr eða síðar.

Án þess að geta fullyrt um það þá held ég að það sé skortur á sjálfstrausti sem rekur konur áfram í að reyna að sanna fyrir sjálfum sér, að þær séu meira virði en þær sjálfar halda. Að ef þeim takist að gera umhverfi sitt fullkomið þá verði þær sjálfar fullkomnar, en ekki... gallaðar. Ég held að þessi raunveruleiki sem konur lifi við, þar sem er endalaust verið að hamra á því hvernig þær eigi að líta út, hvert sé hið fullkomna útlit, skapi mikið óöryggi og eyðileggi sjálfstraustið hjá flestum konum. Það liggur við að hver einasta kona sem ég hitti sé með mikla komplexa yfir útliti sínu, því útlitskröfurnar eru hreinlega óraunhæfar og eiga ekkert sameiginlegt með raunverulegu útliti venjulegrar konu. Þessir komplexar verða til þess að konur fara að hata útlit sitt og þar af leiðandi sjálfar sig, og þá kúga þær sig enn meira. Kröfurnar sem þær setja á sjálfa sig og útlit sitt verða svo á endanum algerlega óraunhæfar eins og útlitskröfurnar. Og þegar maður lítur á þetta blákalt þá sé ég ekki betur en að þetta séu konur að kúga sig sjálfar. Í stað kúgunar sem kom upprunalega frá samfélaginu þá kemur kúgunin í staðinn innan frá konunum sjálfum.

# Brostnar vonir

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN



**KRISTINN SNÆLAND**

Þær vonir sem margir framsóknarmenn bundu við nýliðið flokksþing eru brostnar.

Fyrir þingið sveif yfir sú von og ósk að nú yrði uppgjör. Hinn almenni flokksmaður myndi láta til sín taka, láta í sér heyra og krefjast breytinga. Mistök forystunnar yrðu rædd af hreinskilni og breytt stefna kynnt.

Hver af öðrum tóku frambjóðendurnir til embætta flokksins til máls og enginn nefndi breytingar. Enginn lastaði gengna forystu né ræddi rangan kúrs flokksins undir stjórn Halldórs Ásgrímssonar undanfarin ár. Á þinginu var helst að heyra að ræður manna væru fremur útfararæður eða upplesnar minningargreinar um látinn mann en kveðjur til foringja sem skilur við flokk sinn í rúst. Ein játning kom þó fram um mistök, en hún kom frá Halldóri sjálfum, sem sé sú að rangt mat hefði verið að treysta Bandaríkjamönnum. Enginn ræðumanna nefndi óláns-mál Halldórs og fylginauta: Öryrkjasvikin, niðurlægingu ellilífeyrisþega, kvótaruglið, fjölmiðlaruglið, Íraksvívirðinguna, einkavinavæðinguna, Landssímasöluna, væntanlega sölu eða einkavæðingu Landsvirkjunar, fyrirhugaða einkavinavæðingu vatnsins, uppbyggingu hátæknisskrímslis til lækninga á sama tíma og núverandi hátæknisjúkrahús eru meira og minna með lokaðar deildir og rekin með bullandi tapi og skorti starfsfólks. Lífskjör almennings og sérstaklega öryrkja og ellilífeyrisþega fara versnandi og á sama tíma er þjóðin sögð ríkari en nokkru sinni en þjóðarauðnum er gífurlega misskipt og þeir ríku verða óðfluga ríkari en hinir mega jafnvel búa við skort.

*Ræðuhöld núverandi stjórnar Framsóknarflokksins og vinnubrögð þingflokksins sýna svo ekki verður um villst að vonir þess framsóknarfólks sem bjóst við breytingum við brotthlaup Halldórs Ásgrímssonar eru brostnar.*

Nýr foringi, Jón Sigurðsson, er nú kominn að stýrinu. Þessi ágæti vinur minn hefur enn ekki sagt eitt einasta orð í þá veru að þörf sé að breyta stefnunni. Það er ekki við því að búast við nánari umhugsun. Jón hefur um langa hríð verið einn nánasti ráðgjafi Halldórs á helför flokksins sem öll byggði á daðri við fégræðgi fjármálamanna. Jón hefur lagt mikla áherslu á að flokksfólk verði að snúa bökum saman, starfa út á við til að afla flokknum fylgis en leggja af deilur innan flokks. Það veganesti sem flokksfólk fékk frá forystunni á liðnu flokksþingi, að halda þeirri helstefnu sem fjármálaþjónkun Halldórs og félaga leiddi til, verður vissulega ekki til þess að setja niður deilur innan flokksins. Í dag er ljóst að einlægasti talsmaður breytinga gegn Halldóri og hans fólki, Kristinn H. Gunnarsson, er á ný fallinn í ónáð. Ræðuhöld núverandi stjórnar Framsóknarflokksins og vinnubrögð þingflokksins sýna svo ekki verður um villst að vonir þess framsóknarfólks sem bjóst við breytingum við brotthlaup Halldórs Ásgrímssonar eru brostnar. Flokkurinn stefnir því enn niður á við og styttist í endanlegt andlát.

# Tekist á við hnattvæðingu

**UMRÆÐAN**
HNATTVÆÐING



**LASSE REIMANN**
SENDIHERRA DANA Á ÍSLANDI

Hnattvæðingin er eitt megin hreyfiafl framfara í heiminum og leiðir til betri atvinnuhátta. Hópar fólks víða um heim hafa þó áhyggjur af þessari þróun, þar sem hún umbreytir starfsháttum okkar, tækni og viðskiptaháttum.

Danir hafa valið að undirbúa vel, hvernig þeir ætla að takast á við hnattvæðinguna.

Danmörk er eitt af ríkustu og samkeppnishæfustu löndum heims í dag, en þrátt fyrir það þurfum við, eins og flest ríki heims, að vinna að umbótum og aðlagast breyttum aðstæðum. Að öðrum kosti mun það reynast okkur erfitt að viðhalda til frambúðar þeirri stöðu okkar í heiminum að vera þjóð sem hefur mótað hefur þróað velferðarsamfélag og býr við ein mestu lífsgæði sem um getur.

**Danska hnattvæðingarráðið**

Danska ríkisstjórnin komst snemma að þeirri niðurstöðu að mótun danska ríkisins í hnattvæðingarmálum framtíðar skyldi ekki verða eingöngu í höndum þings og ríkisstjórnar, heldur skyldu sem flestir aðilar deila með sér hlutdeild að stefnumörkun í þeim málum.

Danska ríkisstjórnin ákvað því að setja á stofn „Hnattvæðingarráð" til að undirbúa samþætta stefnu fyrir Danmörku í málefnum hnattvæddrar hagstjórnar.

Í samræmi við ríka danska hefð um samræðustjórnmál og samvinnu milli þjóðfélagshópa skipa ráðið forystumenn úr verkalýðshreyfingunni, samtökum iðnaðarins, forsvarsmenn fyrirtækja og forsvarsmenn úr mennta- og vísindasamfélaginu. Forstöðu ráðsins gegna forsætis- og viðskiptaráðherrar Danmerkur.

**Samþætt stefna**

Eftir að hafa haldið fjölmarga fundi og leitt umræður lagði Hnattvæðingarráðið fram ráðgefandi tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina um stefnu Danmerkur í hnattvæddu hagkerfi og síðastliðið vor kynnti danska ríkisstjórnin stefnu sína í hnattvæðingarmálum – „Framfarir – frumkvæði og félagsleg velferð". Í tillögum þessum felast leiðir að því markmiði að viðhalda þeirri stöðu Danmerkur að vera ein af ríkustu þjóðum heims ásamt því að veita þegnum sínum best félagslegt öryggi á heimsvísu.

Hnattvæðingarstefnan er fólgin í 350 þáttum sem fela í sér miklar breytingar til framsóknar á sviði menntunar, rannsókna og vísinda sem og gagngerar umbætur til framfara, vaxtar og nýjunga á öðrum sviðum þjóðfélagsins, þar með talin örvun til framfara og frumkvæðis einstaklinga.

Stór hluti tillagnanna beinist að því að efla gæði, stjórn og virkni á sviði mennta og rannsókna. Þær hvetja til frumkvæðis og nýjunga á því sviði, sem leitt geti til þess að fleira ungt fólk ljúki framvegis námi, bæði í framhaldsskólum og grunn- og framhaldsnámi frá háskólum.

Allt ungt fólk ætti að ljúka framhaldsskólanámi og a.m.k. 50% þeirra ættu að halda áfram og ljúka prófum frá háskólum og allir ættu að stunda símenntun um ævina. Það er sett sem meginmarkmið að rannsóknar- og þróunarvinna verði 3% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2010. Harðari samkeppni ásamt opnara og gagnsærra kerfi ætti að vera hvati til frumkvæðis og vaxtar og ný sprotafyrirtæki ættu þannig að njóta velfarnaðar. Danir ættu að hafa mikil samskipti við aðrar þjóðir og menningarsamfélög.

Sameiginlega leiða þessar tillögur til umfangsmikilla umbóta í dönsku samfélagi.

Þessi stefna er hluti af stærri málaflokki. Danska ríkisstjórnin kynnti nýverið umbætur á dönsku velferðarkerfi sem fela í sér auknar áherslur sem hvetja ungt fólk til að ljúka námi sínu fyrr og eldri borgara til þess að vinna lengur og slá þannig á frest töku eftirlauna sinna. Þar er einnig að finna tillögur til að bæta aðlögun innflytjenda í samfélaginu.

Þessi umbótastefna mun leiða til fjármögnunar á hnattvæðingarstefnunni (t.d. með hagnaði af aukinni fjárfestingu á sviði mennta og rannsókna).

**Pólitískur forgangur og gegnsæi**

Danska ríkisstjórnin setti þessa stefnu ofarlega á forgangslista sinn. Starf Hnattvæðingarráðsins hófst í apríl 2005 og á einu og hálfu ári voru haldnir fjórtán fundir. Starfið hefur notið góðs af framlagi frá fjörutíu og átta leiðandi sérfræðingum, bæði dönskum og alþjóðlegum, og má þar nefna Jagdish Bhagmati frá Kólumbíuháskóla og Carl Schramm, formann Kaufmann-stofnunarinnar.

Það var yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að viðhafa opið og gegnsætt starfsferli við mörkun stefnunnar um hnattvæðingu með því að tryggja almenna umræðu á meðan á ferlinu stóð. Öll gögn sem lögð voru fyrir fundi ráðsins voru gerð aðgengileg fjölmiðlum og almenningi á sérstakri heimasíðu og rúmlega hundrað fulltrúum samtaka og öðrum einstaklingum var boðin þátttaka í fundum ráðsins.

*Í tillögum þessum felast leiðir að því markmiði að viðhalda þeirri stöðu Danmerkur að vera ein af ríkustu þjóðum heims ásamt því að veita þegnum sínum best félagslegt öryggi á heimsvísu.*

**Jákvætt viðhorf til hnattvæðingar**

Meirihluti Dana, eða 77%, líta hnattvæðingu jákvæðum augum vegna þess að hún opnar leið til markaða (Eurobarometer, maí 2006). Aðeins lítill minnihluti þjóðarinnar lítur fyrst og fremst á hnattvæðinguna sem ógnun við atvinnulíf og framgang fyrirtækja.

Samtímis sýna alþjóðlegar kannanir að Danmörk er eitt þeirra landa sem sýna hvað mesta samkeppnishæfni í heiminum.

Danir hafa mikla möguleika á því að verða samkeppnishæfir í alþjóðlegu hagkerfi. Hin nýja stefna mun stuðla að því að samkeppnisfærni okkar viðhaldist og að hnattvæðingin leiði til aukinnar hagsældar allra íbúa Danmerkur.

Samantekt á ensku má finna á www.globalisation.dk.

# Áherslur ASÍ

**UMRÆÐAN**
KJARABARÁTTA



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**
ALÞINGISMAÐUR

Það er vel að samtök launþega, s.s. ASÍ, taki þátt í umræðu sem skiptir allan almenning máli, um t.d. gengismál og verðlag matvæla. Í ljósi þess er stórfurðulegt að launþegahreyfingin hafi ekki beitt sér að neinu gagni gegn óréttlátu og gagnslausu kvótakerfi í sjávarútvegi sem hefur svipt fjölda launþega réttinum til vinnu og verðfellt eignir í sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið. Gagnsleysi kerfisins er algjört þar sem þorskafli nú er helmingi minni en fyrir daga þess og þorskafli landsmanna er mun minni nú en þegar Bretar stunduðu þorskveiðar við strendur landsins.

Það er erfitt að átta sig á því hvers vegna fulltrúar launþega hafa ekki beitt sér í meira mæli gegn þessu óréttláta kerfi sem hefur engu skilað. Ef til vill hafa menn látið blekkjast af innantómu hagræðingartali. Það segir sig sjálft að ekki er hægt að tala um hagræðingu í atvinnugrein þegar nær öll sjávarútvegsfyrirtækin eru flúin út af hlutabréfamarkaðnum.

*Í ljósi þess er stórfurðulegt að launþegahreyfingin hafi ekki beitt sér að neinu gagni gegn óréttlátu og gagnslausu kvótakerfi í sjávarútvegi sem hefur svipt fjölda launþega réttinum til vinnu og verðfellt eignir í sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið.*

Það styrkir heldur ekki þá trú að nokkur hagræðing hafi náðst þegar útgerðarmenn leggja ofurkapp á að lækka hlut sjómanna. Ekki er að sjá að skuldir greinarinnar hafi lækkað, þvert á móti.

**Engir kjarasamningar á smábátunum**

Það er einnig vel að ASÍ hafi beitt sér fyrir réttindum erlendra verkamanna sem hafa unnið við að reisa Kárahnjúkastíflu en miklu minna fer fyrir að ASÍ beiti sér fyrir kjörum sjómanna sem róa á minnstu bátum landsmanna. Sjómenn sem eru á minnstu bátunum hafa engan kjarasamning. Það segir heilmikla sögu um stöðu launþegasamtaka í landinu að fjöldi manna sem vinnur hættuleg og erfið störf skuli ekki hafa neinn kjarasamning. Kjör sjómanna á þessum bátum eru stundum mjög lök og markast það meðal annars af því að sumum útgerðunum sem gera út þessa báta er þröngur stakkur skorinn þar sem þær þurfa annað hvort að leigja til sín aflaheimildir dýrum dómum eða þá kaupa þær fyrir enn hærri upphæð. Það þarf ekki mikinn sérfræðing til þess að álykta að fyrr eða síðar mundi þetta fjárstreymi út úr sjávarútveginum koma niður á þeim sem vinna þar. Það kemur nú æ betur í ljós.

Öllum ætti að vera ljóst að engin framtíð er undir þeirri óstjórn sem ríkir í sjávarútvegi og að hún bitnar harkalega á kjörum stórs hóps landsmanna. Frjálslyndi flokkurinn boðar skynsamlegar breytingar sem koma öllum til góða og þá sérstaklega útgerðinni – einna síst bara þeim aðilum sem ætla út úr atvinnugreininni með sölugróða af aflaheimildum sínum.



## DÝR ÚTGERÐ FYRSTA MÓTORVAGNSINS

Thomsen-bíllinn var umdeildur en eigandi hans taldi að mótorvagnar ættu fullt erindi til Íslands

BÍLAR 4



## ROKK OG POPP FYRIR BÖRN

Í tónlistarskólanum Tónsölum í Kópavogi er kennd ryþmísk tónlist

NÁM 5

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

BÍLAR FERÐIR NÁM

**Ferðaskrifstofurnar** bjóða nú margar tveir fyrir einn tilboð eða hoppfargjöld á lágu verði í sólina við Miðjarðarhafið. Þegar hitinn fer niður fyrir 8 stig á Íslandi er óhætt að hugsa sér til hreyfings.



**Bankarnir** keppast nú að bjóða námsmönnum hagstæð yfirdráttarkjör. Það er þó gott að hafa það í huga að kapp er best með forsjá enda lendir margur námsmaðurinn í því að taka sér yfirdrátt og eyða honum í vitleysu.



**Næturfrost** gæti skollið á bráðlega og því er ágætt að hafa sköfuna tilbúna í bílnum.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 29. ágúst, 241. dagur ársins 2006.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.03 | 13.28 | 20.51 |
| Akureyri | 5.42 | 13:13 | 20:42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Árni hreifst af fjölmenningarsamfélaginu sem þrífst í Istanbúl og segir fátt jafnast á við skemmtanalífið þar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ævintýraferð til Istanbúl í Tyrklandi

***Árni Grétar Jóhannsson verslunarmaður naut lífsins í Tyrklandi.***

Árni flaug í góðra vina hópi til Búlgaríu þar sem einkabílstjóri var ráðinn til að keyra vinina yfir til Tyrklands, en aksturinn tók ekki nema fáeina tíma með góðri viðkomu í tollinum við landamærin.

„Hópurinn gisti þrjár nætur í Istanbúl, en tíminn var nýttur vel til skoðunarferða bæði að degi og nóttu til,“ segir hann, enda ótalmargt að sjá í borginni sem var höfuðborg Rómarveldis á dögum Konstantínusar mikla keisara.

„Á daginn kynntum við okkur tyrkneska verslunarmenningu sem er ótrúlega fjölbreytt,“ segir Árni. „Á mörkuðunum er skemmtilegast að versla, því þar er mýgrútur smárra verslana þar sem hægt er að prútta við kaupmennina um allt milli himins og jarðar. Ég keypti mér til dæmis níu lukta ljósakrónu, barnaföt, serki, hatta og vatnspípu, en þarna er einnig gott úrval af leðurvöru og leirvarningi. Við höfðum ekki tíma til að skoða nærri allt sem þarna var í boði vegna þess hve stórt markaðssvæðið er.“

Árna fannst gaman að upplifa þá fjölmenningu sem ríkir í Istanbúl, sem er nokkuð sérstæð fyrir þær sakir að tilheyra tveimur heimsálfum, Evrópu og Asíu. „Í Istanbúl er þverskurðurinn af tyrnesku samfélagi og mannflóran því ótrúleg,“ segir hann og bætir við að næturlífið sé síðan kafli út af fyrir sig, jafn hressilegt og sterkkryddaður maturinn.

*roald@frettabladid.is*

## Vinnuskólinn útskrifar

ÞRÁTT FYRIR FÆRRI NEMENDUR TÓKST VINNUSKÓLANUM AÐ KOMA ÝMSU Í VERK Í SUMAR.



Nemendur vinnuskólans voru afburða duglegir í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinnuskóli Reykjavíkur útskrifar nemendur sína úr sumarstarfinu í dag klukkan 18.00 í Iðnó. Þórhallur Bergmann og Védís Hervör Árnadóttir tónlistarmenn opna dagskrána og flytja tvö lög. Borgarstjóri Reykjavíkur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, og formaður umhverfisráðs, Gísli Marteinn Baldursson, taka þátt í dagskránni og afhenda viðurkenningar en verðlaun verða veitt fyrir bestu ljósmynd sumarsins, besta rusl-listaverkið og besta Vinnuskólalagið.

Nemendur Vinnuskólans voru færri í sumar en undanfarin ár sem markast af góðu atvinnuástandi í borginni. Þrátt fyrir það þóttu afköstin mjög góð og margt komst í verk.



**Nú eru skólarnir** byrjaðir og litlir gangandi vegfarendur komnir á stjá. Tökum tillit og sýnum aðgát.

Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.
**AG Mótorsport -** Kletthåls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA
BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350
CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Fær hraðann í andlitið eins og í rússíbana

***Tuttugu og fjögurra manna hraðgengir slöngubátar eru notaðir til að fara með hópa í skemmtiferðir.***



Ingólfur og Rannveig L. Pétursdóttir í öðrum bátnum sem búinn er 450 hestafla mótor.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ingólfur Júlíusson festi nýverið kaup á tveimur níu metra löngum harðbotna slöngubátum sem hann ætlar að selja ferðir með. „Þetta eru hraðgangandi bátar sem taka 24 farþega hvor. Þeir verða aðallega notaðir í stærri ferðir eins og með fyrirtæki, hópa, steggjapartí og þess háttar. Þetta verður byggt upp eins og rafting að því leytinu að það er ekkert gaman að rafta á einum bát, það er skemmtilegast að fara á tveimur bátum. Þetta verður nokkurs konar rafting á sjó,“ segir Ingólfur.

„Svona báta má nota í styttri og lengri ferðir og í nánast hvað sem fólki dettur í hug. Þeir geta gert alls konar hundakúnstir og geta verið sem einn leggur í stærri ferðum og afþreyingu í samstarfi við aðra ferðaþjónustuaðila. Svo er það framtíðarmál að bjóða upp á lengri ferðir.“

Bátarnir hans Ingólfs eru ekkert slor, hvor um sig er með 450 hestafla mótor sem dugar til að ná ævintýralegum hraða. „Farþegarnir sitja á eins konar söðlum og eru með handfang sem þeir geta haldið í, hvort sem þeir eru sitjandi eða standandi. Það eru allir í flotgalla og með vesti. Þú færð hraðann beint í andlitið, finnur loftið koma á móti þér eins og í rússíbana, ekki síst þegar teknar eru G-beygjur,“ segir Ingólfur og bætir við að það þurfi ekki að leika neinar kúnstir til að hafa gaman af siglingunni, hraðinn einn og sér dugi flestum.

Hugmyndina fékk Ingólfur fyrir nokkrum árum en eftir að hafa séð svipaða báta notaða víða í Evrópu var allt sett á fullt. „Þá er að finna víðs vegar, mikið í Noregi og sérstaklega Svíþjóð, þetta blómstrar einna mest í Svíþjóð. Þar er hægt að fara í þriggja daga ferð í gegnum Skerjagarðinn á blússandi ferð og svo er gist á fínum hótelum á nóttunni.“ Ingólfur er með hugmyndir um svipaðar ferðir hérlendis fyrir ævintýragjarna en ætlar sér að byrja á því að taka hópa í styttri ferðir.

Ingólfur er með vefsíðuna www.seasafari.is þar sem er að finna bókunarsímanúmer og skoða myndband af sams konar bát.

*einareli@frettabladid.is*

# Renault slítur samstarfi við Volvo

***Endurnýjar ekki samning sem hefur verið í gildi frá 1982 um sameiginlegt dreifingarkerfi.***

Stjórn Renault ákvað nýlega að framlengja ekki af sinni hálfu sögufrægan samstarfssamning við Volvo. Samningurinn rennur út 31. desember á næsta ári, en framleiðendurnir hafa frá árinu 1982 rekið sameiginlegt dreifingar- og þjónustukerfi á hinum Norðurlöndunum. Að sögn Ernu Gísladóttur, forstjóra B&L, hefur þessi niðurstaða legið í loftinu um nokkurt skeið.

Jafnframt hefur verið tilkynnt að Renault hleypi eigin dreifingar- og þjónustukerfi af stokkunum í Skandinavíu eftir tæplega hálft annað ár eða hinn 1. janúar árið 2008.

Æðstu stjórnendur Renault og Volvo Cars funduðu nýlega um málið og voru báðir aðilar áfram um að aðskilnaðurinn gengi eins vel fyrir sig og frekast yrði unnt. Samstarfssamningurinn var síðast framlengdur árið 2003 og þá til fimm ára. „Renault hefur enn fremur óskað eftir því við Volvo að fá að taka yfir dreifingarkerfið og á ég ekki von á öðru en að það gangi eftir,“ segir Erna.

„Carlos Ghosn, forstjóri Renault, hefur leitt umfangsmikla endurskoðun á starfsemi Renault, ekkert ósvipaðri þeirri sem hann stóð að innan Nissan, og það er aðallega í kjölfar þess starfs sem ákvörðunin er tekin um að framlengja ekki samstarfið við Volvo. Breyttar áherslur hafa væntanlega leitt menn að þeirri niðurstöðu að forsendur samstarfsins væru ekki lengur þær sömu.“

B&L er umboðsaðili Renault á Íslandi og munu þessar breytingar að sögn Ernu ekki hafa áhrif hér á landi, enda skipti B&L beint og milliliðalaust við Renault.



Renault hefur verið í samstarfi við Volvo í nær aldarfjórðung um dreifingu á bílum á hinum Norðurlöndunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR



Cougar Ace á leið til hafnar.

# Mözdurnar illa farnar

***Flestir bílarnir ónýtir eða skemmdir eftir að flutningaskip lagðist á hliðina.***

Flutningaskipið Cougar Ace lagðist nánast á hliðina þann 23. júlí síðastliðinn úti fyrir ströndum Alaska. Nú hefur loks tekist að rétta það við en björgunaraðgerðirnar gengu mjög illa á tíma og kostuðu einn mann lífið.

Sá farmur Cougar Ace sem vakið hefur hvað mesta athygli voru 4.700 Mazda-bifreiðar sem óljóst var hversu illa hefðu skemmst í óhappinu. Samkvæmt nýjustu fréttum er líklegt að bifreiðarnar séu allar ónýtar eða í það minnsta skemmdar.

Skipið verður að öllum líkindum farið að sigla aftur fljótlega eftir að rannsókn á óhappinu lýkur en stefnt er á að endurskíra það eftir björgunarmanninum sem skrikaði fótur og hrapaði til bana. Nýja nafn skipsins verður M/V Marty Johnson.

## HVAÐ ER... TVINNBÍLL

### Tvær ólíkar aðferðir

Hvort sem það er til að lækka eldsneytiskostnað eða til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda er ljóst að tvinnbílar (hybrid) eru hlekkurinn á milli stórra og þyrstra bensínvéla liðinna tíma og jarðolíulausrar framtíðar. Að minnsta kosti í Bandaríkjunum, þar sem þróun dísilvéla í fólksbíla hefur setið á hakanum. En hvað er svona æðislegt við þá?

Hlutverk tvinntækninnar er annars vegar að minnka eldsneytisnotkun og hins vegar, í kjölfarið, að minnka útblástur. Eitt af lykilatriðum í þessu samhengi er að minnka hefðbundnu bílvélina. Lítil vél eyðir minna en stór (við langflestar aðstæður) en er auðvitað aðeins latari fyrir vikið. Til að bæta úr því, og reyndar til að minnka eyðsluna enn frekar, er rafmótor og stórum rafgeymum skellt í bílinn líka og viti menn, tvinnbíll er fæddur.

Skipta má tvinnbílum í tvo flokka; raðtengda og hliðtengda. Í hliðtengdum tvinnbíl geta bensínmótorinn og rafmagnsmótorinn hjálpast að við að snúa skiptingunni og þannig báðir drifið bílinn áfram. Yfirleitt gengur annar þeirra aðeins þegar hans er þörf.

Í raðtengdum tvinnbíl sér bensínmótorinn um að snúa rafli sem framleiðir rafmagn sem svo aftur knýr rafmótorinn eða hleður rafgeymana, eftir því hvað bíllinn er að gera.

En jafnvel þó rafmótor hafi verið bætt við dugar það ekki eitt og sér til að bílarnir skili eyðslutölum sem hæfa tvinnbílum. Til viðbótar þarf að velja létt efni í bílinn, skafa af honum loftmótstöðu og nota sérstaka hjólbarða sem mynda minna viðnám. Loks er drepið á bensínmótornum þegar hans er ekki þörf, eins og á rauðu ljósi, og litlir rafalar við hjólin framleiða rafmagn inn á rafgeymana þegar stigið eru á bremsuna. Þeirri spurningu hefur reyndar verið varpað fram hvort hafi meiri áhrif, tvinntæknin sjálf eða allt hitt sem búið er að gera við bílana.

Toyota Prius er sá bíll sem flestum dettur í hug þegar tvinnbíla ber á góma. Hann er hannaður til að nota ekki bensínvélina fyrr en á 25 km hraða eða meira og eyðir þannig minnstu í þungri borgarumferð. Það sem skiptir meira máli fyrir bílinn er aflstýringarkerfið. Það gerir bílnum kleift að starfa raðtengdur, hliðtengdur eða keyra bara annan mótorinn í einu. Bensínvélin getur semsagt gengið til að hlaða geymana, óháð hraða bílsins, gerist þess þörf. Hún getur líka drifið bílinn áfram ein, eða með rafmótornum sem getur LÍKA séð einn um að drífa bílinn áfram.



Toyota Prius er sá bíll sem flestum dettur í hug þegar tvinnbíla ber á góma.



Hér gefur að líta stærri útgáfu af garðinum, eins konar almenningsgarð.

# Hjólhýsi með garði

*Hollenskur útúrsnúningur á staðalímynd.*

Hjólhýsagarðar hafa lengi haft orð á sér fyrir að vera gettó hvíta mannsins. Hollenski listamaðurinn Kevin van Braak ákvað að nálgast hugtakið frá öðru sjónarhorni og setja garðinn inn í hjólhýsið, frekar en öfugt.

„Verkið fjallar um málefni menningarheima og menningar, eins og samband einstaklings og samfélags og hlutverk trúar og helgiathafna sem sameiginlegrar reynslu," segir höfundurinn. Það er óneitanlega kostur að maður þarf ekki að skilja hann til að finnast hjólhýsagarðurinn hans flottur.



Hjólhýsinu hans Kevins er flett í sundur og kemur þá í ljós þessi litli snotri garður.



Þó að varðeldurinn og grasið séu úr plasti getur hjólhýsagarðurinn verið náttúruathvarf í miðri stórborg.

# Lýst eftir snillingum

***Sex bestu verðlaunaðir.***

Ungum vísinda- og fræðimönnum gefst nú kostur á að sækja um vísindaverðlaun BMW fyrir árið 2007. Yfirskrift verðlaunanna er „Passion for Innovation" og eru verðlaun veitt fyrir framúrskarandi bakkalár-, meistara- eða doktorsritgerðir óháð viðfangsefni.



Verðlaunin sem BMW veitir fyrir framúrskarandi lokaritgerðir, óháð viðfangsefni.

Umsóknarfrestur rennur út 7. janúar 2007 og til að umsókn teljist gild verður hún að njóta stuðnings leiðbeinanda eða prófessors. Verðlaunin ná til ritgerða sem skilað hefur verið inn á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember. Alþjóðleg og þverfagleg dómnefnd metur innsendar umsóknir með hliðsjón af meðal annars þeim nýjungum sem ritgerðir leiða í ljós eða nýbreytni, ásamt þeim félagslega, hagræna og umhverfislega hag sem leiddar eru líkur að. Jafnframt er litið til þeirrar kenningar sem byggt er á og framsetningar hennar.

Verðlaun verða svo veitt fyrir sex fremstu ritgerðirnar við sérstaka verðlaunaafhendingu sem fer fram haustið 2006 og skiptast verðlaunin á milli höfundar og leiðbeinanda. Alls bárust 230 umsóknir frá 26 löndum og 24 mismunandi háskóladeildum síðast þegar verðlaunin voru veitt, árið 2005, en alls hafa 45 ritgerðir hlotið verðlaun.

# Defender fær andlitslyftingu

***Nýtt mælaborð, vél, gírkassi og sæti en sami gamli Land Rover að utan.***

Það er hæpið að nokkur annar bíll, hvað þá jeppi, státi af jafnlöngu framleiðsluferli án teljandi breytinga og Land Rover Defender. Það þarf því ekki að koma á óvart að 2007 árgerðin kemur ekki til með að skera sig mikið úr fjölskyldunni hvað varðar útlit.

Bíllinn hefur þó gengist undir nokkrar uppfærslur, sérstaklega á vél og innréttingu. Að utan lítur hann ennþá út eins og alltaf; ferkantaður vinnuþjarkur, en ef grannt er skoðað má sjá litla kryppu á vélarhlífinni sem gerir vélarhúsið aðeins rýmra fyrir nýja 2,4 lítra fjögurra strokka Common Rail dísilvél. Sá mun telja 120 hesta og toga tæpa 360 Nm.



Land Rover Defender er eitthvað svo yndislega... Land Rover, og 2007 árgerðin sker sig ekki úr hvað það varðar.

Nýr sex gíra kassi er með lægri fyrsta gír og mjög háan sjötta gír, til að auðvelda bæði erfitt klifur og hraðbrautabrun. Að innan er helst að nefna splunkunýtt og glæsilegt mælaborð, nýtt hljómflutningskerfi og ný sæti. Loks verður svo hægt að fá lengri útgáfuna með þriðju sætaröðinni í stað hliðarbekkja.



Sú staðreynd að þetta sé mælaborð í Defender þykir fréttnæm, svo ekki sé meira sagt.



Sætin eru ný og betri og nú er hægt að fá þriðju sætaröðina í lengri bílinn.

# Kanadískur Camaro

***Bandaríska endurfæðingin fer fram hjá nágrönnum í norðri.***

Þrátt fyrir að Chevrolet Camaro sé eins konar tákngervingur Bandaríkjanna verður hann líklega að fá sér kanadískt vegabréf áður en 2008 árgerðin lítur dagsins ljós. Fréttir um að hann verði framleiddur í verksmiðju GM í Oshawa í Ontario voru nýlega staðfestar og áætlað er að framleiðandinn þurfi að eyða um 658 milljónum bandaríkjadala í að uppfæra verksmiðjuna áður ef framleiðsla hefst.

Hvort bíllinn verði betri eða verri fyrir vikið verður látið ósagt en ljóst er að margur Kaninn á eftir að eiga erfitt með að skilja þennan ráðahag, ekki síst vegna þess hve mörgum hefur verið sagt upp í bandaríska bílaiðnaðinum að undanförnu.



Það verður sárt fyrir marga að horfa á eftir framleiðslunni yfir landamærin.


## Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar







**Partur-Spyrnan-Lyftarar** • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# Álbox á TILBOÐI

## *Sterk og staflanleg álbox í mörgum stærðum*

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 400x300x245 | 29 | ~~9.600.-~~ 7.680.- |
| 550x350x245 | 47 | ~~11.300.-~~ 9.040.- |

| Stærð mm | Lítrar | Krónur |
|---|---|---|
| 750x350x350 | 91 | ~~16.600.-~~ 13.280.- |
| 750x550x380 | 157 | ~~19.600.-~~ 15.680.- |
| 750x550x590 | 240 | ~~20.600.-~~ 16.480.- |




06-0027 KC

ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is






Á myndinni eru frá vinstri Tómas Jónsson, síðar kaupmaður, Þorkell Þ. Clementz, vélfræðingur og fyrsti bílstjórinn á Íslandi, og Ditlev Thomsen kaupmaður.

# Vélstjóravesen og dýr útgerð fyrsta mótorvagnsins

***Thomsen-bíllinn var umdeildur en eigandi hans taldi sig hafa sannað að mótorvagnar ættu fullt erindi til Íslands þó að hann hafi aðeins haldið út þriggja ára útgerð.***

Síðla júlímánaðar árið 1904 kom Dethlev Thomsen kaupmaður í Reykjavík til landsins frá Danmörku. Meðferðis, í gufuskipinu Kong Tryggve, hafði hann þriggja ára gamla bifreið sem hann hafði fest kaup á í Danmörku og þótti töluvert slitin. Thomsen hafði fengið 2.000 króna styrk frá Alþingi til að kaupa mótorvagn til reynslu á Íslandi, og var hann sá fyrsti sem til landsins kom.

Tilgangur kaupanna var að kanna hvort mótorvagnar kæmu að notum á Íslandi. Heldur gekk útgerðin brösulega til að byrja með og var ýmsu kennt um. Leiða má líkum að því að Íslendingar hafi reyndar verið frekar svartsýnir í garð bílsins frá upphafi, og eins og oft síðan þá má eflaust um kenna neikvæðri umfjöllun fjölmiðla.

Í blaðinu Ingólfi mátti lesa um fyrstu viðbrögð Reykvíkinga: „Mikil nýjung þótti það á þriðjudaginn var, þegar Thomsen kaupmaður tók að aka um götur bæjarins á bifreið sinni. Þyrptist að múgur og margmenni til þess að sjá þetta furðuverk og þreyttu götusveinar kappskeið við reiðina. Fór hún með braki og brestum og þótti mörgum sem Ásaþór mundi þar fara í kerru sinni og ætla í austurveg að berja tröll. En varla mundi jötnum hafa mikil ógn staðið af þessari kerru því henni gekk allskrykkjótt og varð seinast ekki sjálfbjarga, svo að draga varð hana heim með handafli.“

Bifreiðin var af Cudell gerð og smíðuð í Þýskalandi að franskri fyrirmynd. Thomsen réð vélstjóra á bifreiðina, Þorkel Þ. Clementz, sem fór á bílasýningu í Kaupmannahöfn og lærði þar að aka bíl á átta daga námskeiði. Hann var ekki sáttur við Thomsen-bílinn, sem var reyndar oft sagður vera hestvagn með mótor, og taldi eiganda hans hafa keypt „lélegt og gamalt áhald“.

Svo virðist sem bíllinn sjálfur, lélegir vegir og skortur á varahlutum og þjónustu hér á landi hafi orðið til þess að honum var lagt eftir þrjú ár í notkun og endaði á því að vera sendur aftur til Danmerkur. Thomsen gamli taldi vagninn þó hin bestu kaup og kenndi vélstjóranum um illt gengi hans. Í bréfi til Alþingis þann 16. júlí 1905 segir hann: „Vjelarstjórinn, sem var í fyrra, Þorkell Clementz, hafði ekki gott lag á að koma vagninum upp brekkur, enda var það engin furða, þar sem öll þekking hans á að stýra motorvagni hafði að eins verið 8 daga nám við sýningu í Kaupmannahöfn. Í sumar hefur það aptur gengið mjög vel, með dálítilli breytingu á notkun vjelarinnar hefur verið hægt að aka vagninum upp brattar brekkur með 5 fullorðnum mönnum í.“

Síðar í sama bréfi réttlætir hann kaupin fyrir styrkveitandi Alþingi: „Jeg keypti vagninn af manni, sem var álitinn hafa bezta þekkingu á mótorvögnum í Kaupmannahöfn, og það er svo langt frá, að jeg sjái eptir kaupunum, að jeg einmitt álít hann þá einu tegund af mótorvögnum, sem hjer er hentug. Aðalkostir vagnsins eru þessir: Mótorinn er óvenju aflmikill og öll vjelin er mjög svo rammger, ljettari vjelar mundu verða endingarlausar á vegunum hjer. Vagninn er rúmgóður og hentugur til langferða, tveggja manna vagnar, skýlislausir, eins og þeir tíðkast mest erlendis, virðast óhentugir hér.“

Hinn óvenju aflmikli mótor sem Thomsen talar um var 7,5 hestöfl, en algeng vélastærð þá var um 4 hestöfl. Thomsen sagði í bréfi til Alþingis í september 1904 að varla væri hægt að fá vélstjóra á mótorvagn fyrir minna en 120 krónur á mánuði. Kostnaður umfram tekjur af rekstri vagnsins fyrsta árið var 1.109,32 krónur, eða tæplega 10 mánaða laun vélstjórans.

Þá mun eldsneytiskostnaður hafa verið um 45 krónur fyrir hverja hundrað kílómetra sem þýðir að mánaðarlaun vélstjórans hefðu dugað í eldsneyti fyrir 267 kílómetra akstri. Líkast til er þar bæði um að kenna óskilvirkni vélarinnar og háu eldsneytisverði. Fyrst við kvörtum í dag yfir eldsneytisverði er viðbúið að Thomsen gamli hafi einstaka sinnum fundið til í veski sínu, ekki síst eftir að hafa þurft sjálfur að leggja út 4.000 krónur fyrir bílnum á móti 2.000 króna styrk Alþingis.

*einareli@frettabladid.is*

# Pallbílaframleiðsla komin í pásu

***Öllum F-seríu verksmiðjunum lokað tímabundið.***

Ford hefur verið á hraðri niðurleið síðustu misseri. Bílar hafa ekki selst eins og vonast var til, starfsfólki hefur verið sagt upp og alls staðar þarf að spara.

Nú síðast tilkynnti framleiðandinn að loka þyrfti tíu verksmiðjum í einhvern tíma og það myndi skila sér í 21 prósents minni framleiðslu. Það þýðir að framleiðslutölur þriðja ársfjórðungs eru nú 78 þúsund eintökum lægri en í fyrra. Reyndar efast margir um að þessar aðgerðir breyti miklu því flestu starfsfólki þessara tíu verksmiðja verða áfram greidd laun þó verksmiðjurnar verði ekki í gangi.



Enginn nýr F-pallbíll mun líta dagsins ljós á næstu vikum vegna niðurskurðar.

Meðal verksmiðja sem stöðvaðar verða eru þær fjórar sem setja saman F-pallbílana vinsælu og því verður enginn slíkur framleiddur um sinn. Aðrir bílar sem lenda í niðurskurði að einhverju leyti eru til dæmis Explorer og Mercury Mountaineer.

Þetta mun vera mesti niðurskurður Ford síðan 1981-82.

# 400 Mazda-bílar á árinu

***Stefnir í að níu ára gamalt sölumet verði slegið.***

Brimborg afhenti í ágúst fjögur hundraðasta Mazda-bílinn á árinu. Á innan við einu ári hefur Brimborg unnið hörðum höndum við að endurkynna og styrkja á ný ímynd þessa vandaða japanska gæðamerkis og þarf að leita allt aftur til ársins 1987 til að finna jafnmargar skráningar á Mazda og það sem af er þessu ári. Þar sem árið 2006 er ekki nema rúmlega hálfnað er líklegt að það gamla met muni hafa verið slegið um næstu áramót.

Fjögur hundraðasta Mazda-bílinn frá Brimborg á þessu ári keypti Guðmundur Rúnar Kristjánsson og valdi hann Mazda6 HB Touring með tveggja lítra vél og sjálfskiptingu.

**Nú byrjar námið** með fullum krafti og því betra að skipuleggja sig vel og vera duglegur með heimalærdóminn.





Ólafur Kristjánsson rekur Tónsali. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Rokk og popp fyrir börn

***Í Kópavogi er rekinn sérstakur tónlistarskóli sem heitir Tónsalir. Ólafur Kristjánsson stofnaði skólann fyrir ári síðan og rekur hann ásamt Ásgeiri Jóni Ásgeirssyni.***

Sérstaða Tónsala er að þar er kennd ryþmísk tónlist. „Mér fannst vanta þennan möguleika fyrir börn og unglinga á Íslandi að læra ryþmíska tónlist en ekki bara klassíska,“ segir Ólafur.

Mörg börn vilja læra á hljóðfæri til þess að geta spilað popp eða rokk og Ólafi finnst að börnin eigi að fá að læra á það hljóðfæri sem þau hafa áhuga á og spila þá tónlist sem þeim finnst skemmtileg. „Þegar ég var níu ára gamall langaði mig til þess að læra á gítar og ég fékk það. Fyrirmyndirnar voru Bítlarnir, Rolling Stones og Hendrix en þegar ég mætti í tónlistarskólann þá var það bara klassískur gítar sem stóð til boða. Ég hafði engan áhuga á honum og það endaði með því að ég hætti bara.“

Tónsalir eru viðurkenndur tónlistarskóli og nemendur geta útskrifast þaðan en auk þess er boðið upp á fjölda styttri námskeiða. „Við erum eiginlega fyrsti viðurkenndi ryþmíski tónlistarskólinn fyrir börn og unglinga. Strangt til tekið erum við svona hverfisskóli og þeir sem eru í námi hjá okkur eru krakkar sem koma úr Kópavogi. Hins vegar eru námskeiðin hjá okkur öllum opin og krakkarnir sem eru á þeim koma alls staðar að.“

Ólafur segir að í Tónsölum sé boðið upp á ýmsar nýjungar á námskeiðunum. „Í fyrra vorum við með píanókennslu og gítarkennslu fyrir eldri borgara á morgnana sem var mjög vinsælt. Svo vorum við með gítarnámskeið fyrir leikskólakennara og partígítarnámskeið en markmiðið með þeim námskeiðum er að koma fólki af stað og svo það geti haldið áfram að bjarga sér sjálft.“ Meðal nýjunga sem bætast við í vetur er gítarpikknámskeið. „Gítarpikk er svona sérstakur stíll, svipaður því sem Bubbi Morteins notar. Halli Reynis gítarleikari ætlar að kenna þetta hjá okkur en ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem gítarpikk er kennt á Íslandi.“

Þessa dagana streyma inn umsóknir í Tónsali fyrir næsta vetur svo áhugasamir ættu að drífa í því að skrá sig. Á heimasíðu skólans, http://www.tonsalir.is, má fá nánari upplýsingar um námskeiðin sem verða í boði í vetur.

*emilia@frettabladid.is*



Leikskólakennarar geta lært að spila á gítar í Tónsölum.



Í Tónsölum er boðið upp á trommunámskeið fyrir byrjendur.



Einbeitingin er mikil hjá gítarnemendunum.

# Nýliðakynning Hjálparsveitar skáta í Kópavogi

***Nýliðakynning verður haldin hjá Hjálparsveit skáta í Kópavogi í kvöld.***

Þeir sem hafa áhuga á þátttöku í Hjálparsveit skáta í Kópavogi ættu að koma á fund hjá sveitinni í kvöld klukkan 20. Hann verður haldinn í höfuðstöðvum hjálparsveitarinnar við Kópavogshöfn og þar verður starfsemin kynnt í máli og myndum. Sem flestir eru hvattir til að mæta en til að fá inngöngu í nýliðahópinn þurfa menn að hafa náð 17 ára aldri eða verða 17 ára á þessu ári.



Margs konar æfingar bíða þeirra sem skrá sig í Hjálparsveit skáta.

allt
bílar
Alla laugardaga




KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Bíll úr flokki A
Vika í Danmörku
frá 24.200* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Með norðanáttinni verða sumarbústaðaferðir góður ferðakostur um helgar. Hlýtt og gott á nóttunni en samt yndislegt veður til að fara í gönguferðir og njóta náttúrunnar.



## HVAÐAN ERTU AÐ KOMA?

### Haldinn veiðidellu

GUÐGEIR SIGMUNDSSON FLÍSALAGNINGAMAÐUR VER STÓRUM HLUTA FRÍTÍMA SÍNS Í VEIÐAR.

„Ég fór um daginn í tveggja daga laxveiði austur í Hvítá, nánar tiltekið í Iðuna,“ segir Guðgeir. „Þaðan fór ég í þriggja daga laxveiði í Hólsá, eystri bakka, við Ármót, Eystri-Rangá.“ Guðgeir fór í fimm manna hópi sem gisti í sumarhúsum. Guðgeir segist veiða árlega í Hólsá, en valið á Hvítá hafi ráðist af því að þar séu menn með áskrift í veiðileyfi.
Hann segist vera haldinn mikilli veiðidellu og veiðir mikið á veiðitímabilinu, sem er frá júní til september.



Guðgeiri finnst fátt jafnast á við góða veiðiferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Laxveiðin stendur hæst frá 20. júlí til 20. ágúst og ég bíð óþreyjufullur eftir því á ári hverju,“ segir hann. *- rve*

## Orka jökulsins

***Jöklar landsins eru spennandi heimur.***

Hinir íslensku jöklar eru vinsælir ferðamannastaðir, ekki síst á sumrin. Eins og sést á þessari mynd sem var tekin á Snæfellsjökli í sumar er ýmislegt við að vera á jöklum og í góðu veðri eru þeir sannkallaðir leikvellir náttúruunnenda.



Á Snæfellsjökli.
LJÓSMYND/ERLENDUR EYVINDARSON


**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Bíll úr flokki A
Vika í Danmörku
frá 24.200*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

allt matur
Alla föstudaga




Yfir hásumarið skiptust yfir 100 björgunarsveitarmenn og -konur á að ferðast um hálendið og veita ferðafólki upplýsingar og aðstoð. Myndin er frá Hveravöllum.

# Okkar hlutverk að þjóna landanum á þennan hátt

***Búist er við áframhaldi á hálendisvakt björgunarsveita en verkefnið þykir hafa gefið góða raun.***

Dagana 30. júní til 18. ágúst í sumar skiptust 28 björgunarsveitir á að ferðast um fjögur svæði á hálendinu og veita ferðamönnum upplýsingar og aðstoð, þeim að kostnaðarlausu. Verkefnið gekk undir nafninu Björgunarsveitir á hálendinu og vel yfir eitt hundrað sjálfboðaliðar tóku þátt í því með því að vera eina viku í senn á vakt.

„Við skiptum hálendinu í fjögur svæði; Kjöl, Sprengisand, Fjallabak og svæði norðan Vatnajökuls. Björgunarsveitirnar sáu svo um alls kyns aðstoð, eins og að hjálpa fólki upp úr ám og lækjum og eins við minni háttar slys,“ segir Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. „Fyrir utan það vorum við að aðstoða Vegagerðina aðeins. Að okkar frumkvæði breyttum við og löguðum varúðarmerkingar við ár og eins tókum við niður staðsetningarpunkta á vöðum.“



Gunnar Stefánsson, sviðsstjóri björgunarsviðs Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, segir líklegt að aukið verði við þjónustuna næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þó að vinnan hafi öll verið unnin í sjálfboðavinnu kostar sitt að hafa nokkra stóra bíla keyrandi um hálendið allan daginn og að fæða björgunarsveitarfólkið. „Við leituðum til styrktaraðila eftir hjálp og Alcan, Pokasjóður og Flugleiðir voru þeir stærstu. Ferðafélögin og aðilar sem eiga skála á hálendinu buðu okkar fólki svo fría gistingu og það munar mikið um það.“

Samhliða verkefninu var prófað nýtt ferilvöktunarkerfi björgunarsveitanna sem gerir lögreglu, Neyðarlínunni og fleiri aðilum kleift að sjá á rauntíma staðsetningu björgunartækja í gegnum internetið. „Það getur skipt öllu máli þegar til útkalls kemur að við vitum hvaða tæki eru styst frá. Kerfið kom mjög vel út og verður sett í öll okkar tæki,“ segir Gunnar og bendir á að björgunarsveitarfólk hafi sjálft lært mikið af verkefninu. Hann er ekki í nokkrum vafa um að áframhald verði á verkefninu. „Við reynum örugglega að gera enn betur næsta sumar, fjölga svæðum og sveitum. Við lærðum mikið í sumar og ég held að allir hafi verið ánægðir með okkur, enda er þetta samfélagsþjónusta sem við innum af hendi fyrir ekki neitt. Það er okkar hlutverk, að þjóna landanum á þennan hátt.“

Meðal ferðafélaganna mæltist verkefnið vel fyrir. „Það er gott mál að hafa björgunarsveitirnar á hálendinu. Til dæmis hafa iðulega komið upp tilfelli þar sem litlir bílar hafa verið að fara í ár sem eru stærri en þeim er ætlað. Ég hef ekki heyrt af mörgum svoleiðis dæmum í sumar,“ segir Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar.

Í sama streng tekur Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands. „Þetta hefur létt töluvert á skálavörðum okkar og um leið veitt ferðamönnum á fjöllum betri þjónustu. Það á tvímælalaust að halda áfram á sömu braut og kannski bæta við og halda áfram að þróa þetta verkefni.“

Oddur Árnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn í lögreglunni í Árnessýslu, segir heilmikið öryggi að vita af fagmönnum á ferðinni á hálendinu þar sem ferðamannafjöldinn er gríðarlegur. „Ég veit að þeir hafa töluvert verið að aðstoða fólk. Þetta er flott framtak,“ segir Oddur og á sama máli er Gils Jóhannsson, varðstjóri í lögreglunni á Hvolsvelli.

„Við höfðum af og til samskipti við björgunarsveitir ef eitthvað var að gerast, til dæmis á Sprengisandi. Þetta tryggði líka að það var einhver hafa kominn fyrr á staðinn ef eitthvað gerðist. Þeir sem þurftu aðstoð upplifðu því minni bið. Þetta er góð viðbótarþjónusta og ég vil gjarnan sjá framhald þar á. Ég held að þetta hafi sannað sig,“ segir Oddur að lokum.

*einareli@frettabladid.is*








Gullsmíði er meðal þess sem kynnt hefur verið á Vestnorden. MYND/SIG. JÖKULL

# Grannar kynna sig

***Fimm hundruð og fimmtíu manns munu taka þátt í Vestnorden ferðakaupstefnunni sem haldin verður í Reykjavík í september.***

Vestnorden ferðakaupstefnan verður haldin í Laugardalshöll dagana 11.-13. september næstkomandi. Hún er einungis opin fólki í ferðaþjónustu víða um heim og þeim fjölmiðlamönnum sem til hennar er boðið. Þetta er 21. kaupstefnan sem haldin er á vegum ferðamálayfirvalda í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi auk þess sem Shetlandseyjar hafa komið að henni hin síðari ár. Um 300 ferðaþjónustuaðilar munu kynna þar vöru sína og þjónustu og um 200 kaupendur frá 31 landi koma hingað til að glöggva sig á hvað hin vestnorrænu grannlönd hafa upp á að bjóða árið 2007.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16


## BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind BÍLASALA



Nissan Almera 1600 SLX. Lítið ekinn. Árg 1997, ek 87þ.km, sjálfsk. Flottur skólabíll. V. 360.000, 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl. í síma 580 8900.



Hyundai Sonata 2.0 Skrd. 5/2003, ek. 60þ.km, skjálfsk, ABS, Álf., dráttarkúla, CD. V. 1.470.000, 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl. í síma 580 8900.



Nissan Terrano II 33" Árg. 2001, ek. 86 þ.km, 5.gírar, ABS, Dráttarkúla, CD, virkilega fallegur og góður bíll. 100% lán og 39 þ.kr á mánuði. Skoðar öll skipti. Uppl í síma 580 8900.



Toyota Hiace Árg. 2004, ek. 50þ.km, VSK bíll. Mjög snyrtilegur bíll. V. 1.450.000,- 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl í síma 580 8900.

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

BÍLASALA ÍSLANDS



Ný Hobby Hjólhýsi til á lager á frábæru verði. Komið á staðinn og sjáið með ykkar eigin augum. 10% útborgun, rest lánuð til 84 mánaða. 2. ára ábyrgð.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaisland**



M.BENS ML 320 árg. 2001 ek. 74 þ.mílur. Leður, Lúga, cruise control, DVD, 20" felgur og aukadekk á felgum ofl. ofl. verð. 3.280 þ. áhv. 1.950 þ. 40 þ. á mán. Uppl. Í síma 562 1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



Toyota Land cruiser GX 1/2006 ek 14,000, ssk, dísil, spólvörn og skriðvörn, krókur, verð 4.950 þ.kr.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

bilaland.is
bílaland B&L 575 1230




**Bílaland, B & L**
**Grjóthálls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

Bílasalan Bílfang www.bilfang.is



Ford Ranger XL 4.0L 4x4 árg. 07/1994 ek. 202 þ. km, einn eigandi frá upphafi, reglulega smurður, topp ástand. V. 450 þús. Allt að 100% lánað. S. 567 2000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Kletthálsi 2 -



DAIHATSU TERIOS Árgerð 1997. Ekinn 135 þ.km. þúsund km. Verð kr. 390.000.

**Höfðahöllin**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**






Pontiac Grand Prix GTP Competition Group árg 04/2003 ek einungis 38. þ.km, leður, ssk, cruise, beinskiptimöguleiki með hnöppum í stýri, 270hö, blower, fáranlega skemtilegur bíll á grín verði. ásett 2.490.000 Tilboð 2.090.000 kr!!!



Dodge Caravan Sport 3.3 hjólastólabíll árg 2001 ek einungis 37.þ.m. ssk, hár toppur og lyfta fyrir hjólastól. Verð aðeins 1.750.000 kr



Ford Mustang GT Premium Nýr bíll, leður, ssk, CD ofl ofl. Verð 4.090.000 Tilboð 3.850.000 kr !!!



Ford F-150 Harley Davidson Nýr bíll,ssk, leður, topplúga, 22" álfelgur, bakkskynjari, rafmagní sætum, cruise, omfl. Einn sá alflottasti í sínum flokki. Verð 4.890.000



Chevrolet Trailblazer árg. 03/2003 ek 99.þkm ssk, leður, 7 manna, topplúga, cruise, CD, ofl. ofl. Verð 2.990.000 Tilboð 2.390.000 kr !!!



Dodge Caravan 3.3 SE árg 2005. ek. 22.þ.m. ssk, cruise, samlitur, 7 manna. Verð 2.550.000

**IB ehf**
**Fossnes A, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8080**
**www.ib.is**

HEIMSBÍLAR www.heimsbilar.is



VW Bora 1.6 Comfortline árg 1999 ekinn 107 þ. km, Gott eintak. Áhvílandi 255 þ. Verð 650 þ. Tilboðsverð 590 þ.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu




NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnabliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í Íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com



Ford F 350 Lariad 6,0 Diesel árg 09-2005 ekinn 32 þ km.Góður bíll á góðu verði með VSK.S 898 2811.



Glæsilegur Volvo 440 árg.'96 vegna aldurs og veikinda eiganda. Uppl. í s. 552 4526.



DODGE RAM 2500 V10 Magnum.95 árg,Ek. 73 þús ,35" Dekk, sami eig. í 8 ár. Vel með farinn.V. 1250 þús. S.898 8829.



Til sölu flottur Mustang 2004. 6cyl., ssk., afmælistútgáfa, Premier, lofkæling, Cd, spoiler, MP3., rafm í rúðum og sætum. O.fl. o.fl. Skoða öll skipti. Nánari upplýsingar í síma 899 5555.

Dökkur Golf '98, ek. 80 þ. Verðh. 425 þ. Hvít Corolla '93, ek. 220 þ. Lítið ryð. Tilboð óskast. Vínrauður VW Vento. Tilboð óskast. S. 865 2551, Óskar.

Nissan Vanette'00. Þarfnast lagfæringa. Varahlutir fylgja. Uppl. 659 2781, Skari.

Suzuki Baleno árg. '97, 5 g., ek. 112 þús. Fæst á 199 þús. Dodge Stratus árg. '00, sjálfsk. Skemmd á toppi. Fæst á 699 þús. S. 899 3847.

**Nissan Terrano II SE**
**1997 árg., 2.7Tdi, ekinn 232 þ. km. Álfelgur, topplúga, rafmagn í rúðum, CD o.fl.**
**Verð 750 þús.**
**Uppl. í s. 692 8525.**

Grand Vitara árg. '05, með öllu, leður, rafm., álfelgur, beinsk., ek. 23 þús. Áhv. 1.650 þús. Mitt verð 1.890 þús. Listaverð 2.350 þús. Uppl. í s. 822 0350.

## 0-250 þús.



Geo Tracker'92. Tilboð óskast. Engin skipti. uppl. í s. 659 2781, Skari.

Toyota Carina II árg. '89, 5 gíra 1.6 l. L/B. ek. 267 þús. Er í góðu standi en er ryðgaður. V. 70 þús. 899 8747 & 590 4140.

Nissan Sunny '93, ekinn 172.000. Skoðaður 07, góður bíll. Verð 120.000. Uppl. 694 5075

Lancer 93,ek.188,nýskoðaður,sjálfsk. topplúga,cd,verð 150 S.661 2615 eða á einareid@gmail.com

**Ódýr bíll!!**
Nissan Almera árg. '99. Ek 145 þús. Sk. '07. Bsk. Álfelgur, spoiler. Tilboð 250 þús. s. 659 9696.

**Tombóluverð! 299 þús.!**
Ford Focus station árg. '00, ek. 170 þús. Sk. '07. Ný tímareim. S. 659 9696.

Til sölu Toyota Corolla '95, ek. 170 þús., bsk. S & V dekk fylgja. Fæst á 160 þús. stgr. Uppl. í s. 844 1823.

## 250-499 þús.



Renault Clio árg. '99, ekinn 85 þús., alger sparibaukur. Tilboð óskast. Sími 557 8634 eftir kl. 17.00



Til sölu er VW Golf árgerð 2000, skoðaður '07, 1600cc, beinskiptur, CD, góður bíll. Verð aðeins 420.000 kr. Upplýsingar í síma 892 7852.



Til sölu M Benz 450 SLC árg 1974, flottur bíll til uppgerðar, þarfnast allsherjar standsetningar , ekinn aðeins 131 þ km, leður, rafm rúður, ssk, verð aðeins 300 þ. uppl í s. 892 1116 og 892 5005

Franskur eðalvagn! R. Clio árg.'99. keyrður 100 þ. Verð 280 eða tilboð. 864 1426.

Toyota Corolla árg. '98, 5 dyra, sumar og vetrard., rauður og svaka sætur í mjög góðu lagi. Verð aðeins 290 þús. S. 869 2521 & 553 9900.

**Bensín er dýrt**
Opel Corsa '01, 3ja dyra, sumar og vetrard., grænn og vænn fyrir skólafólk. Verð 390 þús. S. 869 2521 & 553 9900.

M.Benz 230E árg.'91 til sölu vegna flutninga. Mjög vel með farinn. sk '07. Ný heilsársdekk, Viper þjófavörn, topplúga, beinskiptur, reyklaus. Ek. 284 þús. Tilboð 480 þús. Uppl. í s. 697 3246.

## 500-999 þús.



Opel Astra '99, 1600, sjálfsk, Ek. 10.000, CD, nýjar álfelgur og sumardekk, nagladekk á felgum. 8697801



OPEL VECTRA 99 Góður bíll, einn eigandi. Ásett 790 þ fæst á 550 þ uppl. í 864 9101.



**Dodge Carvan 1996**
Topp eintak, vél 3,8, 6 - 7 manna, rafmagn og allur lúxus. Hefur verið hugsað vel um. Allir reikningar um viðhald fylgja undanfarin 4 ár, verð og kjör samkomulag. Hafsteinn, s. 892 1284.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 31. ágúst 2006 – 33. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



**Atlantsolía**
Breytt landslag á olíumarkaði 14









**House of Fraser**
Dreymdi um að taka fyrirtækið yfir 8




# Nýr strengur verður ódýrari en sá fyrri

## Til að tryggja öryggi gagnaflutninga þarf að leggja nýjan ljósleiðara. Málið er í nefnd samgönguráðherra og tillagna beðið. Færeyingar ætla að leggja nýjan streng á næsta ári.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Fyrir áramót er stefnt að því að liggi fyrir ákvörðun stjórnvalda um lagningu nýs sæstrengs við hlið Farice-strengsins sem tekinn var í notkun í febrúar 2004. Búist er við að nefnd á vegum samgönguráðherra sem skipuð var í vor skili tillögum sínum ekki seinna en í október.

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice hf. sem á og rekur samnefndan ljósleiðara til Skotlands, segir að í nefndinni eigi sæti fulltrúar Farice, Símans, OgVodafone, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins. „Það er náttúrlega ákaflega mikilvægt að þetta mál klárist," segir Guðmundur og kveður alla sammála um þörfina á nýjum sæstreng. „Enda má ekki gleymast að í öllum áætlunum fyrir fyrri strenginn var gert ráð fyrir að annar bættist við á einhverjum tímapunkti. Það þarf bara að gerast fyrr en menn áttu þá von á." Hann áréttar jafnframt að nýs strengs sé þörf til að tryggja öryggi gagnaflutninganna, ekki af því að ónógt pláss sé til gagnaflutninganna á hinum strengnum. „Við þurfum alltaf að eiga klára hringtengingu," segir hann, en forsenda þess að fyrirtæki nýti sér gagnaflutninga um Farice er vissan um að sambandið rofni aldrei. „Allir strengir sem liggja milli Evrópu og Ameríku eru tvöfaldir og lagðir þannig upphaflega."

Þá er í Færeyjum búið að ákveða, að sögn



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Guðmundur, sem er framkvæmdastjóri Farice, segir alla sammála um nauðsyn þess að leggja nýjan sæstreng til Skotlands. Markaðurinn/Stefán

Guðmundar, að leggja nýjan streng til Skotlands. „Þeir ætla að leggja hann næsta ár og vera með hann í rekstri í nóvember 2007," segir hann og kveðjur möguleikann á samstarfi við Færeyinga eitt af því sem er til skoðunar, en Færeyingar eiga tuttugu prósent í Farice á móti Íslendingum.

Guðmundur segir einnig alveg ljóst að nýr strengur nú, hvort sem farið verði um Færeyjar eða ekki, verði mun ódýrari en Farice 1 strengurinn. „Það liggur fyrir. Við erum að tala um stærðargráðu í kringum þrjá milljarða króna. Í þessum heimi hefur átt sér stað þróun sem leitt hefur til lækkana; búnaður og fleira er orðið ódýrara," segir hann og kveður aðstæður til lagningar nýs sæstrengs um margt vera hagfelldar.

# Glitnir spáir mjúkri lendingu

## Stöðugleiki næst ekki sársaukalaust. Spáð er 0,3 prósenta hagvexti árið 2007.

„Við reiknum með mjúkri lendingu og hún verður langt frá þeim hrakspám sem fram hafa komið," sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, við kynningu á Þjóðhagsspá bankans fyrir árin 2006 til 2010. Ingólfur bætti því við að líkur á fjármálakreppu hér á landi væru hverfandi en þótt von væri á mjúkri lendingu hagkerfisins yrði hún ekki sársaukalaus með öllu.

Greiningin spáir 0,3 prósenta hagvexti á næsta ári en telur þó að vegurinn til jafnvægis verði holóttur; kaupmáttur heimilanna komi til með að lækka tímabundið, eignaverð lækki, vanskil aukist og gjaldþrot verði tíðari. Hagvaxtarspá ársins sem er að líða hljóðar upp á 4,2 prósent.

Sérfræðingar Glitnis sjá jafnframt merki þess að verðbólgan hafi náð hámarki og telja að markmið Seðlabankans um 2,5 prósenta verðbólgu náist strax við lok næsta árs. Reiknað er með fimm prósenta veikingu krónunnar á næstu misserum. „Það er ákveðið ójafnvægi í hagkerfinu sem birtist í hárri verðbólgu og miklum viðskiptahalla. Þetta ójafnvægi býður heim gagnrýni eins og við fundum fyrir á fyrri helmingi árs. Það hefur þó sannað sig að stoðir hagkerfisins eru traustar; heimili, fyrirtæki og ríki standa öll vel," sagði Ingólfur Bender. - jsk / sjá síðu 16



**TILBOÐ Í HOUSE OF FRASER** Sanngjarnt að mati Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

## Sanngjarnt tilboð í HoF

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sem fer fyrir yfirtökunni á House of Fraser, telur að yfirtökutilboð Highland-hópsins til hluthafa sé sanngjarnt fyrir alla aðila. „Við höfum stuðning stjórnar, eigum sjálfir tíu prósent í félaginu og höfum fengið stuðning margra hluthafa."

Tilboðið er upp á 148 pens á hlut, sem er hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir bréf í HoF frá því að félagið var skráð á markað.

Hluthafar sem fara með fjögurra prósenta hlut í HoF hafa sagt að tilboðið sé of lágt og ætla að berjast gegn áformum Highlands.

Forstjóri Baugs segir mikla áskorun felast í því að taka House of Fraser yfir en þeir fjárfestar sem standi að yfirtökunni búi yfir mikilli reynslu til slíkra verkefna. „House of Fraser á að verða House of Brands, það er að segja að þekkt vörumerki eru saman komin í einu húsi." - eþa / Sjá bls. 8

## Ný stjórn kjörin í Exista

Á hluthafafundi Exista í síðustu viku var ný stjórn kjörin og stjórnarmönnum fjölgað úr þremur í fimm. Bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir voru kosnir ásamt Boga Pálssyni, Guðmundi Haukssyni og Sigurjóni Rúnari Rafnssyni.

Lýður er eftir sem áður stjórnarformaður Exista.

Á fundinum var samruni Exista og VÍS eignarhaldsfélags samþykktur. Enn fremur var stjórn veitt heimild til að auka hlutafé um allt að einn milljarð að nafnverði og til kaupa á eigin hlutabréfum fyrir allt að tíu prósentum af heildarhlutafé. - eþa

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Spá lækkun** | Greiningardeild Glitnis segir væntingar um að Seðlabanki Íslands lækki stýrivexti snemma á næsta ári og fari þeir undir tíu prósent fyrir lok ársins.

**Metafkoma hjá ríkinu** | Ríkissjóður var rekinn með tæplega 113 milljarða króna afgangi á síðasta ári. Afgangurinn hefur aldrei verið meiri.

**Skilaði hagnaði** | Byggðastofnun skilaði 194 milljóna króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er viðsnúningur frá sama tíma fyrir ári en þá tapaði stofnunin 40 milljónum króna.



**Múrinn rofinn** | Úrvalsvísitalan rauf 6.000 stiga múrinn við lokun viðskipta í Kauphöll Íslands á fimmtudag í síðustu viku og endaði í 6.004 stigum. Vísitalan hefur ekki verið hærri síðan seint í mars á þessu ári.

**Luku endurfjármögnun** | Glitnir hefur lokið allri endurfjármögnun vegna næsta árs, fyrstur íslensku bankanna. Á árinu hefur bankinn gefið út skuldabréf að jafnvirði um 270 milljarða króna á árinu.

**Tapaði en græddi** | Síminn tapaði rúmum 6,4 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins að mestum hluta vegna gengistaps. Á sama tíma í fyrra skilaði félagið 2,1 milljarðs krónu hagnaði.

**Laun í evrum** | Bakkavör, Össur og Marel greiða öll fyrir stjórnarsetu í erlendum gjaldmiðli. Marel hefur samið við hluta starfsmanna hér um evrutengdar launagreiðslur.


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 5,4%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 31% |
| Alfesca | 6% | 15% |
| Atlantic Petroleum | 4% | 34% |
| Atorka Group | 3% | -5% |
| Avion Group | 2% | -26% |
| Bakkavör | 4% | 6% |
| Dagsbrún | 3% | -14% |
| FL Group | 3% | -6% |
| Glitnir | 4% | 13% |
| KB banki | 2% | 7% |
| Landsbankinn | 4% | -4% |
| Marel | -6% | 17% |
| Mosaic Fashions | 0% | -9% |
| Straumur | 2% | 1% |
| Össur | 7% | 11% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Selja í Føroya Sparikassi

### Liður í því að skrásetja félagið í Kauphöllina 2007.

Forsvarsmenn Sparikassagrunnsins, stærsta hluthafans í Føroya Sparikassi, greindu frá því í gær að sjálfseignarstofnunin mundi minnka eignarhlut sinn niður fyrir 70 prósent af heildarhlutafé Sparikassans. Þetta er liður í því að skrá bankann í Kauphöll Íslands á næsta ári þannig að fjórðungur hlutafjár sé í eigu almennra fjárfesta.

Hlutaféð verður selt í almennu útboði í september og verður útboðsgengið 330 danskar krónur á hlut. Alls nemur andvirði bréfanna 2,7 milljörðum króna. Markaðsvirði bankans, sem er stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON, er um 27,6 milljarðar króna.

Marner Jacobsen, forstjóri Sparikassans, segir að markaðsverðmætið endurspegli góðan vöxt á síðustu árum og útlitið sé bjart.

Auk Sparikassagrunnsins eiga níu þúsund hluthafar frá 23 löndum bréf í Sparikassanum.

Í nóvember á síðasta ári seldi stofnunin hluta af bréfum sínum og eyndist mikill áhugi fyrir sölunni. Keypti engin köttinn í sekknum því gengi bréfanna hefur tvöfaldast á tæpu ári. - eþa

# Bankarnir fýsilegir til yfirtöku

„Ég tel líklegt að erlendir bankar muni innan fárra ára hafa áhuga á því að gerast kjölfestufjárfestar í íslenskum bönkum eða hreinlega taka þá yfir," sagði Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, í erindi sínu á morgunverðarfundi Glitnis í gær.

Þórður segir margar ástæður fyrir því að erlendir bankar starfi ekki á Íslandi. Ísland sé smátt hagkerfi á alþjóðlegan mælikvarða, auk þess sem erlenda aðila skorti þekkingu á aðstæðum hér á landi.

Þórður telur jafnframt gæta vissrar mettunar á viðskiptabankamarkaði. Því sé aðkoma erlendra banka í formi yfirtaka eða fjárfestinga fýsilegri kostur en opnun útibúa. - jsk



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON** Fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss.

# Forstjóraskipti hjá Dagsbrún

Gunnar Smári Egilsson hefur látið af störfum sem forstjóri Dagsbrúnar. Árni Pétur Jónsson tekur við starfinu og mun hann gegna því samhliða starfi sínu sem forstjóri Og Vodafone.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands kemur fram að Gunnar Smári muni áfram koma að rekstri útgáfufyrirtækisins Wyndeham Press Group í Bretlandi með stjórnarsetu í félaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins átti Gunnar Smári sjálfur frumkvæðið að forstjóraskiptunum en hann mun eftirleiðis veita nýjum sjóði forstöðu, Dagsbrún Mediafund, sem tekur við uppbyggingu og útgáfu Nyhedsavisen í Danmörku og undirbýr frekari útgáfu fríblaða í öðrum löndum.

Haft er eftir honum að Nyhedsavisen muni hafa víðlíka áhrif á danskan fjölmiðlamarkað og Fréttablaðið hafði á Íslandi. Því sé það spennandi tækifæri fyrir sig að geta einbeitt sér að uppbyggingunni í Danmörku og vinna að undirbúningi útgáfu blaða byggða á viðskiptahugmynd Fréttablaðsins á öðrum mörkuðum. - jab




**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON** Gunnar Smári Egilsson hefur látið af störfum sem forstjóri Dagsbrúnar og Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, tekið við af honum.

# Stór samlokusamningur

Matvælafyrirtækið Lína matvælavinnsla ehf., sem framleitt hefur Línu-samlokur á Selfossi, og Eggjavinnslan ehf. á Vogum á Vatnsleysuströnd, sem framleiðir majónes og sósur fyrir stóra aðila á borð við matvælafyrirtæki, sameinuðust um miðjan júní. Fyrirtækin lönduðu fyrir skömmu stórum samningi um sölu á samlokum við olíufyrirtækið Olís.

Bergur Sigurjónsson, framkvæmdastjóri hjá Línu, segir starfsemi Eggjavinnslunnar hafa verið flutta á Selfoss. Tveir til þrír störfuðu að jafnaði hjá Eggjavinnslunni á Vogum og fluttust þeir á Selfoss við sameininguna. Þá mun sameinað fyrirtæki vera til jafns í eigu beggja fyrirtækja og 12 til 14 manns starfa hjá því, að hans sögn.

Bergur segir talsvert í bígerð hjá Línu en auk þess að uppfylla samninginn við Olís mun fyrirtækið ætla sér aukna hlutdeild á samloku- og sósumarkaðnum.

Samningurinn við Olís er sá stærsti sem Lína hefur gert fram til þessa en Bergur vildi ekki tjá sig um hann að öðru leyti en því að sala á Línusamlokum hefst hjá Olís nú um mánaðamótin. - jab



**LÍNU-SAMLOKUR** Í kjölfar sameiningar Línu-samloka og Eggjavinnslunnar náðist samningur um að sjá Olís fyrir samlokum.

# Fjallað um tækifæri á Keflavíkurflugvelli

## Sóknarfæri eru sögð skapast við brotthvarf Bandaríkjahers frá Keflavík. Horft er til gnægðar landrýmis við völlinn og starfsemi sem þar gæti verið.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Unnið er að úttekt á viðskiptatækifærum tengdum starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Undir lok næsta mánaðar er von á fyrstu skýrslu PriceWaterhouseCoopers (PWC) í Belgíu um málið. Telja kunnugir að við brotthvarf Bandaríkjahers skapist svigrúm á vellinum til margvíslegrar starfsemi, en staðsetning hans og umhverfi þykir einnig gefa tilefni til ákveðinnar bjartsýni.

„Það er verið að vinna þessa vinnu. Fyrir allmörgum mánuðum óskuðum við eftir aðstoð Fjárfestingastofu Íslands við að skoða tækifæri alþjóðaflugvallar á svæðinu," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, en um er að ræða samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis, sem einnig er unnið í samráði við utanríkisráðuneytið. „Þetta eru sveitarfélögin þrjú sem koma inn á þetta alþjóðaflugvallarsvæði eða eru því næst."

Árni segir áherslu hafa verið lagða á að fá til samstarfs fyrirtæki sem hefði reynslu af skoðun alþjóðaflugvalla og tækifæra þeim tengdum. „Úr varð þetta fyrirtæki, PriceWaterhouseCoopers í Belgíu, en okkar megin leiðir Fjárfestingastofan vinnuna," segir Árni og bætir við að landrými sé eitt það fyrsta sem erlendu sérfræðingarnir hafi haft orð á. „Hér er svo mikið land sem á eftir að nýta, en á flestum alþjóðaflugvöllum er landþurrð helsta vandamálið." Meðal þess sem helst er horft til við fyrstu sýn sé hraðflutningastarfsemi, af svæðinu sé stutt bæði í austur og vestur og rými til að vera með birgðastöð. „Þar eru augljósustu tækifærin."

Árni segir könnun PWC í Belgíu aðra hliðina á skoðun á verkefnum varnarsvæðisins. „Þetta er sá vængur sem snýr að nýjum tækifærum í tengslum við alþjóðaflugvöll. Hinn þátturinn snýr að nýtingu mannvirkja, sérstaklega á því svæði. Það skemmtilega er svo að þetta smellur allt mjög vel saman af því varnarstöðin er jú við hliðina á alþjóðaflugvelli." Hann segir því að tímasetning brotthvarfs Varnarliðsins rími því ágætlega við vangaveltur um frekari starfsemi í tengslum við alþjóðaflugið. „Þetta opnar vissulega tækifæri inn á völlinn sem annars hefði verið lokaður sem herflugvöllur, verði niðurstaðan á endanum sú að svæðið verði að stærstum hluta opið."



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Landrými og nálægð við hafnarstæði þykja gefa Keflavíkurflugvelli sérstöðu miðað við millilandaflugvelli í Evrópu og skapa tækifæri við uppbyggingu margvíslegrar starfsemi.
MARKAÐURINN/GVA



**ÁRNI SIGFÚSSON** Árni er bæjarstjóri í Reykjanesbæ.


*Þú gengur að gæðunum vísum!*

SKRIFSTOFUTÆKI
*sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri*

Öruggar og þægilegar sjóðvélar



**SHARP AM-400**
- 12 eintök á mínútu
- Afrita- og frumritastærð stærst A4
- Minnkun & stækkun 25% - 400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Sérstök ljósmyndastilling
- 250 blaða pappírsskúffa
- 600 x 600 dpi upplausn í
- prentun /ljósritun og skönnun
- Laserprentari
- Litaskanni
- Fax G3 super modem 33,6 Kbps

**Kr. 49.900**




**SHARP AL-1566**
**Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni**
- 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
- 30 blaða frumritamatari
- Snúningsbúnaður (duplex)
- 250 blaða pappírsskúffa
- 50 blaða framhjámatari
- Minnkun-stækkun: 25 - 400%
- Rafrænn raðari
- Netprentari
- Prent upplausn: 600 x 600 punktar
- Litaskanni: 600 x 1200 punktar

**Tilboðsverð Kr. 79.900**



**SHARP AR-M160D**
**Prentari/litaskanni/ljósritunarvél**
- 16 eintök á mínútu
- Ljósritar/prentar á stærst A3
- Minnkun–stækkun: 50–400%
- Sjálvirk lýsing afrita
- Sérstök ljósmyndastilling
- 100 blaða framhjámatari
- 250 blaða pappírsskúffa
- Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
- Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír

*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði

**Kr. 149.900**



**SHARP ERA-220**
- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrænn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítil skúffa.

**Kr. 45.900**




**SHARP XR-10X**
- Skjávarpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

**Tilboðsverð: Kr. 119.900**

**3ja ára ábyrgð**

SKERPAN KEMUR FRÁ SHARP

ORMSSON



SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | www.ormsson.is




# SUND ER SLÖKUN

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**
Helgar kl. **8:00 - 22:00**
afgreiðslutími er mismunandi eftir sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

# HB Grandi tapar

HB Grandi tapaði rúmum 2,5 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins en tap á öðrum ársfjórðungi nam rúmum 1,2 milljörðum króna, sem er 807 milljónum króna verri afkoma en á sama tímabili fyrir ári.

Ýmsir þættir höfðu áhrif á afkomu HB Granda, svo sem verðhækkanir og veiking krónunnar. Olíuverð hækkaði um ríflega 40 prósent á tímabilinu auk þess sem 68 milljóna króna virðisrýrnun varð vegna sölu uppsjávarskipsins Svans í ágúst, að því er segir í tilkynningunni. Mestu munar um gengismun og verðbætur lána, sem voru neikvæðar um 1,9 milljónir króna. - jab



**HB GRANDI** HB Grandi tapaði rúmum 2,5 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill fleiri konur í norska olíugeirann

Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, vill fjölga konum í norska olíuiðnaðinum.

Forsætisráðherrann sagði í ræðu sinni við upphaf ráðstefnu um nýtingu auðlinda í efnahagslögsögu Noregs í Stavangri í síðustu viku, að auka þyrfti hlut kvenna í orkugeiranum, sérstaklega í stjórnum og nefndum.

Norska dagblaðið Aftenposten segir tuttugu prósent starfsmanna í norskum olíuiðnaði vera konur. Þeim hafi fjölgað lítillega síðastliðinn áratug eða einungis um fjögur prósentustig á tíu árum.

Stoltenberg sagði að sér virtist sem hefð væri fyrir því að karlmenn sætu í stjórnum og nefndum fyrirtækja í orkuiðnaði í Noregi. Nauðsynlegt væri að rjúfa þá hefð. - jab



**JENS STOLTENBERG** Forsætisráðherra Noregs vill fjölga konum í norskum orkufyrirtækjum.

# Hringur hagnast

Hringur eignarhaldsfélag, sem á Allianz á Íslandi, hagnaðist um 37 milljónir króna á fyrri hluta ársins. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri SPH.

Sparisjóðurinn keypti yfir áttatíu prósenta hlut í Hring á árinu fyrir 1.174 milljónir króna og eignfærði 945 milljóna króna viðskiptavild við kaupin. Sparisjóður Kópavogs fer með það sem eftir stendur af hlutafé Hrings. - eþa



**ALLIANZ ARENA Í MÜNCHEN** Hringur, móðurfélag Allianz á Íslandi, hagnaðist um 37 milljónir á fyrri hluta árs.

# Samherji eykur rekstrarhagnað

Tap varð á rekstri Samherja á fyrri hluta árs sem nam 485 milljónum króna. Til samanburðar hagnaðist félagið um rúman einn milljarð á sama tíma í fyrra. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 2,7 milljarða króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 3,3 milljarðar króna eða 26 prósent af veltu, sem er talsverð aukning frá 2005. Þá var EBITDA tæpir tveir milljarðar og hlutfall af veltu sautján prósent.

Rekstrartekjur Samherja voru 12,5 milljarðar króna og hækkuðu um sjö prósent á milli ára.

Heildareignir samstæðunnar voru 41 milljarður í lok júní og var eigið fé félagsins 7.278 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall er því 18 prósent og lækkar um sjö prósentustig frá áramótum, sem stafar meðal annars af greiðslu fimmtíu prósenta arðs.

Stjórnendur félagsins segja að rekstur móðurfélags hafi gengið sæmilega. Unnið var að endurskipulagningu fiskeldis en rekstur erlendra dótturfélaga gekk ágætlega. - eþa

# Afkoma stærstu sparisjóðanna jókst um 75%

## Exista hefur jákvæð áhrif á afkomu allra sparisjóða, þó mest hjá þeim sem eiga beinan hlut í félaginu. Skráning Exista í Kauphöll eykur hagnað þeirra enn frekar.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Afkoma stærstu sparisjóða landsins, þeirra sem birta uppgjör í Kauphöll Íslands, var 75 prósentum betri á fyrri hluta ársins en á fyrri árshelmingi 2005. Alls högnuðust átta sparisjóðir um 5.575 milljónir króna samanborið við 3.190 milljónir í fyrra.

SPRON skilaði langmestum hagnaði sparisjóðanna eða yfir 2,6 milljörðum króna. Þá var hagnaður Sparisjóðsins í Keflavík (SPKef) yfir einn milljarður króna. Sparisjóðurinn í Mýrasýslu (SPM) jók hagnað mest á milli ára eða um 180 prósent.

Uppgjörin bera það með sér að þeir sparisjóðir sem eiga eignarhluti í Exista skila meiri hagnaði og betri arðsemi en þeir sem eiga ekki bréf. Sex sparisjóðir eiga bréf í Exista, þar á meðal SPRON, SPKef, SPM og Sparisjóður Vestfirðinga. Þessir sparisjóðir voru upphaflega eigendur í Scandinavian Holding og síðar í Meiði og Exista. Þótt Exista hafi skilað tapi á fyrri hluta ársins falla miklar tekjur í skaut þessara sparisjóða sökum þess að eigið fé Exista var endurmetið til hækkunar samhliða breyttum reikningsskilavenjum. Allir sparisjóðirnir njóta þó óbeint góðs af Exista í gegnum eignarhald sitt í Sparisjóðabankanum, sem er hluthafi í Exista.

SPKef og SPM sýndu yfir fimmtíu prósenta arðsemi eigin fjár á fyrri hluta ársins en einnig var arðsemin góð hjá SPRON og Sparisjóði Vestfirðinga. Sparisjóður Kópavogs, sem skilaði yfir fimmtíu prósenta arðsemi, á ekki hlut í Exista en þar á bæ féll til söluhagnaður af SP-fjármögnun.

Ætla má að hagnaður þeirra sparisjóða sem eiga hlutabréf í Exista verði mikill á seinni árshelmingi en til stendur að skrá Exista í Kauphöllina í næsta mánuði. Bókfært eigið fé Exista var 143 milljónir króna í lok júní en telja verður líklegt að markaðsvirði félagsins komi til með að verða umtalsvert hærra en eigið fé. Sumir sparisjóðir, eins og SPM og SPKef, geyma hluta Exista-bréfa enn í fjárfestingabók, sem þýðir að hlutabréfin eru eignfærð á kostnaðarvirði.



**AFKOMA SPARISJÓÐANNA EYKST** Stærstu sparisjóðirnir juku hagnað sinn verulega á milli ára, einkum þeir sem eiga bréf í Exista. MARKAÐURINN/VILHELM

**AFKOMA STÆRSTU SPARISJÓÐA Á FYRRI HLUTA ÁRS***

| | Hagn. 2006 | Hagn. 2005 | Aukning milli ára | Arðsemi eigin fjár |
|---|---|---|---|---|
| SPRON | 2.627 | 1.572 | 67% | 37,3% |
| SPKef | 1.036 | 501 | 107% | 55,0% |
| SPM | 603 | 213 | 183% | 57,5% |
| SPV | 570 | 434 | 31% | 18,0% |
| SPH | 311 | 183 | 70% | 17,0% |
| SPK | 222 | 135 | 64% | 54,4% |
| Sparisjóður Vestfirðinga | 145 | 85 | 71% | 31,5% |
| Sparsjóður Bolungarvíkur | 61 | 67 | -9% | 13,1% |
| **Alls** | **5.575** | **3.190** | **74,6%** | |

** Upphæðir í milljónum króna*

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

13,5%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/04/06-31/07/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

# OECD vill draga úr fiskveiðistyrkjum

## Fiskveiðistjórn okkar er sögð til fyrirmyndar.

Ríkisstjórnir þróaðra ríkja ættu að draga úr beinum fjárframlögum til fiskveiða, samkvæmt nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Í skýrslunni segir að skipan mála í Noregi, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og á Íslandi sé til fyrirmyndar. Sannast hafi að með því að draga úr ríkisstyrkjum megi ná fram meiri hagkvæmni án þess að ganga um of á fiskistofna.

Árlegir ríkisstyrkir til fiskveiða nema tæpum 450 milljörðum íslenskra króna innan OECD-ríkjanna. Þar af fer tæpur þriðjungur í beinar niðurgreiðslur. OECD telur að peningunum yrði betur varið til uppbyggingar í samfélögum fiskimanna. Til að mynda mætti bæta félagslega þjónustu eða auka framlög til umhverfismála.

Þá er lagt til að hugað verði að stjórn fiskveiða; ríkisstyrkir hvetji sjómenn til að veiða sem mest magn og slíkt komi niður á fiskistofnum. Þess vegna sé brýnt að koma í veg fyrir ofveiði með einhvers konar kvótakerfum.

„Því miður virðast allar viðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hvernig megi draga úr ríkisstyrkjum í sjávarútvegi sigla í strand. Það er allra hagur að dregið verði úr þessum styrkjum; hvort sem það er af efnahagslegum, félagslegum eða umhverfisástæðum,“ sagði Carl-Christian Schmidt, yfirmaður fiskveiðimála hjá OECD. - jsk

GOTT FÓLK McCANN

BYGGT Á ERLENDUM ÞÁTTUM SEM HAFA FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE

Síminn
Styður við bakið á KF Nörd

HEFST Á FIMMTUDAGINN

# KF NÖRD

ER HÆGT AÐ BREYTA MESTU NÖRDUM LANDSINS Í ALVÖRU KNATTSPYRNULIÐ?

ÁSKRIFTARTILBOÐ!

**2.470** kr. á mánuði*
Sýn til 5. janúar í viðbót við Stöð 2.
Sýn Extra fylgir frítt með.

**4.370** kr. á mánuði*
Sýn til 5. janúar.
Sýn Extra fylgir frítt með.

*gegn eingreiðslu

sýn
besta sætið



# Metafkoma hjá BHP



Ensk-ástralska námufyrirtækið BHP Billiton, sem er eitt það stærsta í heimi, skilaði tæplega 10,5 milljarða dala, 734,5 milljarða króna, hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er 63 prósenta meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra og hefur hagnaður fyrirtækisins aldrei verið meiri.

Fastlega var búist við methagnaði hjá BHP, en þetta er þriðja árið í röð sem félagið skilar metafkomu. Helsta ástæða aukningarinnar er hátt verð á málmi, sér í lagi kopar, og olíu.

Starfsmenn félagsins í koparnámu í Chile kröfðust hærri launa, bónusa og betri starfsaðstöðu og lögðu niður störf í síðustu viku. Neyddist BHP til að loka námunni en þar eru framleidd 8 prósent af öllum kopar í heiminum.

BHP hefur í hyggju að verja sem nemur þremur milljörðum dala, jafnvirði tæpra 211 milljarða íslenskra króna, til kaupa á eigin bréfum. Fyrirtækið hefur þegar varið tveimur milljörðum dala, 140,5 milljörðum króna, til endurkaupa á eigin bréfum. - jab

# Fengu nóg af norskum skatti

Norska skipaþjónustufyrirtækið Deep Sea Supply ætlar að flytja starfsemi sína úr landi og horfir til Kýpur eða Singapúr. Norska dagblaðið Aftenposten hefur eftir Odd Brevik, forstjóra Deep Sea Supply, að ástæðan sé sú að fyrirtækið hafi fengið nóg af háum sköttum í heimalandinu og ætli að leita á hagstæðari mið.

Stærsti hluthafinn í Deep Sea Supply er norski auðkýfingurinn og skipakóngurinn John Fredriksen með 30,55 prósenta hlut í félaginu. Hann flutti heimili sitt til Kýpur fyrir nokkrum árum og fékk ríkisborgararéttindi þar í landi í apríl á þessu ári.



**JOHN FREDRIKSEN** Norski skipakóngurinn John Fredriksen flúði háa skatta í Noregi fyrir mörgum árum og býr á Kýpur. MARKAÐURINN/SCANPIX

Aftenposten segir flutning fyrirtækisins á milli landa ekki eiga að hafa áhrif á aðkomu auðkýfingsins að því en hann hefur í gegnum tíðina flutt starfsemi margra fyrirtækja sinna til landa þar sem skattar eru lægri en í Noregi.

Fredriksen keypti hlut sinn í félaginu í september í fyrra og vísar Brevik því á bug að auðkýfingurinn hafi haft áhrif á ákvörðun stjórnarinnar. Sé ástæðan fremur sú, að skattalegu hagræði undanskildu, að mestur hluti af starfsemi Deep Sea Supply fer fram á öðrum höfum en við strendur Noregs. - jab

# Skortur á vinnuafli í Danmörku

Samtök iðnaðarins í Danmörku segja sprengingu hafa orðið í innflutningi á vörum til landsins. Samtökin telja ástæðuna þá að skortur sé á vinnuafli í landinu og geti fyrirtæki í Danmörku ekki annað eftirspurn á heimamarkaði. Er það álit samtakanna að allt að 10.000 manns vanti á danska vinnumarkaðinn til að fullnægja þörfum markaðarins.

Danska dagblaðið Börsen hefur eftir Klaus Rasmussen, aðalhagfræðingi samtaka iðnaðarins í Danmörku, að vörur hafi verið fluttar inn til Danmerkur fyrir 25 milljarða danskra króna, jafnvirði 303 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. Sé helsta ástæðan fyrir þessu sú að dönsk fyrirtæki hafi ekki getað annað eftirspurn eftir vörum og ekki séð sér annað fært en að flytja þær inn. Eigi að minnka innflutning í Danmörku þurfi að ráða 10.000 manns til starfa í landinu næstu tvö árin, að hans mati.

Rasmussen sagði enn fremur að danska þingið hefði ekki sýnt mikil viðbrögð við kvörtunum atvinnurekenda þar í landi vegna skorts á vinnuafli. Gera



**REIÐHJÓL Á STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN** Aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins í Danmörku segir 10.000 manns vanta á danskan vinnumarkað. MARKAÐURINN/PJETUR

þurfi breytingar á atvinnuleysisbótum, auðvelda flæði á erlendu vinnuafli, lækka tekjuskatt, lengja vinnuvikuna og hækka lífeyrisaldur til að laga atvinnulífið í Danmörku. - jab

# Írar selja flugfélag

## Ríkisstjórn Írlands ætlar að selja flest bréf sín í Aer Lingus en halda eftir ráðandi hlut.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ríkisstjórn Írlands greindi frá því í upphafi vikunnar að hún ætlaði að losa sig við rúman helmingshlut sinn í írska flugfélaginu Aer Lingus í lok næsta mánaðar og hefja hlutafjárútboð í félaginu.

Búist er við að markaðsvirði bréfa í félaginu nemi 400 milljónum evra, jafnvirði um 36 milljarða íslenskra króna, og verður fjármagninu varið að hluta til kaupa á nýjum flugvélum og aukinna umsvifa flugfélagsins á heimsvísu. Þá er enn fremur búist við að flugfélagið geti tekið tveggja milljarða evra lán, um 180 milljarða króna, hjá fjármálastofnunum vegna útvíkkunar á starfsemi sinni.

Martin Cullen, samgönguráðherra Írlands, segir einkavæðinguna gefa flugfélaginu fjárhagslegan styrk til að keppa við önnur flugfélög á alþjóðlegum vettvangi.

Írska ríkið á 243 milljón hluti eða 85,1 prósent í Aer Lingus og starfsmannasjóður flugfélagsins á afganginn. Almenningur og fjárfestar hafa fram til þessa ekki getað keypt hluti í félaginu.

Að sögn samgönguráðherrans mun ríkið halda eftir 25,1 prósents hlut í Aer Lingus, sem er ráðandi hlutur og gerir ríkinu kleift að standa í vegi fyrir sölu á einstökum eignum félagsins.

Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, hefur horft til þess að einkavæða Aer Lingus allt frá því hann tók við embætti árið 1997 en ítrekað frestað málinu.

Ein af ástæðunum er sú að einkavæðingar írsku stjórnarinnar hafa ekki reynst sá happafengur sem vonast var til en talið er að fjárfestar hafi tapað rúmum 60 prósentum af fjárfestingum sínum þegar þeir keyptu bréf í írska landssímanum þegar hann var einkavæddur árið 1999.

Framtíðin ein getur skorið úr um hvort fjárfestar hagnist á



**FORSÆTISRÁÐHERRA ÍRLANDS** Bertie Ahern, forsætisráðherra Írlands, hefur horft til þess að einkavæða Aer Lingus frá því hann tók við embætti árið 1997. MARKAÐURINN/AP

kaupum í bréfum Aer Lingus. Félagið rambaði á barmi gjaldþrots árið 2002 vegna gríðarlegs taps sökum hárra launa og fækkunar farþega í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september árið 2001. Uppsögn á helmingi starfsmanna félagsins og aðrar skipulagsbreytingar urðu hins vegar til þess að því hefur nú tekið að skila hagnaði af rekstri sínum.


13,7%

Nafnávöxtun í júlí 2006: 13,7% á ársgrundvelli.*

**SJÓÐUR 9**
MEÐ BESTU ÁVÖXTUN
PENINGAMARKAÐSSJÓÐA
Á ÍSLANDI Í JÚLÍ

Sjóður 9 fjárfestir aðallega í ríkisverðbréfum, bankavíxlum, innlánum og stuttum skuldabréfum. Hann sveiflast mjög lítið og hentar því sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.

**KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:**

- **Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun**
- **Eignastýring í höndum sérfræðinga**
- **Ávallt innleysanlegir**

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð.
Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið.

Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð






**SHANGHAI, KÍNA**

# Kínverjar vernda kröfuhafa

## Kínaþing hefur samþykkt gjaldþrotalög að alþjóðlegri fyrirmynd. Réttur kröfuhafa nýtur í fyrsta skipti verndar.

Kínverska þingið hefur samþykkt gjaldþrotalög í fyrsta sinn. Lögunum er ætlað að auka samkeppnishæfni kínverskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi, og ná bæði til kínverskra fyrirtækja og erlendra í landinu.

Hingað til hafa engar reglur verið til um skipti þrotabúa í Kína; hins vegar hefur sú venja myndast að verkamenn fái ógreidd laun sín áður en kröfuhöfum er heimilt að ganga að búinu. Sú breyting verður nú á að réttur kröfuhafa gengur fyrir rétti verkamanna til að innheimta ógreidd laun.

Lögin eru í samræmi við löggjöf á Vesturlöndum; þar sem réttindi kröfuhafa eru vernduð í ríkara mæli. Auk þess verður fyrirtækjum gert kleift að fara fram á greiðslustöðvun, en kínversk löggjöf hefur ekki boðið upp á slík úrræði áður „Þessi löggjöf eykur möguleika fyrirtækja í rekstrarvandræðum á að koma sér á réttan kjöl. Þá færir þetta kínverskan fyrirtækjarétt til samræmis við það sem gerist annars staðar,“ sagði Wang Xin, prófessor í lögum við Renmin-háskóla. - jsk

útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala

# Stórútsala á húsgögnum





**Seinustu dagar útsölunnar mikið af nýjum vörum á tilboði allar eldri vörur á enn meiri afslætti...**

**Opið virka daga frá 10-18**
**laugardaga frá 11-16**
**og sunnudag frá 13-16**





GP gæðahúsgögn

**Dalshrauni 1** **Sími 565 1234**

útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala

# Risinn vakinn af værum blundi

**Jón Ásgeir Jóhannesson**, forstjóri Baugs, hefur lengi gengið með þann draum í maganum að taka yfir House of Fraser og fær nú tækifæri til þess. Hann segir mikla áskorun felast í þessu verkefni. Fjárfestar sem koma að yfirtökunni hafa unnið að mörgum verkefnum saman og búa yfir miklum fjárhagslegum styrk og reynslu af verslanarekstri. Ekki hafa þó allir hluthafar tekið tilboðinu fagnandi. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér málið.

Eftir margra vikna legu yfir bókhaldi House of Fraser (HoF) lagði fjárfestahópur að nafni Highland Acquisitions Ltd. fram formlegt yfirtökutilboð í bresku verslanakeðjuna í síðustu viku. Tilboðið hljóðar upp á 351 milljón punda, sem samsvarar 47 milljörðum króna. Að teknu tilliti til alls eitt hundrað milljóna punda framlags, sem á að brúa halla sem hefur verið á lífeyrissjóði starfsmanna HoF, nemur fjárfestingin alls sextíu milljörðum króna.

**SOFANDI RISI VAKINN**

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segir að menn hafi gengið með þann draum í maganum í nokkurn tíma að yfirtaka HoF, þessa frægu verslanakeðju sem var stofnuð árið 1849. Baugur hefur haft augastað á HoF um nokkurt skeið, átt þar hlutabréf, selt og keypt aftur og þá hafa félög Baugs og HoF átt töluverð viðskipti í gegnum tíðina. Einnig hafi árangur Baugs af rekstri vöruhúsanna Magasin í Danmörku sannfært menn um að sú reynsla gæti nýst í Bretlandi. „Við viljum vekja gamlan, sofandi risa,“ segir Jón Ásgeir og bætir við: „Þetta er verðugt verkefni og það mun taka einhvern tíma að ná tökum á því.“

Stjórn HoF mælir með því að hluthafar gangi að tilboði Highland. Það hljóðar upp á 148 pens á hlut, sem er hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir hlut í HoF. Þetta er um 32 prósenta yfirverð miðað við gengi hlutabréfa í HoF í lok febrúar, þegar stjórn félagsins greindi fyrst frá því að þriðji aðili, sem síðar reyndist vera Baugur Group, hefði komið að máli við hana um hugsanlega yfirtöku. Í maí var svo tilkynnt að Baugur hefði lagt fram óformlegt tilboð í HoF og stjórn þess fallist á að hleypa Baugsmönnum í bókhaldið til að meta áreiðanleika þess.

Fallist hluthafar á yfirtökuna tekur dótturfélagið Highland við rekstri HoF í nóvember á þessu ári. Þótt stjórn félagsins mæli með tilboðinu er ekki víst að allir hluthafar gangi að því en hópur hluthafa hefur þegar lýst því yfir að það sé of lágt. Robin Geffen, fjárfestingastjóri hjá Neptune Invest Management sem heldur utan um fjögurra prósenta eignarhlut í HoF, telur að tilboðið endurspegli á engan hátt verðmæti hlutabréfanna, sem geti verið allt að 410 pensa virði. Það er 177 prósentum hærra verð en tilboðið hljóðar upp á. Sala til Highland væri því nánast gjöf. Barátta Geffens og félaga gæti orðið erfið, enda mælir stjórnin með tilboðinu. Þá ráðleggja sérfræðingar hjá verðbréfafyrirtækinu Seymour Pierce hluthöfum að ganga að tilboðinu, sem sé „sanngjarnt“.

**HOUSE OF BRANDS**

Á undanförnum árum hafa stjórnendur HoF unnið að því að bæta reksturinn og sækja fram á ný mið. Félagið rekur 61 vöruhús (department store) á Bretlandi og Írlandi sem selur hágæðavörumerki. Unnið hefur verið að því að endurbæta verslanir sem komnar voru til ára sinna og opna nýjar, oftast þar sem nýjar verslunarmiðstöðvar hafa risið. Stefnt er að því að opna fjórar nýjar verslanir fram til ársins 2010, sem mun auka verslunarrýmið um 54 þúsund fermetra. Félagið hefur einnig vaxið með ytri vexti og tók yfir verslanakeðjunnar Beattie og Jenners í fyrra. Á sama tíma hafa stjórnendur lagt á það ríka áherslu á að bæta birgjanet, draga úr launakostnaði og endurskipuleggja æðstu stjórn. Jafnframt hefur verið unnið markvisst að því að bæta framlegð, til dæmis með því að auka vægi vara sem eru seldar án afsláttar. Hlutabréf í HoF hafa hækkað umtalsvert frá því þau fóru lægst í 39 pens á hlut árið 2000.

Fjárfestarnir sjá tækifæri í því að taka inn í verslanir HoF vörumerki sem eru í eigu félaga tengdra Baugi, sem myndu falla að vöruúrvali verslanakeðjunnar. Jafnvel komi til greina að fá vinsæl utanaðkomandi merki, til dæmis vinsæl bandarísk og skandinavísk vörumerki. „Þetta er gott tækifæri fyrir okkur. Við getum látið House of Fraser vinna með okkar vörumerki og sjáum tækifæri í því að koma með fersk merki inn á markaðinn,“ segir Jón Ásgeir. „House of Fraser á að verða House of Brands, það er að segja að þekkt vörumerki eru saman komin í einu húsi.“

Jón Ásgeir segir enn fremur að með því að taka félagið af markaði breyist ýmsar áherslur í rekstri og menn geti leyft sér að gera hlutina öðruvísi. Ótímabært sé að útlista hugmyndir Highland nánar fyrr en eftir hluthafafund í september.

Í yfirtökutilboði sem barst til Kauphallarinnar í Lundúnum segir meðal annars að stefnt sé að því að auka veltu enn frekar með þeim aðgerðum sem áður var lýst en ekki standi til að fækka verslunum. Ekki verður hjá því komist að draga úr starfsmannakostnaði.

**REYNDIR KAPPAR**

Þótt Baugur hafi leitt viðræður við fjárfestahópinn standa nokkrir öflugir fjárfestar á bak við hann en auk Baugs, sem tekur 35 prósenta hlut, koma að kaupunum FL Group (13,9%), Don McCarthy (21,7%), TBH Trading (11%), félag í eigu Skotans Sir Tom Hunter, Kevin Stanford (10%), Stefan Cassar (2,8%) og Uberior (5,6%), sem er Halifax Bank of Scotland (HBOS). Allt eru þetta fjárfestar sem hafa unnið saman áður. Hópurinn myndaðist nokkuð snemma í ferlinu en skipting innan hans var ekki ljós fyrr en á síðustu stundu. Þá var jafnvel talið að KB banki kæmi að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Það kemur hins vegar í hlut Glitnis banka að fjármagna verkefnið auk HBOS.

Jón Ásgeir er ánægður með meðfjárfesta Baugs. „Við berum ábyrgð á verkefninu en tökum inn aðila sem við teljum að geti stutt vel við það. Fyrir utan FL Group er þetta hópur sem hefur mikla þekkingu á sjálfum tískubransanum og rekur verslanir í Bretlandi, eins og Don, Kevin og Tom Hunter. Allt eru þetta aðilar sem hafa verið í viðskiptum við House of Fraser og séð hvað hægt væri að gera.“

Styrkur FL Group liggur að sögn Jóns Ásgeirs í miklum fjárhagslegum styrk en Baugur er stærsti hluthafinn í FL ásamt Hannesi Smárasyni. Sir Tom Hunter, sem er ríkasti maður Skotlands, hefur oft áður komið við sögu í fjárfestingum Baugs í Bretlandi. Hann gerði tilraun til þess að yfirtaka House of Fraser árið 2002 með fulltingi Baugs en þær tilraunir báru ekki árangur. Hunter hefur átt farsælan feril sem fjárfestir í verslanarekstri og verið stórvirkur í fasteignakaupum. Grunnur að auði hans var lagður árið 1998 þegar hann seldi íþróttavörukeðjuna Sports Division til JJB Sports fyrir 38 milljarða króna og hagnaðist síðar um tæpa tíu milljarða króna með því að selja stóran hlut í JJB. Skotinn, Baugur og HBOS tóku þátt í kaupum á Wyevale-garðyrkjuvöruverslanakeðjunni snemma á vordögum og sameinuðu krafta sína í júní með stofnun fasteignafélags sem hefur fjárfestingargetu upp á 400 milljarða króna.

**MCCARTHY LÍKLEGUR STJÓRNARFORMAÐUR**

Nokkuð hefur borið á Kevin Stanford í íslensku viðskiptalífi á liðnum misserum. Hann á átta prósenta hlut í Baugi Group og er meðal stærstu eigenda Mosaic Fashions. Hann stofnaði Karen Millen-keðjuna ásamt Karen Millen, eiginkonu sinni fyrrverandi, en merkið er nú hluti af Mosaic. Stanford er meðfjárfestir Baugs og FL Group í Unity Investments, sem hleypt var af stokkunum í júní, en hann lagði meðal annars fram hlut sinn í Moss Bros herrafatakeðjunni.

Don McCarthy og Stefan Cassar hafa farið fyrir verslanakeðjunni Rubicon Retail (Shoe Studio Group) sem nýverið rann inn í Mosaic Fashions. Þeir voru jafnframt hluthafar í Rubicon auk Baugs og KB banka. McCarthy þykir mjög líklegur sem næsti stjórnarformaður HoF en hann hefur yfir þrjátíu ára reynslu af verslunarrekstri í Bretlandi og tekur stóran eignarhlut í Highland. Samkvæmt heimildum eru þær getgátur fjölmiðla algjörlega úr lausu lofti gripnar að Philip Mountford, forstjóri Moss Bross, verði næsti forstjóri HoF. Hins vegar er óvíst um framtíð John Coleman, sem hefur setið í stól HoF í áratug, og skýrist sú mynd varla fyrr en yfirtökunni lýkur.




**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS, SEGIR AÐ FJÁRFESTAHÓPURINN HIGHLAND VILJI HEFJA HOUSE OF FRASER TIL VEGS OG VIRÐINGAR Á NÝ.** Að yfirtökunni standa reynsluboltar úr breskum verslunargeira sem sjá ýmis tækifæri í því að efla rekstur HoF. Tilboð til hluthafa er sanngjarnt að mati Jóns Ásgeirs.

MARKAÐURINN/VISUALMEDIA


Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

ENGLAR.IS KYNNA:

# HELGIN SEM GJÖRBREYTIR LÍFI FÓLKS!



**UNLEASH THE POWER WITHIN** er fjögurra daga ofurnámskeiðið með Anthony Robbins sem er einn fremsti lífsþjálfari heims og metsöluhöfundur. Bækurnar hans fjalla m.a. um leiðtoga, viðskipti og stjórnun og hefur hann haldið fjölda fyrirlestra fyrir æðstu leiðtoga heims og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir árangur sinn í viðskiptum.

Allir þátttakendur eru sammála um að þessi helgi sé nánast ólýsanleg. Það er www.englar.is sem aðstoða þá framsæknu Íslendinga sem vilja kynnast þessari einstöku upplifun. Þetta er frábært tækifæri fyrir alla þá sem vilja efla líf sitt og starf.

Láttu drauma þína verða að veruleika!

## London 29. september - 2. október 2006

„Þetta var ótrúleg upplifun.Ég mæli sterklega með námskeiðinu fyrir alla þá sem vilja bæta lífsgæði sín.“



**Margrét Dan Þórisdóttir**
TANNSMIÐUR

„Stórkostleg upplifun. Ein stærsta upplifun sem ég hef orðið fyrir og ein besta fjárfesting sem ég hef gert....“



**Gunnlaugur Briem**
TÓNLISTARMAÐUR

„Frábær leið til að finna leynda innri krafta og nýta þá til að láta drauma sína rætast. Fyrir alla þá sem vilja ná lengra í lífinu.“



**Jóhanna Bóel**
MARKAÐSFULLTRÚI

„Frábært, margfalt virði í þessu námskeiði. Hika er sama og tapa, farðu!!!“



**Stefán Álfsson**
VERÐBRÉFAMIÐLARI

„Mér fannst þetta alveg frábært námskeið! Í framhaldi af því hafa orðið stórtækar breytingar á lífi mínu.“



**Guðrún G. Bergmann**
HÓTELEIGANDI

„Þetta er lang flottasta námskeið sem ég hef upplifað og engu öðru líkt.“



**Alexander V. Kárason**
SÖLUSTJÓRI

„Ef þú vilt fá eitthvað meira út úr lífinu sem þú lifir í dag, er UPW námskeiðið frábær byrjun á nýju lífi .“



**Jóhann Jóhannsson**
FJÁRFESTIR

„Þetta er lang flottasta námskeið sem ég hef upplifað og engu öðru líkt.“



**Kári Eyþórsson**
NLP RÁÐGJAFI

„Þetta er einstakt námskeið, nánast ólýsanlegt. Ég kom tvíefld til baka.“



**Katrín Jónsdóttir**
SÖLURÁÐGJAFI

## NÁMSKEIÐIÐ SNÝST M.A. UM AÐ:

- Brjótast úr viðjum vanans
- Yfirbuga ótta og takmarkanir í lífinu
- Ná markmiðum og átta sig á eigin löngunum
- Breyta draumum í raunveruleika
- Mynda og viðhalda samböndum
- Tileinka sér áætlanir þeirra sem hafa náð hámarksárangri

pipar / SÍA

**Námskeiðið er sett upp þannig að þátttakendur læra að eyða öllu því sem hefur aftrað þeim frá því að taka næsta skref í lífinu. Þátttakendur læra að nýta sína innri orku til að m.a. ganga berfættir yfir glóandi kol - og það á fyrsta degi!**

**Skráðu þig strax í dag á www.englar.is eða í síma 567 6617 & 699 6617**

## ÖRFÁ SÆTI LAUS!

# Með afnámi stimpilgjalds mætti slá tv

**Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafna því að skorta kunni á samkeppni banka hér, eins stimpilgjalds er hins vegar fagnað og það sagt myndu ýta undir samkeppni. Aðalhagfræðingu stimpilgjaldið og forða niðursveiflu á fasteignamarkaði. Viðskiptaráðherra tekur undir með rá sem verið sé að reyna að slá á.** *Óli Kristján Ármannsson kynnti sér viðhorf til samkeppni á ba*




Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til þess að auka hreyfanleika viðskiptavina bankanna. Geta fólks til að skipta um viðskiptabanka sé mikilvæg forsenda fyrir aukinni virkri samkeppni á markaðnum. Meðal þess sem Samkeppniseftirlitið leggur til er niðurfelling stimpilgjalds, afnám uppgreiðslugjalds af lánum og að takmörkuð verði samtvinnun þjónustu hjá bönkunum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sagði við kynningu nýrrar skýrslu norrænna samkeppnisstofnana um samkeppni á norrænum viðskiptabankamarkaði undir lok síðustu viku að nú yrði gengið til viðræðna við bankana og stjórnvöld um þessi atriði og hann vænti niðurstaðna á næstu misserum. Hann telur að lesa megi úr góðri afkomu bankanna að svigrúm hljóti að vera til aukinnar samkeppni. Með skýrslu samkeppnisstofnananna segir hann búið að setja fram hugmyndir um það sem betur megi fara og leiðir til að ná þeim markmiðum.

**VIÐSKIPTAVINIR HREYFAST LÍTIÐ**

Í skýrslunni kemur fram að samþjöppun á bankamarkaði hér sé mjög mikil, sem og reyndar á hinum Norðurlöndunum. „Þá er þekkt staðreynd að enginn erlendur banki í alhliða bankaþjónustu er starfandi á Íslandi, sem er galli út frá samkeppnislegu sjónarmiði," segir Páll Gunnar. Hann bætir við að einnig sé bent á að vaxtamunur hér sé meiri en erlendis, eignarhald á íslenskum greiðslukerfum og kortafyrirtækjum sé mjög samtvinnað og að viðskiptavinir bankanna skipti sjaldan eða ekki um banka. „Þetta er samnorrænt einkenni og aðgerða er þörf."

Tilefni skýrslunnar var lítil hreyfing á viðskiptavinum bankanna og aðgangshindranir að mörkuðum sem ollu samkeppnisstofnunum á öllum Norðurlöndunum áhyggjum, segir Páll Gunnar. Hann segir að hér hafi þó verið tekin skref í rétta átt varðandi eignarhald á greiðslukortakerfum og aðgangi að sameiginlegum greiðslukerfum. „Hér hafa menn verið að vinna sig út úr ákveðnu gömlu sniði og við höfum trú á því að stefni í rétta átt, en betur má ef duga skal," segir hann og áréttar að ekki megi vera háð duttlungum þeirra sem fyrir eru á markaði hverjir fái aðgang að greiðslukerfunum. Hann segir mikilvægt að fá hingað erlenda banka, enda hefði það góð áhrif hér. Hann segir eins koma til greina að auðvelda fólki að eiga viðskipti við banka sem eru í öðrum löndum og þar geti internetið hjálpað.

Eins segir í skýrslunni að örðugt geti verið að glöggva sig á hvaða banki bjóði best kjör, enda auki samtvinnun þjónustu og tryggðarkerfi flækjustig í þeim efnum. Er því lagt til að komið verði upp heimasíðu þar sem nálgast megi upplýsingar og samanburð á bönkunum. Þá er lagt til að búnar verði til sérstakar reglur um hvernig standa skuli að málum vilji fólk skipta um viðskiptabanka.

Á kynningarfundi Samkeppniseftirlitsins komu hins vegar einnig upp spurningar um hvort ekki væri eðlilegt að fólk sýndi ákveðna íhaldssemi þegar að því kæmi að velja fyrirtæki sem treysta ætti fyrir peningunum sínum. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið unnið að því að auka einsleitni bankakerfisins milli landa og opna fyrir viðskiptabankastarfsemi, en þó hún sé heimil kjósa fáir að nýta sér hana. Þarna kunna að spila inn í þættir á borð við tungumálaörðugleika; að fólk vilji eiga í samskiptum tengdum fjármálum á sínu eigin tungumáli og fleiri þættir verði til þess að fólk kjósi fremur að hafa bankann sinn nær en fjær. Þá kom fram á fundinum að þótt samkeppnisstofnanirnar vildu sjá meiri hreyfingu viðskiptavina milli banka hefðu menn ekki sett niður fyrir sig hversu mikil hreyfing væri viðunandi.

**FÓLK SKIPTIR EKKI VIÐ ÚTLENSKA BANKA**

„Milli íslenskra banka er búin að vera grimmileg samkeppni í kjölfar þess krafts sem leystist úr læðingi við einkavæðingu ríkisbankanna," segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV). Hann vill ekki kannast við þá mynd sem dregin er upp í nýrri skýrslu norrænna samkeppnisstofnana að hér skorti á samkeppni milli banka.

Guðjón segir góða afkomu bankanna skýrast af fjárfestingarbankastarfsemi en ekki viðskiptabanka þar sem afkoma sé ekki jafngóð. „Í skýrslunni eru hins vegar nokkrar ábendingar sem fyrir nokkrum árum hefðu átt við rök að styðjast, en gera það ekki lengur," segir hann og vísar þar til atriða á borð við aðgang að greiðslumiðlun og aðgang erlendra aðila að markaði.

Eins segir hann tæpast geta átt við að vildarkjör sem bankarnir bjóði auki svo flækjustigið í bankaviðskiptum að viðskiptavinir þeirra fái ekki áttað sig á því hvar hag þeirra sé best borgið. „Auðvitað eru bankarnir með sínar verðskrár sem eru opinberar og sambærilegar. En út frá þeim eru boðin hvers kyns kjör sem öllum reglulegum viðskiptamönnum standa til boða. Það er því erfitt að sjá að þarna sé skortur á gagnsæi og allar upplýsingar liggja fyrir," segir hann og bætir við að það sé eins við kaup á bankaþjónustu og ýmsu öðru, það geti komið fyrir að fólk þurfi að leita sjálft að því sem best henti hverjum og einum. „Ég held að menn séu aðeins að ofgera þessum þætti málsins."

Þá telur Guðjón að ástæður þess að erlendir bankar hafi ekki sýnt því áhuga að keppa hér við innlenda sé að finna í smæð markaðarins, en ekki einhverjum samkeppnishindrunum. „Þeir meta það væntanlega þannig að hér sé ekki eftir miklu að slægjast miðað við tilkostnað. Ef þeir hins vegar sæju hér mokgróða af viðskiptabankastarfsemi og íslenskir kúnnar væru tilbúnir að greiða miklu hærra verð en annars staðar gerist, þá væru þeir náttúrlega að koma hingað."

**STIMPILGJALD ER VÍÐAR TIL EN HÉR**

Í vefriti fjármálaráðuneytisins í ársbyrjun 2004 var í tengslum við umbrot á íbúðalánamarkaði fjallað um stimpilgjöld af lánsskjölum vegna fasteignakaupa. Þar var hafnað fullyrðingum um að stimpilgjöld væru séríslenskt fyrirbæri. „Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga um stimpilgjöld í nokkrum nágrannalöndum Íslands. Sú könnun leiðir í ljós að alls staðar í nágrannalöndum okkar eru innheimt stimpilgjöld í einhverju formi. Vegna umræðu síðustu daga er fróðlegt að bera saman stimpilgjöld á lánsskjölum annars vegar og stimpilgjöld á skjölum er varða eignayfirfærslu á fasteignum hins vegar, hér og í nágrannalöndum okkar," segir þar og bent á að hér sé stimpilgjald af eignayfirfærslum 0,4 prósent af fasteignamati en stimpilgjald af veðskuldabréfum 1,5 prósent af fjárhæð bréfs og í sumum tilvikum hálft prósent. „Til hliðsjónar má benda á að í Danmörku er 0,6 prósenta stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu á fasteignum og 1,5 prósent af veðskuldabréfum. Í Noregi er 2,5 prósenta stimpilgjald af skjölum er varða kaup á fasteignum og í Svíþjóð er stimpilgjaldið 1,5 prósent vegna eignayfirfærslu. Í Bretlandi eru stimpilgjöld af skjölum vegna eignayfirfærslu breytileg með tilliti til eignaverðmætis, þ.e. frá 0 prósentum til 4 prósenta. Í Finnlandi er stimpilgjald vegna eignayfirfærslu 4 prósent." Sagði í grein ráðuneytisins að við mat á heildarstimpilgjöldum við fasteignakaup væri nauðsynlegt að líta bæði til stimpilgjalda á lánsskjölum og á skjölum er varða eignayfirfærslu á fasteignum.



**Á KYNNINGU SAMKEPPNISEFTIRLITSINS** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og Kristján Indriðason viðskiptafræðingur kynntu í lok síðustu viku nýja skýrslu norrænna samkeppniseftirlita um samkeppni á bankamarkaði.
MARKAÐURINN/ANTON BRINK

# ær flugur í einu höggi

og fram kemur í nýrri skýrslu. Hugmyndum um afnám r Kaupþings segir nú vera rétta tímann til að afleggja ðherra fjármála að afnám stimpilgjalds ýti undir þenslu *nkamarkaði.*




Guðjón fagnar hins vegar hugmyndum Samkeppniseftirlitsins um niðurfellingu stimpilgjalds og segir að ítrekað hafi verið farið fram á að sú skattheimta verði aflögð. Hann segir skattinn bæði séríslenskan og samkeppnishamlandi. „Við erum algjörlega sammála Samkeppniseftirlitinu hvað þetta varðar.“

**STIMPILGJALDIÐ ORKAR TVÍMÆLIS**

Jón Sigurðsson er iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en undir viðskiptaráðuneytið heyra málefni bankanna. Hann áréttar þó að stimpilgjaldið sé á stjórnsýslusviði fjármálaráðuneytisins enda sé þar um skattlagningu að ræða. „En aðfinnslurnar sem er að finna í skýrslu samkeppniseftirlitanna eru auðvitað mjög eðlilegar og málefnilegar og hefur margsinnis verið bent á þær í gegnum árin af hálfu aðila í viðskiptalífinu og reyndar af hálfu Neytendasamtakanna líka,“ segir hann, en bætir um leið við að út af fyrir sig megi taka undir það með Árna Mathiesen fjármálaráðherra að kannski sé ekki heppilegasti tíminn til að draga úr slíkri gjaldtöku þegar mikil þensla sé. „Ég held samt að það liggi alveg ljóst fyrir að allir séu sammála um að þetta er gjald sem orkar mjög tvímælis og hafa margsinnis verið færðar fram sterkar röksemdir með því að fella það niður.“ Hann segir þó alltaf matsatriði hvenær tímabært sé að fella niður slíkt gjald.


**JÓN SIGURÐSSON** Jón, sem er iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að þótt stimpilgjaldið orki tvímælis þurfi aðstæður að vera réttar eigi að huga að afnámi þess. MARKAÐURINN/GVA

Eins segir Jón alkunnar staðhæfingar um skort á samkeppni á bankamarkaði hér. „En bankarnir hafa nú haldið því fram að þetta sé ekki rétt og þeir séu í öflugri samkeppni í ýmsum þjónustutilboðum. Auðvitað þekkja menn líka merki þess. Það hefur hins vegar verið bent á að hér vanti innkomu erlendra banka. Út af fyrir sig má segja að allir Íslendingar og íslensk fyrirtæki sem eru í fjölþjóðaviðskiptum geti verið í viðskiptum við erlendan banka og á tryggingamarkaði. Slík samkeppni er því í sjálfu sér fyrir hendi að einhverju marki og íslensku bankarnir að hluta til orðnir fjölþjóðleg fyrirtæki. Þar með eru þeir líka viðkvæmir fyrir sveiflum sem verða á erlendum markaði.“

Jón segir erfitt að fullyrða um hvað valdi því að erlendir bankar sæki ekki inn á markað hér án þess að það sé rannsakað sérstaklega. „Það gefur auga leið að tungumálið hefur sitt að segja, en fjölþjóðlegir bankar eru nú með starfsmenn sem eru mæltir á hvers konar tungur. Stundum hefur verið bent á að við séum með ýmis sérkenni á markaði en það hefur dregið mjög mikið úr þeim. Ég er því ekki viss um að þau séu þær markaðshindranir sem voru fyrir nokkrum árum. Í sjálfu sér er ekkert sem hindrar erlenda banka formlega í því að láta til sín taka hér, eins og tryggingafélög og fleira sem nefnt hefur verið til sögunnar. Samt geri ég nú ráð fyrir að leiða megi að því rök að nú þegar gæti nokkurrar alþjóðasamkeppni, bæði vegna íslenskra fyrirtækja í fjölþjóðaviðskiptum og einstaklinga sem þegar geta haft viðskipti við erlenda banka,“ segir Jón og telur tilefni til að hér verði haldið áfram að þroska og móta fjármálamarkaðinn. „Viðskiptaráðuneytið fylgist mjög vel með þessum málum og reynir stöðugt að greiða fyrir æskilegri þróun, bæði opnun út á við og líka framþróun reglna og verklags á fjármálamarkaði. Við munum halda því áfram, enda okkar hlutverk og óendanleg verkefni á því sviði. Viðskiptalífið er góðu heilli stöðugt að eflast og ný viðhorf stöðugt að koma fram.“

**„Auðvitað eru bankarnir með sínar verðskrár sem eru opinberar og sambærilegar. En út frá þeim eru boðin hvers kyns kjör sem öllum reglulegum viðskiptamönnum standa til boða. Það er því erfitt að sjá að þarna sé skortur á gagnsæi og allar upplýsingar liggja fyrir... Ég held að menn séu aðeins að ofgera þessum þætti málsins.“**

## Nú er rétti tíminn til að afnema stimpilgjald

„Stimpilgjaldið er bara arfur frá gamalli tíð,“ segir Ásgeir Jónsson, aðalhagfræðingur Kaupþings banka, og telur engin rök fyrir því að fólk greiði sérstakt gjald af kaupverði húsnæðis eða fyrir að taka lán.

Hann segir erfitt að spá fyrir um frekari þróun á húsnæðismarkaði, en telur ekki ólíklegt að hann gefi eftir næstu tvo til þrjá mánuði eftir ládeyðu síðustu vikna. Hann segist búast við aðlögun og svo megi vænta þess að þróun verði svæðisskiptari en verið hefur.


**ÁSGEIR JÓNSSON** Ásgeir er aðalhagfræðingur Kaupþings banka. Hann segir að afnám stimpilgjalds gæti komið í veg fyrir samdrátt á fasteignamarkaði.

Ásgeir segir hins vegar að stjórnvöld ættu nú þegar að ganga í að afnema stimpilgjöldin. „Það er ekki eftir nokkru að bíða því það tekur nokkurn tíma að gera þetta,“ segir hann og telur að með því móti yrði komið í veg fyrir verulega niðursveiflu á fasteignamarkaðnum.

## Vildi gjarnan sjá á eftir stimpilgjaldinu

„Þetta er einn af þeim skattstofnum sem ég hefði viljað sjá hverfa,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um stimpilgjald, en segist enn ekkert geta sagt um hvort af því geti orðið. „Svo eru þeir líka fleiri og við vonum auðvitað til þess að geta haldið áfram að lækka skatta. Það kallar svo aftur á ákvarðanir um hvar menn vilja bera niður. Hvort það verður áframhaldandi lækkun tekjuskattsprósentu, hækkun persónuafsláttar eða skattleysismarka, eða hvort menn vilja samræma prósentur, breyta virðisaukaskatti, eða breyta vörugjöldum. Þarna þarf náttúrlega að velja hvað heppilegast sé að gera og þá út frá þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru í þetta.“

Árni segir öllu máli skipta þegar að þessari ákvarðanatöku komi að hún verði skoðuð í samhengi við aðrar efnahagsstærðir. Hann segir nefnd ráðuneytisins vinna að því að fara yfir skattkerfið með endurskoðun í huga en segist ekki hafa sett henni ákveðin tímamörk um hvenær hann vilji fá frá henni tillögur. „En það væri svo sem ágætt að geta verið með niðurstöður þegar skattalækkanir sem koma eiga fram um næstu áramót eru gengnar í garð. Þá gæti verið gott að vera búinn undir frekari ákvarðanatöku, en hún hlýtur að ráðast af aðstæðum á hverjum tíma.“


**ÁRNI M. MATHIESEN** Fjármálaráðherra segir að afnám stimpilgjalda verði að skoðast í samhengi við frekari endurskoðun á skattkerfinu.

Eins segir Árni mikilvægt að horfa til mögulegra breytinga á íbúðalánasjóðskerfinu sem væri ætlað að leiða til hagstæðari lána fyrir íbúðarkaupendur og -eigendur. „Sú breyting ein getur haft þensluáhrif. Því gæti verið varhugavert að breyta stimpilgjöldum á sama tíma og búa til meiri húsnæðisverðbólgu, sem kæmi þá til af tveimur jákvæðum breytingum frekar en einni á sama tíma.“

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Við erum í miðju tilraunaglasi hagkerfisins.

# Óvissan er mikil um lendingu hagkerfisins

**Hafliði Helgason**

Nýjustu efnahagsspár birta þá mynd að takast muni að lenda hagkerfinu út úr núverandi uppsveiflu án mikilla áfalla. Þetta eru ágæt tíðindi en verður að taka með þeim fyrirvara að óvissa ríkir um framvinduna.

Það er engin ástæða til þess að fagna of snemma og opinberir aðilar verða að standa á bremsunni og halda aftur af sér enn um sinn. Bæði Glitnir og Landsbankinn hafa birt endurskoðaða spá þar sem líta má væntingar til þess að skynsemin muni ráða.

Fram undan er hins vegar kosningaár og lífróður margra þingmanna fyrir sæti sínu. Hættan er því fyrir hendi að skyndivinsældir verði keyptar og reikningurinn sendur á þjóðina í formi verðbólgu.

Líklegt verður að telja að þegar upp verður staðið muni menn greina nokkur mistök í stjórn efnahags- og peningamála í núverandi hagsveiflu, til dæmis skattalækkanir og tregða við endurskipan opinberra afskipta af húsnæðismálum. Þá er einnig líklegt að Seðlabankinn hafi stigið of létt til jarðar á haustmánuðum og greiði fyrir það léttlyndi með hærri stýrivöxtum á lokahnykk hækkunarferlisins.

Neikvæð erlend umræða hratt af stað aðlögun gengisins fyrr en gert var ráð fyrir. Hluti aðlögunarinnar er því kominn fram. Sú umræða byggðist á veikleikum í hagstjórninni fremur en fjármálakerfinu. Fjármálakerfið leið fyrir innlent efnahagsástand en ekki öfugt. Í umræðunni kom einnig fram veruleg vanþekking á innviðum hagkerfisins og fjármálakerfisins, bæði í erlendri umfjöllun og því miður einnig í þeirri innlendu. Aðlögun gengis og hlutabréfa var því harðari og fyrr á ferð en í eðlilegu árferði. Sú leiðrétting var hins vegar óhjákvæmileg fyrr eða síðar.

Hættan af umfjöllun um íslenskt efnahags- og fjármálakerfi sem byggð er á lítilli þekkingu er ekki horfin. Fregnir berast af stöðutöku í íslenskum krónum þar sem þekkingarforsendur eru veikar. Snögg aðlögun hagkerfisins getur því skapað óróa og öfgakennd viðbrögð í viðskiptum með krónuna. Óvissan um framvinduna hverfist því fyrst og fremst um gjaldmiðilinn.

Þótt rofað hafi til á himni væntinganna er brýnt að keyra ekki upp framtíðarvæntingar með ótímabærum yfirlýsingum stjórnvalda. Slíkt gæti seinkað nauðsynlegri aðlögun og gert hana sársaukafyllri. Ríkið þarf að halda aftur af fjárfestingum. Þó má benda á undantekningu ef menn vilja spretta úr spori. Nýr sæstrengur til gagnaflutninga er verkefni sem ekki þarf að bíða með. Þar er fjárfesting sem ekki kæmi inn í hagkerfið en leggur grunn ásamt með aukinni áherslu á menntun, að langtíma hagvexti í heimi alþjóðaviðskipta. Öruggari tenging við umheiminn er mikilvægt verkefni og í raun ein af grunnforsendunum ef einhver alvara er að baki yfirlýstum vilja til að efla Ísland sem fjármálamiðstöð.

**Þótt rofað hafi til á himni væntinganna er brýnt að keyra ekki upp framtíðarvæntingar með ótímabærum yfirlýsingum stjórnvalda. ... Þó má benda á undantekningu ef menn vilja spretta úr spori. Nýr sæstrengur til gagnaflutninga er verkefni sem ekki þarf að bíða með.**

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

Betri leið til að vinna á tímaskorti

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.
NÝTT!! 6 vikna námskeið **11. sept.** (Dagnámskeið)
NÝTT!! 3 vikna hraðnámskeið **21. sept.**
Suðurnes 3 vikna hraðnámskeið **12. okt.**

**Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.**
Skráning hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Hvernig virka kostanir?

ORÐ Í BELG



**Guðmundur Arnar Guðmundsson,**
kynningarstjóri og MBA-nemi

Fyrirtæki hafa í mjög auknum mæli verið að nota kostanir til þess að ná til neytenda en það eru mjög áhugaverðir kostir sem fylgja þeim. Kostun er byggð á viðskiptum milli vörumerkis sem kostar og þess sem er kostað með það að markmiði að hafa hag af því að tengja vörumerkið og það sem kostað er saman á markaðslegan hátt.

Neytendur eru mjög eftirtektarsamir á kostanir. Yfirleitt horfir fólk ekki á skilaboð kostenda sem hluta af auglýsingatíma heldur ritstjóraplássi. Skilaboð frá kostanda eru ekki í hinum eiginlegu auglýsingaplássum heldur hluti af þáttunum sjálfum. Það er þekkt að fyrsta og síðasta auglýsing í auglýsingatímum eru líklegastar til að ná athygli en þar sem auglýsing frá kostanda er ennþá nærri þættinum en auglýsingaplássið nær kostun mun betur í gegn til neytenda.

Aukið auglýsingaáreiti og aukið framboð á afþreyingu hefur gert það að verkum að fyrirtæki eru farin að nýta sér kostanir mun meira til að koma vörumerkjum sínum á framfæri. Kostanir hafa aukist um 10% undanfarinn ár og eru nú 7% af heildarauglýsingaútgjöldum í heiminum. Til þess að ná árangri með kostunum er mjög mikilvægt að vörumerkið passi hinum kostaða dagskrárlið eða viðburði. Icelandair væri sem dæmi góður kostandi að þætti líkt og Amazing Race þar sem ferðast er út um allan heim en fyrirtæki sem selur eldhúsáhöld væri góður kostandi að matreiðsluþætti. Ef við hugsum okkur ómarkvissa kostun gætum við ímyndað okkur að nektardansstaður myndi kosta Kastljós RÚV en það myndi vafalítið gera hvorugum aðilanum nokkuð gott.

Það eru þrjár meginkenningar um ábata kostanna. Sú fyrsta er að með því að kosta dagskrárlið í sjónvarpi færist viðhorf eða gildi sem fólk tengir við dagskrárliðinn yfir á vörumerkið. Vörumerkið getur með þessu styrkt viðhorf eða gildi sem fólk tengir nú þegar við það. Einnig getur það myndað ný viðhorf og gildi í hugum neytenda gagnvart vörumerkinu.

Fyrir nokkrum árum stóð Baileys-vörumerkið frammi fyrir því að drykkurinn var vinsæll á meðal miðaldra kvenna en hann höfðaði ekki til yngri kvenna, en fyrirtækið vildi staðsetja drykkinn fyrir þann hóp. Að endurstaðsetja vöru í huga fólks með auglýsingum eingöngu getur verið vandkvæðum bundið. Erfiðleikarnir felast í því að upplifun neytenda á vörunni verður ekki í samræmi við skynjun þeirra á skilaboðum auglýsinganna. Fyrirtækið ákvað þá að kosta sjónvarpsþáttinn Sex in the City en eftir það átti sér stað áhugaverð þróun. Rýnihópar sýndu að ungt fólk var á einu máli hvað varðar drykkinn. Ímyndin hafði breyst eftir tenginguna við þáttinn og fór að endurspegla nútíma umburðarlyndi, kynþokka, löngun og ævintýraleg gildi sem Sex in the City stóð fyrir. Drykkurinn náði þannig að styrkja gildi sem markmiðið var að hafa hann sterkan í ásamt því að bæta við gildum sem hann stóð ekki fyrir áður. Eftir kostunina fór drykkurinn að seljast mun betur hjá ungum konum.

Önnur kenningin telur að ásýnd vörumerkis aukist með kostun. Bretar hafa yfirleitt ekki mikinn áhuga fyrir auglýsingum frá bönkum og reyndar eiga það til að vantreysta loforðum þeirra. Kostun getur reynst öflug í þessu tilfelli eins og breskir bankar hafa nýtt sér. Þeir hafa með kostunum náð að gera vörumerki sín áberandi án þess að líða fyrir neikvæðu þættina sem þeir verða oft fyrir þegar þeir auglýsa hefðbundið með skilaboðum/loforðum. Rannsóknir hafa sýnt að fólk hugsar með sér: „Ef fyrirtækið getur kostað uppáhaldsþáttinn minn hlýtur það að vera alvöru leikmaður á markaðinum."

Þriðja kenningin segir kostanir öfluga leið til að koma skilaboðum á framfæri. Skilaboðin geta verið nýjar vörur, breyttar áherslur og svo framvegis. Þar sem skilaboð kostanda eru utan auglýsingatíma og með dagskrárliðnum sjálfum er mun líklegra að þau nái í gegn og inn í huga neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

Kostanir kosta yfirleitt töluverðar fjárhæðir. Rannsóknir hafa sýnt að það þurfi að eyða a.m.k. 25% í viðbót við að auglýsa upp kostunina svo full virkni náist. Kostun Glitnis banka á Reykjavíkurmaraþoninu er gott dæmi um kostun sem var mikið auglýst af kostanda. Þetta á sennilega sjaldnast við um kostanir í ljósvakamiðlum þar sem miðlarnir kynna sjálfir dagskrárliðina og fær þar kostandi yfirleitt að fylgja með.

Mikil áhætta getur fylgt því að vera kostandi, sérstaklega í þeim tilfellum sem erfitt er að stýra henni. Þegar íþróttaleikur er kostaður getur verið óheppilegt fyrir vörumerkið að vera í mynd ef slagsmál brjótast út. Esso hefði örugglega kosið að sleppa því að vinna með Silvíu Nótt hefði þá grunað að hún ætti eftir að skrópa á auglýstri uppákomu á einni af bensínstöðvum fyrirtækisins sem komst í alla fréttatíma. Annað þekkt dæmi um kostun sem misfórst var þegar snyrtivörurisinn Rimmel London notaði ofurfyrirsætuna Kate Moss sem talsmann. Samstarfið hafði gengið vel þar til Kate Moss var tekin fyrir kókaínnotkun og varð Rimmel London fyrir miklum álitshnekki fyrir vikið.

Það þarf einnig að nálgast kostun á réttan hátt svo hún misbjóði ekki fólki. Dæmi um slíkt atvik var þegar tennisstjarnan Mary Pierce var púuð niður við móttöku verðlauna fyrir örfáum árum. Í þakkarræðu á tilfinningaþrunginni stundu fór hún að tala um Sony-Ericsson (kostanda keppninnar) og ofbauð þá áhorfendum, sem púuðu hana niður.

Að lokum ber að nefna að það getur verið töluvert erfitt að meta ábata kostana. Af þessum sökum hafa fræðimenn ekki verið á einu máli um ágæti þeirra. Það er samt ljóst að ábati af kostunum er meiri en eingöngu sú dekkun sem vörumerkið fær með henni en þennan umframábata getur verið mjög erfitt að meta og því ber að ígrunda kostun vel áður en af stað er farið.

**Icelandair væri sem dæmi góður kostandi að þætti líkt og Amazing Race þar sem ferðast er út um allan heim. ... Ef við hugsum okkur ómarkvissa kostun gætum við ímyndað okkur að nektardansstaður myndi kosta Kastljós RÚV en það myndi vafalítið gera hvorugum aðilanum nokkuð gott.**

STARFSMANNAMÁL

# Á að auglýsa laun?

Algengt er í Bretlandi og Bandaríkjunum að árslaun séu tilgreind í starfsauglýsingum. Sérfræðingar þar færa rök fyrir því að tilgreining launa sé nauðsynleg því rannsóknir sýni að þær auglýsingar sem innihaldi ekki upplýsingar um laun fái færri svör frá umsækjendum. Þessar rannsóknir eru áhugaverðar í ljósi þess að á Íslandi virðist það ekki vera atriði í atvinnuauglýsingum að auglýsa laun.

Fá íslensk fyrirtæki auglýsa laun og opinber fyrirtæki setja klausur eins og: „Kjör eru ákvörðuð af kjaranefnd Reykjavíkurborgar" og „Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags." Einhver fyrirtæki biðja umsækjendur um að tilgreina núverandi eða fyrri laun. Það er ekki algengt, en ástæðan getur verið sú að verið sé að sigta út þá sem eru yfir eða undir viðmiðunarmörkum fyrirtækisins. Sá umsækjandi sem hafði hærri laun áður gæti því verið of hæfur fyrir stöðuna og sá sem hafði lægri laun gæti verið líklegur til að þiggja starfið eða jafnvel vanhæfur.

Mörg íslensk fyrirtæki sem auglýsa í dagblöðum tala undir rós og bjóða „mjög áhugaverð árangurstengd laun". Önnur fyrirtæki bjóða upp á „mjög góð laun og góðan anda" eða „áhugaverð laun, auk annarra fríðinda". Þá kemur einnig fram í auglýsingum að upplýsingar um kjör séu ekki gefnar í síma.

Í tímaritinu *Journal of Occupational and Organizational Psychology* kemur fram að 54% framkvæmdastjóra og yfirmanna skoði atvinnuauglýsingar vikulega og 83% þeirra skoði auglýsingar einu sinni í mánuði. Þar kemur í ljós að hjá 80% þeirra er tilgangur ekki atvinnuleit heldur eru þeir að bera saman laun fyrirtækja og fylgjast með því sem er að gerast á markaðnum. Í tímaritinu *Personnel Review* kemur í ljós að umsækjendur muna betur eftir auglýsingu frá fyrirtæki sem þeir telja vera með góða ímynd og þeir eru viljugri að þiggja minni laun en ella í fyrirtækjum sem eru virt og mikils metin í samfélaginu.



**Sif Sigfúsdóttir**
**MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Þenslan í hagkerfinu virðist í rénun

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

„Er það versta yfirstaðið?“ spyr greiningardeild Landsbankans í nýjustu úttekt sinni á stöðu efnahagsmála og skuldabréfamarkaðar. Bankinn bendir á að þenslan í hagkerfinu virðist vera í rénun, enda hafi gengislækkun krónunnar fyrr á árinu sett af stað aðlögun sem virðist þegar vera farin að skila árangri. Í kjölfarið hefur fylgt jákvæðara viðhorf markaðsaðila.

Í skýrslu greiningardeildarinnar er engu að síður bent á að þrátt fyrir minnkandi vöxt innlendrar eftirspurnar sé viðskiptahallinn enn mjög mikill. „Það verður ekki fyrr en á næsta ári sem gera má ráð fyrir umtalsverðum breytingum til hins betra á þessu sviði,“ segir í skýrslunni, en þó talið að verðbólga muni fara minnkandi og fremur lítil hætta talin á að hún verði 8 til 10 prósent næstu 12 mánuði líkt og gert var ráð fyrir um tíma. „Þrátt fyrir að endurnýjun kjarasamninga nú í sumar hafi kallað á nokkra hækkun launa, vegur fyrirsjáanlegur samdráttur í lykilgreinum eins og byggingariðnaði upp á móti og dregur mjög úr hættunni á að almennt launaskrið fari af stað af fullum krafti. Því tilviðbótar er mikilvægt að taka með í reikninginn að nú þegar fasteignamarkaðurinn er tekinn að kólna mun fasteignaliður vísitölu neysluverðs ekki lengur kynda undirverðbólgunni, heldur fremur virka til lækkunar.“

Landsbankinn telur að innlausn svokallaðra jöklabréfa í næsta mánuði muni að líkindum hafa óveruleg áhrif til lækkunar á gengi krónunnar vegna þess að viðhorf markaðsaðila á gjaldeyrismarkaði hafi snúist krónunni í hag. „Væntingar um óbreytta eða jafnvel enn harðari peningastefnu auka einnig líkurnar á því að krónan styrkist frá því sem nú er. Slík framvinda dregur ennfrekar úr verðbólguþrýstingi með svipuðum hætti og gerðist á árunum 2002 til 2003 þegar krónan styrktist eftir að hafa fallið mikið á árunum 2000 til 2001.“

Þá er bent á að ávöxtunarkrafa ríkisbréfa hafi náð hámarki í júlí og muni hún halda áfram að lækka á næsta ári. Um leið er talið að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa nái hámarki síðar á árinu. „Við reiknum með að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa nái hámarki þegar að dregur úr verðbólgu á fjórða ársfjórðungi,“ segir bankinn.



**FUNDUR UM EFNAHAGSMÁL** Núna er heldur betra hljóð í mönnum en í apríl þegar myndin hér að ofan var tekin á fundi með fulltrúum Danske bank, sem þá höfðu nýlega birt mikla hrakspá um efnahagsmál hér.

SPÁKAUPMAÐURINN

## Svangur með fulla kistu

Svona eftir á að hyggja var þetta fínt sumar. Ég var að verða vitlaus á veðrinu og því að það var ekkert vit á að fara inn á markaðinn. Nú er maður aftur farinn að láta peningana vinna og frystikistan full af laxi. Ég er einfaldlega ekki týpan sem sleppir því sem veiðist. Það stríðir gegn eðli mínu.

Þetta er reyndar að verða þannig við árnar að maður laumast burt með aflann. Hinir allir fyrst og fremst þarna til að sýna einhverja akróbatík með stöngina. Ef maður væri ekki undir þessum félagslega þrýstingi með fluguna myndi maður bara nota spún eða maðk. Þá yrði maður hins vegar utangarðsmaður í hópnum.

Dinnerarnir og drykkjan eru fín leið til að kynnast mönnum betur og efla sambönd sín. Það er það sem gerir þrúgandi leiðindin í ánni þess virði að mæta. Ég hef grætt helling á því að fara í laxveiði.

Nú er bara að vona að maður torgi aflanum í vetur. Svo gefur maður ættbálknum, sem á varla bót fyrir boruna, eitthvað í soðið.

Markaðurinn er enn á siglingu, en nauðsynlegt að fylgjast vel með svo maður geti stokkið út í tíma þegar hann fer að hökta á ný. Ég er viss um að við eigum eftir að sjá hann hökta áður en aðlögun hagkerfisins er úti. Krónan hefur verið að styrkjast og ekkert vitlaust að raða sér pínulítið inn á erlenda markaði. Bandaríkjamarkaður hefur verið að hressast og ekkert vitlaust að stilla sér þar upp í einhverju góðu potentiali. Kannski að maður fari aftur að kíkja á deCode. Þar tók maður sprett þegar gengið fór niður fyrir tvo dollara og stökk svo út á fimmföldun. Kannski að maður bíði samt aðeins þar eftir meiri fréttum. Ég er samt ekkert frá því að þeir eigi eftir að ná sér á strik, þótt það taki smá tíma.

Eftir sveltið í sumar er maður allavega búinn að fá lystina á ný. Það er heldur ekki ónýtt að hafa haft vit á því í sumar að fylla kistuna. Notað stýrivextina og stökkva svo inn til að taka smá kúf í hækkuninni nú. Svoleiðis gera bara þeir sem kunna að veiða og hirða.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




4 RÉTTA VEISLUR
Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!

4ra rétta veisla
LAXATARTAR
með sýrðum rjóma og hrærðu eggi
HVALUR
með piparsósu og basilkartöflumauki
LAMBA-TVENNA
hryggur og skanki með tómötum, ólífum og fáfnisgrasi
LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu
6.350 kr.

Perlur hafsins
HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum
REYKT ÝSA
með smjörsteiktum vorlauk og blómkálsmauki
FISKI-TVENNA
ferskasta sjófang hverju sinni
LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk með vanillufroðu
5.950 kr.

4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið. Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli.

Villbráðarhlaðborð
19.október – 22.nóvember
Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.
Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.
Aðeins 6.590 kr.
Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590 kr.

Jólahlaðborð
23.nóvember – 30.desember
Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!
Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.
Aðeins 6.250 kr.
Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250 kr.

PERLAN
Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is






**ALBERT ÞÓR MAGNÚSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ATLANTSOLÍU** Albert segir Atlantsolíu hafa mætt mikilli mótstöðu þegar fyrsta bensínstöð fyrirtækisins var opnuð í Kópavoginum.

**„Ég held það hafi munað sjö krónum á bensínverðinu í Kópavogi og Reykjavík þegar mest var. Þeir ætluðu sér að hrekja Atlantsolíu út af markaðnum."**

# Breytt landslag á olíumarkaði

Atlantsolía rekur átta bensínstöðvar. Fyrirtækið hóf sölu á bensíni í desember 2003 og hefur síðan fest sig í sessi sem valkostur við stóru olíufélögin. **Albert Þór Magnússon**, nýráðinn framkvæmdastjóri, segir olíufélögin hafa sett stein í götu Atlantsolíu í upphafi og er ekki viss um að þau hafi að fullu látið af gömlum starfsháttum. *Jón Skaftason* heimsótti höfuðstöðvar Atlantsolíu í Kópavogi.

Atlantsolía er fjórða olíufyrirtækið í landinu, stofnað í júní 2002. Fyrirtækinu var upphaflega ætlað að selja eldsneyti til verktaka og útgerðarinnar. Það breyttist þó í desember 2003 þegar Atlantsolía keypti lóð við Kópavogsbraut 115; þar sem fyrir var eina sjálfstætt starfandi bensínstöðin á höfuðborgarsvæðinu. „Það vildi svo til að eigendur Atlantsskipa fóru gjarnan og keyptu sér pylsu á staðnum. Þeir spurðu síðan einhverju sinni í hálfgerðu gríni hvort þeir mættu ekki kaupa stöðina og það varð úr," segir Albert Þór Magnússon framkvæmdastjóri.

Í fyrstu var eingöngu selt dísileldsneyti en í byrjun janúar 2004 var bensíni bætt á vörulistann. Albert segir söluna hafa tuttugufaldast við það eitt að breytt var um merki á bensínskúrnum. „Við fluttum bensínið fyrst inn í tuttugu og fimm þúsund lítra tönkum. Fyrsta sendingin kláraðist síðan á fjórum dögum en átti upphaflega að endast í fjórar vikur. Ég held að þessar móttökur beri vott um þann hug sem fólk ber til Atlantsolíu."

### OLÍUFÉLÖGIN VIÐ SAMA HEYGARÐSHORN

Samráðsmálið fræga hófst í desember 2001 með húsleit lögreglumanna í höfuðstöðvum olíufélaganna; Olís, Esso og Skeljungs. Albert segir Atlantsolíu alls ekki hafa átt að vera einhvers konar mótsvar við því. Atlantsolía hefði orðið til hvað sem öllum málaferlum liði. Hann segir stofnendur fyrirtækisins, þá Guðmund Kjærnested og Bandaríkjamanninn Brandon C. Rose sem þá ráku Atlantsskip, hafa rekið sig á þann gríðarlega mun sem var á verði eldsneytis hér á landi og erlendis. „Stóru olíufélögin sváfu svolítið á verðinum. Þau höfðu kannski ekki trú á að pláss væri fyrir fleiri á markaðnum. Vegna þekkingar eigendanna á flutningum var möguleiki á að koma fyrirtækinu á stofn með því að flytja olíu inn í minni einingum en áður þekktist."

Albert segist þó ekki neita því að sú velvild sem Atlantsolía njóti meðal fólksins í landinu sé að einhverjum hluta til komin vegna samráðsmálsins. „Það er alveg ljóst að við erum ekki þar sem við erum í dag nema vegna þess að okkur hefur verið afskaplega vel tekið. Samráðið hefur auðvitað mikið um þetta að segja. Við erum að veita samkeppni þar sem hennar naut ekki við áður."

Atlantsolía mætti að sögn Alberts mikilli mótstöðu þegar fyrsta bensínstöðin var opnuð í Kópavoginum. Olíufélögin hafi brugðist við með miklum verðlækkunum í Kópavogi. Verðið hafi hins vegar verið óbreytt í Reykjavík „Ég held það hafi munað sjö krónum á bensínverðinu í Kópavogi og Reykjavík þegar mest var. Þeir ætluðu sér að hrekja Atlantsolíu út af markaðnum."

Albert er ekki viss um að gömlu olíufélögin hafi fallið að fullu frá fyrri starfsháttum. Í það minnsta hafi þau enn samráð um marga þætti rekstursins; til að mynda um flutninga, dreifingu og birgðageymslu. „Ég var nú á siglingu út fyrir Örfirisey í gær og sigldi framhjá birgðastöð olíufélaganna. Þar er það meira að segja svo slæmt að einn tankurinn er bæði með merki Esso og Olís. Við erum eina olíufélagið sem starfar algerlega sjálfstætt; frá því að kaupa vöruna frá Gulf í Hollandi, til dreifingar og geymslu."

### KOSTAR MIKLA ÞOLINMÆÐI

Atlantsolía er í eigu nokkurra íslenskra og erlendra manna. Þeir Guðmundur Kjærnested og Bandaríkjamaðurinn Brandon C. Rose fara fyrir eigendahópnum. Guðmundur og Rose eru gamlir félagar, voru saman í háskóla í Bandaríkjunum og stofnuðu á sínum tíma Atlantsskip. Rose-fjölskyldan er mjög fjársterk, rekur meðal annars verktakafyrirtæki í Bandaríkjunum, og kemur fjármagnið að stærstum hluta þaðan. „Það þarf mikið fjármagn til að koma inn á olíumarkaðinn. Byrjunarkostnaðurinn er gríðarlegur og menn þurfa að sýna þolinmæði. Þetta er ein ástæða þess að mögulegt var að fara af stað með verkefnið. Það stóð fjársterkt fólk að baki," segir Albert framkvæmdastjóri.

Albert segir að fyrst nú sé Atlantsolía að komast yfir erfiðasta hjallann. Fyrirtækið hafi skilað tapi í fyrra en búist sé við að reksturinn verði réttu megin við núllið á þessu ári. „Reksturinn fer að verða hagkvæmur og við höfum komið fyrirtækinu á þann stað að það geti skilað hagnaði. Við kjósum nú samt að halda tölum úr rekstrinum út af fyrir okkur."

Stofnendurnir voru þó aldrei á þeim buxunum að gefast upp. „Ég hef nú unnið hér í skamman tíma en þekki eigendurna þó nægilega vel til að vita að ef þeir byrja á einhverju þá klára þeir það," segir Albert. Hann segist jafnframt vita til þess að ýmsir hafi borið víurnar í Atlantsolíu. Aldrei hafi þó komið til greina að selja.

Atlantsolía rekur nú átta bensínstöðvar; fjórar í Reykjavík, tvær í Hafnarfirði, eina í Reykjanesbæ og aðra í Kópavogi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Vesturvör í Kópavogi. Albert segir að undirbúningur sé hafinn að opnun stöðvar á Akureyri, auk þess sem nýlega hafi fengist byggingarleyfi á Selfossi. Hann segir þó stefnt að því að opna sem allra víðast. „Við erum í viðræðum við bæjarstjórnir um allt land. Okkur hefur víðast hvar verið tekið vel, þótt vissulega sé erfiðara að velta sumum þúfum en öðrum."

### BREYTT LANDSLAG

Albert segir viðskiptamódel Atlantsolíu alveg laust við að vera flókið; fyrst og fremst eigi að vera einfalt og hagkvæmt að versla við Atlantsolíu. „Við bjóðum besta verðið, staðsetning bensínstöðvanna á að vera þægileg og viðskiptavinunum á að þykja einfalt og gott að versla við okkur."

Hjá Atlantsolíu starfa nú sextán manns og fer starfsmönnum hratt fjölgandi. Albert segir þó að allri yfirbyggingu sé haldið í lágmarki. „Húsnæðið leigjum við af Pennanum. Þú sérð ekki neina fossa eða eitthvað skraut hérna á skrifstofunni. Við leitum allra leiða til að halda kostnaði í lágmarki."

Nýlega hóf Atlantsolía að bjóða viðskiptavinum sínum svokallaðan dælulykil. Lykillinn er beintengdur við greiðslukort og er einfaldlega beint að þar til gerðum skynjara. Þannig geta viðskiptavinir Atlantsolíu tekið bensín án þess að taka nokkurn tíma upp veskið. „Þetta er alveg nýr möguleiki og í samræmi við þá stefnu okkar að einfalt og hagkvæmt sé að versla við Atlantsolíu. Stór hluti viðskiptavina okkar sýnir mikla hollustu og verslar helst ekki annars staðar. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að einfalda þeim lífið."

Atlantsolía hóf almenna sölu á bensíni fyrir rétt tæpum þremur árum. Albert segir ekkert fararsnið á fyrirtækinu. „Það er breytt landslag á þessum markaði. Við erum komnir til að vera, sú staða sem áður var uppi, sú framlegð sem gömlu olíufélögin unnu á, varir ekki lengur."

Sjón er sögu ríkari...!

# Útsala

## Komdu og gerðu frábær kaup...



Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með leðri/fætur: krisub.,hnota, svart
Verð áður kr. 16.500.-
Verð nú kr. 12.900.-

Verðdæmi: Vandaðir borðstofustólar með slitsterku ákl./ljósir fætur
Verð áður kr. 15.900.-
Verð nú kr. 10.000.-

Sófasett, stakir sófar, hornsófar, svefnsófar, borðstofusett, hvíldarstólar, skenkar, stakir stólar, o.fl.o.fl...



Úrval af borðstofuhúsgögnum



Verðdæmi:
Vandaður leðurtungusófi
Verð nú kr. 99.000.-







Leður eða áklæði



Verðdæmi: Sófasett 3+1+1
Verð áður kr. 198.000.-
Verð nú kr. 99.000.-



Verðdæmi: Mjög vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri
Verð áður kr. 419.000.-
Verð nú kr. 249.000.-



Verðdæmi: Mjög vandað hornsófi með tungu og þykku nautaleðri
Verð nú kr. 119.000.-

**Opið Virka daga kl.10-18**
**Laugard. kl.11-16**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**www.valhusgogn.is** Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

# Norrænir bankar standa betur

Norrænir bnkar eru hagkvæmari í rekstri og arðbærari en evrópskir bankar, að því er fram kemur í nýrri skýrslu sem seðlabankar Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa gefið út.

Hlutfall kostnaðar á móti tekjum árið 2004 var að meðaltali 54 prósent á Norðurlöndunum samanborið við 59 prósent í Evrópusambandslöndunum fimmtán (EU15) og arðsemi eigin fjár að meðaltali 17,6 prósent á Norðurlöndum miðað við 12,4 prósent í EU15-ríkjunnum. Í Vegvísi Landsbankans er bent á að fyrir Ísland hafi hlutfall kostnaðar á móti tekjum árið 2004 verið um 45 prósent og arðsemi eigin fjár 27 prósent.

Í skýrslunni er einnig horft til framtíðar norrænna banka, en þar eru nefnd nokkur atriði sem hafa muni langvarandi áhrif á bankakerfið, svo sem harðari samkeppni, að framtíðarvöxtur verði frekar utan Norðurlandanna og breytingar sem verði á aldurssamsetningu þjóðanna. - óká




Íslensk kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council

**Viðskiptatækifæri í Kína**
**Hópferð á 100. Canton vörusýninguna**

Íslensk–kínverska viðskiptaráðið efnir til hópferðar á Canton vörusýninguna í Kína ef næg þátttaka fæst. Sýning þessi er ein allra stærsta vörusýning sem um getur í heiminum og má fullyrða að ekki gefist betra tækifæri til viðskipta við Kína.

Canton sýningin er tvískipt og verður seinni hlutinn heimsóttur að þessu sinni. Á þeim hluta er megin áhersla lögð á neytenda- og gjafavörur ýmiskonar s.s. dagvörur, húsgögn, keramik, matvæli, húsbúnað, leikföng, klukkur og úr, skartgripi, skrautmuni, skrifstofurekstrarvörur, íþróttavörur og svo mætti lengi telja.

Flogið verður út 25. október og tveimur og hálfum degi varið á sýningunni. Þá verður flogið til aðal viðskiptaborgar Kína, Shanghai, helstu kennileiti skoðuð og skrifstofa Glitnis þar í borg heimsótt. Þeir sem það kjósa geta flogið heim frá Shanghai þann 31. okt en boðið verður upp á að framlengja ferðina til 5. nóv undir fararstjórn. Borgir sem m.a. verða heimsóttar eru Beijing, Xian og Guilan.

Fararstjóri verður Örn Svavarsson sem bjó um skeið í Kína og er vel kunnugur á þeim slóðum sem farið verður um.

Nánari upplýsingar um dagskrá ferðarinnar og fleira veitir: Guðmunda Smáradóttir, gudmunda@fis.is. S-588 8910. Ennfremur er bent á eftirfarandi heimasíðu: www.fis.is





**FULLUR SALUR AF FÓLKI** Um fjögur hundruð manns sóttu morgunverðarfund Glitnis. Á fundinum töluðu sérfræðingar Glitnis auk Þórðar Más Jóhannssonar, fyrrverandi forstjóra Straums-Burðaráss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spá mjúkri lendingu

**Sérfræðingar Glitnis spá tiltölulega mjúkri lendingu efnahagslífsins en þó ekki sársaukalausri með öllu.** Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, kynnti þjóðhagsspá bankans fyrir árin 2006 til 2010 á fjögur hundruð manna morgunverðarfundi á Grand Hótel. *Jón Skaftason* sat fundinn, sem bar yfirskriftina Horfur í efnahagsmálum.

Lítil hætta er á fjármálakreppu hér á landi að mati greiningar Glitnis, og líkur eru á mjúkri lendingu efnahagslífsins nú við lok þensluskeiðs. Sérfræðingar Glitnis spá 4,2 prósenta hagvexti á árinu sem er að líða og 0,3 prósentum árið 2007.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, sagði hraðan vöxt undanfarinna ára ekki hafa komið án aukaverkana, og hafa valdið ójafnvægi í formi verðbólgu langt umfram markmið og gríðarlegs viðskiptahalla. „Þetta ójafnvægi býður heim gagnrýni sem við fundum fyrir á fyrstu mánuðum þessa árs. Þá sannaði sig hins vegar að stoðir hagkerfisins eru traustar; heimili, fyrirtæki, og ríki standa öll vel.“




**INGÓLFUR BENDER Í PONTU** Forstöðumaður greiningar Glitnis kynnti þjóðhagsspá bankans fyrir fullum sal. Greiningin spáir 0,3 prósent hagvexti árið 2007 að því loknu taki hagkerfið við sér á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**DANSKA LEIÐIN ÓLÍKLEG**

Greiningardeild Glitnis slær raunar nokkra varnagla í spá sinni. Tekið er fram að þrjár leiðir komi til greina. Í fyrsta lagi áframhaldandi þensla, eða leið óhófs. Sú leið sé hins vegar ekki fýsileg þar sem slíkt kæmi niður á hagvexti til lengri tíma.

Í öðru lagi sú sem sérfræðingar Glitnis kalla dönsku leiðina; í því tilviki fylgi fjármálakreppa verulegum samdrætti. Leiðina nefna sérfræðingar Glitnis eftir hrakspá Danske Bank sem fram kom á vordögum. Greiningardeildin telur afar ólíklegt að upp komi fjármálakreppa hér á landi. Til þess séu stoðir hagkerfisins einfaldlega of traustar.

Þriðju leiðina, og þá sem sérfræðingar Glitnis telja að verði ofan á, nefna þeir holóttu leiðina. Þeirri leið fylgir skammvinnt skeið stöðnunar í landsframleiðslu, sem síðan færir hagkerfið að jafnvægi.

„Við reiknum með mjúkri lendingu og hún verður langt frá þeim hrakspám sem komu fram á fyrri helmingi ársins. Við höfum staðist þau áhlaup sem dunið hafa á íslensku efnahagslífi,“ sagði Ingólfur Bender og vísaði til þeirrar gagnrýni sem beint var að íslensku efnahagslífi erlendis frá. Hann bætti síðan við: „Horfur til lengri tíma eru afskaplega góðar og við getum enn bætt stöðu okkar í samfélagi þjóða.“

**VERÐBÓLGAN HJAÐNAR**

Greiningardeildin telur þó ekki að lendingin verði átakalaus með öllu. Kaupmáttur heimilanna komi til með að lækka tímabundið, eignaverð lækki, vanskil aukist og gjaldþrot verði tíðari.

Að aðlögunarferlinu afstöðnu skapast síðan að mati greiningarinnar ákjósanlegar aðstæður til frekari vaxtar. Segir hún að viðskiptahalli muni dragast hratt saman; verði orðinn um þrjú prósent í lok áratugarins. Þá verði verðbólga nálægt markmiðum Seðlabankans á árunum 2008 til 2010. Því er spáð að atvinnuleysi vaxi jafnt og þétt og nái jafnvægi kringum 3,4 prósent.

Greining Glitnis telur að hagkerfið taki við sér strax árið 2008. Spáð er tveggja prósenta hagvexti það ár og að vöxturinn aukist út áratuginn. Vöxturinn verði drifinn áfram af auknum útflutningi, viðsnúningi í fjárfestingu, vaxandi einkaneyslu, lægra vaxtastigi, hækkun eignaverðs og meiri bjartsýni.

Sérfræðingar Glitnis telja að verðbólgan hafi þegar náð hámarki og muni hjaðna skjótt á næsta ári. Greiningardeildin spáir því að markmið Seðlabankans um 2,5 prósent verðbólgu náist undir lok næsta árs. Á næstu árum megi síðan búast við óverulegri verðbólgu.

Gengi krónunnar er stærsti óvissuþátturinn þegar spáð er fyrir um verðbólgu. Greining Glitnis telur jafnvægisgengi krónu liggja í krónuvísitölu upp á 130 stig og er því spáð að það verði meðalgengi næsta árs, þótt gera verði ráð fyrir einhverjum sveiflum. Gengi krónunnar komi því til með að veikjast um fimm prósent frá því sem nú er.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR



STÓRÚTSALA Í ÁGÚST
20-70% AFSLÁTTUR
LÁGT VERÐ
Húsgögn afhend fullsamsett
Vínrekki 65x35x85
~~Verð áður 17.800~~
Verð nú 14.200
Skatthol 80x48x102
~~Verð áður 23.000~~
Verð nú 18.400
Consola 120x40x80
~~Verð áður 28.000~~
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
~~Verð áður 36.000~~
Verð nú 28.800
Diskarekki 62x24x76
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
~~Verð áður 5.800~~
Verð nú 4.600
Skápur á borð eða vegg 71x22x52
~~Verð áður 9.900~~
Verð nú 7.900
Veggskápur 50x21x69
~~Verð áður 13.900~~
Verð nú 11.000
Kommóða 85x40x96
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Glerskápur 49x39x180
~~Verð áður 39.000~~
Verð nú 31.000
Tvöfaldur glerskápur 107x40x184
~~Verð áður 68.000~~
Verð nú 54.500
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
CD standur 26x20x107
~~Verð áður 13.000~~
Verð nú 10.400
Kommóða 60x38x100
~~Verð áður 34.000~~
Verð nú 27.000
Hornskápur 67x40x180
~~Verð áður 33.800~~
Verð nú 27.000
Kertastjakar frá 1000.- kr
Glerskápur 60x36x182
~~Verð áður 44.000~~
Verð nú 35.000
Glæsilegt leðursófasett 3+1+1
Kynningarverð 159.000
Fæst einnig í: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði, Blómaborg Hveragerði og Draumalandi, Keflavík
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16



**KONA VIÐ VERSLUN** Konur telja að heimurinn væri betri staður ef þær væru við völd í stað karla.

# Telja heiminn betri í höndum kvenna

Niðurstöður nýlegrar könnunar sem gerð var í Suður-Afríku benda til að tæpur helmingur kvenna þar í landi tekur verslunarferðir fram yfir kynlíf. Konum finnst verri helmingurinn ekki skilja þær og margar telja að heimurinn yrði betri ef konur sætu í valdamestu embættum.

Í könnuninni, sem drykkjaframleiðandi nokkur í Suður-Afríku stóð fyrir og snerist um þrár og drauma kvenna, kom enn fremur fram um flestum konum, eða um 70 prósentum, finnst sem þær eigi ekki nóg af fötum. 49 prósent þátttakenda taka verslunarferðir fram yfir kynlíf og einu prósentustigi færri segja karla ekki skilja þrár þeirra og væntingar. Þá sögðu fjörutíu prósent þeirra að þótt karlar tækju sig á og reyndu að skilja þær bæri það iðulega lítinn árangur.

Frægð og frami birtist í draumum kvenna í Suður-Afríku. 78 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni sögðust dreyma um að vera boðið á Óskarsverðlaunahátíðina í Bandaríkjunum en 72 prósent dreymdi um að fá hlutverk í einhverri af sápuóperunum sem sýndar eru í sjónvarpi.

Konurnar virðast hins vegar ekki skrifa karlmenn hátt sem stjórnendur en 63 prósent þeirra telja að heimurinn væri betri og friðsamlegri ef konur væru við völd. - jab

# Stjórnendur plagaðir af vinnu sinni

Stjórnendur fyrirtækja geta illa slitið sig frá vinnunni og hafa af henni áhyggjur þegar þeir eru í fríi, samkvæmt könnun sem VR birti nýverið. Könnunin náði til nálægt því þrettán hundruð stjórnenda á vinnumarkaði hér.

Fram kemur að einn af hverjum fjórum íslenskum stjórnendum geti aldrei slitið sig frá vinnunni þó hann sé í fríi og nær sjö af hverjum tíu viðurkenna að þeir hafi oft eða stundum áhyggjur vegna vinnunnar í fríum.

Þá kemur fram að karlar taki fremur vinnuna með sér í fríið, 27 prósent þeirra segjast alltaf sinna einhverjum vinnutengdum verkefnum þegar þeir eru í fríi, á móti 17 prósentum kvenna.

„Ekki er hins vegar munur á kynjunum þegar spurt er hvort áhyggjur vegna vinnu sæki að fólki þegar það er í fríi, um 70 prósent af hvoru kyni segja að það gerist oft eða stundum en um þriðjungur að það gerist sjaldan eða aldrei. Spyrja má hvort þetta endurspegli mismunandi aðstöðu kynjanna utan vinnunnar, þ.e. að karlarnir hafi frekar svigrúm til að vinna í fríinu en konurnar," segir VR.

Sömuleiðis koma athyglisverðir hlutir í ljós þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar eftir menntun. „Því meiri sem menntunin er, því líklegra er að viðkomandi stjórnandi geti ekki skilið vinnuna eftir heima þegar hann fer í frí. Nær átta af hverjum tíu stjórnendum með doktorspróf segjast alltaf eða oft sinna vinnunni í fríinu en 60 prósent hjá öðrum menntahópum."



**SUMARFRÍ Á SÓLARSTRÖND** Ef karlinn á þessari mynd væri stjórnandi í íslensku fyrirtæki mætti álykta sem svo að yfirgnæfandi líkur væru á að hann hefði þarna með sér farsímann og sinnti vinnutengdum málum af ströndinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Könnunin var gerð meðal stjórnenda snemma í sumar og Invis ehf. hafði umsjón með framkvæmd hennar. Til stendur að birta niðurstöður könnunarinnar í heild í í október. - óká

## FÓLK Á FERLI

Lögmannsstofan Borgarlögmenn hefur verið stofnuð að Suðurlandsbraut 6 í Reykjavík. Auk eigenda starfar Valgerður Valdimarsdóttir á stofunni. Borgarlögmenn bjóða alla almenna lögfræðiþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, málflutning fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, gerð lögfræðilegra álitsgerða og umsagna. Vefsíða lögmannsstofunnar er www.borgarlogmenn.is.



**Ásdís J. Rafnar,** hæstaréttarlögmaður, stofnaði lögmannsstofu 1986 með Ingibjörgu Þ. Rafnar og síðar fleiri lögmönnum að Skeifunni 11a, Reykjavík og starfaði þar til 1999, er hún gerðist framkvæmdastjóri Læknafélags Íslands. Síðustu tvö árin eftir námsdvöl erlendis starfaði hún með lögmönnum Lögfræðiþjónustunnar í Húsi verslunarinnar. Ásdís hefur gegnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum og er nú m.a. formaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa.



**Hulda Rós Rúríksdóttir,** héraðsdómslögmaður, var fulltrúi á Lögfræðistofu Atla Gíslasonar hrl. frá 1. nóvember 2000 til 28. febrúar 2006. Hefur hún rekið lögmannsstofu frá 1. mars 2006. Hulda var fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík 1. september 1992 – 31. október 2000 og starfaði áður á Fasteignamiðstöðinni 1. febrúar 1991 – 1. febrúar 1992. Hulda kenndi erfðarétt sem stundakennari við Lagadeild Háskóla Íslands frá byrjun vorannar 1999 til loka vorannar 2005.



**Lára V.** Júlíusdóttir, hæstaréttarlögmaður, hefur rekið lögmannsstofu frá 1994. Hún hefur verið dómari í Félagsdómi, tilnefnd af ASÍ frá 2003 og verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 1997. Lára var lögfræðingur og framkvæmdastjóri ASÍ á árunum 1982 til 1994.



**Steinunn Guðbjartsdóttir,** hæstaréttarlögmaður, hefur rekið lögmannsstofu frá 1995 að Skeifunni 11a, Reykjavík. Áður starfaði Steinunn á lögfræðistofu Atla Gíslasonar, hrl. 1992-1995, við Borgarfógetaembættið, fulltrúi í skiptarétti Reykjavíkur 1988-1992 og með námi hjá lögreglunni í Reykjavík 1984-1988. Steinunn hefur kennt á námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Lögmannafélagi Íslands, m.a. um skipti dánarbúa, fjármál hjóna, óvígða sambúð, gjaldþrotaskipti og nauðasamninga. Steinunn hefur gegnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum. Hún er nú formaður úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir.



**Þórhildur Líndal,** héraðsdómslögmaður, var skipuð til að vera fyrsti umboðsmaður barna á Íslandi árið 1995 og gegndi því embætti í 10 ár. Áður hafði hún starfað í tæp 18 ár hjá hinu opinbera, við dómstól og í tveimur ráðuneytum, félagsmálaráðuneyti og forsætisráðuneyti. Þórhildur hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sem og félagasamtaka.



**Valgerður Valdimarsdóttir,** héraðsdómslögmaður, stofnaði lögmannsstofu árið 2003 og hefur starfað sem lögmaður óslitið síðan í samstarfi við Steinunni Guðbjartsdóttur, hæstaréttarlögmann. Stofan var áður til húsa að Skeifunni 11, Reykjavík, undir heitinu Lögmannsstofan Skeifunni. Áður starfaði Valgerður hjá Fulltingi ehf. - lögfræðiþjónustu árin 2002-2003 og hjá Sýslumanninum í Reykjavík 1998-2002, þinglýsinga- og skráningadeild og sifja- og skiptadeild. Með námi starfaði hún hjá sýslumanninum í Reykjavík frá 1995-1998 og sýslumanninum á Selfossi 1993-1994.

Vantar diskapláss?
HITACHI DATA SYSTEMS
Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!
Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina háþróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð. Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.
HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja. Nánari upplýsingar eru á: www.hds.com eða í síma 575 9200.
Verð 833.222* m.vsk
Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI
- Single Controller
- 2 x 2 ISCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur
iSCSI sameinar tvo samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjáfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.
HITACHI DATA SYSTEMS | TrueNorth Partner Gold
Tölvuþjónustan SecurStore - 575 9200
* Verð sem miðast við gengi DKK þann 24.08.06. Athugið að 19" skápur sem sýndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.





**BJARNI ÁRMANNSSON**

# Glitnir breytir til

Glitnir hefur breytt skipuriti bankans og stofnað sérstakt rekstrarsvið um þjónustuþætti á borð við upplýsingatækni, viðskiptaver, rekstrar- og launadeild. Þá verður sérstakt markaðsviðskiptasvið stofnað utan um markaðsviðskipti Glitnis í Reykjavík, Osló og Stokkhólmi.

Frank Ove Reite verður framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis, en hann hóf störf hjá bankanum árið 2004 eftir kaup á Kreditbanken í Noregi og hefur setið í framkvæmdastjórn bankans frá 2005. Finnur Reyr Stefánsson, sem starfað hefur hjá Glitni undanfarin níu ár, tekur við starfi framkvæmdastjóra markaðsviðskipta.

„Á síðastliðnum tveimur árum hefur Glitnir náð öflugum innri vexti á alþjóðlegum mörkuðum og lokið sjö yfirtökum. Við töldum því tímabært að gera breytingar til að skipulag bankans samrædist betur núverandi starfsemi," sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis. - jsk

# OUTLET 10

**+++ merki fyrir minna +++**

Faxafeni 10

## Full búð af nýjum barnafatnaði ...

**Ótrúlegt verð**

Vörumerkjalagerinn
**534 4450**
Faxafeni 10

Opið:
mán.- lau. 10.00-18.00
sun. 12.00-18.00

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**



## Hvar eru lækkanirnar?

Landssamband kúabænda sendi nýverið frá sér dálitla sneið á vef sínum og veltir fyrir sér hvort þeir sem selja bændum vöru og þjónustu muni ekki láta hagkvæma gengisþróun ganga jafnhratt inn í vöruverð og óhagkvæma. „Gengi krónunnar hefur styrkst talsvert undanfarnar vikur. Í júlíbyrjun var gengisvísitalan tæplega 133, við lokun markaða á föstudaginn var hún 123,“ segir hjá Landssambandinu og bent er á að ýmsar rekstrarvörur kúabænda hafi hækkað talsvert í verði á undanförnum mánuðum. „Hefur uppgefin ástæða jafnan verið óhagstæð gengisþróun. Í ljósi þessarar jákvæðu þróunar má því vænta verðlækkana á þessum vörum á næstunni,“ segir á vefnum.

## Staðið við stóru orðin?

Sitt sýnist hverjum um yfirlýsingar forsvarsmanna Árvakurs um að stefnt sé að skráningu á markað innan þriggja ára og þykja þeir nokkuð kokhraustir. Margar svona yfirlýsingar hafa verið gefnar út af stjórnendum íslenskra fyrirtækja í gegnum tíðina en yfirleitt verða fáar þeirra að veruleika. Flestar fuðra upp. Fyrir sjö árum síðan skrifaði Óli Björn Kárason, framkvæmdastjóri Viðskiptablaðsins, ritið „Valdablokkir riðlast“ þar sem skyggnst var inn í íslenskt viðskiptalíf. Þar velti Óli Björn fyrir sér stöðu Árvakurs og greindi frá því að samkvæmt sínum heimildum væri stefnt að skráningu Árvakurs á markað innan þriggja ára. Óli Björn skaut á þeim tíma á að markaðsvirði Árvakurs væri ekki undir 2,5 milljörðum króna.

## Endingarminni en rækjusamloka

Breski fjárfestirinn Gerald Ratner keppir nú við Baug um kaupábreskuskartgripaverslanakeðjunum H Samuel og Martin & Webb. Ratner þessi er hálfgerð goðsögn meðal skartgripasala í Bretlandi, ekki síst fyrir þær sakir að honum verður gjarnan fótaskortur á tungunni. Ratner er af gamalgróinni fjölskyldu úr skartgripabransanum og starfaði áður hjá fjölskyldufyrirtækinu, sem þá hét einfaldlega Ratners. Ratner var hálfpartinn útskúfað úr eigin fjölskyldu eftir að hann lét þau orð falla að afurðir Ratners væru „algert drasl“ og sagði rækjusamloku úr stórversluninni Marks & Spencer endast lengur en gulleyrnalokk frá Ratners. Þess þarf varla að geta að finna þurfti nýtt nafn á Ratners í snarhasti.



**2,4%** verðbólga mældist á evrusvæðinu í síðustu mælingu og hafði hún þá lækkað um 0,1 prósentustig frá fyrra mánuði. Samt er búist við að Seðlabanki evrópu hækki vexti í október.

**54,2** milljarðar króna er markaðsvirði hlutabréfanna sem Landsbankinn aðgreindi frá öðrum rekstri sínum, en þau hafa verið keypt til að verja bankann áhættu sem tengist framvirkum samningum.

**270** milljarðar króna er andvirði skuldabréfanna sem Glitnir banki hefur gefið út á árinu, en hann varð fyrstur bankanna hér til að ljúka endurfjármögnun sinni fyrir næsta ár.







Til leigu 182 fm raðhús í Lindarhverfi, Kópavogi. Uppl. í síma 899 9770.

3 herbergi til leigu fyrir skólafólk á sv. 101. Eldunar-, hreinlætis- og þvottaaðstaða. Leigutími 01/09/06-01/06/07. Leiga 40 þús. fyrir herb. Uppl. í s. 895 7780.

Lítið herb. m/mublum og aðgang að klósetti til leigu. Tilvalið fyrir skólafólk. Verð 20 þús. Uppl. í s. 557 8505 á milli 20-22. Leigist eingöngu reyklausum einstaklingum.

Til leigu 2 herb. íbúð á sv. 101. Verð 95 þús. Laus strax. Uppl. í s. 821 4577.

Notaleg nýstandsett 55 fm íbúð til leigu í Grundarhverfi, Kjalarnesi. Sanngjörn leiga. S. 691 2388 & 551 5247.

Til leigu 2ja herb. risíbúð í Kinnunum í Hafnafirði. Laus 1. sept. Uppl. í s. 822 0350.

Til leigu lítið herb. á sv. 105 fyrir róleg. og reglus. einstakl. með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 12.

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi,með aðgangi að eldhúsi og þvottahúsi,á leigu,helst nálægt miðbæ Reykjavíkur.uppl 849-4448

Óska eftir stúdíóíbúð fyrir 01. sept. á svæði 101, 105. Greiðslugeta 50-55 þús. Uppl. í s. 849 0372.

Reglusamur einstaklingur óksar eftir 2 herb, íbúð eða herbergi til leigu. Á verðbilinu 50-80 þús. áhugasamir hafi samband í síma 868 5945

Barnlausum hjónum bráðvantar íbúð á sv.101 fyrir 1.sept. Uppl. í s. 892 9837.

Vantar einstaklingsíbúð, gjarnan í úthverfi Rvk. fyrir sextugan einstakling. Edrú og reyklaus. Öruggar greiðslur, meðmæli. Uppl. í s. 847 5545.

Óska eftir 3ja herb. íbúð á höfuðborgarsv. til leigu. Uppl. í s. 862 1854 & 865 6476.

## Atvinnuhúsnæði

250 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Funahöfða. Stór innkeyrsluhurð og hátt til lofts. Uppl. í s. 699 5880.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir að legja bílskúr eða stað til að geyma mótorhjól. Hafið samband 659 2781, Óskar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Okkur vantar hressan, duglegan og jákvæðan starfsmenn í eldhús.**
**Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**
**Upplýsinga um starfið veiti Sophus s. 893 2323.**

**Hefur þú áhuga á fötum?**
**Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum í hópinn okkar, miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.**
**Skoðaðu www.clamal.is og hafðu svo samband við Sylvíu í síma 565 3900 eða 660 7401**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti (Hressó)**
**Vaitors needed part time and full time job. we are also looking for people to collect glasses over the weekends and for dishwash.. More information are aviable at Hressó Austurstræti 101 Rvk or send email to valdi@hresso.is**
**More information are aviable at Hressó Austurstræti 101 Rvk or send email to valdi@hresso.is**

**Konur ath!**
Handknattleiksfélag Kópavogs leitar eftir hressum konum til starfa í íþróttahúsum okkar, Digranesi og Fagralundi við baðvörslu. Um er að ræða vaktavinnu. Hlutastarf kemur til greina. Nánari upplýsingar gefa Birgir í síma 822-0333, birgirb@hk.is og Laufey í síma 570-4991, laufey@hk.is á skrifstofutíma.

**Leikskólinn Laugaborg skilastaða**
**Starfsmaður óskast strax. Vinnutími frá kl. 15.30-17.30. Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 553 1325 eða 693 9808.**

**Smiðir - Verkamenn**
**Tré Mót ehf óskar eftir að ráða smiði og verkamenn til starfa í Garðabæ og miðbæ Reykjavíkur. Upplýsingar veitir Brynjar í s. 899 6482 & Jón í s. 898 2062**

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
**Veitingahúsið Lækjarbrekka auglýsir eftir þjónanemum til starfa í veitingasal. Einnig getum við bætt við okkur aðstoðarfólki í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-4430 eða í gegnum tölvupós; info@laekjarbrekka.is. Upplýsingar eru einnig veittar á staðnum milli 14-17 alla daga**

**Kaffibrennslan Pósthússtræti 9.**
**óskar eftir yfirkokk, sem getur hafið störf sem fyrst. Einnig vantar okkur starfsfólk á Hótel Valhöll, Þingvöllum. Góð laun fyrir rétta aðila. áhugasamir geta skilað inn umsóknum á kaffibrennsluna eða á sara@brennslan.is**

**Íslandspóstur hf.**
**óskar eftir að ráða bréfbera til hressandi starfa við útburð og flokkun á pósti á höfuðborgarsvæðinu. Störfin losna í ágúst og september. Um er að ræða hluta- eða heilsdagsstörf. Aðeins unnið á virkum dögum. Bætt kjör með nýlegum samningum. Kannski leynist leynist starf nálægt heimili þínu. Aldurstakmark er 16 ára og eldri. Nánari upplýsingar í síma 580 1000.**

**Hjólbarðaþjónustan Lágmúla 9.**
**Óskum eftir að ráða laghentan starfsmann á þjónustuverkstæði okkar í Lágmúla 9. Upplýsingar í síma. 899 2844**

**Wilson pizza leitar eftir vönum pizzabakara.**
**Ertu með góða reynslu í pizzabakstri ? Vantar þér vinnu/ert þú í vinnu og ert ósátt/ur við vinnutíma og laun ? Wilson pizza býður uppá sveigjanlegan vinnutíma og góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza. Gnoðarvogi 44 eða í síma 581 1515.**

**Sportbar.is**
**Starfsfólk óskast í kvöld og helgarvinnu á Sportbar Hverfisgötu 46. 20 ára og eldri. Upplýsingar gefur Ásta í s. 865 6202.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Kaffi Mílanó**
**Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður. Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.**

**Dagvinna-Subway Hringbraut**
**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða eyglo@subway.is. Nánari upplýsingar í síma 530 7004.**

**Dagvinna-Subway Borgatúni**
**Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 11-15, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar gefur Heiða í s. 696 7011.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 07:00 - 13:00 eða frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.**

**Helgarvinna**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.**

**Veitingahúsið Vegamót**
**óskar eftir hressum þjónum í fullt starf og hlutastarf í vetur. Uppl. á staðnum eða á vegamot@vegamot.is**

**Uppvaskari/dishwasher**
**óskast í NK Kaffi Kringlunni Upplýsingar á staðnum s. 568 9040 & 693 9091.**

**Leikskólinn Brekkuborg.**
**Óskum eftir leikskólakennara/leiðbeinenda í leikskólann Brekkuborg Grafarvogi í 100% starf. Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Leikskólinn Brekkuborg.**
**Óskum eftir aðstoðarmanni í eldhús í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi í 75% starf, vinnutími 10.30-16.30 Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Europris, Starfsfólk óskast, uppl. sima 511 3322 og 533 3360, Europris

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. vinnutími er frá kl 07-13/13-18.30. einnig er unnið aðra hverja helgi. áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 864 7887.

Lítið hótel í Reykjavík leitar eftir fólki í þrif frá 01. sept. Hentar vel með skóla. Vinsamlegast sendið umsókn ásamt feriskrá til alfa@hotelvik.is.

**Atvinna atvinna**
Vantar kassastarfsfólk, deildarstjóra í metravöru og deildarstjóra í baðdeild í rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Óska eftir bílstjóra með meirapróf, vanan akstri í Rvk. Uppl. í s. 894 5476, Alhliða Flutningaþjónustan.

**Starfsfólk óskast.**
Óskum eftir starfsfólki á besta aldri í framtíðarstarf. Kvöld og dagvinna í boði. Upplýsingar í síma 575 1500.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Okkur vantar kokka og þjóna í sal á kvöldin og um helgar á BanThai Veitingahús. S. 896 3536.

Óskum eftir að ráða vanan gröfumann sem getur unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 893 2000.

**Sólbaðstofa**
Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

**Bakaríið Kornið**
Starfsfólk óskast í Bakaríið Kornið - Hjallabrekku 2. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

**Gröfumaður**
E.R. Gröfur óska eftir að ráða vélamann á beltagröfu til vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 892 1301.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Ekki yngri en 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. This is a future job for people older then 25. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560.

Veitingastaður í miðborginni óskar eftir starfsmanni í eldhús í dagvinnu frá 11-17. Ekki skilyrði að vera faglærður. Uppl. í s. 692 1434.

Hviða ehf auglýsir. Beitningafólk óskast, mjög góð aðstaða í Garði, naglalína öll ný. Aðeins vant fólk kemur til greina. Uppl. gefur Jón Steinar í s. 895 7222.

Starfskraftur vanur afgreiðslu óskast í grillsjoppu í hverfi 110 milli kl. 16-19, 2 kvöld í viku. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 898 1534 & 567 9999.

## Viðskiptatækifæri

**Splunkunýtt viðskiptatækifæri**
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Þessum Nissann Patrol jeppa árgerð 1993 var stolið frá Norðlingaholti 28. ágúst, s.l. Hann er með spil í framstuðara, kastara og þokuljós að framann, stiga á afturhlera, Orginal toppgrind, litað gler og merktur í hliðargluggum að aftan Loftræstiþjónustan. Ef þú sérð þennan bíl hringdu í s. 444 1000.

## Tilkynningar

Vinnuvélaeigendur athugið. Í dag klukkan 10 verður kynning hjá Aðalflutningum á Egilsstöðum og klukkan 15 hjá Heklu á Reyðarfirði. Vélasvið Heklu.

Gerðu þér glaðan sunnudag og kíktu í heimsókn í Mecca Spa. Kynntu þér málið á meccaspa.is

Harpa Sjöfn heitir nú Flugger litir.

Þú setur þér markmið, við sýnum þér leiðina. Díeta, lífstílsnámskeið Mecca Spa. Meccaspa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál







**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Ung kona með mikinn áhuga á samneyti kynjanna og töluverða sýniþörf hefur hljóðritað athygliverða auglýsingu þar sem hún kemur á framfæri ósk sinni um að kynnast karlmanni. Auglýsinguna má heyra hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl. nr. 8761.

Símaspjall við yndislegu dömurnar á Rauða Torginu. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535-9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Góður, sparneytinn og ódýr skólabíll! Til sölu Hyundai Accent, árg. '98, ekinn um 115 þ, lítillega skaðað húdd en annars mjög gott eintak. Skoðaður '07. Verðhugm. 159 þús stgr. Uppl. í síma 897 9738.

**Símaspjall 908 6666.**
Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

## Leikir

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.






NÝTT OG BETRA GRAS...
EKKERT GERVIGRAS!
WWW.GRAS.IS




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

allt tilboð
Alla föstudaga

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

BM ráðgjöf
www.bm.is
**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

Hef opnað sálfræðistofu að Skúlatúni 6, 105 Reykjavík

Veiti ráðgjöf og meðferð fyrir einstaklinga og pör. Áhersla á hugræna atferlismeðferð við þunglyndi, kvíða, sorg og depurð. Veiti einnig meðferð við kynlífsvandamálum, s.s. dvínandi kynlífsáhuga og öðrum kynlífserfiðleikum.
Cecilia Steinsen, Cand. Psych., Sálfræðingur
Skúlatúni 6, 3.hæð. 105 Reykjavík
Tímapantanir alla virka daga í síma 866 4943
eða með tölvupósti á netfangið cecilia@simnet.is

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.
**FORVAL**

## Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.
### Húsgögn á biðsvæði farþega

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í forvali vegna kaupa á húsgögnum á brottfararsvæði flugstöðvarinnar. Um er að ræða bekki, stóla og borð fyrir alls 700 manns.

Forvalsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 29.ágúst 2006 á skrifstofu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. á 3.hæð í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli svo og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík. Hægt er að óska eftir gögnum á rafrænu formi.

Umbeðnum upplýsingum skal skilað á skrifstofu FLE hf. eigi síðar en fimmtudaginn 21.september 2006 kl. 11:00. Allt að 5 hæfustu umsækjendunum verður gefinn kostur á að taka þátt í tillögugerð um húsgögn og húsgagnaval.

235 Keflavíkurflugvöllur | Sími 425 0680 | Fax 425 0690 | www.airport.is



**Vantar ykkur heimilislega, skammtíma gistingu fyrir erlenda gesti?**
Höfum í boði snyrtilegar 2ja herbergja íbúðir í hjarta borgarinnar.
Íbúðirnar eru búnar öllum helstu þægindum og þráðlausri nettengingu.
Uppl. í síma 690 9447 eða **www.this.is/theplace**




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

## Café 17

Við leitum eftir starfsmanni á Café 17, Lítið og vinalegt kaffihús á Laugavegi 91. Vinnutími 9 - 17

Umsóknir liggja fyrir á skrifstofu, efstu hæð Laugavegi 91 eða sendist á helga@ntc.is

**Café 17**
Laugavegi 91, s. 512 1700

## Hlíðaskóli

**Kokkur eða matráður óskast í fullt starf í nemenda- og starfsmannaeldhús Hlíðaskóla. Um er að ræða fullt starf.**

Einnig er óskað eftir skólaliða til starfa í mötuneytinu.

Vinnutími er frá klukkan 8:30 til 14.

Upplýsingar gefa Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 664 8225 og 552 5080 og Ingibjörg Möller aðstoðarskólastjóri í síma 664 8229 og 552 5080.

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

## Viltu vinna með konum?

Við leitum að duglegu, skapgóðu og þjónustulunduðu fólki í eftirtalin störf:

- Móttaka – afgreiðsla
- Barnagæsla
- Einkaþjálfun

Hlutastörf koma einnig til greina. Umsóknir sendist á netfangið **anna@jsb.is**. fyrir 5. september n.k. Nánari upplýsingar í síma 581 3730.

## SÖLUFÓLK ÓSKAST

Við leitum að duglegu, hressu og áræðanlegu sölufólki í fullt starf í verslanir okkar í Kringlunni og Laugavegi 91.

Umsóknir liggja fyrir á skrifstofu, efstu hæð Laugavegi 91 eða sendist á helga@ntc.is

galleri sautján
s. 512 1700 - www.ntc.is

## Ert þú sölumaður fasteigna

RE/MAX Stjarnan leitar af harðduglegum sölumönnum, reynsla á sölu fasteigna er kostur.

Guðrún tekur á móti áhugasömum alla virka daga 10:00 - 12:00, frekari uppl. í síma 697-3629.

RE/MAX STJARNAN

**Global-tæki ehf**
– þú ert með heiminn í hendi þér

## Verkstæðismenn óskast

Óskum eftir verkstæðismönnum til starfa í fjölbreytt og lifandi störf við standsetningu tækja, viðgerðir, akstur á dráttarbíl og fleira

*Nánari upplýsingar í síma 544-2090*

Global-tæki ehf

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Mötuneyti

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmann í mötuneyti fyrirtækisins að Síðumúla 34 vinnutími frá kl. 7.30 - 16 virka daga

**Umsóknarfrestur er til 1. sept n.k.**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjör í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 08:00 til 16:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess
**www.ferskar.is.**

## *Síðsumarsrölt*

**Næstkomandi miðvikudag 30. ágúst 2006 kl. 17.30 mun Umhverfisráð Kópavogs standa fyrir léttri göngu í Kópavogi. Gengið verður frá Kópavogskirkju að tjörninni í Kópavogsdal.** Með í ferð verða valinkunnir fróðleiksboltar, þeir Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Bæjarskipulags Kópavogs, Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs, Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogs og Björn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri tómstunda- og menningarsviðs Kópavogs en þeir munu fræða göngufólk um það sem fyrir augu ber.

Að lokinni göngu verður þátttakendum boðið upp á grillaðar pylsur og gos við tjarnarbakkann.

Gangan hefst kl: 17:30 eins og áður sagði og gengið verður yfir Borgarholt og Rútstún, niður Urðarbraut og meðfram Kópavogi að tjörninni í Kópavogsdal.

Þeir staðir sem sérstaklega verður fjallað um á leiðinni eru; Borgarholt, Rútstún, Kópavogsleirur, Kópavogstún, Þinghóllinn og tjarnarsvæðið.

Þetta er gott tækifæri fyrir bæjarbúa til þess að kynna sér nokkrar af náttúruperlum bæjarins bæði sögulegar og náttúrulegar og eru bæjarbúar hvattir til að koma og eiga góða stund í fallegu umhverfi með frábærum leiðsögumönnum.

Umhverfisráð Kópavogs

FASTEIGNASALAN GIMLI **570 4800**
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

## ÁSVALLAGATA MEÐ BÍLSKÚR



Sérlega sjarmerandi, björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 1. hæð auk bílskúrs. Íbúðin er skráð 76,9 fm og bílskúr 22,9 fm. Innan íbúðar er stórt og rúmgott svefnherbergi með góðu skápaplássi. Tvær samliggjandi stofur með fallegri rennihurð á milli. Í heild er um að ræða all sérstaka og eftirsótta eign í vesturbænum, lofthæð er yfir meðallagi. Margt hefur fengið að haldast upprunalegt í íbúðinni eins og t.d. hurðar, gipslistar og rósettur sem setja sterkann svip á íbúðina. Fallegur garður með næturlýsingu, frábær staðsetning í einu eftirsóttasta hverfi Reykjavíkur. **Verð 29,5 millj.** Íbúðin getur verið laus í nóv.

## LJÓSVALLAGATA - SÉRINNG.



Sérlega falleg, björt og afar sjarmerandi 74,4 fm íbúð með sérinngangi. Innan íbúðar eru 2 svefnh., annað inn af forstofugangi og hitt inn af stofu. Forstofa flísalögð, fatahengi, inn af forstofu er tengi fyrir þvottavél. Eldhús með hvítri innréttingu, innb. uppþvottavél fylgir með, borðkrókur. Baðherbergi flísalagt, sturtuklefi. Stofan er björt og rúmgóð, snýr út í garð. Garðurinn er afgirtur, sameiginlegt bakhús. Afar falleg og mikið endurnýjuð íbúð á eftirsóttum stað í næsta nágrenni við Háskóla Íslands. **Verð 18,8 milj.**

## FREYJUGATA - SÉRINNGANGUR



Frum

Sérlega falleg, vel skipulögð og björt 2ja herb. íbúð á 1. hæð með sérinngangi frá Baldursgötu. Forstofan er flísalögð. Eldhús með fallegri innréttingu, opið að hluta í stofu. Svefnkrókur inn af holi. Fallegt baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi, innrétting og tengi fyrir þvottavél. Sérgeymsla 7,2 fm í kjallara. Það er parket á stofu, eldhúsi og svefnkróki, flísar á forstofu og baði. Í heild sérstaklega falleg og mikið endurnýjuð íbúð á eftirsóttum stað með mikilli lofthæð, 3,25 metrar. **Verð 13,9 millj.** áhv. 7,5 millj. húsbr.

## HOFTEIGUR



Sérlega falleg, björt og velskipulögð 3ja herb. íbúð á 2 hæð með suðursvölum. Innan íbúðar eru tvö mjög rúmgóð svefnherbergi, hjónaherbergi með fataskáp. Hægt að opna á milli barnaherbergis og stofu og nota sem borðstofu. Eldhús með uppgerðri sjarmerandi innréttingu og borðkrók. Baðherbergi, nýlega endurnýjað, flísalagt í hólf og gólf. Stór og rúmgóð stofa, úr stofu er gengið út á suðursvalir. Parket á öllum gólfum nema baði og eldhúsi.
**Verð 20,7 millj.**

## FROSTAFOLD MEÐ BÍLSKÚR



Sérlega vel skipulögð, björt og afar rúmgóð 4ra herb. endaíbúð á 3 hæð ( efstu ) með glæsilegu útsýni af stórum vestursvölum. Gluggar á þrjá vegu, Íbúðinni fylgir fullbúinn bílskúr. Innan íbúðar eru 3 svefnherbergi, öll ágætlega rúmgóð, öll með fataskáp. Sérþvotahús innan íbúðar. Baðherbergi á svefnherbergisgangi, flísalagt í hólf og gólf, baðkar, innrétting og gluggi á baði. Það er parket á allri íbúðinni nema forstofu og baði, en þar eru flísar. Járn á þaki og þakrennur yfirfarið 2005, og hús sílanborið að utan. Járn á þaki á bílskúrum og gluggar á öllu húsinu málaðir árið 2005. Staðsetning mjög góð, stutt í verslunarkjarna, skóla, leikskóla og aðra þjónustu. **Verð 24,9 millj.**

## MÖÐRUFELL - LAUS STRAX



Sérlega falleg og björt 3ja herb. 78,2 fm íbúð á 2. hæð með stórum vestursvölum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, innrétting og sturtuklefi. Rúmgóð svefnherb. Eldhús með kirsuberjainnréttingu. Stór stofa, nýtist einnig sem borðstofa. Parket og flísar á gólfi. ÁHVÍLANDI 12,5 M. MEÐ 4,15% VÖXTUM, GR.BYRÐI UM 67 ÞÚS .PR. MÁN. **Verð 14,9 millj.**

## Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir umsóknum um styrk.

Tilgangur sjóðsins er að veita ungu tónlistarfólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms. Styrkurinn verður veittur í janúar 2007 og verður að upphæð kr. 500.000.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík fyrir 29. september nk. Netfang: ***rotary@simnet.is.***

## FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

### Til sölu - Ægisvellir 1 230 Keflavík

Frum



Fasteignakaup kynnir sérlega glæsilegt 165 fm parhús við Ægisvelli í Keflavík þar af 45,3 fm innbyggður bílskúr. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og bílskúr. Bílaplan: Er hellulagt og hellulögð verönd framan við húsið. Sólpallur: Á stórri hornlóð hússins er sérlega góður sólpallur. Afh. eignar: Fljótlega. Verð: 34,9 millj.

***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***

***Nánari uppl. gefur Guðmundur Valtýsson gsm 865 3022***

***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

## Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing
### Nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

**Vesturlandsvegur – Hallar.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir atvinnusvæði í Höllum, sem afmarkast af Vesturlandsvegi til vesturs, svæði fyrir gróðrarstöðvar til suðurs, fyrirhuguðum Úlfarsfellsvegi til norðurs og fyrirhuguðum gatnatenginum til austurs.
Gert er ráð fyrir fimm misstórum lóðum á svæðinu og eru þær merktar í deiliskipulaginu sem 9.1a, 9.1b, 9.1c, 9.1d, 9.1e. Starfsemi á lóðunum skal vera í samræmi við skilgreiningu í aðalskipulagi og þróunaráætlun Mosfellsbæjar og Reykjavíkur (kemur fram á uppdráttum). Lágmarksstærð einstakra verslana er 1000m² af gólfflatarmáli verslunarhúsnæðis og aðkoma inn á svæðið er fyrst um sinn um núverandi hringtorg á Vesturlandsvegi. Lega og útfærsla gatna, stíga og gróðurbeða er leiðbeinandi á deiliskipulagsuppdrættinum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 30. ágúst til og með 11. október 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 11 október 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 30. ágúst 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## HB FASTEIGNIR
Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

### HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

**Einbýlishús**
Einimelur 107 glæsilegt einb tilb óskast
Byggðarendi 3 108 Rvík verð 59,8 millj Nýtt
Logafold 112 Rvík - verð 66,6 millj
Stuðlasel 109 Rvík verð 58 millj

**Raðhús**
Efstahraun 240 grindavík Nýtt

**4ra herbergja**
Laugavegur 101 Rvík ATH lækkað verð
Kleppsvegur 104 Rvík Ath lækkað verð

**3ja herbergja**
Kórsalir 5 200 Kóp verð 26.9 millj Nýtt
Strandasel 109 Rvík verð 16,9 millj

**Fjölbýli**
24 íbúðir á besta stað í Grindavík

**Fyrir fjáfesta**
Iðnaðarhúsn.Hverag u.þ.b.500fm
Lóðir víðsvegar um land

**JARÐIR.LÓÐIR.SUMARHÚS**
Glæsileg jörð í Haukadal
Veið+Hestar+ verð 45 millj
Frístundajörð í Borgarfirði verðtilboð.
Glæsilegur sumarbústaður í Eyrarskógi verð 15,9 millj Ath Lækkað verð
3 sumarbústaðir Grímsnesi afh fokheldir verð 10millj.
2 sumarhúsalóðir við Grímstaði Borgarf.
Ca 22fm bústaður til flutnings verð 700þús.

**Kaupendur/ hjá okkur er alltaf opið hús Seljendur/skoðum / og verðm samdægurs.**



Kári Kort, sölustjóri
S. 892-2506

## Það er gott að búa á austurlandi



## Egilsstaðir, 2. & 3. HERBERGJA ÍBÚÐIR TIL LEIGU







### Kaupvangur, Egilsstaðir. 2. og 3. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA veitir allar frekari upplýsingar.



ffa
FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Fasteignafélag Austurlands ehf.
Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður
Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

## Opið hús - Tunguseli 7, 2.hæð t.h.
Í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 21





Falleg 3ja herb. 88,6 fm útsýnisíbúð á 2. hæð í Seljahverfinu, rétt við Ölduselsskóla. Íbúðin var öll tekin í gegn f.tveimur árum. Uppþvottav.og ísskápur geta fylgt. **Verð 18,5 millj. Sölum.Þórey s.6991988**
**Anna Þórdís í síma 6927595 tekur vel á móti ykkur.**

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

## EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari

Síðumúli 27
108 Reykjavík
Sími 534 4040
Fax 534 4044

### ÞRASTARHÖFÐI - MOSFELLSBÆ

OPIÐ HÚS MILLI 18 OG 20 Á MORGUN, FIMMTUDAGINN 31. ÁGÚST





Ný glæsileg einbýlishús á einni hæð í nýju hverfi í Þrastarhöfða Mosfellsbæ. Um er að ræða sjö hús frá 235-250 fm að stærð sem geta fengist afhent með stuttum fyrirvara. Einstakt tækifæri til að velja sér hús við sitt hæfi.

**Sölumenn Atli s:899 1178 og Valdimar s:897 9929 verða á staðnum**

www.eignastyring.is

# HVUNNDAGURINN

## *Ekur og rakar*

„Hann byrjar svolítið snemma hjá mér dagurinn. Ég fer á fætur svona hálf sjö því ég þarf að dreifa mjólk á morgnana bæði í verslanir hér á Ísafirði og í nágrannabæina Bolungarvík og Súðavík. Svo eftir hádegið vind ég mér í klippigallann," segir Samúel Einarsson, rakari á Ísafirði, þegar hann er spurður hvernig hvunndagurinn líði hjá honum. „Bæði dróst saman hjá mér reksturinn á rakarastofunni og svo finnst mér ágæt tilbreyting að keyra um þetta fallega landslag áður en ég tek til við innivinnuna. Í hádeginu fer ég alltaf heim að borða og finnst gott að leggja mig aðeins á eftir. Svo opna ég stofuna klukkan hálf tvö og sinni viðskiptavinum þar til klukkan sex. Svo fer ég í golf á kvöldin þegar ég er búin að borða og tek svona níu holur. Það er gott að fara aðeins út. Þetta er nú svona dæmigerður hvunndagur hjá mér nema ef um þriðjudag væri að ræða og komið lengra fram á haustið, þá færi ég á lúðrasveitaræfingu klukkan sex og Sunnukórsæfingu klukkan átta. Þann dag mundi ég sleppa golfinu enda oft kominn snjór á jörð."

Samúel, eða Sammi eins og Ísfirðingar kalla hann, kveðst oft skríða í bólið svona hálf ellefu til ellefu. „Reyndar drolla ég oft aðeins lengur meðan björt nótt er," segir hann og bætir við. „En ég verð að fara snemma að sofa til að halda þetta út."



SAMÚEL TEKUR DAGINN SNEMMA.


# Loðfóðruð stígvél



Stærðir 25-35 Verð kr: 4.795.-



Með hverju keyptu pari fylgja inniskór að eigin vali á barnið!

xena

MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240


## VISSIR ÞÚ...

...að IKEA var stofnað í Almhult í Svíþjóð?

...að það var árið 1943?

...að stofnandi IKEA heitir Ingvar Kamprad?

...að hann var sautján ára er hann stofnaði fyrirtækið?

...að IKEA er skammstöfun fyrir hann og uppeldisstað hans, Ingvar Kamprad Elmtaryd Agunnaryd?

...að fyrst um sinn seldi IKEA penna, blýanta, veski, úr, skartgripi og nælonsokka?

...að í raun seldi Ingvar allar þær vörur sem fólk þurfti og hann komst yfir á góðu verði?

...að árið 1947 hóf IKEA að selja húsgögn?

...að síðar var fyrsta IKEA-búðin opnuð í Almhult?

...að árið 1955 fór IKEA að hanna eigin húsgögn?

...að hún var opnuð rétt fyrir utan Osló 23. mars árið 1963?

...að í dag er 231 IKEA-búð í heiminum?

...að þegar IKEA-búðin í Edmonton í Norður-London var opnuð mættu 6.000 manns á miðnæturopnun?

...að nokkrir slösuðust í troðningnum og búðinni var lokað eftir aðeins 30 mínútur?

...að 3 létust á útsölu IKEA í Sádi-Arabíu árið 2004?

...að þrátt fyrir sænskan uppruna IKEA er merkið IKEA skráð á hollenska fyrirtækið Inter IKEA Systems BV?

...að þetta er gert vegna hárra skatta í Svíþjóð?

...að stofnandi IKEA, Ingvar Kamprad, er einn af ríkustu mönnum í heimi?


# Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.930 **+0,52%** **Fjöldi viðskipta:** 263 **Velta:** 2.747 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic Fashions** | +1,16% | **Össur** | -1,19% |
| **FL Group** | +1,12% | **Avion** | -0,59% |
| **KB banki** | +1,00% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
ACTAVIS 65,20 +0,15% ... Alfesca 4,69 +0,00% ... Atlantic Petroleum 582,00 +0,35% ... Atorka 6,10 +0,00% ... Avion 33,60 -0,59% ... Bakkavör 54,00 +0,00% ... Dagsbrún 5,17 +0,00% ... FL Group 18,10 +1,12% ... Glitnir 19,50 +0,00% ... KB banki 808,00 +1,00% ... Landsbankinn 24,50 +0,82% ... Marel 76,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,40 +1,16% ... Straumur-Burðarás 16,10 +0,00% ... Össur 124,50 -1,19%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Sparisjóðir á Vestfjörðum hagnast

## Sparisjóður Vestfirðinga jók hagnað sinn um 71 prósent milli ára.

Vestfirsku sparisjóðirnir, Sparisjóður Bolungarvíkur (SPBOL) og Sparisjóður Vestfirðinga (SPVF), skiluðu samtals 206 milljóna króna hagnaði á fyrri árshelmingi. Samanlagt eigið fé sparisjóðanna er komið yfir tvo milljarða króna.

Sparisjóður Vestfirðinga hagnaðist alls um 145 milljónir króna sem var tæplega 71 prósents aukning á milli ára.

Hreinar rekstrartekjur SPVF námu 448 milljónum og hækkuðu um fimmtung frá fyrri hluta árs 2005. Hreinar vaxtatekjur drógust saman en mikil aukning varð á öðrum rekstrartekjum en meðal eignarhluta sparisjóðsins eru hlutabréf í Exista.

Eignir sparisjóðsins voru 8,7 milljarðar króna um mitt ár og höfðu vaxið um tæp sex prósent á árinu. Eigið fé var 1.141 milljón króna um mitt ár.

Hjá nágrönnunum í Bolungarvík var hagnaðurinn 61 milljón króna sem er átta prósenta samdráttur á milli ára.

Hreinar rekstrartekjur SPBOL drógust saman um ellefu prósent og voru 169 milljónir króna. Eignir sparisjóðsins námu yfir 5,8 milljörðum króna sem er lítils háttar lækkun frá byrjun árs. Eigið fé var 979 milljónir króna.



**BÆJARLÍFIÐ Á ÍSAFIRÐI** Sparisjóður Bolungarvíkur og Sparisjóður Vestfirðinga reka alls tíu útibú vestur á fjörðum.

Stjórnendur beggja sparisjóða gera ráð fyrir að afkoma ársins 2006 verði í heild góð. - eþa

# Leigja frekar en kaupa

Fólki sem hyggur á sín fyrstu íbúðakaup er ráðlagt að bíða, sagði Ingvar Arnarsson, sérfræðingur Glitnis, á morgunverðarfundi bankans í gær.



**INGVAR ARNARSON**

Ingvar segist telja að fólk forðist óþarfa áhættu með því að leigja húsnæði þar til yfirstandandi lækkunarhrinu lýkur. Hann segir jafnframt að nú sé rétti tíminn fyrir fólk að minnka við sig í húsnæði.

Glitnir spáir fimm til tíu prósenta lækkun fasteignaverðs á næstu einu til tveimur árum. „Vextir eru mjög háir og verðbólga mikil. Af því leiðir að það er skynsamlegt að spara og óskynsamlegt að auka við skuldir sínar,“ sagði Ingvar Arnarson.

Ingvar tók fram að líta mætti þær verðlækkanir sem framundan eru jákvæðum augum. Æskilegt íbúðaverð væri þegar jafnvægi næðist milli framboðs og eftirspurnar. - jsk

# Bjóða í dótturfélag Signet

Baugur hyggst bjóða í bresku skartgripaverslakeðjurnar H Samuel og Mappin & Webb. Verslanirnar eru í eigu móðurfélagsins Signet, sem rekur skartgripaverslanir í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Breski fjárfestirinn Gerald Ratner hefur einnig lýst áhuga sínum á H Samuel og Mappin & Webb. Ratner var áður í slagtogi við fjárfestingafélögin KKR og Apex Partners sem nýlega drógu yfirtökutilboð sitt í móðurfélagið Signet til baka. Tilboðið hljóðaði upp á rúma 270 milljarða íslenskra króna en til stóð að selja Ratner verslanir Signet á Bretlandi.

Haft er eftir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í breska blaðinu The Scotsman að Baugur hafi einungis áhuga á H Samuel og Mappin & Webb, en ekki verslunum Signet í Bandaríkjunum. - jsk

# FSP græddi 262 milljónir króna

FSP skilaði 262 milljóna króna hagnaði á fyrri helmingi ársins. Hagnaður fyrir skatt skilaði 28 prósenta arðsemi eigin fjár.

Félagið, sem er alhliða fjárfestingafélag, hefur unnið að verkefnum í Austur-Evrópu í samvinnu við MP fjárfestingarbanka. Það keypti virkan eignarhlut í úkraínska bankanum Bank Lviv og fjórðungshlut í fasteignafélagi í Úkraínu.

Heildareignir FSP voru í lok júní um 3,1 milljarður króna og eigið fé stóð í 2.746 milljónum.

Tuttugu sparisjóðir eiga FSP en SPV og SPKef eru stærstir; hvor sjóður með fimmtungshlut. - eþa



**CAMERON DIAZ FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1972.**



*„Ég myndi kyssa frosk jafnvel þótt ég vissi að hann væri ekki prins í álögum. Ég elska froska.“*

***Leikkonan Cameron Diaz, sem sló í gegn í grínmyndinni The Mask, er 34 ára í dag.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST ÁRIÐ 30 FYRIR KRIST

## *Kleópatra fremur sjálfsvíg*



Þennan dag árið 30 fyrir Krist framdi Kleópatra, sjöunda drottning Egyptalands, sjálfsvíg.

Kleópatra fæddist árið 69 fyrir Krist. Gerðist hún drottning Egyptalands eftir að faðir hennar lést 51 fyrir Krist. Bróðir hennar var jafnframt gerður að konungi og saman réðu þau yfir Egyptalandi titluð sem hjón. Til að auka áhrif sín yfir Egyptum lýsti Kleópatra því yfir að hún væri dóttir Ra, sólarguðs Egypta. Kleópatra, sem hafði verið ástkona Júlíusar Sesars, tók saman við Markús Antóníus að Sesari látnum. Þeim lenti saman við hinn unga frænda Sesars, Oktavíanus, sem síðar varð fyrsti keisari Rómaveldis undir nafninu Ágústus.

Oktavíanus sigraði Antóníus í bardaga við Alexandríu og sá síðarnefndi lést í örmum Kleópötru. Sjálf ákvað hún síðar að stytta sér aldur eftir að hafa beðið ósigur gegn Oktavíanusi.

Eftir að Kleópatra eitraði fyrir sér aðeins 39 ára að aldri tók Oktavíus son hennar, Sesarion, af lífi. Talið er að Kleópatra hafi átt hann með Júlíusi Sesar.

## MERKISATBURÐIR

**1720** Jón Vídalín Skálholtsbiskup andast á leið norður Kaldadal, 54 ára gamall.

**1935** Íslenska ríkið eignast Geysi í Haukadal og hverasvæðið umhverfis hann.

**1945** Gídeonfélagið er stofnað „til að útbreiða Guðs orð“.

**1991** Aserbaídsjan lýsir yfir sjálfstæði sínu.

**1992** Einar Vilhjálmsson setur Íslandsmet í spjótkasti sem stendur enn; 86,80 m.

**1993** Spjallþátturinn The Late Show With David Letterman er frumsýndur á CBS-stöðinni.

**2001** Tilkynnt er að Slobodan Milosevic, fyrrum forseti Júgóslavíu, verði ákærður fyrir þjóðarmorð.

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Aðalsteinsdóttir**

Heiðmörk 28h, Hveragerði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 28. ágúst. Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigurður Svanholt Björgvinsson.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Laufey Karlsdóttir**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést miðvikudaginn 16. ágúst.Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins Höfða. Þökkum vinsemd og hlýhug.

Karl Svanhólm Þórðarson — Ingibjörg Sölvadóttir
Guðrún Gunnarsdóttir — Stefán Kjartansson
Bjarndís Gunnarsdóttir
Sigvaldi Gunnarsson — Sigurlaug Garðarsdóttir
og ömmubörn.

---



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjalti Ólafur Jónsson**

Skúlagötu 20 (áður Heiðargerði 10),

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 25. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, föstudaginn 1. september kl. 11.00 fyrir hádegi. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga eða Hjartavernd.

**Halldóra Þ. Sveinbjörnsdóttir**
**Ragna Kristín Hjaltadóttir**
**Jón E. Hjaltason — Sigríður Alda Sigurkarlsdóttir**
**Vignir S. Hjaltason**
**Snorri Hjaltason — Brynhildur Sigursteinsdóttir**
**Lilja Hjaltadóttir — Kristinn Örn Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

---

DR. ANNA INGÓLFSDÓTTIR: FYRSTI KVENPRÓFESSOR Í TÖLVUNARFRÆÐI Á ÍSLANDI

# Vill fleiri konur í tölvunarfræði

Dr. Anna Ingólfsdóttir var á dögunum skipuð prófessor í tölvunarfræði við Háskóla Reykjavíkur. Hún verður þar með fyrsta konan til að gegna því starfi á Íslandi. Anna hefur starfað sem dósent við skólann síðan 2005, en hún hefur áður starfað sem dósent í tölvunarfræði við Álaborgarháskóla og við Háskóla Íslands árið 2004-2005.

Anna segir nýja starfið leggjast geysilega vel í sig. „Ég vona að þetta verði hvatning fyrir yngri konur sem eru að byrja sinn feril, það væri helsti ávinningurinn af þessi viðurkenningu.“ Anna sótti um stöðu dósents við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands á sínum tíma, en fékk hana ekki. Hún kærði úrskurðinn til kærunefndar jafnréttismála og var Háskóli Íslands fundinn brotlegur gegn ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Anna segist því að vonum vera afar ánægð með nýja starfið eftir þær hrakfarir.

Hún segir tölvunarfræði ekki þróast í þá átt að verða meira „kvennafag“, ef svo má að orði komast. „Það er enn yfirgnæfandi meirihluti karlmanna í deildinni og enga sérstaka framför að sjá í því,“ segir Anna. Hún telur að sú staðreynd sé að einhverjum misskilningi byggð og að fólk hafi ranga mynd af faginu. Anna hikar ekki þegar spurt er hver sú ímynd sé. „Sveittir kallar með kókflöskur í kjallara að forrita. En þetta er algjörlega röng mynd, þó að hún eigi sjálfsagt við afmarkaðan hóp,“ bætir hún við. Langflesta tölvunarfræðinga segir Anna vera í allt öðrum hlutverkum. „Þeir leggja stund á hugbúnaðarþróun frá öllum sjónarmiðum og öllum hliðum.“

Anna segist hafa séð að sérsvið hennar, fræðileg tölvunarfræði með stærðfræðiívafi, henti konum ekkert síður en karlmönnum. Í krafti nýrrar stöðu sinnar vonast Anna tvímælalaust til þess að breyta ímynd fagsins. „Ég vil vekja athygli á faginu yfirleitt, en sérstaklega koma því til skila að þetta sé ekki fag sem henti karlmönnum eitthvað frekar en konum,“ segir dr. Anna Ingólfsdóttir.

sunna@frettabladid.is



**DR. ANNA INGÓLFSDÓTTIR** Anna tekur við stöðu prófessors í tölvunarfræði fyrst íslenskra kvenna.




## JARÐARFARIR

**13.00 Jón Sandholt Jónsson**, Álfaskeiði 64, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

**13.30 Garðar Pétur Ingjaldsson**, Valagili 11, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

**15.00 Hallfríður Jónsdóttir**, frá Bæjum á Snæfjallaströnd, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Leifur Hreinn Þórarinsson**

bóndi, Keldudal í Skagafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 27. ágúst. Útför hans verður frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 2. september kl. 13.00. Jarðsett verður í Rípurkirkjugarði.

**Kristín Bára Ólafsdóttir**
**Ólöf Elfa Leifsdóttir — Alfreð Schiöth**
**Stefanía Hjördís Leifsdóttir — Jóhannes Helgi Ríkharðsson**
**Þórarinn Leifsson — Guðrún Lárusdóttir**
**Kristbjörg Leifsdóttir — Magni Þór Samsonarson**
**Guðleif Birna Leifsdóttir — Eysteinn Leifsson**
**Álfhildur Leifsdóttir — Sölvi Sigurðarson**
**og barnabörn.**

# Í Reykjavík í 100 ár

Hinn fyrsta september eru hundrað ár liðin frá reisugilli Ráðherrabústaðarins í Reykjavík og af því tilefni verða haldnir tónleikar í Lista- og menningarverstöðinni Hólmaröst á Stokkseyri í kvöld klukkan 21.

Húsið hafði staðið í fjórtán ár vestur á Sólbakka ofan Flateyrar áður en það var flutt til Reykjavíkur. Hvalfangarinn Hans Ellefsen frá Stokke í Noregi bjó upphaflega í húsinu en það var flutt tilsniðið frá Noregi. Ellefsen gaf svo Hannesi Hafstein vini sinum húsið eftir að hann varð fyrsti ráðherra Íslands 1. febrúar 1904.



**RÁÐHERRABÚSTAÐURINN** Var íbúðarhús hvalfangarans Hans Ellefsen áður en hann færði Hannesi Hafstein það að gjöf.

---



## 80 ára afmæli

**Sigurður Klemensson**

áður Brúðarflöt Álftanesi,
nú Hrafnistu Hafnarfirði,
verður áttræður 31. ágúst
næstkomandi og í tilefni þessara
tímamóta mun hann taka á móti
ættingjum, vinum og samferðafólki
í hátíðarsal Hrafnistu í Hafnarfirði
á milli kl. 17 og 20 á afmælisdaginn.

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám á haustönn
# Vertu þar sem þekkingin er !



1986 - 2006 • 20 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 33.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP
Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

### MCSA netstjórnun
Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. **Verð**: 299.900

### Windows XP Professional MCP
Fyrsti áfangi þinn að MCSA gráðu (70-270).

**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 89.900

### Windows Server 2003 MCP
Náðu tökum á netstjórnun strax (70-290).

**Lengd**: 60 stundir/39 klst. **Verð**: 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun
Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám. Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. kvöldnám
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun
Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst. kvöldnám
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

## Þekkingarpróf

Taktu þekkingarpróf hjá einu VUE Select prófmiðstöðinni á Íslandi og fáðu alþjóðlega viðurkennda gráðu: GMAT, Cisco, CompTIA, IBM, Microsoft MCP og Microsoft Business Solutions, Novell, SAP, Siebel, TÖK og fleiri.

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhald
Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám
Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun
Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun
Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám
Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur
Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 45.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+
Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla
Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### FrontPage 2003 og Photoshop
Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst, **Verð**: 45.900

### DreamWeaver og Photoshop
Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið
Tölvunotkun: Fyrstu skrefin • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Access
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • *36 stundir/52.900*

### Word
Word I: Ritvinnsla fyrir byrjendur • *22 stundir/verð 22.500*
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

### Excel
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 22.500*
Excel II: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### PowerPoint
PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook og OneNote
Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
OneNote: Hugmyndavinna og glósur • *9 st./verð 10.900*

### Publisher
Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð
FrontPage 2003 vefsíðugerð • *22 stundir/verð 24.500*
DreamWeaver MX vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Myndvinnsla og grafík
Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop I: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Freehand: Grafík, umbrot og auglýs. • *22 st./verð 31.900*
Visio: Grafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

### FileMaker
FileMaker notendanámskeið • *18 stundir/verð 26.500*
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • *27 st./54.900*

### Windows XP
Windows XP fyrir venjulega notendur • *9 st./verð 12.900*

### Verkefna- og tímastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnun • *22 stundir/verð 49.900*
Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 14.900*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA: Rótarý

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** FÉKK NÝJA SÝN Á ÍSLENSKT KLÚBBASTARF.



Ég hef alltaf haft gríðarlega fordóma í garð rótarý- og lionsklúbba. Kannski er það vegna þeirrar meðferðar sem Lionsklúbburinn Kiddi fékk í kvikmyndinni Stellu í orlofi þar sem meðlimir hans seldu berjatínur með ljósi, sem gerði bíbí ef fólk týndist, og kannski er það vegna þess að ég vann eitt sinn hjá veisluþjónustu þar sem slíkir klúbbar héldu fundi sína á hálfs mánaðar fresti. Á þeim fundum voru samankomnir tugir karlmanna á miðjum aldri sem átu, drukku bjór og sögðu karlrembu- og prumpubrandara af verstu gerð á milli þess sem þeir skipulögðu hinar ýmsu leiðir til að safna fé.

Hvort sem það er Stellu, veisluþjónustunni eða einhverju allt öðru um að kenna er ekkert sem fær mig til að líta þessa klúbba jákvæðum augum – ekki einu sinni það ágæta starf sem er á stefnuskrá þeirra, sem er að inna af hendi ýmiss konar þjónustu á sviði líknar- og mannúðarmála. Söluhagnaður af súkkulaðidagatölum, ljósaperum, klósettpappír eða öðru óþarfa drasli hefur ekki fengið mig til að breyta neinu þar um. Rótarý- og lionsklúbbar hafa í mínum huga verið félagsskapur þar sem feðraveldið blómstrar í sinni björtustu mynd.

Dóms- og kirkjumálaráðherra flutti í lok síðustu viku ræðu um varnarmál landsins hjá Rótarýklúbbi Austurbæjar þar sem hann lagði áherslu á hlut okkar Íslendinga í sjálfri öryggisgæslunni. Meðal þess sem fram kom í máli dómsmálaráðherra voru hugmyndir sem hann hefur áður viðrað um nýtt skipulag lögreglunnar. Dómsmálaráðherra hefur hingað til kallað þessa draumastofnun sína greiningardeild innan lögreglunnar og þrætt fyrir á Alþingi að um öryggislögreglu eða leyniþjónustu sé að ræða. Með ræðu sinni hjá Rótarýklúbbi Austurbæjar gerði dómsmálaráðherra mér ljóst að ég hef vanmetið áður nefndan félagsskap. Rótarý- og lionsklúbbar eru vanmetin fyrirbæri því fundir þeirra eru vettvangur fyrir mikilvæga ákvarðanatöku í íslensku samfélagi þar sem sannleikanum er haldið á lofti.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Enn meira úrval af Rynkeby söfum og drykkjum:
Grænt íste, ferskju íste, epla og trönuberjasafi
900 ml
159 KR.
900 ml
159 KR.
Rynkeby
LIGHT
LIGHT TEA
bonus.is
EKKERT BRUÐL
30% afsláttur við kassann
VILLI LAMBALÆRI
1299 kg KR.
Merkt verð 1855KR.
Lúxus Lambalæri
Á þjóðlegu nótunum...
SALTAÐ FOLALDAKJÖT
373 kg KR.
MERKT VERÐ 679KR.
45% afsláttur við kassann
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
373 kg KR.
MERKT VERÐ 679KR.
KOFAREYKT
KJARNAFÆÐI
FOLALDAKJÖT
saltað frá Kjarnafæði
FOLALDAKJÖT
Kofareykt frá Kjarnafæði
BAUNIR/GULRÆTUR
98 KR.
680g
680g/720 ml
GULRÆTUR OG GRÆNAR BAUNIR
KARTÖFLUMÚS 500g
4x 125g pokar
4x125g (500g)
159 KR.
Potato masn
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
40% afsláttur við kassann
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
299 kg KR.
MERKT VERÐ 499KR.
EKKERT BRUÐL
KF HANGIKJÖT
Úrbeinaður og kofareyktur hangiframpartur
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1259 kg KR.
Merkt verð 1799KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
30% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
BLANDAÐ KF LAMBASALTKJÖT
LAMBASALTKJÖT BLANDAÐ
349 kg KR.
MERKT VERÐ 499KR.
30% afsláttur við kassann
www.bonus.is
ERAN/Landlist Tilboð í viku 35 gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast

! **Kl. 20.30**
*Þýski orgelleikarinn Martin Rein leikur í Dómkirkjunni í Reykjavík. Rein leikur Bach, Reger, Vierne og Widor sem allir áttu það sameiginlegt að semja glæsta orgeltónlist.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Reit kvenhöfundur kviðurnar?*

Breski fræðimaðurinn Andrew Dalby heldur því fram í nýlegri bók sinni, Rediscovering Homer, að höfundur söguljóðanna sem kennd eru við Ilíon og Ódysseif sé ekki gríski sagnamaðurinn Hómer heldur leiðir hann líkur að því að kona hafi ritað þessar virtu heimsbókmenntir. Dalby heldur því fram að tengsl Hómers við ljóðin séu byggð á illa ígrunduðum kenningum og tilviljunum en í viðtali við fréttastöðina Discovery News útskýrði hann að elstu heimildir um sagnamanninn, fengnar frá Heródótusi og gríska skáldinu Pindar, bentu til þess að hann hefði verið uppi í kringum 800 f.Kr. en hins vegar bentu landfræðilegar vísanir í ljóðunum til þess að Ilíonskviða væri skrifuð um 650 f.Kr. og Ódysseifskviða um tuttug árum síðar.



**ÞARF AÐ SKIPTA UM KÁPURNAR?** Erlendur kennimaður telur að meintar kviður Hómers séu eftir konu.

Dalby telur að sami höfundurinn sé að báðum verkunum en þróun kvenpersóna í Ódysseifsvkiðu, sér í lagi persóna Penelópu, bendi til breytinga í lífi höfundarins sem þá hafi gert sér grein fyrir því að hann talaði nú til stærri lesendahóps, þar á meðal kvenna. Dalby telur að konur hafi fremur en karlar gætt og varðveitt sögur í munnlegri geymd og nefnir því til stuðnings að fornum skáldskap í Norður-Japan og á Írlandi hafi verið bjargað af konum. Í bókinni Clever Maids: The Secret History of the Grimm Fairy Tales eftir Valerie Paradiz er því einnig haldið fram að Grimmsbræður hafi fyrst og fremst fengið sínar sögur frá konum en ekki getið þeirra, utan einnar, meðal heimildarmanna sinna. Nafn konunnar er þó endanlega fallið í gleymskunnar dá að mati Dalbys.

Í frétt Discovery News er einnig vitnað til orða Anthonys Snodgrass, prófessors í fornleifafræði við Cambridge-háskóla, sem telur vel mögulegt að Ódysseifskviða hafi verið skrifuð af konu en finnst þó harla ótrúlegt að Ilíonskviða sé skrifuð af kvenhöfundi sökum þess að sú bók sé löðrandi í ofbeldi.

## >Ekki missa af...

heimsókn dansleikhúslistakonunnar **Pinu Bausch** til Íslands um miðjan september. Dansleikhús hennar setur upp fjórar sýningar á verkinu **Aqua** í Borgarleikhúsinu.

myndlistarsýningu **Kjartans Guðjónssonar** sem nú stendur yfir í **Gallerii Fold** við Rauðarárstíg.

spennandi vetrardagskrá **Sinfóníuhljómsveitar Íslands**, vetrarstarfið hefst 8. september með tónleikum þar sem norska sópransöngkonan **Solveig Kringelborn** flytur verk skandinavískra skálda.



**BUBBI SÝNIR Í LISTHÚSI ÓFEIGS** Rær á kunnugleg mið.

# Snjórinn og myrkrið

Myndhöggvarinn Bubbi, Guðbjörn Gunnarsson, opnaði nýlega sýningu í Listhúsi Ófeigs á Skólavörðustíg 5. Sem fyrr er meginviðfangsefni Bubba andstæður í íslenskri náttúru. Að þessu sinni hverfast verk hans um veturinn en þau heggur hann út í marmara og svart granít. Einnig sýnir hann grafíkverk eða ætingu.

Þetta er tíunda einkasýning Bubba en hann hefur aukinheldur tekið þátt í fjölda samsýninga erlendis, til dæmis á Englandi, og í Danmörku, Skotlandi og Japan. Bubbi stundaði nám við The Nottingham Trent University og útskrifaðist þaðan árið 1993

Sýningin stendur til 20. september.

# Schumann, Mozart og Falla

Söngkonan Guðbjörg Sandholt Gísladóttir heldur þrenna tónleika ásamt píanóleikaranum Önnu Helgu Björnsdóttur á næstu dögum og fara þeir fyrstu fram í Listasafni Sigurjóns í kvöld. Á efnisskránni eru tveir ljóðaflokkar fyrir mezzósópran og píanó eftir Manuel de Falla og Schumann auk píanóverka eftir Mozart og Schumann.

Guðbjörg Sandholt lauk nýlega burtfararprófi frá söngdeild Tónlistarskólans í Reykjavík og mun á næstunni hefja framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama. Anna Helga stundar nám hjá Svönu Víkingsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavik og hyggst ljúka burtfararprófi næsta vor.

Næstkomandi fimmtudagskvöld leika þær stöllur í Selfosskirkju og í Reykholtskirkju á laugardaginn. - khh



**ANNA HELGA BJÖRNSDÓTTIR OG GUÐBJÖRG SANDHOLT** Flytja ljúfa ljóðaflokka á þrennum tónleikum.





SUNNA GUNNLAUGSDÓTTIR Leikur ásamt kvartett sínum og Tore Brunborg á Jazzhátíð í Reykjavík.

# Spennandi djassdagskrá

Jazzhátíð í Reykjavíkur verður sett í 17. sinn nú á haustdögunum en dagskráin er komin á heimasíðuna jazz.is. Búið er að skipuleggja sextán tónleika þar sem fram koma bæði innlendir og erlendir hljóðfæraleikarar en vera má að fleiri viðburðir bætist við í dagskrána.

Meðal merkra manna sem heimsækja skerið í tilefni af hátíðinni er saxófónleikarinn Bill Holman sem mun leika á Nasa ásamt Stórsveit Reykjavíkur, pólska tríóið Jagodzinskis sem heillað hefur jafnt unga sem aldna með einstakri túlkun sinni á verkum pólska tónskáldsins Chopin og söngvarinn Kurt Elling sem er að sögn einni heitasti djasssöngvari samtímans en hann er einnig liðtækur stjórnandi, lagasmiður og textahöfundur og mun troða upp ásamt tríói í Háskólabíói þann 30. september.

Hátíðin stendur frá 27. september til 1. október.



STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR Leikur ásamt Bill Holmann á Nasa hinn 27. september.

# Fjörugt ár og beitt fram undan

**Ýmissa grasa kennir í dagskrá Leikfélags Akureyrar í vetur en Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri fylgir eftir farsælasta leikári félagsins frá upphafi.**

Magnús Geir er ekki í vafa um að vel eigi eftir að ganga að fylgja síðasta vetri eftir, þótt ólíklegt sé að aðsóknarmetið frá því í fyrra verði slegið. „Verkefnið í ár snýst fyrst og fremst um að halda fókusnum og bjóða leikhúsgestum upp á verk sem hreyfa við okkur og skemmta.“ Fasti leikhópurinn frá því í fyrra hefur verið endurnýjaður; Þráinn Karlsson og Guðjón Davíð Karlsson eru reyndar enn á sínum stað en Óli Steinn Ingunnarson og Gísli Pétur Hinriksson hafa einnig bæst við í hópinn og einnig munu leikarar á borð við Unni Ösp Stefánsdóttur, Eddu Björg Eyjólfsdóttur og Ívar Örn Sverrisson stíga á fjalirnar fyrir norðan.

Karíus og Baktus er fyrsta sýning vetrarins og verður frumsýnt 23. september. Þetta er í fyrsta sinn sem leikritið er sett upp á Akureyri en Ástrós Gunnarsdóttir leikstýrir. „Við höfum reynt að höfða til yngri leikhúsgesta með góðum árangri og nú höfum við eitthvað til að bjóða þeim allra yngstu,“ segir Magnús. Uppfærslan er venju fremur rokkuð og með hlutverk tannvarganna fara þeir Guðjón Davíð Karlsson og Óli Steinn Ingunnarson.

Rúmum mánuði síðar verður verkið Herra Kolbert frumsýnt í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar, sem leikstýrði Maríubjöllunni í fyrra við góðar undirtektir. „Þetta er mjög sérstakt verk sem gerist við aðstæður sem við þekkjum flest,“ segir Magnús Geir. „Það fjallar um par sem býður vinafólki í mat og þar fara undarlegir og ógnvænlegir hlutir að gerast og áður en kvöldið er liðið hefur allt breyst. Þetta er mjög fyndið verk, farsakennt á köflum, en það er heilmikill reyfari í því sem minnir á Agöthu Christie. Það er krefjandi og metnaðarfullt en um leið mjög skemmtilegt.“

Eftir áramót fer leikritið Svartur köttur eftir Martin McDonagh á fjalirnar, í leikstjórn Magnúsar sjálfs. Verkið vakti strax mikla athygli þegar það var frumsýnt á Englandi fyrir fjórum árum og hefur meðal annars verið lýst sem Monty Python og Quentin Tarantino í einni sæng. „Þetta er ótrúlega vel skrifað verk eftir eitt fremsta leikskáld heims um þessar mundir,“ segir Magnús. „Þetta er ögrandi verk, breska Þjóðleikhúsið guggnaði til dæmis á að taka það til sýninga á sínum tíma en Royal Shakespeare Company tók það upp á sínar herðar og fékk einróma lof fyrir. Sagan er aðgengileg, eiginlega byggð upp eins og vestri, persónurnar brjóstumkennanlegar en húmorinn hárbeittur.“

Rúsínan í pylsuendanum er frumsýning á nýju íslensku verki í vor, Lífið - notkunarreglur, eftir heimamanninn Þorvald Þorsteinsson, sem skrifar sitt fyrsta verk fyrir Leikfélag Akureyrar. Leikstjóri er Kjartan Ragnarsson og verkið er lokaverkefni útskriftarárgangs leiklistardeildar Listaháskóla Íslands, en þetta er í fyrsta sinn sem útskriftarárgangurinn setur upp lokaverkefni sitt fyrir norðan. „Þetta er svona „feelgood“-verk eins og sagt er upp á ensku,“ segir Magnús. „Mannlegt og fullt af hlýju eins og Þorvaldi einum er lagið.“

Þá nefnir Magnús sérstaklega gestasýninguna að sunnan í ár. Leynd hvílir yfir hvaða verk það verður en boðið verður upp á óvissuferð.



MAGNÚS GEIR Auk fjögurra frumsýninga fara nokkur verk frá fyrri leikárum aftur á svið í ár.

Auk frumsýninganna norðan heiða verða nokkur verk frá fyrri leikárum sett aftur á svið, þar á meðal síðustu aukasýningar á Hryllingsbúðinni og Mike Attack – sýningu Kristjáns Ingimarssonar látbragðsleikara. Síðast en ekki síst fer Ilmur Kristjánsdóttir aftur í gervi Ausu Steinberg í samnefndum einleik sem frumsýndur var fyrir tveimur árum.

Nánari upplýsingar um vetrardagskrá Leikfélags Akureyrar má finna á heimasíðu félagsins - leikfelag.is. bergsteinn@frettabladid.is


## Hámarksafköst – Hámarksframmistaða

intel Centrino Duo
Dual-core. Do more.



### HP Compaq nx6325

- AMD Sempron 3500 örgjörvi
- 15" XGA skjár1024x768
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- ATI Mobility Radeon skjákort með allt að 128MB
- Bíómetrískur fingrafaralesari

**verð kr. 129.900**



### HP Pavilion dv1599

- Intel Pentium M 760, 2GHz örgjörvi
- 14" skjár WXGA 1280x768
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB

**verð kr. 155.900**



### HP Compaq nc6320

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 15" TFT skjár 1400x1050
- 512MB DDR2 vinnsluminni
- 80GB harður diskur SMART SATA
- 16X LightScribe DVD+/-RW Double Layer geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB:
- Engar áhyggjur ábyrgð

**verð kr. 199.900**



### HP Compaq nx9420

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 17" TFT WSXGA breiðtjaldsskjár 1680x1050
- 1024MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW SuperMulti Double Layer geislaskrifari
- ATI skjákort með allt að 256M

**verð kr. 224.900**

**Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Office 1 Superstore um land allt | Sími 550 4100 | Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki | Sími 550 4100 |
| Oddi skrifstofuvörur um land allt | Sími 515 5000 | Tölvuþjónustan, Akranesi | Sími 575 9200 |
| HP Búðin, Reykjavík | Sími 568 5400 | Netheimar, Ísafirði | Sími 456 5006 |
| Start, Kópavogi | Sími 544 2350 | Eyjatölvur, Vestmannaeyjar | Sími 481 3930 |
| Samhæfni, Reykjanesbæ | Sími 421 7755 | Bókabúð Þórarins Stefánssonar, Húsavík | Sími 464 1234 |
| TRS, Selfossi | Sími 480 3300 | | |

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!
Á MORGUN KL. 20:30

ÞESSI MAÐUR Á ÞRJÁR EIGINKONUR!

Big Love – umtalaðasti sjónvarpsþáttur síðustu ára framleiddur af Tom Hanks



GOTT FÓLK McCANN

HBO

# Fjölbreyttari óperuverkefni

Samstarfssamningur Íslensku óperunnar við ríkið var endurnýjaður fyrr í vikunni en samningurinn nú er að mestu samhljóða þeim sem gilt hefur undanfarin fimm ár. Í fréttatilkynningu frá óperunni er þess getið að árlegt framlag ríkissjóðs haldist óbreytt og tiltekinn fjöldi óperuuppfærslna einnig. Helsta breytingin sé sú að í nýja samningum sé gert ráð fyrir að Óperan geti í auknum mæli átt í frekara samstarfi um verkefni á sviði óperulistar og þannig feli samningurinn í sér meiri möguleika fyrir fjölbreyttari viðfangsefni.

Samkvæmt samningnum mun Óperan því sinna eigi færri en átta meðalstórum óperum og einni barnaóperu auk þess að taka þátt í að minnsta kosti átta samstarfsverkefnum á gildistíma samnsins sem rennur út í árslok 2009.

Fyrsta verkefni starfsársins er uppfærsla á óperu Mozarts, Brottnámið úr kvennabúrinu, sem verður frumsýnd í lok mánaðarins. Með helstu hlutverk þar fara Bjarni Thor Kristinsson, Finnur Bjarnason, Snorri Wium, Katharina Th. Guðmundsson og Angela Gilbert auk Pálma Gestssonar leikara sem fer með talhlutverk í sýningunni. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky en leikstjóri Jamie Hayes. - khh



**EINBEITTUR SAMSTARFSVILJI** Jón Ásbergsson, stjórnarformaður Íslensku óperunnar, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra innsigluðu áframhaldandi samstarfssamning ríkisins og Íslensku Óperunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Rólegheit á Rósenberg

Hljómsveit Sollu, Sólveigar Þórðardóttur, leikur á Café Rósenberg í kvöld kl. 22. Hljómsveitin leikur lög úr ýmsum áttum svo sem soul- , blús- og popplög sem listamenn á borð við Evu Cassidy, Arethu Franklin, Janis Joplin og Sheryl Crow hafa gert fræg í gegnum tíðina en nokkur frumsamin lög fá einnig að hljóma. Hljómsveitina skipa Ragnar Örn Emilsson á gítar, Helgi Egilsson á bassa, Magnús Tryggvason Eliasen á trommur og Sólveig Þórðardóttir sem syngur. Gestaspilari er Jóhannes Þorleiksson sem spilar á trompet. - khh



**SÓLVEIG ÞÓRÐARDÓTTIR** Kemur fram ásamt hljómsveit á Rósenberg í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

27 28 29 **30** 31 1 2

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.30 Orgelleikarinn **Martin Rein** leikur í **Dómkirkjunni** í Reykjavík og leikur verk eftir **Bach**, **Reger**, **Vierne** og **Widor.**
- 21.00 Tónleikar í **Lista- og menningarverstöðinni Hólmaröst** á **Stokkseyri** í tilefni af 100 ára afmæli **Ráðherrabústaðarins** sem var staðsettur á **Stokkseyri** fyrstu árin. **Hlín Pétursdóttir** söngkona og **Hrefna Eggertsdóttir** píanóleikari flytja úrval íslenskra sönglaga auk tveggja erlendra laga.

### FYRIRLESTRAR

- 12.00 **Penny Farfan** flytur erindið **Maðurinn sem dýr: Skógarpúki Nijinskys** á **Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri**. Erindið flytur Penny í stofu L101 á **Sólborg** við Norðurslóð.

### SÝNINGAR

- 10.00 Verk mæðgnanna **Valgerðar Briem** og **Valgerðar Bergsdóttur** eru til sýnis í **Gerðarsafni í Kópavogi**. Sýningin stendur til 1. október.
- 13.00 **Tumi Magnússon** og **Aleksandra Signer** sýna vídeó og innsetningar í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**.
- 13.00 **Bára Kristinsdóttir** sýnir ljósmyndir í gallerí **Anima** í **Ingólfsstræti**. Sýningin er opin milli 13-17 og stendur til 9. september.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 2/9 kl. 20 Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fim 31/8 kl. 20 Lau 9/9 kl. 20
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20

**EYFI STÓRTÓNLEIKAR**
Fös 1/9 kl. 20
Fös 1/9 kl. 22

**MANNAKORN ÚTGÁFUTÓNLEIKAR**
Þri 5/9 kl. 20
Þri 5/9 kl. 22

**HÖRÐUR TORFA AFMÆLISTÓNLEIKAR**
Fös 8/9 kl. 19:30
Fös 8/9 kl. 22

**PINA BAUSCH**
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

Sunnudaginn 3.september verður opið hús í Borgarleikhúsinu milli 15-17. Fjölbreytt dagskrá og léttar veitingar. Allir velkomnir.

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

MR SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson



**Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtudag | 7. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Föstudag | 8. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Laugardag | 9. september | kl. 20 | Laus sæti |
| Sunnudagur | 10. september | kl. 16 | Laus sæti |
| Föstudagur | 15. september | kl. 20 | |
| Laugardagur | 16. september | kl. 20 | |
| Laugardagur | 23. september | kl. 20 | |
| Sunnudagur | 24. september | kl. 16 | |

**LEIKHÚSTILBOÐ**
**Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs**
**Frá kr. 4300 - 4800**
**MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600**







**Sirkus kemur á föstudögum!**

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

fjörið ... **fólk** folk@frettabladid.is

# Magni hræddi Tommy Lee í Rock Star

Magni steig á sviðið í nótt og söng lagið I Alone með Live í Rock Star: Supernova. Mikið hefur gengið á í herbúðum keppendanna því eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var Magni blóðgaður þegar Dilana mölvaði glas með þeim afleiðingum að glerbrot skaust í höfuð söngvarans.

Tónleikaþátturinn var tekinn upp um helgina og samkvæmt heimasíðum sem fylgjast grannt með Rock Star-þættinum tókst Magna vel upp með lagið sitt og hafði einn bloggari það á orði að hann hefði aldrei verið jafn flottur. „Magni hefur hingað til ekki verið „svalur“ í mínum augum en að þessu sinni tókst honum það. Hann stökk að sófanum hjá þeim Tommy Lee, Gilby Clarke, Jason Newsted og Dave Navarro og öskraði framan í Tommy. Ég held að trommarinn hafi verið hræddur, en á jákvæðan hátt,“ skrifar einn bloggari.

Dave Navarro tjáir sig um frammistöðu keppenda á bloggsíðu sinni, www.6767.com, þar sem hann spáir að þau Toby, Ryan og Storm verði í þremur neðstu sætunum en vill engu að síður meina að þrátt fyrir undarleg ummæli Dilönu um aðra keppendur sé hún sigurstranglegust. Slúðursíða á vefnum, janetcharltonshollywood.com, segist hins vegar hafa fyrir því „óvenju“ traustar heimildir að hinn vel málaði Lukas hafi þegar tryggt sér titilinn.



**MAGNI** Söng af mikilli innlifun í þætti gærkvöldsins og nú er að sjá hvort fjöldapóstar honum til stuðnings hafi skipt sköpum.



**MÍNUS** Rokksveitin Mínus treður upp á Iceland Airwaves-hátíðinni.

# Mínus flytur nýtt efni

Rokksveitin Mínus mun koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í ár og flytja nýtt efni af væntanlegri breiðskífu á Kerrang!-kvöldi hátíðarinnar.

Þetta er þriðja árið sem Kerrang!, eitt stærsta þungarokkstímarit heims, er með eigið kvöld á Airwaves. Auk Mínus mun franska hljómsveitin Gojira vera í aðalhlutverki á kvöldinu ásamt íslensku sveitunum Dr. Spock, Sign og Brain Police.

Mínus hefur legið í dvala að undanförnu enda hafa hljómsveitarmeðlimir verið uppteknir í öðrum verkefnum.

Breska diskó-pönk bandið Spektrum og elektró hip hop pían Amanda Blank frá Philadelphia hafa einnig bæst við dagskrá Iceland Airwaves og munu koma fram á hátíðinni á sérstöku kvöldi breska verðlaunatímaritsins Clash Magazine.

# Engin dramatísk endalok

**Reggísveitin Hjálmar hefur lagt upp laupana eftir tveggja ára samstarf. Meðlimir sveitarinnar fara nú hver sína leið eftir að hafa gefið út tvær vinsælar plötur.**



**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar hefur lagt upp laupana eftir tveggja ára samstarf.

Fyrsta platan, Hljóðlega af stað, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem besta rokkplatan árið 2004 og á síðasta ári gaf sveitin út plötuna Hjálmar sem var tekin upp á Flúðum. Báðar plöturnar fengu mjög góðar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings og festu sveitina í sessi sem eina þá vinsælustu á landinu.

### Löngu ákveðið

„Hversu mikið reggí þolir ein lítil þjóð?,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, eða Kiddi, gítarleikari Hjálma, aðspurður um endalok sveitarinnar. „Menn eru komnir í alls konar spennandi verkefni. Þetta var löngu ákveðið. Við vildum ekki segja frá því fyrr en allir tónleikarnir í sumar væru afstaðnir. Við vildum ekki hafa dramatíska lokatónleika,“ segir hann.

### Þrjátíu á lokatónleikum

Síðustu tónleikar Hjálma voru haldnir í bragga á Skriðuklaustri. Um var að ræða ókeypis tónleika fyrir þá túrista sem voru á leiðinni á Kárahnjúka. Að sögn Kidda sáu um þrjátíu manns þessa lokatónleika, sem heppnuðust vel. Upphaflega áttu þeir að fara fram undir berum himni en vegna rigningar var ákveðið að færa þá inn í braggann. Kvöldið áður höfðu Hjálmar haldið stærri tónleika í íþróttahúsinu á Egilsstöðum og var stemningin þar víst afar góð.

### Verður ekki mikið stærra

„Ég held við höfum gert allt sem okkur langaði til að gera,“ segir Kiddi og reiknar ekki með því að Hjálmar komi saman aftur. „Þetta verður ekki mikið stærra hér. Ég veit ekki hvað er stór markaður fyrir íslenska reggímúsík erlendis og við færum aldrei að þýða á ensku.“

### Þorsteinn með nýja plötu

Að sögn Kidda fara nú meðlimir Hjálma hver í sína áttina. Söngvarinn Þorsteinn Einarsson ætlar að búa til plötu með konunni sinni Sigríði Eyþórsdóttur, Svíarnir Nils Olof Törnqvist og Mikael Svensson eru að semja fyrir aðra tónlistarmenn og hann sjálfur mun nú einbeita sér að upptökubransanum og hljómsveitinni Baggalúti, sem nýverið gaf út sína aðra plötu.

freyr@frettabladid.is

LJÓSASALA
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ KAUPA ÞAÐ SEM ÞIG HEFUR ALLTAF LANGAÐ Í
LUMEX
Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is





AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Relax hægindastóll**
Litur: Dökkbrúnn
Áður 79.000
**Nú 39.500**

AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Adagio tungusófi**
Litir: Ljóst | Brúnt leður
Áður 198.000
**Nú 99.000**

AFSLÁTTUR 40% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Adagio leðursæti**
Litir: Ljós | Brúnn

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 159.000 | **Nú** | **95.400** |
| 3ja sæta | Áður | 133.000 | **Nú** | **79.800** |
| 2.5 sæta | Áður | 123.000 | **Nú** | **73.800** |
| Stóll | Áður | 79.000 | **Nú** | **47.400** |





AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Amor leðursæti**
Litir: Ljós

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 164.000 | **Nú** | **82.000** |
| 3ja sæta | Áður | 139.000 | **Nú** | **69.500** |
| 2.5 sæta | Áður | 129.000 | **Nú** | **64.500** |
| Stóll | Áður | 84.000 | **Nú** | **42.000** |

AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Tutti húsgagnalínan:**

**ÖLL LÍNAN Á 50% AFSLÆTTI**

**Tutti borðstofuborð og 4 leðurstólar**
Stærð borðs: 160X90
Áður 95.000
**Nú 47.500**






AFSLÁTTUR 70% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Coco borðstofuborð og 4 Garda stólar**
Litur á stólum: Dökkur
Stærð borðs: 180x90
Áður 88.200
**Nú 26.460**

AFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR AFSLÁTTUR

**Pisa leðursæti**
Litir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4ra sæta | Áður | 148.000 | **Nú** | **74.000** |
| 3ja sæta | Áður | 124.000 | **Nú** | **62.000** |
| Stóll | Áður | 85.000 | **Nú** | **42.500** |

# VERÐHRUN!!!
# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

**TEKK COMPANY**

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

FABRIKAN




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 og 8 |
| SNAKES ON A PLANE | kl. 8 og 10.20 |
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| SILENT HILL | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| YOU, ME & DUPREE | kl. 8 og 10.10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 6 og 8 |
| SNAKES ON A PLANE | kl. 10 B.I. 16 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Fékk að reykja



Hljómsveitin The Rolling Stones fékk undanþágu frá reykingabanni fyrir tónleika sína í Hampden Park í Glasgow á dögunum. Gat gítarleikarinn Keith Richards því reykt eins og hann vildi uppi á sviðinu án þess að eiga sekt yfir höfði sér.

Hinn 26. mars síðastliðinn gekk í gildi reykingabann á öllum opinberum stöðum í Skotlandi. Þegar sást til Richards reykja á tónleikunum brugðust margir ókvæða við og heimtuðu að borgarráð Glasgow skærist í leikinn og sektaði kappann. Ekkert verður aftur á móti af því þrátt fyrir að upphaflega hafi yfirvöld sagst ætla að rannsaka málið. The Rolling Stones eru á tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni A Bigger Bang.

**KEITH RICHARDS** Rollingurinn Richards gat reykt eins og hann vildi á tónleikunum í Glasgow.






# Forsala hafin á IFF

Kvikmyndahátíðin IIFF 2006 hefst í Smárabíói í kvöld þegar opnunarmyndin Factotum verður sýnd. Þau Matt Dillon og Marisa Tomei, sem fara með aðalhlutverkin, verða viðstödd sýninguna ásamt leikstjóranum Bent Hamer og framleiðandanum Jim Stark. Myndin er byggð á samnefndri bók Charles Bukowski og segir frá aukasjálfi rithöfundarins, Henry Chinaski, sem vinnur fyrir sér í skítastörfum til að geta sinnt ástríðu sinni, skrifum. Á fimmtudag verður síðan Bjólfskviða í leikstjórn Sturlu Gunnarssonar frumsýnd með mikilli viðhöfn enda var myndin tekin upp hér á landi og verður aðalleikarinn Gerard Butler viðstaddur frumsýninguna.

Forsala á tíu mynda afsláttarpössum á hátíðina hefst í dag kl. 10:00 á www.midi.is. Frá og með fimmtudeginum verður einnig hægt að kaupa þá í Skífunni á Laugaveginum. Tíu mynda passinn kostar 5.000 krónur og gildir á tíu myndir að eigin vali á meðan á hátíð stendur. Passarnir eru gefnir út í takmörkuðu magni og eru aðeins 500 stykki í boði. Kvikmyndahátíðin IIFF stendur yfir til 21. september.



**FACTOTUM** Henry Chinaski vinnur fyrir sér í skítastörfum til að geta átt í s og á en þarf auk þess að glíma við konurnar í sínu lífi.



**MARISA TOMEI** Verður viðstödd o armynd IIFF-kvikm hátíðarinnar en hú hlaut Óskarinn fyr sinn í My Cousin V

**FIMMTUDAGUR Í REGNBOGANUM**

17.45 The Wind That Shakes the Barley
18.00 Winter Passing
18.00 Leonard Cohen: I´m Your Man
20.00 Paris, Je t´aime
20.00 Volver
20.00 Factotum
22.00 The Book of Revelation
22.10 Dave Chapelle´s Block Party
22.10 Kitchen Stories





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Stórt skref fram á við

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**




**CHRISTINA AGUILERA**

BACK TO BASICS

**Niðurstaða:** Þó að Back to Basics sé misjöfn að gæðum og á köflum of tilgerðarleg er hún samt besta plata Christinu Aguilera til þessa.

Back to Basics er þriðja plata Christinu Aguilera. Hún er tvöföld. Á fyrri disknum er hip-hop litað r&b ráðandi. Hann er unninn með nokkrum upptökustjórum, þ.á.m. fyrrum Gang Starr taktgjafanum DJ Premier sem á 5 lög af 13. Seinni diskurinn er allur gerður undir stjórn Lindu Perry sem hefur framleitt ófáa smellina, m.a. með Christinu, Pink og Gwen Stefani. Hann er byggður upp eins og söngleikur og tónlistin sækir í bandaríska dægurtónlist frá fimmta og sjötta áratug síðustu aldar.

Það hefur lengi verið á hreinu að Christina Aguilera getur sungið. Hún hefur brillerað í einstökum lögum, en plöturnar hennar hafa ekki verið upp á marga fiska. Back to Basics er stórt skref fram á við. Hugmyndin á bakvið hana er að sækja í tónlist fortíðarinnar og uppfæra hana í nútímabúning. Þaðan kemur nafnið, Back to Basics. Á fyrri plötunni eru nokkur frábær lög þar sem þetta hefur heppnast sérstaklega vel. Makes Me Wanna Pray er t. d. löðrandi í gospeli og Understand er sannfærandi soul-smellur. Bestu lögin á fyrri plötunni eru án efa það besta sem hefur komið frá Christinu Aguilera. Á seinni plötunni er þetta aðeins tilgerðarlegra og nær ekki að vera jafn ferskt þó að það séu þokkaleg lög þar inn á milli líka.

Back to Basics á eflaust eftir að festa Christinu Aguilera í sessi sem eina frægustu poppsöngkonu heims. Þó að platan sé nokkuð misjöfn að gæðum er hún samt á heildina hennar besta plata hingað til. Ef hún heldur áfram að taka jafn miklum framförum á næstu plötum er aldrei að vita nema hún komist upp úr unglingastjörnuflokknum og maður geti farið að taka hana alvarlega.

Trausti Júlíusson




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE VIP | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| LADY IN THE WATER | KL. 5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5-7-8-10 | B.I. 12 |
| THE LONG WEEKEND | KL. 8 | B.I. 14 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 3:45 | LEYFÐ |
| OVER THE HEDGE enskt. tal | KL. 10:10 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 3:45 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| *LADY IN THE WATER | KL. 6-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 6 | LEYFÐ |
| MIAMI VICE | KL. 8-10:45 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-10:45 | B.I. 12 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SNAKES ON A PLANE | KL. 8-10:10 | B.I. 16 |
| THE SENTINEL | KL. 8 | B.I. 14 |
| HALF LIGHT | KL. 10:10 | B.I. 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 5 CHILDREN & IT | KL. 6 | LEYFÐ |
| LADY IN THE WATER | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6-9 | B.I. 12 |

| | | |
|---|---|---|
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 5:45-8-10:15 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 5:30-7- 8:30-9-10:30 | B.I. 12 |
| SUPERMAN RETURNS | KL. 5:30-8:30 | B.I. 10 |
| THE BREAK UP | KL. 5:30 | LEYFÐ |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**5TA HERDEILDIN** Útgáfutónleikar sveitarinnar verða haldnir á Kaffi Amsterdam á laugardag.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Söngvarinn til Rússlands

Hljómsveitin 5ta herdeildin heldur útgáfutónleika á Kaffi Amsterdam á laugardag en tilefnið er þriðja plata sveitarinnar sem kom út í júlí. Þetta verða einu tónleikarnir sem 5ta herdeildin heldur í sumar sem hljómsveit en söngvarinn Gímaldin er á leið til Rússlands þar sem hann stundar nám.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.30 og munu trúbadorarnir Lay Low og Brylli hita upp.

# Baggalútur á leiðinni til Berlínar

Hljómsveitin Baggalútur er á leiðinni til Þýskalands þann 20. september þar sem hún mun spila á alþjóðlegu tónlistarhátíðinni Popp-komm.

Hátíðin er haldin í Berlín og verða þar um fjögur hundruð tónlistaratriði í boði á um þrjátíu klúbbum yfir eina helgi.

Baggalútur, sem rekur einnig heimasíðuna vinsælu baggalutur.is, gaf nýlega út sína aðra plötu, Aparnir í Eden.



**BAGGALÚTUR** Hljómsveitin Baggalútur spilar á tónlistarhátíð í Þýskalandi í september.





FRUMSÝND 25. ÁGÚST UM LAND ALLT MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

CINTAMANI

Cintamani kynnir:

ICELAND FILM FESTIVAL 2006

Í Háskólabíói og Regnboga **30. ágúst - 21. september**

**Í KVÖLD:** Opnunarsýning FACTOTUM.
Að viðstöddum Matt Dillon, Marisa Tomei, Bent Hamer og Jim Stark.

FORSALA Á 10 MYNDA AFSLÁTTARPÖSSUM
HEFST Í DAG KL. 10:00 EINGÖNGU Á WWW.MIDI.IS



„Ég myndi nú alveg þiggja smá af þessum gróðurhúsaáhrifum núna - nei ég segi svona, Mér er bara svo kalt!"

- JÖKULL

www.icelandfilmfestival.is

Iceland Film Festival
iff

ICELANDAIR | ICELANDAIR HOTELS | FRÉTTABLAÐIÐ | Tanqueray | rex



## Sala hefst á Svíaleikinn

Það seldist upp á landsleik Íslands og Danmerkur í gær en fótboltaþyrstir Íslendingar geta huggað sig við að í dag hefst miðasala á leik Íslands og Svíþjóðar en leikurinn fer fram 11. október. Miðasalan fer fram á vefsíðunni midi.is

**sport**

sport@frettabladid.is

SÖLVI GEIR OTTESEN: BEINT Í BYRJUNARLIÐ DJURGÅRDEN Í SÍNUM FYRSTA LEIK Á TÍMABILINU

# *Hélt ég myndi aldrei losna við meiðslin*

Sölvi Geir Ottesen knattspyrnumaður var heldur óvænt í byrjunarliði Svíþjóðarmeistara Djurgården þegar liðið mætti Hammarby í leik í sænsku úrvalsdeildinni í fyrrakvöld. Hann er nýstiginn upp úr erfiðum meiðslum þar sem hann sleit krossbönd í hné en reyndar hefur hann nánast sleitulaust verið meiddur síðan hann gekk til liðs við félagið fyrir rúmum tveimur árum síðan.

En fyrsti leikur Sölva var skrautlegur í meira lagi þar sem flauta þurfti leikinn af eftir 55 mínútna leik. „Þarna trylltust stuðningsmenn Hammarby eftir að við höfðum pakkað þeim saman í fyrri hálfleik," sagði Sölvi við Fréttablaðið en staðan í leiknum var þá orðin 3-0 fyrir Djurgården.

„Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn sem ég er í byrjunarliðinu en í fyrsta sinn á þessu tímabili. Ég hef reyndar verið nánast alltaf meiddur síðan ég kom til félagsins og hef aldrei náð að koma mér í almennilegt form nema í smá tíma í fyrra þegar ég náði að vinna mér sæti í landsliðinu. En þá gekk liðinu svo vel að það var erfitt að ætla að breyta því eitthvað."



Sölvi hafði fyrir leikinn spilað einn og hálfan leik með varaliði félagsins en hann fékk tækifæri í aðalliðinu þar sem einn miðvörður liðsins reif nýverið liðþófa. „Það opnaði pláss fyrir mig í liðinu og býst ég ekki við öðru en ég haldi mínu sæti í einhvern tíma. Það var gott að halda hreinu í leiknum og mjög gott að ná að skora þrisvar í leiknum því okkur hefur ekki gengið vel í sumar. Ég kem svo núna heim og spila með U-21 landsliðinu. Þetta er því allt að byrja að rúlla hjá mér á nýjan leik."

Sölvi segir að þrátt fyrir meiðslin hafi hann aldrei hugleitt að koma aftur heim. „Maður fer þó ósjálfrátt að hugsa hvort maður verði einn af þessum leikmönnum sem eru alltaf meiddir. En nú fær maður tækifæri til að reyna að ná sínum markmiðum."

## > Alexander framlengir

Landsliðsmaðurinn í handknattleik, Alexander Petersson, er búinn að framlenga samning sinn við þýska félagið Grosswallstadt til ársins 2008 en hann kom til félagsins árið 2005 frá Dusseldorf. Alex hefur slegið í gegn hjá Grosswallstadt og verið lykilmaður hjá félaginu en hægri vængur liðsins er skipaður Íslendingum þar sem við hlið Alex í liðinu leikur Einar Hólmgeirsson.





**DANÍEL HJALTASON** Fer mikinn á bloggsíðu sinni.

Daníel Hjaltason:

## Semur vísur um þjálfarann

**FÓTBOLTI** Framherji Víkinga, Daníel Hjaltason, mátti gera sér það að góðu að byrja leikinn gegn Keflavík í bikarnum á varamannabekknum og varð því ekkert af uppgjöri hans og Guðmundar Mete sem margir biðu spenntir eftir.

Davíð Þór Rúnarsson var þess í stað í framlínunni en hann meiddist snemma. Þrátt fyrir það lék Davíð áfram og Daníel kom ekki af bekknum fyrr en hann var búinn að hita upp í 70 mínútur.

Lesa má úr orðum Daníels á heimasíðu sinni að hann sé ekki sáttur við Magnús Gylfason þjálfara og að hann hafi ekki gripið fyrr í taumana. Að því tilefni orti Daníel eftirfarandi stöku:

„Menn vart muna verri tölur, fjögur á sig fengu, einn er haltur, Maggi fölur, en hann breytir engu." Með færslunni fylgir skemmtileg mynd af Magnúsi í sjónvarpsviðtali eftir leikinn þar sem hann reynir að útskýra mál sitt eftir leikinn og er búið að teikna fjölda spurningamerkja yfir andlit spyrilsins.

Spurning er hvort Daníel komist í liðið eftir þetta og einnig spurning hvort færslan hverfi í dag eins og aðrar færslur gerðu á sínum tíma. **- hbg**

# Stokkhólmsslagurinn leystist upp

**Pétur Marteinsson var einn þriggja íslenskra leikmanna sem voru inni á vellinum þegar flauta varð leik Hammarby og Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni af vegna óláta fótboltabulla á vellinum.**

**FÓTBOLTI** Fimmtán þúsund manns mættu á Stokkhólmsslag Hammarby og Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni í fyrrakvöld en flauta varð leikinn af á 55. mínútu þar sem áhorfendur skutu blysum og flugeldum inn á völlinn og réðust nokkrir þeirra inn á sjálfan völlinn og veittust að leikmönnum og dómurum. Á þeim tímapunkti voru þrír Íslendingar inni á vellinum; þeir Pétur Marteinsson og Gunnar Þór Gunnarsson leikmenn Hammarby og Sölvi Geir Ottesen leikmaður Djurgården. Félagi þess síðastnefnda, Kári Árnason, var á varamannabekk liðsins.

„Þetta var ekta bæjarslagur sem hefur oft verið skrautlegur í gegnum árin," sagði Pétur við Fréttablaðið í gær. „Forsagan var sú að við höfðum verið á toppi deildarinnar lengi en tapað síðustu tveimur leikjum. Djurgården var ekki búið að standa sig eins vel á tímabilinu og búist hafði verið við og þeir ætluðu sér sjálfir. Það var því mikið í húfi í gær."

Pétur segir því næst að hann hafi fundið í upphafi leiks að stemningin á leiknum hafi verið óvenju harkaleg. „Svo strax í fyrri hálfleik var annar aðstoðardómarinn grýttur niður, sem og einn öryggisvörður. Þetta gerðist fyrir framan stæði stuðningsmanna Djurgården. Við lendum svo 3-0 undir og það verður allt brjálað hjá okkar stuðningsmönnum. Þegar við svo komum út eftir hálfleikinn byrja menn að skjóta blysum og flugeldum bæði inn á völlinn sem og á þann hluta stúkunnar þar sem fjölskyldufólk er. Svo tekst einhverjum 15-20 manns að ryðjast inn á völlinn en aðrir voru stöðvaðir strax."



**STUÐNINGSMAÐUR HAMMARBY** Áhorfendur hlupu margir inn á völlinn eins og þessi. Flauta varð leikinn af vegna þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Dómarar og leikmenn flúðu flestir völlinn umsvifalaust en Pétur var einn fárra sem urðu eftir og reyndu að róa mannskapinn. „Maður var ekkert að hugsa rökrétt. Það er vitanlega eðlilegt að flýja því maður veit aldrei hvað þessir kallar eru með innan á sér. Það fyrsta sem flaug mér í huga var að maður ætti að róa menn niður. Ég tók í einn náunga sem hafði sloppið í gegn og reyndi svo að ræða við áhorfendur. Það voru ansi margir sem róuðust en það er varla hægt að tjónka við verstu bullunum. Ég heyrði svo í dag að bæði ítalskar og þýskar fótboltabullur voru á vellinum þar sem þeim hafði verið boðið til „veislu" af sænsku bullunum. Þetta var því skipulagt í þaula og er þessum mönnum ekki bjargandi."

Hann segir að fótboltabullur hafi lengi verið vandamál í sænskri knattspyrnu en þær haldi þó slagsmálunum að mestu leyti utan leikvanganna. „Það eru margar klíkur í gangi, okkar heitir til að mynda því frumlega nafni KGB. Oft ákveða klíkurnar að hittast einhvers staðar þar sem menn slást."

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem leikur er í uppnámi vegna þessa og fyrir tveimur árum var leikur flautaður af í 45 mínútur vegna óláta áhorfenda en þá var Pétur einnig inni á vellinum. Þá mættust Hammarby og AIK.

Staðan í leiknum þegar hann var flautaður af í fyrradag var 3-0 og verða þau úrslit væntanlega látin standa. „Svo verður væntanlega ákveðið í vikunni hvort við þurfum að spila einhverja leiki án áhorfenda og hvort félagið verður sektað eða jafnvel dregið stig af því."

Í gær sögðust forráðamenn Hammarby ætla að kæra þá sem réðust inn á völlinn og krefja þá um skaðabætur.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**PAU GASOL** Verst hér vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

HM í körfubolta:

## Spánn og Argentína áfram

**KÖRFUBOLTI** Spánn og Argentína eru fyrstu þjóðirnar sem tryggja sér þáttökurétt í undanúrslitum á HM í körfubolta sem fram fer í Kína þessa dagana. Spánn lagði Litháen næsta auðveldlega, 89-67, þar sem Pau Gasol fór mikinn.

Argentína var ekki heldur í vandræðum gegn Tyrkjum en Argentína vann stórsigur, 83-58. Andreas Nocioni stal senunni í leiknum er hann skoraði 21 stig á 18 mínútum. **- hbg**

Eiður Smári Guðjohnsen slær í gegn í fyrstu umferð á Spáni:

## Landsliðsfyrirliðinn hógvær eftir sigurmarkið gegn Celta Vigo

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var aðeins þrettán mínútur að stimpla sig inn í spænska boltann en hann gerði sigurmark Spánar- og Evrópumeistara Barcelona gegn Celta Vigo í 1. umferð spænsku deildarkeppninnar. Mark Eiðs kom tveim mínútum fyrir leikslok en honum var skipt inn á fyrir Ludovic Guily stundarfjórðungi fyrir leikslok þegar staðan í leiknum var 2-2.

„Það var algjör draumur að skora í fyrsta leiknum mínum," sagði landsliðsfyrirliðinn eftir leikinn þar sem hann var umkringdur fréttamönnum. Þótt Eiður væri hátt uppi var stutt í hógværðina. „Engu að síður eru stigin það sem skipta mestu máli en ekki markið mitt. Það er gaman að heyra fólk bera mig saman við Henrik Larsson en það verður erfitt að slá hans árangri hjá félaginu við."

Samuel Eto´o hefur farið mikinn í upphafi tímabils, látið til sín taka á vellinum sem og í viðtölum og einnig fór hann í fýlu er honum var skipt af velli fyrir Eið á dögunum. Hann rauk heim til sín í stað þess að klára að horfa á leikinn. Hann sendi félögum sínum skilaboð eftir leikinn í gær.

„Við erum með frábæran hóp en leikmenn þessa liðs verða að vera einbeittari þegar þeir halda að engin hætta sé á ferðum," sagði Eto´o, sem verður greinilega áberandi í vetur. **- hbg**



**... OG ÞAÐ VAR MARK!** Eiður Smári skorar hér markið fallega gen Celta Vigo. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**MIDO** Áfram hjá Spurs. GETTY IMAGES

Tottenham verslar:

## Mido kemur frá Roma

**FÓTBOLTI** Tottenham Hotspur gekk í gær frá kaupum á egypska framherjanum Mido frá Roma. Mido er ekki ókunnugur í herbúðum félagsins því hann var þar í láni í átján mánuði áður en hann snéri aftur til Rómar í sumar.

„Við erum búnir að reyna að kaupa Mido síðan hann fór og það er gott að málið sé í höfn," sagði Martin Jol, stjóri Spurs, og hinn 23 ára framherji sagðist vera kátur með að halda áfram að spila í London. „Ég er ánægður." **- hbg**



# VAKNAÐU VEL

Heimir og Sirrý vekja Íslendinga með fréttatengdum dægurmálaþætti.
Ísland í bítið á NFS, Stöð 2 og Bylgjunni alla virka daga frá 7 - 9.

NFS 2 BYLGJAN 989

nfs@365.is digital ísland Vísir VEF TV Skjárinn Breiðband Símans




# Skúli Jón var hetja KR

**Taugar áhorfenda á leik KR og Þróttar voru þandar til hins ítrasta er liðin mættust í undanúrslitum VISA-bikarsins. KR vann að lokum, 1-0, eftir framlengdan leik og má segja að morgunhlaup Teits hafi loks skilað sér.**


**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Þórhallur Hinriksson og félagar í Þrótti fórnuðu sér í alla bolta í gær en allt kom fyrir ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**FÓTBOLTI** Það verður KR sem mætir Keflavík í bikarúrslitaleiknum hinn 30. september en það réðst í gær þegar KR-ingar lögðu Þrótt 1-0 í undanúrslitum á Laugardalsvelli. Eftir tilþrifalítinn og markalausan leik var gripið til framlengingar og þar skoraði varamaðurinn Skúli Jón Friðgeirsson eina markið á 102. mínútu leiksins.

Fyrir fram reiknuðu flestir kannski með fyrirhafnarlitlum sigri KR-inga í þessum leik enda hefur ekki gengið nægilega vel hjá Þrótturum í 1. deildinni að undanförnu og möguleiki þeirra á að endurheimta sæti sitt í Landsbankadeildinni þetta árið er horfinn.

Þróttur hefur aldrei orðið bikarmeistari á meðan KR hefur hampað þeim titli oftar en nokkuð annað félag. Síðast var það fyrir sjö árum síðan en þá var Atli Eðvaldsson, núverandi þjálfari Þróttar, við stjórnvölinn hjá félaginu.

Það kom ekki á óvart að KR var mun meira með boltann í fyrri hálfleiknum en Þróttarar komu þó mörgum í opna skjöldu strax á þriðju mínútu þegar Halldór Hilmisson fékk góða sendingu frá Sinisa Kekic en skot hans hafnaði í stönginni. Sóknaraðgerðir KR voru bitlausar og baðaði þjálfarinn Teitur Þórðarson út öllum öngum og vildi meiri hreyfingu á sitt lið.

Sigmundur Kristjánsson átti tvær hættulegar marktilraunir í fyrri hálfleik, hörkuskot sem fóru naumlega yfir markið. Þróttarar börðust grimmilega og beittu skyndisóknum, eftir tæpan hálftíma fékk Halldór frábært færi eftir fyrirgjöf frá Kekic en Kristján Finnbogason náði að verja skalla hans með naumindum. Besta færi KR í fyrri hálfleik fékk Mario Cizmek en hann fór illa að ráði sínu og Ólafur Þór Gunnarsson, markvörður Þróttar, varði frábærlega.


**VARNARLEIKUR** Þróttur pakkaði í vörn og Björgólfur Takefusa mátti sín lítils gegn mörgum varnarmönnum.

Markalaust var í hálfleik en með stuttu millibili í seinni hálfleik voru Þróttarar mjög skeinuhættir. Magnús Már Lúðvíksson átti hættulegt skot sem Kristján varði en hélt ekki boltanum, Kekic fékk færi en náði ekki að gera sér mat úr því. Kekic sýndi oftar en einu sinni skemmtileg tilþrif með knöttinn og að hann er leikmaður sem á heima í efstu deild. Hann fékk mjög gott færi á 58. mínútu þegar boltinn barst til hans eftir aukaspyrnu en skot hans fór yfir.

Leikurinn jafnaðist út í seinni hálfleiknum en hvorugt liðið vildi taka mikla áhættu og því urðu gæðin undir í baráttunni. Seinni hálfleikurinn var leiðinlegur áhorfs en ber þó að nefna skemmtileg tilþrif Arnljótar Ástvaldssonar hjá Þrótti sem reyndi að hjálpa öryggisvörðum að klófesta áhorfanda sem fékk sínar fimmtán sekúndur af frægð og hljóp óboðinn inn á völlinn um miðjan seinni hálfleik.

Gripið var til framlengingar og þrjár mínútur voru liðnar af henni þegar KR-ingar áttu stórhættulega sókn en á einhvern ótrúlegan hátt náðu þeir ekki að brjóta ísinn, sem var mjög þykkur í Laugardalnum í gær.

KR átti meira eldsneyti fyrir framlenginguna og Skúli Jón var hetja þeirra, en hann kom inn sem varamaður undir lok venjulegs leiktíma. Þessi ungi leikmaður fékk fyrirgjöf frá Sigmundi og skaut hörkuskoti sem hafnaði í netinu.

Mikil vonbrigði fyrir Þróttara að fá þetta mark á sig en þeir sýndu mikla baráttu í leiknum. Í seinni hluta framlengingar náðu þeir ekki að skapa sér umtalsverð marktækifæri og KR fagnaði sigri. elvargeir@frettabladid.is

Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka, hefur ekki sagt sitt síðasta:

# Orð Mourinho eru hlægileg


**EKKI LOKIÐ KEPPNI** Claude Makelele hélt að úrslitaleikur HM yrði hans síðasti landsleikur en svo er nú aldeilis ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Eitt furðulegasta málið sem komið hefur upp í knattspyrnuheiminum lengi er mál Claude Makelele, miðjumanns Chelsea, gegn franska landsliðinu. Makelele var hættur að spila með landsliðinu en gaf aftur kost á sér þegar Frakkar voru í vandræðum með að komast á HM og hann kláraði verkefnið síðan og lék á HM. Eftir það gaf hann út á ný að hann væri hættur með landsliðinu en hann er 33 ára.

Flestir landsliðsþjálfarar myndu þar af leiðandi ekki íhuga að velja hann í landsliðið á ný. Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka, er þó ekki einn þeirra en hann er beinlínis að kúga Makelele til að leika með landsliðinu. Hann hefur valið miðjumanninn í liðið og hótar að kæra leikmanninn til FIFA komi hann ekki til móts við landsliðið á tilsettum tíma. Kæri Domenech mun Makelele að öllum líkindum fá tveggja leikja bann með félagsliði sínu.

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hefur fordæmt þessar aðgerðir Domenech harkalega og sagði landsliðsþjálfarann fara með Makelele eins og þræl. Það breytir engu um afstöðu Domenech.

„Makelele hefur ekki lagt skóna á hilluna. Hann leikur fyrir félag og á meðan hann spilar fótbolta hef ég fullan rétt á að velja hann í landsliðið. Reglur FIFA eru strangar og bjóða upp á ýmsa möguleika. Ef þær væru það ekki yrði mjög erfitt að byggja upp landslið. Ég sá hvað Mourinho sagði og orð hans eru hlægileg.“

Makelele hefur reynt að bera klæði á vopnin og sagði: „Orð Mourinho voru kannski fullhörð en ég skil viðbrögð hans. Þótt félagið sé ekki sammála vali Domenech mun ég virða það og mæta. Það var samt samkomulag um að ég mætti hætta með landsliðinu eftir HM,“ sagði Makelele. - hbg

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# BESTU BYSSUKAUPIN

## Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



Aðeins 14.203 á mánuði.

### Beretta Extrema2

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 154.755 eða aðeins 14.203 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 13.082 á mánuði.

### Beretta Teknys

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 142.405 eða aðeins 13.082 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 11.529 á mánuði.

### Beretta Urika Standard

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 125.305 eða aðeins 11.529 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 10.666 á mánuði.

### Beretta Urika Synthetic

Taska, þrengingar, skeftishallaplötur og fleira fylgir.

**Staðgreitt aðeins 115.805 eða aðeins 10.666 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 8.423 á mánuði.

### Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.906 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 7.560 á mánuði.

### Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.318 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 5.835 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 5.145 á mánuði.

### Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar fylgja

**Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



Aðeins 3.420 á mánuði.

### Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Aðeins 3.765 á mánuði.

### Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**

**Já, líka á sunnudögum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I know you. You know you. And I know you know that I know you.“**

**Svar: White Goodman úr Dodgeball: A True Underdog Story frá 2004**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON BÝSNAST YFIR ROCK STAR

# Litli smábærinn Ísland

Nick Hornby velti því fyrir sér í bókinni Fever Pitch hvað fengi hundruð, jafnvel þúsundir manna til að fara á leik í ensku þriðju deildinni og hvetja lið sitt áfram í grenjandi rigningu og hávaðaroki. Knattspyrnan sem slík væri ekki upp á marga fiska og jafnaðist ekkert á við leiki Liverpool en það skipti ekki sköpum - hollustan við félagið og aðdáunin á íþróttinni var mikilvægust.

Fáir þættir hafa vakið jafn mikla athygli og Rock Star: Supernova. Áhorfið hér heima er ævintýri líkast og þjóðin situr límd fyrir framan skjáinn á þriðjudagsnóttum og fylgist með stráknum okkar, Magna Ásgeirssyni, þenja raddböndin fyrir framan milljónir manna (enda er talið að hátt í sjö milljónir Ameríkana horfi á þáttinn um þessar mundir).



**SUPERNOVA** Töfrarnir eru horfnir úr höndunum á þeim og lögin frekar slöpp. Að spila með þeim væri eins og að ganga til liðs við „bumbulið“ með föllnum stjörnum í utandeildinni á Íslandi.

Sumir af eldri kynslóðinni súpa þó eflaust hveljur þegar hver húðflúraði rokkarinn af fætur öðrum stígur á stokk með sígildan rokkslagara og breytir æskuminningu í hreinustu martröð. Hvert Stones-lagið af fætur öðru hefur verið öskrað í gegnum míkrófón við mikinn trylling viðstaddra enda veit múgurinn sennilega ekki betur. Sannir aðdáendur hinnar öldruðu rokkhljómsveitar eru að öllum líkindum búnir að troða bómull í eyrun áður en ósköpin dynja yfir. Jaðrar við guðlast í augum og eyrum þeirra.

Keppendur Rock Star eru eflaust ágætis grey sem ganga með þann draum í maganum að spila með útdauðum rokkurum. Lög þessara kappa bera vott um að allir töfrar séu horfnir úr höndunum á þeim og varla get ég ímyndað mér að það sé eftirsóknarvert að túra um heiminn með þessum kauðum. Má líkja þeim við fallnar stjörnur í bumbuliði í utandeildinni sem vonast til að fá „efnilegan“ leikamann til liðs við sig. Þess vegna má líkja Íslandi við lítinn smábæ í skáldsögu Nick Hornby sem flykkist á leik með liði sínu í þriðju deildinni og spáir ekki í hvort leikurinn sé góður eða ekki því það er hollustan við félagið sem öllu máli skiptir.



▶ **21.00** *Fræðsla*

KOKKAR Á FERÐ OG FLUGI



▶ **20.50** *Viðtal*

OPRAH



▶ **21.00** *Gaman*

STACKED



▶ **21.00** *Veruleiki*

AMERICA'S NEXT TOP MODEL



▶ **19.40** *Skýringar*

HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (4:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.25** Sígildar teiknimyndir (27:30)

**18.32 Líló og Stitch (46:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin (2:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**20.55 Kastljós – molar**
▶ **21.00 Kokkar á ferð og flugi (3:8)** (Surfing the Menu II) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð.
**21.30 Litla-Bretland (3:8)** (Little Britain I) Bresk gamanþáttaröð. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir. Dagskrárgerð: Birgir Þór Bragason.
**22.50 Íþróttakvöld**

**23.05** Vesturálman (18:22) **23.50** Kastljós **0.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** How I Met Your Mother **14.05** Medium **14.50** Las Vegas **15.35** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Könnuðurinn Dóra **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (18:22)** (Simpson-fjölskyldan)
**20.05 Neyðarfóstrurnar (6:16)** (McRoberts Family) Deb neyðarfóstra er send á McRoberts-heimilið.
▶ **20.50 Oprah (90:145)** (Stupid Girls)
**21.35 The Inside (1:13)** (Nýliðinn) Nýir bandarískir sakamálaþættir um unga rannsóknarlögreglukonu.
**22.20 Strong Medicine (1:22)** (Samkvæmt læknisráði) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum sem fjalla um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **0.15** Cold Case (B. börnum) **1.00** Autopsy (B. börnum) **1.50** The Capital City **3.15** FeardotCom (Str. b. börnum) **4.55** The Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (7:8) (e)**
**20.00 Seinfeld**
**20.30 Sirkus RVK (e)**
▶ **21.00 Stacked (12:13)** (Poker) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókabúðinni. Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum.
**21.30 Ghost Whisperer (7:22)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
**22.20 What Lies Beneath** (Undir niðri) Háspennumynd um fyrirmyndarhjónin Norman og Claire Spencer. Str. b. börnum.

**0.25** Seinfeld

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.05** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 All About the Andersons**
**20.10 Beautiful People** Lynn er óörugg í nýja sambandinu við Jeremy, á meðan keppir Karen um að komast að í auglýsingabransanum og fær heilræði hjá starfandi ofurfyrirsætu.
▶ **21.00 America's Next Top Model VI** Skoðum hvað fyrrverandi sigurvegarar, Nicole Linkletter, Eva Pigford og Yoanna House í American Next Top Model eru að gera núna..
**22.00 Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn** Hver verður söngvari þungarokkaranna í Supernova?
**22.30 Rock Star: Supernova – tónleikarnir**

**23.30** Sugar Rush **0.00** Rock Star: Supernova – úrslit vikunnar **1.00** Love Monkey – lokaþáttur (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (Must Have Own Teeth)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Spy Kids 3-D: Game Over **8.00** The Terminal **10.05** Miss Lettie and Me **12.00** Welcome to Mooseport **14.00** Spy Kids 3-D: Game Over **16.00** The Terminal **18.05** Miss Lettie and Me **20.00 Welcome to Mooseport** (Velkominn til Elgshafnar) **22.00 Scary Movie 3** (Hryllingsmyndin 3) Bönnuð börnum. **0.00** The Ladykillers (Bönnuð börnum) **2.00** Returner (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum **14.00** Charlton – Bolton **16.00** Fulham – Shefield Utd **18.00** Middlesboro – Chelsea

**20.00 Liverpool – West Ham**
**22.00 Að leikslokum (e)**

**23.00** Tottenham – Everton **1.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **14.00** Live from the Red Carpet **16.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **17.00** Sexiest Red Carpet Divas **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS The Women of Desperate Housewives **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest Movie Stars **0.00** THS The Women of Desperate Housewives **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

Ung og óreynd rannsóknarlögreglukona er ráðin til starfa hjá sérdeild eftir að einn helsti rannsóknarlögreglumaðurinn er myrtur af fjöldamorðingja. Hún fær stuðning yfirmannsins þrátt fyrir vantraust samstarfsmanna sinna en einstakir hæfileikar hennar munu koma í ljós.

HVERS VEGNA HÚN?

The Inside hefst í kvöld kl. 21:35



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Nýliðinn** Stöð 2 kl. 21.35

### *The Inside*



Nýir bandarískir sakamálaþættir um unga rannsóknarlögreglukonu, Rebeccu Locke, sem er ráðin til starfa hjá sérdeild eftir að einn helsti rannsóknarlögreglumaðurinn er myrtur af fjöldamorðingja. Í fyrstu eiga samstarfsmennirnir erfitt með að skilja hvers vegna svona ung og óreynd kona var ráðin í starfið. En yfirmaður deildarinnar, Web, hefur tröllatrú á henni, er sannfærður um að hún hafi sterka tilfinningu fyrir rannsókn á flóknum morðmálum, og það á líka eftir að koma í ljós.
Það sem fáir vita er að Locke var rænt í æsku og henni haldið af mannræningjanum. Þetta gefur henni einstaka innsýn í hugarheim bæði gerenda og þolenda, innsýn sem gerir hana afar hæfa í starfið.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 4 | | 7 | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | |
| | | 2 | | 5 | 1 | 9 | | |
| | | 5 | | | | | | 3 |
| | 3 | | | | | | 5 | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 9 | 6 | 7 | | 4 | | |
| | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 1 | | 4 | 8 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 |
| 3 | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 1 | 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 |



TIMELESS

▶ **18.30**
*Íþróttir*

**SÝN** besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

▶ **18.30 Timeless** (Íþróttahetjur) Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt.
**19.00 Íslandsmótið í golfi 2006** Samantekt.
**20.00 Meistaradeild Evrópu** (Úrslit: Arsenal-Barcelona) Upptaka..
**21.55 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Allt það helsta úr meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.
**22.25 NBA – Bestu leikirnir** (LA Lakers – Boston Celtics 1985) 6. leikur.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Suðrænt **19.30** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.30** Kvöldsagan **23.05** Schumann og fjölskylda: Robert og Clara **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


Enn betra verð!

**HP Compaq nx7400**
**Örgjörvi:** Intel Core Duo T2400 (1,83 GHz, 667 MHz FSB, 2 MB L2 cache)
**Skjár:** 15,4" WXGA 1280x800
**Minni:** 1024MB DDR RAM SMART
**Harður diskur:** 100GB 5400rpm
**Drif:** DVD+/-RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** Intel Graphics Media Accelerator 950, allt að 128MB
**Netkort:** Þráðlaust 802.11b/g, 10/100/1000 Bluetooth
**Rafhlaða:** 6-Cell Lilon rafhlaða
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Professional
**Þyngd:** 2,7 kg
**Ábyrgð:** 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)
Vnr: HPEY252EA

**159.900 kr.**
Verð áður 184.900 kr.



**HP Compaq nx6325 Sempron**
**Örgjörvi:** AMD Sempron 3500+ Mobile Processor 2.0GHz
**Skjár:** 15" XGA 1024x768
**Minni:** 512MB DDR RAM SMART
**Harður diskur:** 80GB 5400rpm
**Drif:** DVD+/-RW (DVD skrifari)
**Skjákort:** ATI Mobility Radeon Xpress 1150 m/allt að 128MB video RAM
**Netkort:** 10/100/1000 mbit netstýring og 802.11b/g WLAN (Þráðlaust netkort)
**Rafhlaða:** 6-Cell Lilon rafhlaða
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Professional
**Þyngd:** 2,6 kg
**Ábyrgð:** 3 ára HP ábyrgð með HP Carepack (gildir í Evrópu EMEA)
Vnr: HPEY358EA

**109.900 kr.**
Verð áður 129.900 kr.

ODDI
www.oddi.is
SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18



## HRÓSIÐ FÁ...

***Ari Páll Kristinsson og Íslensk málstöð fyrir Réttritunarorðabókina, sem er yfirgripsmesta verk sinnar tegundar sem komið hefur út á íslensku.***

# Pétur Gautur Balta í Noregi og London

„Að sýna Pétur Gaut á sínum heimavelli? Það leggst bara vel í mig. Spennandi,“ segir Baltasar Kormákur, sem nú er staddur í Noregi.

Rómaðri sýningu Þjóðleikhússins, Pétri Gauti eftir Henrik Ibsen í leikstjórn Baltasars frá á síðasta leikári, hefur verið boðið sérstaklega á Ibsen-hátíð í Noregi. Baltasar er nú staddur þar ásamt leikhópnum en til stendur að sýna tvær sýningar, þá fyrri nú á fimmtudag, í fæðingarlandi Ibsens. Uppselt er á báðar sýningarnar en ætlunin er að leika Pétur Gaut á íslensku.



**BALTASAR KORMÁKUR** Líkt og að setja hausinn í gapastokkinn að fara með Pétur Gaut til heimalands Ibsens.

Skáldjöfurinn Henrik Ibsen er þjóðskáld Norðmanna og Baltasar líkir þessari leikför við það að stinga hausnum í gapastokkinn. En hann er hvergi banginn.

„Ég hef stundum gert það áður. Og stundum labbar maður frá með hausinn undir hendinni. En það þýðir ekkert að vera hræddur. Maður tekur því sem höndum ber.“

Svo virðist sem Pétur Gautur Baltasars sé að slá í gegn á heimsvísu, því til stendur að setja hana upp í Barbican Center í London. Og þar á að sýna í tvær vikur og leika á ensku.



**ÚR PÉTRI GAUTI** Svo virðist sem rómuð uppfærsla Þjóðleikhússins sé að slá í gegn um heim allan.

„Það var skrifað svo fallega um sýninguna í Guardian. Okkur var boðið út í kjölfarið. Og verður sýnt í febrúar.“



**LÁRÉTT**
**2** viðlag **6** ryk **8** kæla **9** gagn **11** íþróttafélag **12** strengur **14** hroki **16** hvað **17** sunna **18** kærleikur **20** tveir **21** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1** samskonar **3** golf áhald **4** inúíti **5** fley **7** mótast **10** skír **13** flan **15** ljómi **16** rámur **19** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** stef, **6** im, **8** ísa, **9** nyt, **11** kr, **12** snæri, **14** dramb, **16** ha, **17** sól, **18** ást, **20** ii, **21** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1** eins, **3** tí, **4** eskimói, **5** far, **7** myndast, **10** tær, **13** ras, **15** blik, **16** hás, **19** tu.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Marmaris.
2. Dilana.
3. Celta Vigo.

## LEIÐRÉTTING

Í myndatexta á blaðsíðu 41 í blaðinu í gær var Hreggviður Jónsson, fyrrverandi forstjóri Norðurljósa, sagður vera Snorri Már Skúlason. Hreggviður var í hópi gesta í 20 ára afmælishófi Bylgjunnar og stillti sér upp fyrir ljósmyndara ásamt þeim Jóhannesi Kristjánssyni, Þorgeiri Ástvaldssyni og Páli Magnússyni. Snorra Má var hins vegar hvergi að sjá. Þetta leiðréttist hér með og eru viðkomandi beðnir velvirðingar.

SVEPPI OG EIÐUR SMÁRI: SAMAN Í NÝJUM AUGLÝSINGUM

# Þorði ekki inn á grasið

Nýjar auglýsingar fyrir spænska boltann og Meistaradeildina með þá Sverri Þór Sverrisson og landsliðsfyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen í aðalhlutverkum hafa vakið mikla athygli að undanförnu. Þeir Sveppi og Eiður Smári eru bestu vinir og hafa áður leikið saman í auglýsingum með góðum árangri.

Alls voru teknar upp fimm mismunandi auglýsingar á Spáni og í nokkrum þeirra skartar hinn íturvaxni Sveppi rauðri speedo-skýlu einni fata við sundlaugarbakka. Í eitt skiptið syndir Eiður Smári í lauginni með Sveppa standandi yfir sér og í annað liggur hann á bakinu og lætur Sveppa nudda sig. „Ég er að þjálfa hann og passa upp á ímyndina. Ég er að láta vita af því að hann sé kominn til Barcelona,“ segir Sveppi.



**ÁFRAM EIÐUR!** Sveppi hvetur Eið áfram í rauðu sundskýlunni sinni.

Auglýsingarnar voru teknar upp um miðjan þennan mánuð og tóku upptökurnar aðeins einn dag. Að sögn Sveppa var afar hressandi að heimsækja Barcelona. „Ég hef aldrei komið þangað áður en var samt ekkert að skoða mig um, við nenntum því ekkert. Þarf að gefa sér betri tíma í það síðar,“ segir Sveppi.

Auk þess að fara á útileik Barcelona gegn Espanyol kíkti Sveppi á æfingu með Barcelona en segist ekki hafa hitt hinar stórstjörnurnar í liðinu, kappa á borð við Ronaldinho og Eto´o. Það verði að bíða betri tíma.

Upptökur fóru einnig fram á Nou Camp, heimavelli Barcelona sem tekur um 110 þúsund áhorfendur en hann var tómur þegar Sveppi og félagar fóru þangað. Fékk hann ekki að stíga inn á sjálft grasið, enda ekki hver sem er sem verður þess heiðurs aðnjótandi. „Það er voða heilagt. Við fengum að vera í stúkunni neðst. Það hefði verið vesen ef ég hefði farið að hlaupa inn á grasið. Þá væri ég í fangelsinu núna í Barcelona, sem væri örugglega fínt reyndar,“ segir hann og hlær.



**Í BÚNINGNUM** Sverrir Þór er ánægður með að Eiður Smári skuli vera genginn til liðs við meistaralið Barcelona en á þó eftir að hitta nýja félaga hans.

Sveppi er hæstánægður með komu Eiðs Smára til Barcelona. „Mér finnst það ljómandi fínt og ekkert nema jákvætt um það að segja. Menn komast ekkert mikið lengra í fótboltabransanum.“

**freyr@frettabladid.is**



**FYRIRLIÐINN NUDDAÐUR** Sveppi nuddar landsliðsfyrirliðann og þýr hann undir erfitt keppnistímabil með Barcelona.



**VIÐ SUNDLAUGARBAKKANN** Sveppi slappar af í sólinni á meðan Eiður Smári puðar í sundlauginni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá voru nokkrar leikkonur af ungu kynslóðinni boðaðar í prufur fyrir hryllingsmyndina Hostel 2 sem **Eli Roth** leikstýrir. Ekki hefur enn verið tilkynnt hver hreppir hnossið en í boði er ansi stórt hlutverk geðþekkrar fyrirsætu. Prufur eru enn í gangi í Bandaríkjunum og þykir því líklegt að ekki verði tilkynnt um hlutverkið fyrr en rétt fyrir tökur sem hefjast í september.



Aðdáendur „Strákanna” á Stöð 2 verða bíta í það súra epli að geta ekki yljað sér við fíflalætin þeirra nú í vetur enda er þáttur þeirra hættur. **Auðunn Blöndal** er genginn til liðs við sjónvarpsstöðina Sirkus og er hlutverk hans væntanlega að reyna að hífa áhorf stöðvarinnar aðeins upp. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun hann stjórna „Punk'd”-þætti í ætt við þann sem stórstjarnan **Ashton Kutcher** hefur verið með á MTV. **Sverrir Þór** mun að öllum líkindum taka að sér þróun nýs barnaefnis á Stöð 2 nú þegar Afi er hættur störfum en framtíð **Péturs Jóhanns Sigfússonar** er enn óráðinn. Heimildir blaðsins herma að Pétur ætli sér að taka smá frí eftir að hafa sinnt bæði Strákunum og Stelpunum síðastliðinn vetur. Hann mun þó hafa hitt forráðamenn Stöðvar 2 en ekkert hefur enn verið ákveðið.



Myndarlegur störnufans mun spóka sig um götur Reykjavíkur um helgina. Leikararnir **Matt Dillon** og **Marisa Tomei** eru stödd á landinu í tilefni frumsýningar myndarinnar Factotum á IIFF-kvikmyndahátíðinni ásamt leikstjóranum **Bent Hamer** og framleiðandanum **Jim Stark**. Þá er einnig von á leikaranum **Gerard Butler**, sem fer með aðalhlutverkið í Bjólfskviðu sem einnig er sýnd á IIFF. Allt þetta heiðursfólk mun snæða saman á föstudagskvöld en þá slæst pönkdrottningin **Patti Smith** í hópinn en hún heldur tónleika í Háskólabíó á þriðjudaginn. **- fgg**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ – smáauglýsingar sem allir sjá

# Gestur Einar aftur á Rás 2

„Ég hlakka mikið til að snúa aftur, enda hentar það mér vel að vera daglega í útsendingu,“ segir útvarpsmaðurinn Gestur Einar Jónasson, sem snýr aftur á Rás 2 innan tíðar. Eins og alþjóð er kunnugt stjórnaði Gestur þættinum Hvítum mávum á virkum dögum á Rás 2 auk hins vinsæla Með grátt í vöngum á laugardagseftirmiðdögum. Í fyrravetur var honum aftur á móti skipt út, tilkynnt var að yngja ætti upp á stöðinni og Gestur var færður yfir á Rás 1. Yfirmenn stöðvarinnar virðast nú hafa séð að sér og hafa fengið Gest til að stjórna morgunþætti frá klukkan hálf sjö til níu, í félagi við Hrafnhildi Halldórsdóttur.

„Ég kem aftur til vinnu á föstudag og þá byrjum við Hrafnhildur að undirbúa þáttinn. Það verður gott að vinna með henni enda er hún reynd og hefur tilfinningu fyrir morgunvinnunni,“ segir Gestur.



**GESTUR EINAR JÓNASSON** Stjórnar morgunþætti á Rás 2 í vetur ásamt Hrafnhildi Halldórsdóttur.

Gestur Einar segist ekki vita hvort endurkoma hans á Rás 2 þýði að Með grátt í vöngum verði aftur tekinn á dagskrá. Hann segist þó vera meira en tilbúinn að svara kallinu ef það kemur. „Ég sakna þáttarins enda var mjög gaman að vinna hann. Maður var í mjög góðu sambandi við fólk á öllum aldri. Mér finnst þessi gamla tónlist líka svo merkileg að hún verður að eiga sinn stað.“ **- hdm**




FÁÐU ÞÉR CR-V Á HONDA-GÓÐU VERÐI

HÉR & NÚ / SÍA

# Renndu við og semdu!




## Honda CR-V á sérstöku verði

honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er stílhreinn, einstaklega rúmgóður og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Renndu við og settu saman þína útfærslu af Honda CR-V eftir þínum óskum – við semjum svo um verðið. Honda CR-V hefur drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á Honda-góðu verði. Komdu og veldu þinn – Honda gæðin og áreiðanleikinn fylgja alltaf með í kaupunum.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!




BAKÞANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## VERALDARVINIR

Ég er búin að vera í léttu svartsýniskasti undanfarnar vikur, allt var einhvernveginn svo glatað, eintómar fréttir af mönnum sem stóðu í ströngu við að réttlæta sínar fjárfestingar úti um allan heim. Ég reyndi að sannfæra sjálfa mig um að í raun kæmi mér ekkert við þetta brölt í strákunum. Þetta héti útrás og henni bæri að fagna. Svo var það einn dag að ég opnaði Moggann og sá þar fréttatilkynningu sem gaf mér aftur trú á lífið.

**HÚSVÍKINGAR** hugðust stofna félag sem á að heita VERALDARVINIR. Mér fannst þetta svo fallegt að ég fékk tár í augun. Félagið hugðust þeir stofna norður á GÓNHÓL þar sem útsýni er til landsins sem fyrirhugað er til álvers sem bjarga á lífsafkomu Húsvíkinga. Þar er útlitið svart í atvinnumálum því enginn Húsvíkingur með nokkra sjálfsvirðingu fæst til að vinna í sláturhúsinu og er það mannað af 70 prósent vinnufúsum útlendingum.

**ÞESSI** VERALDARELSKANDI samtök eru stofnuð til stuðnings álversframkvæmdum. Þau ætla í hjartagæsku sinni að efna til MEÐMÆLAGÖNGU upp á GÓNHÓL því ekkert geri heimsbyggðinni eins gott og umhverfisvæn orka.

**ÞEGAR** eitthvað svo mannbætandi og gott er að gerast langar mann svo að vera með. Í meðmælagöngu verða engin mótmæla skrílslæti. Uppi á GÓNHÓL heita þeir því að þeir skulu aldrei hlekkja sig við styttuna af Einari Benediktssyni og ekki svekkja rollur Tjörnesinga. Þetta með rollurnar reyni ég að hugsa ekki um, mér finnst það svolítið perverskt, en það getur nú bara verið minn dónalegi hugsunarháttur. Ég hringdi í bóndann á Héðinshöfða og spurði hvort það væri einhver áletrun á minnisvarðanum sem gæfi tilefni til að hlekkja sig við Einar. Hann sagði mér að þar stæði: MÍN LÉTTUSTU SPOR ERU GRAFIN Í ÞÍNA SANDA. Síðan hóf bóndi raust sína og sagði: Sé ætlun þín frú mín að standa þarna með þeim án hlekkja við styttuna bið ég þig að fara með þessa kveðju frá mér:

*Þitt er horfið hugarþor*
*hart var frá þér skeytið.*
*Hér er fennt í flest þín spor*
*sem fögur gátu heitið.*

**ÉG** meina það, sumir eru á móti öllum framförum og atvinnusköpun!


www.toyota.is

Hingað og ekki lengra
- hann segir þér til




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33766 08/2006

* mv. Corolla Hatchback Terra 1400 beinskiptur

Corolla - Special Series með bakkskynjara

Corolla vekur góðar minningar í hugum Íslendinga enda einn vinsælasti bíll landsins síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess meðal landans. Á þessum góða grunni byggir Corolla Special Series en bætir um betur með afar veglegum aukahlutapakka: Álfelgur, litað gler, vindskeið og síðast en ekki síst bakkskynjari, sem eykur mjög öryggi og forðar ökumönnum frá því að reka bílinn utan í þegar bakkað er.

Komdu og reynsluaktu Corolla Special Series.


Bakkskynjari


Vindskeið


Álfelgur


Litað gler

Special Series

Verð frá 1.929.000 kr.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070





FJARNÁM
ÖFLUGT
OG ÓDÝRT
Skráning á www.verslo.is
23. ágúst - 4. september
VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS